LEXUS IS

*Bíll ársins 2007*

• Bílar • Ferðir • Matur • Heimili • Tíska

allt Í MIÐJU BLAÐSINS





KÓPAVOGUR

*Gilzenegger þjálfar markverðina*

Sérblað um Kópavog

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT


21. október 2006 — 282. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Vendipunktar Valgerðar



Grafíklistamaðurinn Valgerður Hauksdóttir sýnir í menningarmiðstöðinni Hafnarborg í Hafnarfirði.

MENNING 48

### Femínisti í leikfangalandi



Þórey Vilhjálmsdóttir ræðir um nýju gullin sín, jafnrétti og tískubransann.

VIÐTAL 34

### Ánægður með Baltasar



Arnaldur Indriðason segir að Baltasar Kormáki hafi tekist vel upp með Mýrina.

FÓLK 62

### Arnar og Bjarki til FH

Tvíburarnir Arnar og Bjarki skrifuðu í gær undir eins árs samning við Íslandsmeistara FH.

ÍÞRÓTTIR 96



## VEÐRIÐ Í DAG




**FYRSTI DAGUR VETRAR**

Hæg gola víðast hvar og bjartviðri á Suður- og Vesturlandi í dag. Smáskúrir eða él á austanverðu landinu. Vetrarkoman bíður síðan upp á kólnandi veður um allt land fram eftir næstu viku.

VEÐUR 4




# Afköst Landspítalans meiri en fjárframlög standa í stað

**Rekstrarkostnaður Landspítalans hefur staðið í stað undanfarin ár þrátt fyrir mjög aukna starfsemi. Á fjárlögum 2007 er spítalanum ætluð sama upphæð til rekstursins og í ár þrátt fyrir að hallinn nú sé milljarður.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Samanburður á fjárveitingum ríkisins til Landspítalans milli ára á föstu verðlagi 2006 sýnir að rekstrarkostnaður spítalans hefur staðið í stað síðan 1999. Spítalanum er ætlað 3,1 prósentustigi minna fé til rekstursins á næsta ári samanborið við árið 1999. Á sama tíma hefur þjónusta spítalans aukist margfalt. Þetta er niðurstaðan þegar kostnaður við S-merkt lyf, sem voru fyrir árið 2001 greidd af Tryggingastofnun, og stofnkostnaður við Barnaspítalann, er dreginn frá öðrum rekstrargjöldum spítalans.

Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, staðfestir þetta og segir spítalann í raun vera rekinn á sömu raunkrónutölunni síðustu fimm til sex ár. Hann segir að ríkisendurskoðun hafi bent á þetta í endurskoðun sinni fram til ársins 2005. „Í þessu samhengi er vert að athuga hvað við höfum verið að gera. Þar höfum við mikla fjölgun aðgerða eins og hjartaþræðinga, kransæðavíkkana, mikla fjölgun í komum á dag- og göngudeildir og fleira. Ábatinn birtist ekki í lækkun raunkostnaðarins heldur í meiri þjónustu við skjólstæðinga okkar. Árangurinn er því mjög góður að mínu mati.“ Magnús segir að kannski sé þetta einfölduð mynd en raunveruleikinn engu að síður.

Ef litið er til fjárlaga ársins 2007, þar sem stjórnvöld fara fram á að spítalinn lækki áætlaðan rekstrarkostnað sinn frá árinu 2006, er ekki tekið tillit til óhagstæðrar gengisþróunar, áhrifa þenslu á vinnumarkaði og aukinna launatengdra gjalda frá því rekstursáætlun ársins 2006 var gerð. „Ef stjórnvöld ætla að bæta hallann sem er á rekstrinum í ár þá er rökrétt að þau hækki fjárframlög til næsta árs um samsvarandi upphæð. Ef litið er til raunkrónutölunnar á þessu ári hefðu framlögin þurft að vera töluvert hærri á næsta ári.“

Magnús segir að aðferðin við áætlanagerð hafi verið sú að lækka framlög til spítalans með ósk um hagræðingu í rekstri á móti. „Það höfum við reynt að gera og ég gagnrýni það ekki. Ég segi samt á móti að líta verður á þjónustuna sem alltaf er að aukast.“

Magnús bendir jafnframt á að samhengi þurfi að vera á milli íbúafjölgunar og meiri þjónustu sem ætlast er til að spítalinn veiti og þeirra fjármuna sem settir eru í starfsemina. „Það verður alltaf erfiðara og erfiðara að skera niður kostnað við starfsemina á sama tíma og hún eykst jafnt og þétt.“ - shá



**SAMEINAST Á AIRWAVES-HÁTÍÐINNI** Menn og dýr á öllum aldri og af ýmsum þjóðernum sameinast á tónleikum sem haldnir eru í tengslum við Iceland Airwaves. Hátíðin stendur í fimm daga eða frá 18. til 22. október. Alls koma 180 hljómsveitir, tónlistarmenn og plötusnúðar fram á henni. Myndin sem tekin var fyrir utan Hljómalind í gær sýnir glöggt að mikill samhugur ríkir meðal gesta.

Náttúruminjasafnið í Osló:

## Samkynhneigð dýr vinsæl

**NOREGUR** Ný sýning um samkynhneigð meðal dýra, sem opnuð var í síðustu viku í Náttúruminjasafni Óslóar, hefur reynst afar vinsæl, að sögn aðstandenda sýningarinnar. Sérstaklega hefur verið mikið um að fjölskyldur komi á sýninguna, hafði breska ríkisútvarpið BBC eftir starfsfólki safnsins.

Á sýningunni kemur fram að samkynhneigð hefur fundist meðal 1500 dýrategunda. Meðal sumra þekkjast lífstíðarsambönd milli einstaklinga af sama kyni og karlkyns flæmingjapör ala oft upp unga sem kvenfuglar „gefa“ þeim. Gagnrýnendur sögðu fyrir opnunina að starfsfólk safnsins myndi „brenna í helvíti“ vegna sýningarinnar. - smk

Ekki fylgst með hvort sakborningum sé tilkynnt um hleranir samkvæmt lögum:

## Ekkert eftirlit með lögreglu

**SÍMHLERANIR** Ekkert eftirlit er með því innan lögreglunnar að farið sé eftir lögum um hleranir. Samkvæmt upplýsingum frá Ingimundi Einarssyni varalögreglustjóra er ekki hægt að taka saman tölur um hve oft hleranir samkvæmt dómsúrskurði hafi ekki leitt til ákæru.

Samkvæmt lögum ber lögreglunni að láta þann sem hefur verið hleraður, vita af því að hlerun hafi farið fram, þegar rannsókn máls er lokið. Áhöld eru hins vegar um það innan lögreglunnar, hvernig það er gert. Þá er ljóst að ekkert eftirlit er með því hvort það er yfirleitt gert, heldur treysta yfirmenn lögreglunnar því að undirmenn þeirra sjái um það.

Í skýrslu sem Björg Thorarensen lagaprófessor skrifaði fyrir dómsmálaráðuneytið fyrir sjö árum var einmitt bent á að þörf sé á skýrari reglum um skyldu til að tilkynna sakborningi að hlerun hafi átt sér stað.

„Í ljós kom að það var engin regla eða farvegur sem slíkar tilkynningar höfðu hjá lögreglunni. Ekkert skipulag var á því hvernig það væri tilkynnt til þeirra sem höfðu verið hleraðir eða að þeirri tilkynningaskyldu væri sinnt,“ segir Björg.

Dómsmálaráðherra var spurður hvort brugðist hafi verið við ábendingum Bjargar og svaraði hann með því einu að benda á frumvarpsdrög sín til laga um meðferð sakamála sem hann lagði fram í september. - sda / sjá síðu 32

Pétur Þór snýr aftur:

## Málverk tvöfaldast í verði

**LISTAVERKAMARKAÐUR Pétur Þór Gunnarsson, sem margir þekkja sem sakborning í Stóra málverkafölsunarmálinu, segir ýmsa gamla viðskiptavini hafa skorað á sig að opna umboðs- og uppboðsstofu á sviði listmuna. Pétur Þór var sýknaður í Hæstarétti en svo virðist sem fjölmargir innan listageirans vilji ekki una því.**



PÉTUR ÞÓR GUNNARSSON

**Pétur var nýverið staddur á uppboði í Kaupmannahöfn þar sem hann bauð í og keypti verk eftir Svavar Guðnason og Jón Stefánsson fyrir gamlan viðskiptavin. Pétur Þór segir gríðarlegan vöxt í greininni, framboðið sjaldan meira og verð verka hafi tvöfaldast.** - jbg / sjá síðu 30

SPURNING DAGSINS



*Kristján, ætlar þú að bjóða Watson í kaffi?*

Nei, það geri ég ekki enda kemst hann aldrei inn í landið. Það á ekki að fjalla um þennan mann eða veita honum athygli.

Paul Watson er forseti samtakanna Sea Shepherd sem sökkti tveimur hvalveiðibátum hér á landi árið 1986. Samtökin eru styrkt af kaffihúsum Starbucks. Kristján Loftsson er forstjóri Hvals hf.

Kjarnorkuvopnatilraunir Norður-Kóreu:

# Ekki fleiri tilraunir í bígerð

**SUÐUR-KÓREA, AP** Leiðtogi Norður-Kóreu, Kim Jong-il, sagði ríkisstjórn sína ekki ætla að prófa fleiri kjarnorkuvopn og sagðist harma tilraunina sem gerð var í síðustu viku, kom fram í fréttum suðurkóreskra fjölmiðla í gær. Á leiðtoginn að hafa látið þessi orð falla á fundi með afar hátt settum kínverskum embættismanni, Tang Jiaxuan, á fimmtudag.

Á sama tíma söfnuðust yfir hundrað þúsund manns saman á aðaltorginu í Pjongjang, höfuðborg Norður-Kóreu, til að „fagna vel heppnaðri sögulegri kjarnorkutilraun“, að sögn ríkisrekinna fjölmiðla landsins.

Samkvæmt fréttum suðurkóresku fjölmiðlanna sagðist Kim vera að íhuga að snúa aftur að samningaborði þjóðanna sex, sem hafa árangurslítið verið að reyna að finna friðsamlega lausn á kjarnorkuáætlun kommúnistaríkisins.

„Ef Bandaríkin gefa svolítið eftir, þá munum við líka gefa svolítið eftir, hvort sem um tvíhliða eða sex-þjóða viðræður er að ræða,“ á Kim að hafa sagt.

Hlé hefur verið á viðræðunum síðan í fyrra, eftir að Norður-Kóreumenn neituðu að taka frekari þátt þegar Bandaríkin hófu að beita kommúnistaríkið efnahagsþvingunum vegna meints peningaþvættis. - smk



**FÉLAGAR FUNDA** Leiðtogi Norður-Kóreu, Kim Jong-il, t.h., hitti kínverska embættismanninn Tang Jiaxuan í Pjongjang á fimmtudag. Myndin er tekin á fundi þeirra í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ákærður fyrir gagnastuld:

# Sainz neitar staðfastlega sök

**DÓMSMÁL Mál ríkislögreglustjóra á hendur Jesusi Sainz, fyrrverandi starfsmanni Íslenskrar erfðagreiningar, vegna brota á höfundaréttarlögum var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Honum er gefið að sök að hafa á tveggja vikna tímabili í júní síðastliðnum afritað í heimildarleysi 29 skrár af netþjóni ÍE sem hver um sig hafði að geyma umtalsvert safn upplýsinga sem voru að sögn fyrirtækisins afrakstur verulegra fjárfestinga þess.**

**Sainz neitaði sök fyrir dómi og verður málið tekið fyrir að nýju í nóvember. - þsj**

Hæstu og lægstu laun:

# Fjórtánfaldur munur launa

**KJARAMÁL Munur á hæstu og lægstu launum er nærri fjórtánfaldur hjá körlum og ellefufaldur hjá konum að því er kemur fram í rannsókn Capacent á launamun. Árið 1994 var munurinn á hæstu og lægstu launum áttfaldur meðal karla og fimmfaldur meðal kvenna. Voru stjórnendur þá að jafnaði með um 64 prósent hærri laun en véla- og verkafólk. Nú er þessi tala komin í 98 prósent.**

**Munur á hæstu og lægstu launum er mun meiri í einkafyrirtækjum heldur en opinberu stofnununum og fyrirtækjunum. Hjá hinu opinbera er munur á hæstu og lægstu launum karla rúmlega fimmfaldur og hjá konum tæplega fimmfaldur. - sdg**

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

### Ísland styður Gvatemala

Fulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum greiðir atkvæði með Gvatemala í kosningu til öryggisráðs SÞ, en ekki Venesúela. Sigfús Ingi Sigfússon, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, segir þetta gert á grundvelli samnings milli ríkjanna um gagnkvæman stuðning við framboð í ráðið.

EÞÍÓPÍA

### Fjöldamorð

Eþíópískur dómari segir lögreglumenn og stjórnarherinn hafa skotið, lamið og kyrkt 193 óvopnaða mótmælendur til bana í júní og nóvember í fyrra. Jafnframt sakar hann ríkisstjórnina um að reyna að hylma yfir verknaðinn.

SVEITASTJÓRNARMÁL

### Hagræðing í gistiskýli

Velferðarráð Reykjavíkur ætlar í hagræðingarskyni að fá samstarfsaðila um rekstur gistiskýlisins í Þingholtsstræti. Minnihlutinn telur rétt að velferðarsvið reki áfram úrræði við þá sem verst eru staddir. Meirihlutinn segir úrræðin verða tryggð áfram.

# Bretar með hótanir vegna hvalveiðanna

**Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra skilur orð bresks kollega síns sem dulda hótun og segir Breta ekki styðja sjálfbæra auðlindanýtingu sem sé mjög athyglisvert. Einar spyr sig hvort Bretar hafi mótmælt veiðum annarra þjóða.**

**HVALVEIÐAR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að erfitt sé annað en að skilja orð Bens Bradshaw, sjávarútvegsráðherra Breta, í fjölmiðlum undanfarið en sem dulbúna hótun. Bradshaw sagði Íslendinga barnalega ef þeir ímynduðu sér að ákvörðun um að hefja atvinnuhvalveiðar myndi ekki hafa áhrif á tvíhliða samskipti þjóðanna. Einar spyr sig hvort Bradshaw hafi haft uppi svipuð mótmæli við hvalveiðiþjóðirnar Japan, Bandaríkin, Noreg og Rússland. „Ég trúi ekki öðru en hann hafi verið samkvæmur sjálfum sér og hafi haft uppi svipuð varnaðarorð um áhrif hvalveiða þessara þjóða á tvíhliðasamskipti við Breta,“ segir sjávarútvegsráðherra.

Aðspurður segist Einar ekki geta gert sér það í hugarlund hvernig þetta myndi hafa áhrif á samskipti þjóðanna. „Ég veit það ekki og vil ekki vera með neinar getgátur í þeim efnum.“ Hitt segist Einar hafa vitað lengi að Ben Bradshaw sé eindregið á móti hvalveiðum. „Breski sendiherrann túlkaði það þannig að breska ríkisstjórnin væri á móti hvalveiðum af öllu tagi og á þá greinilega við að Bretar séu ekki fylgjandi sjálfbærri auðlindanýtingu. Það er heilmikil yfirlýsing í sjálfu sér og hlýtur að stugga við raunverulegum náttúruverndarsinnum í heiminum.“

Bradshaw hefur í orðræðu sinni um atvinnuhvalveiðar Íslendinga á síðustu dögum kosið að nýta ekki upplýsingar vísindamanna um stofnstærð hvala við Íslandsstrendur; upplýsingar sem Atlantshafssjávarspendýraráðið (NAMMCO) og vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins hafa staðfest að séu réttar. Þetta segir Einar vera mjög eftirtektarvert. „Það liggur fyrir vísindalegt mat þeirra sem best til þekkja og ljóst að ef breski ráðherrann kýs að virða þessar upplýsingar að vettugi og tala út frá öðru sem ekki eru vísindalegar staðreyndir þá er ekki að furða að hann hafi lent inn á þær villugötur sem raun ber vitni.“

Einar telur að það sama megi segja um mótmæli Evrópusambandsins sem í gær fordæmdu hvalveiðar Íslendinga. „Það getur ekki verið að svo virðuleg stofnun byggi á bestu fáanlegu vísindalegri þekkingu um hvalveiðar fyrst hún álýktar með þeim hætti sem hún gerir. Mér finnst viðbrögð Bandaríkjanna hins vegar hófstillt á marga hátt.“

svavar@frettabladid.is



**HVALUR 9** Hvalskipið hefur nú verið á miðunum í fjóra sólarhringa án þess að setja í hval. Sjávarútvegsráðherra segir kollega sinn hafa í illa dulbúnum hótunum við Íslendinga vegna veiðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



EINAR K. GUÐFINNSSON



BEN BRADSHAW

Gögn um símhleranir:

# Kjartan ósáttur við úrskurðinn

**SÍMHLERANIR** Þjóðskjalasafnið veitti Kjartani Ólafssyni, fyrrverandi ritstjóra, leyfi í gær til að skoða gögn sem varða hleranir á honum sjálfum.

Kjartan er ósáttur við úrskurðinn. Hann krefst sama aðgangs og Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur fékk. Hann hyggst fara með málið fyrir dómstóla, skikki menntamálaráðherra Þjóðskjalasafnið ekki til að breyta ákvörðuninni.



KJARTAN ÓLAFSSON

Kjartan telur að jafnræðisreglan hafi verið brotin. Hann fær aðeins að skoða gögn um hleranir á símum Sósíalistaflokksins og Samtaka herstöðvaandstæðinga, þar sem hann var framkvæmdastjóri. - kdk

Friðargæslan í Afganistan:

# Ekki gengið á bak loforða

**UTANRÍKISMÁL Stefnubreyting íslensku friðargæslunnar í Afganistan samræmist fyllilega eldri skuldbindingum Íslands við NATO, að sögn Önnu Jóhannsdóttur, forstöðumanns friðargæslunnar. Hún segir núverandi verkefni Íslendinga í Afganistan standa fram í apríl á næsta ári og utanríkisráðuneytið hafi aldrei skuldbundið sig í frekari friðargæslu. Því hafi ekki þurft að hafa sérstakt samráð við NATO um stefnubreytinguna.**

**Anna ítrekar einnig að ekki verði dregið úr framlagi íslenska ríkisins til uppbyggingar í Afganistan, heldur verði það líklega aukið frekar en hitt. - kóþ**


## TIL SÖLU

## BENZ 815 L árgerð 2005 m. lyftu



Aðeins ekinn 22.000 km. Kassi er 36 rúmmetrar (plywood með LBW). Burðargeta 2.2 tonn. Hestöfl 149. Dieselvél 4249 cc.

Uppl. veita Kristján (8992541) eða Andrés (8960599). Til sýnis í Suðurhrauni 12C.


Stórfyrirtæki styðja umhverfissamtökin Sea Shepherd:

# Starbucks styður Paul Watson

**HVALVEIÐAR** Sea Shepherd umhverfissamtökin hafa notið stuðnings fjölda stórfyrirtækja og eitt þeirra er Starbucks-kaffihúsakeðjan fræga sem rekur um fjörutíu þúsund kaffihús víða um heim. Þetta kom fram í erindi Eiðs Guðnasonar sendiherra á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna árið 2003 en þar fjallaði Eiður um árásir ýmissa öfgasamtaka á eðlilega og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda. Hann nefndi að ýmis fyrirtæki létu fé af hendi rakna til slíkra samtaka, þar sem það væri frádráttarbært frá skatti.

Paul Watson, forseti umhverfissamtakanna Sea Shepherd, boðar komu tveggja skipa frá samtökunum á Íslandsmið. Watson og félagar hans sökktu Hval 6 og Hval 7 í Reykjavíkurhöfn og unnu skemmdarverk í Hvalstöðinni í Hvalfirði árið 1986.

Hann kom til landsins árið 1988 en var þá vísað úr landi eftir stutta fangelsisvist og settur í ótímabundið endurkomubann til landsins. Hann má því ekki koma nær en 12 mílur frá landi. Watson getur hins vegar verið um borð í skipi frá 12 mílum út að 200 mílum, svo framarlega sem það skip tilkynni sig með löglegum hætti inn í efnahagslögsöguna og uppfylli almenn skilyrði. - shá



**PAUL WATSON** Samtökin Sea Shepherd njóta stuðnings stórfyrirtækja. Starbucks-kaffihúsakeðjan er eitt þeirra.

# Helgar sprengja

## 30% afsláttur

af allri málningu og málningarverkfærum

3.590 ~~6.595~~

3.990 ~~6.990~~

**Innimálning, Jotaproff**
Gljástig 3, 10 ltr.
7119854

**Innimálning, Jotaproff**
Beinhvít, Gljástig 7, 10 ltr.
7119800

3.195 ~~3.995~~

**Innimálning Lady**
3 ltr. Gljástig 10.
7122220-24

**Innimálning Lady**
1 ltr. Gljástig 10. 795
7122200-04

895 ~~1.395~~

**Rúllusett og bakki**
7010210

**Kuldagalli Blár, Grár/svartur**
Regnheldur m/öndun og styrkingu á hnjám.
Stærðir S-XXXXL.
5868211-216/5868217-222

7.697 ~~10.995~~

## 30% afsláttur af öllum fatnaði

# Fimmtudag til mánudags

Á meðan birgðir endast og gildir ekki með öðrum tilboðum.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 20.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,05 | 68,37 |
| Sterlingspund | 128,02 | 128,64 |
| Evra | 85,76 | 86,24 |
| Dönsk króna | 11,501 | 11,569 |
| Norsk króna | 10,197 | 10,257 |
| Sænsk króna | 9,301 | 9,355 |
| Japanskt jen | 0,5749 | 0,5783 |
| SDR | 100,26 | 100,86 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,7348

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðgert að aðalmeðferð í Baugsmálinu muni standa í fimm vikur:

# Stærsta mál Íslandssögunnar

**DÓMSMÁL** Mál ákæruvaldsins gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, Tryggva Jónssyni og Jóni Gerald Sullenberger var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þar var ákveðið að aðalmeðferð málsins hefjist þann 12. febrúar á næsta ári en þó með þeim fyrirvara að dómur Hæstaréttar liggi fyrir í fyrri hluta Baugsmálsins, eða þeim ákæruliðum sem var ekki vísað frá dómi í fyrra. Það mál verður flutt fyrir Hæstarétti 15. janúar næstkomandi og er reiknað með að dómur falli í síðasta lagi í byrjun febrúar.

Arngrímur Ísberg, dómari málsins, sagði það ljóst að aðalmeðferð þessa máls muni krefjast meiri tíma og undirbúnings en nokkuð annað mál sem komið hafi fram hér á landi.

Ríkissaksóknari hefur lagt fram vitnalista með 82 nöfnum sem hann hyggst yfirheyra auk þess sem verjendur sakborninganna ætla að kalla til að minnsta kosti tíu vitni til viðbótar. Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, sagðist halda að það myndi taka hann tvo til þrjá daga að yfirheyra Jón Ásgeir og að minnsta kosti einn dag að yfirheyra hvorn hinna sakborninganna. Því er reiknað með að vitnaleiðslur og munnlegur málflutningur taki allt að fimm vikur. - þsj



**VERJENDUR Í HÉRAÐSDÓMI** Jakob R. Möller og Gestur Jónsson, verjendur Tryggva og Jóns Ásgeirs, við fyrirtöku málsins í gær.

Kirkjuþing hefst í dag:

# Nýir fulltrúar í meirihluta

**ÞJÓÐKIRKJAN Tuttugu og tvö mál liggja fyrir kirkjuþingi sem hófst í Grensáskirkju í morgun. Á meðal mála má nefna tillögu um stefnumótun fyrir kærleiksþjónustu og hjálparstarf sem er liður í heildarstefnumótun kirkjunnar. Einnig verður lögð fram tillaga um fjölskyldustefnu og um stofnun málefna- og siðferðisráðs.**

**Um sextíu prósent kirkjuþingsfulltrúa hafa ekki setið kirkjuþing áður. Um helmingur fulltrúa á síðasta þingi hefur horfið frá þingmennsku en fulltrúum á þinginu hefur verið fjölgað úr 21 í 29.** - hs

Komið til móts við kröfur:

# Fangar hættir við að svelta sig

**FANGELSISMÁL** Fangar í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg ákváðu í gær að hætta við boðað hungurverkfall sitt. Þeir höfðu krafist þess að ýmsar úrbætur yrðu gerðar á aðstæðum innan fangelsisins.

Talsmaður fanganna sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að fangelsismálayfirvöld hefðu komið til móts við þá að hluta til og kvaðst hann ánægður með þá viðleitni sem sýnd hafi verið þó að vissulega hafi ekki verið gengið að öllum kröfum þeirra. - þsj

Fleiri fórnarlömb finnast:

# Líkamsleifar í holræsunum

**NEW YORK Líkamsleifar manna sem fórust í hryðjuverkaárásunum á Tvíburaturnana 11. september 2001 eru taldar hafa fundist í holræsum nærri staðnum þar sem World Trade Center stóð.**

**Líkamsleifarnar fundust í fyrradag þegar verkamenn unnu að hreinsun holræsanna í grenndinni. Meðal þess sem fannst eru bein úr fótleggjum og handleggjum. Kennsl hafa verið borin á 1.150 af þeim 2.700 sem létust. Ættingjar þeirra sem hafa ekki fundist krefjast þess að leitað verði betur á staðnum þar sem turnarnir tveir stóðu.** - kdk

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Árni Þór Vigfússon, Kristján Ragnar Kristjánsson og Ragnar Orri Benediktsson hefðu meðal annars verið sakfelldir fyrir fjárdrátt og peningaþvætti í Landsímamálinu. Hið rétta er að þeir voru sakfelldir fyrir hylmingu. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Frumvarp um skerðingu eftirlauna æðstu manna

**Tveir þingmenn Samfylkingar hafa lagt fram frumvarp til laga um að eftirlaunaréttindi æðstu manna ríkisins verði skert meðan þeir eru enn í launuðu starfi. Þverpólitísk samstaða sem Halldór Ágrímsson reyndi að ná um málið fór út um þúfur og Geir Haarde hefur ekki beitt sér í málinu né rætt það í flokki sínum.**

**STJÓRNMÁL** „Það ætti ekki að vefjast fyrir fólki að lagfæra svona augljósa galla,“ segir Margrét Frímannsdóttir, alþingismaður Samfylkingarinnar, sem ásamt samflokkskonu sinni, Jóhönnu Sigurðardóttur, leggur í lok mánaðarins fram frumvarp um breytingar á lögum um eftirlaun opinberra starfsmanna. Ætlunin er að koma í veg fyrir að fyrrverandi þingmenn og ráðherrar á aldrinum 55 til 65 ára geti þegið full eftirlaun samtímis því að vera í launuðu starfi.

Umdeild eftirlaunalög voru samþykkt í desember 2003. Meðal annars voru aldursmörk færð niður þannig að þingmenn og ráðherrar gátu í vissum tilfellum hafið töku eftirlauna 55 ára gamlir. Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, reyndi í fyrravetur að ná þverpólitískri samstöðu um breytingar á þessu ákvæði þannig að eftirlaun þeirra sem væru innan við 65 ára myndu skerðast hefðu þeir launatekjur annars staðar frá. Ekki tókst að ljúka því máli.

„Ég er búin að bíða býsna lengi eftir þessari þverpóltísku samstöðu. Okkar mál var komið langt í vinnslu í fyrravetur en ég treysti því þegar fyrrverandi forsætisráðherra lýsti því yfir að það yrðu gerðar á þessu breytingar og lét okkar mál bíða. Það gerðist ekkert og er ekki boðað af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún ætli að gera nokkuð í málinu núna. Þess vegna leggum við fram okkar mál til að sýna að minnsta kosti okkar vilja,“ segir Margrét Frímannsdóttir.

Eitt helsta álitaefnið varðandi breytingar á eftirlaunalögunum snertir þá einstaklinga sem byrjaðir eru að þiggja eftirlaun samkvæmt lögunum frá 2003. Talið er að þeim kunni að hafa skapast eignarréttur og að ríkið yrði skaðabótaskylt yrði rétturinn skertur.

„Við viljum láta á þetta reyna og erum þess vegna með ákvæði um að reglurnar gildi um þá sem hafa þegar hafið töku lífeyris en að þeir fái aðlögðunartíma til 1. júní á næsta ári. Þá skerðist þeir til jafns við aðra opinbera starfsmenn fram að 65 ára aldri,“ segir Margrét.

Ekki fengust svör frá Geir Haarde forsætisráðherra um stöðu þessa máls en Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðismanna, segir að sér vitanlega hafi ekki gerst neitt meira frá því Halldór Ásgrímsson fór með málið. „Við höfum að minnsta kosti ekki verið að ræða þetta neitt núna,“ segir hún.

Hjálmar Árnason, formaður þingflokks framsóknarmanna, segir fulla samstöðu í þeirra röðum að gera breytingar á þessu tiltekna ákvæði.

„Það er svo galið að hafa inni þetta ákvæði um að menn geti notið eftirlauna ráðherra þótt þeir séu í öðru launuðu starfi að mönnum bara yfirsást það,“ segir Hjálmar. „En málið er í höndum forsætisráðuneytisins og ég býst ekki við að mikið gerist á þeim vettvangi fyrr en það næst þverpólitísk samstaða.“

Guðjón A. Kristinsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir að þegar málið hafi verið í höndum Halldórs Ásgrímssonar hafi það strandað á því að stjórnarliðar hafi viljað hespa það af fyrir þinglok. Síðan hafi ekkert heyrst um málið.

„Afstaða okkar er óbreytt: Málið má koma inn í þing en við tökum ekki þátt í neinni fljótaskrift heldur viljum opna umræðu eins og með önnur þingmál,“ segir Guðjón.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstr grænna, segir ekki hafa staðið á sínum flokki að koma fram breytingum á eftirlaunalögunum. Samstaða hafi einfaldlega ekki náðst. „Við höfum í sjálfu sér ekkert hreyft þetta mál frekar en aðrir. Það má segja að það hafi verið í biðstöðu,“ segir hann.

gar@frettabladid.is



**HJÁLMAR ÁRNASON** Segir samstöðu um að breyta eftirlaunaákvæði sem sé „galið.“



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Stendur ekki á vinstri grænum.



**GUÐJÓN A. KRISTINSSON** Frjálslyndir vilja þinglega umræðu.



**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR** Segist hafa beðið nógu lengi eftir þverpólitísku samkomulagi.



**ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR** Sjálfstæðismenn hafa ekki rætt eftirlaunamálið frá því á síðasta þingi.

www.bryndisharalds.is

Bryndís Haralds
opnar kosningaskrifstofu

Á morgun sunnudag, klukkan 17:00, mun ég opna kosningaskrifstofu mína að Bæjarlind 14, 2 hæð, í Kópavogi. Ljúfir tónar, léttar veitingar og skemmtun fyrir börnin. Vonast til að sjá þig og þína og eiga með ykkur ánægjuleg stund.

Bryndís Haralds



Bryndís Haralds í 4.-5. sæti
PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í SUÐVESTUR KJÖRDÆMI

## VEÐURSPÁ



Sigríður Ólafsdóttir, Náttúrufræðingur

**Fyrsti dagur vetrar** Fyrir þá sem ekki vita er fyrsti vetrardagur í dag og fólk vafalaust á misjöfnu máli hvort eigi að fagna eða syrgja. En veðurhorfurnar fyrir þessa helgi og byrjun næstu viku er köld norðanátt og frost í öllum landshlutum. Sem sagt; veturinn er genginn í garð. En öll höfum við okkar aðferðir til að koma okkur í gegnum skammdegið og kuldann. Ég mæli með göngutúr, lopavettlingum og kjötsúpu í dag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Hægviðri og bjart. Hiti allt að 5 gráður en frystir þegar skyggja tekur.

um hádegi »





» á morgun





4-12m/s, strekkingur í Breiðafirðinum.

» mánudagur





7-12 m/s. Víða talsverð gola.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C skýjað | London | 17°C skúrir | Alicante | 26°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 7°C skúrir | París | 19°C skýjað | Mallorca | 25°C heiðskírt |
| Osló | 9°C rigning | Frankfurt | 16°C skúrir | Algarve | 22°C skýjað |
| Stokkhólmur | 11°C skúrir | Friedrichshafen | 17°C skýjað | Krít | 22°C skúrir |
| Gautaborg | 12°C skýjað | Berlín | 15°C skúrir | Las Palmas | 25°C skýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Nýtt í Hagkaupum






Stígvél
svört, st. 36-41
5.999kr



Stígvél
svört, st. 36-41
3.999kr



Stígvél
svört, st. 36-41
5.999kr



Stígvél
svört, brún, st. 36-41
5.999kr

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Munu hvalveiðar skaða ímynd Íslands?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 40,9 |
| NEI | 59,1 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að sjá kvikmyndina Mýrina?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Formaður Öryrkjabandalagsins um fund með þingflokksformönnum:

# Þingið getur beitt þrýstingi

**STJÓRNMÁL** Formaður og framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands, ÖBÍ, átti fundi í gærmorgun með þingflokksformönnum allra flokka. Ákveðið var að hittast aftur ásamt fulltrúum fjórtán lífeyrissjóða á mánudagsmorgun.

Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins, segir að markmið fundarins í gær hafi verið að leita allra leiða til að koma í veg fyrir að fjöldi fólks verði fyrir alvarlegu tekjutapi um næstu mánaðamót en fjórtán lífeyrissjóðir ætla þá að skerða greiðslur til öryrkja.

„Við teljum að í ljós hafi komið þverpólitískur skilningur og stuðningur við að afstýra því að þetta gerist með fyrirhuguðum hætti um mánaðamótin. Þetta snýr fyrst og fremst að stjórnum lífeyrissjóðanna en við viljum að þetta sé rætt og leitað allra leiða.“

Sigursteinn segir að engin sérstök opnun hafi myndast í málinu en alltaf sé hægt að fresta skerðingunum og hætta við þær. Þingmenn geti beitt lífeyrissjóðina þrýstingi.



**LEITAÐ ALLRA LEIÐA** Forysta Öryrkjabandalagsins hitti formenn þingflokkanna í þinginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann býst við að skerðing lífeyrissjóðanna á greiðslum til öryrkja sé þeim ekki auðveld. „Það getur ekki verið það þegar fátækasta fólkið á Íslandi á í hlut.“ - ghs

Ósmekklegur brandari:

# Pútín grínast með nauðganir

**RÚSSLAND, AP** Brandari Pútíns Rússlandsforseta í lok blaðamannafundar vegna heimsóknar Ehuds Olmerts, forsætisráðherra Ísraels, hefur valdið miklum usla víða um heim: Pútín er sagður hafa sagt, í áheyrn rússnesks blaðamanns, að Moshe Katsav forseti væri „mikill maður“ sem hefði „nauðgað tíu konum“ og að „við öfundum hann allir.“

Katsav er ákærður fyrir að hafa nauðgað konum í starfsliði sínu. Hann neitar sök.

Talsmaður Pútíns segir það af og frá að Pútín sé fylgjandi nauðgunum, heldur hafi eingöngu verið um einkabrandara að ræða. - smk

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

*30 ára 9. okt*

**Við þökkum öllum 300 þátttökuna í gigtargöngunni 12. október.**



Aðalstyrktaraðili

KB BANKI

Þökkum stuðninginn.

Gigtarfélag Íslands

# Námsgagnastofnun hindrar samkeppni

**Útgefendur námsefnis kvarta yfir samkeppnishindrandi starfsháttum og lagaramma Námsgagnastofnunar. Samkeppniseftirlitið gerir athugasemdir við rekstur stofnunarinnar. Menntamálaráðherra segir breytingar í vændum.**

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið mælist til að Námsgagnastofnun skilji á milli lögbundins rekstrar við að sjá grunnskólum fyrir náms- og kennslugögnum og sölu á útgefnu efni í samkeppni við einkaaðila.

Sjálfstæðir útgefendur námsefnis hafa kvartað til samkeppnisyfirvalda yfir að starfshættir og lagaumhverfi Námsgagnastofnunar séu samkeppnishindrandi að því er kemur fram í álitinu. Stofnunin standi í vegi fyrir því að grunnskólar geti nýtt sér efni sem samið er og gefið út af öðrum en þeim. Með kvótakerfi sem stofnunin breyti fyrirvaralaust og að eigin geðþótta sé sjálfstætt starfandi höfundum og útgefendum kennsluefnis gert illmögulegt að koma efni sínu á framfæri við grunnskólanna.

Eiríkur Grímsson, skrifstofustjóri Námsgagnastofnunar, er ósáttur við orðalag Samkeppniseftirlitsins. „Stofnunin nýtir ákveðinn hluta af fjárveitingu sinni til að kaupa efni frá öðrum útgefendum sem skólarnir geta síðan sótt í og ákveður stjórn stofnunarinnar hvað þessi kvóti er stór.“ Eiríkur segir að ákveðið hafi verið að fella niður sérkvóta af yngri barna stiginu fyrir nokkrum árum. „Stofnunin bjó við þröngan fjárhag og þörfin metin mest á efri stigum skólakerfisins.“ Ákvörðunin var einnig tekin með hliðsjón af eftirspurn skólanna eftir efninu að sögn Eiríks. „Þannig er villandi og mjög óheppilegt að tala um geðþóttaákvarðanir.“

Guðmundur Sigurðsson, aðstoðarforstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir rekstur einkaaðila hafa einkennst af óöryggi og tortryggni. „Skólastjórnendur þurfa að snúa sér til Námsgagnastofnunar til að fá efni og undir hælinn lagt frá hverjum vörum eru keyptar hverju sinni úr þessum sérkvóta.“



**NÁMSMEYJAR LESA NÁMSBÆKUR** Samkeppnishindranir á markaðnum má að miklu leyti rekja til lagaumhverfisins að mati Samkeppniseftirlitsins. Lög um Námsgagnastofnun tóku gildi nokkru fyrir gildistöku samkeppnislaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

> Það er ljóst að auka þarf frelsi varðandi útgáfu námsgagna og aðgengi annarra að þessu.“
>
> **ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**
> MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Guðmundur segir að fyrst og fremst sé verið að gera athugasemdir við lagarammann og hvernig ákvarðanir hafa verið teknar um nýtingu sérkvóta.

Útgefendur námsefnis kvörtuðu einnig yfir því að Námsgagnastofnun hefði sitt kennsluefni til sölu á almennum markaði á verði sem sé ekki unnt að keppa við að því er segir í áliti Samkeppniseftirlitsins. Eiríkur segir það skýrast af þeirri stærðarhagkvæmni sem Námsgagnastofnun njóti og skili sér í lægra verði.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra kveðst ekki ósátt við þennan úrskurð Samkeppniseftirlitsins sem sé í samhljómi við hennar áherslur. „Það er ljóst að auka þarf frelsi varðandi útgáfu námsgagna og aðgengi annarra að þessu.“

Frumvarps um námsgögn er að vænta í næsta mánuði að sögn Þorgerðar Katrínar. „Það er nefnd að störfum sem tekur á því sem Samkeppniseftirlitið talar um, eins og með sérkvótann. Ég mun beina því til nefndarinnar að fara yfir þennan úrskurð.“ sdg@frettabladid.is

**Stökktu til Kanarí**

**26. október**

**frá kr. 39.990**

Síðustu sætin - 20 nætur

kr. **39.990**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna með 2 börn í íbúð. Innifalið flug, gisting í 20 nætur og skattar.

kr. **49.990**

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/íbúð/stúdíó. Innifalið flug, gisting í 20 nætur og skattar.

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina til Kanaríeyja í 20 nætur á frábæru verði. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Lögreglan hafði hendur í hári þjófa í Reykjavík:

# Fjöldi þjófa á ferðinni

**LÖGREGLUMÁL** Kona á þrítugsaldri var handtekin í söluturni í Reykjavík í fyrrinótt. Hún átti erfitt með að gera grein fyrir ferðum sínum og var margsaga. Konan gat ekki framvísað skilríkjum og gaf lögreglunni upp ranga kennitölu. Á vettvangi fannst poki en sterkur grunur leikur á að í honum hafi verið þýfi. Þetta er þriðja málið á tiltölulega skömmum tíma þar sem fólk reynir að villa um fyrir lögreglunni með því að gefa upp ranga kennitölu.

Fleiri óprúttnir aðilar komu við sögu lögreglunnar í Reykjavík í fyrradag en nokkuð ber á þjófnuðum þessa dagana. Kona stal kjól úr verslun og í hádeginu var tilkynnt um stuld á skrásetningarnúmeri ökutækis. Um miðjan dag var tæplega fertug kona tekin fyrir þjófnað. Í fórum hennar fundust matarpoki og fatnaður sem hún gat ekki gert grein fyrir.



**ÞJÓFNAÐIR** Þjófar grípa gjarnan með sér fatnað, raftæki og matvörur.

Síðdegis urðu tveir ungir menn uppvísir að þjófnaði í raftækjaverslun. Þeir tóku til fótanna en annar náðist skömmu síðar. Lögreglan veit hver hinn er og hann verður sömuleiðis látinn svara fyrir gjörðir sínar. Þá var karlmaður á sjötugsaldri gripinn fyrir þjófnað í matvöruverslun undir kvöldmat. - jss

Skynugar rjúpur á Hólmavík:

# Leita skjóls við lögreglustöðina

**LÖGREGLUMÁL Rjúpnaveiðimönnum við Hólmavík hefur gengið treglega við veiðar þetta veiðitímabil. Lögregluvarðstjórinn á Hólmavík segir dapurt gengi þeirra ef til vill ekki að undra.**

**Rjúpurnar hafa leitað skjóls, undan vopnuðum mönnum, við lögreglustöðina. Á þakmæni stöðvarinnar standi ávallt bísperrtur hópur rjúpna en þar þurfi þær lítið að skeyta um hópa veiðimanna sem horfi á þær löngunaraugum því ekki fari þeir að skjóta á lögreglustöðina.**

**„Þetta eru skynugir fuglar sem vita hvar öruggt er að vera,“ segir lögregluvarðstjórinn sem veit aðeins til þess að ein rjúpa hafi verið veidd á svæðinu það sem af er tímabilinu.** - kdk




| Evans | Dorothy Perkins | Topshop | Topman |
|---|---|---|---|
| Kjólar: 999 kr. | Jakkar frá 1.990 kr. | Yfirhafnir frá 3.840 kr. | Gallabuxur frá 2.490 kr.<br>Peysur frá 1.490 kr. |

| Adams | Zink | Cosmo | Tous |
|---|---|---|---|
| 30-50% afsláttur<br>af völdum vörum | Úlpur, verð: 2990 kr.<br>Verð áður: 6990 kr.<br>Stærðir: 128-176 | Peysur, 2990 kr.<br>Bolir, 1500 kr.<br>Gallabuxur, 3990 kr. | Kaos nylon töskur<br>með 30% afslætti. |

| Ice in a bucket | Ozio | Kaupfélagið | Blend |
|---|---|---|---|
| Valin dömuveski: 395 kr.<br>Húfur og vettlingar: 395 kr. | Mikið úrval<br>af flottum skóm á<br>30% afslætti. | Dömu ökklastígvél: 3995 kr.<br>og skór á flottu haustverði. | Herrabolir 1 á 1990 2 á 2990.<br>Frír bolur eða veski með<br>keyptum vörum í nýju<br>línunni frá Fergie. |

| Byggt og búið | Vero Moda | Vila | Exit |
|---|---|---|---|
| 20-50% afsláttur<br>af öllum ljósum.<br>Rýmingarsala á ýmsum vörum.<br>Allt að 75% afsláttur. | 30-50% afsláttur<br>af völdum vörum. | 50% afsláttur<br>af völdum vörum. | Bolir 1 stk. 990, 2stk. 1490<br>og 50 % afsláttur<br>af völdum vörum. |

DÆMI UM TILBOÐ Á HAUSTÚTSÖLU

| Jack & Jones | Steinar Waage |
|---|---|
| Bolir<br>1stk. 990 / 2 stk. 1490 / 3 stk. 1990.<br>40-50 % afsláttur af völdum vörum. | Mikið úrval af barnaskóm með 40% afslætti.<br>Valdar tegundir af dömustígvélum með 40% afslætti. |

| Hestar og Menn | Debenhams |
|---|---|
| Hnakkur Top reiter sport 2005<br>með öllum fylgihlutum og beisli á 98.890 kr.<br>Legghlífar (half caps) leður eða rúskinn á 1890 kr.<br>Allar vörur með 15% afslætti. | 40-50% afsláttur af völdum vörum.<br>20-30% afsláttur af pottum, pönnum og eldhúsáhöldum.<br>Einnig af dömu- og herratöskum.<br>Nokkur fleiri sjóðheit tilboð. |

## FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

Dúndrandi skemmtun fyrir alla fjölskylduna verður haldin í Vetrargarðinum, laugardaginn 21. október, kl. 13.00-15.30.

Meðal atriða verða Ronja ræningjadóttir, tónlist og söngur, dansævintýri og trommudans.

Allir hjartanlega velkomnir!

Aðgangur ókeypis!




Opið: Mán, þri, mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18 / Sími 528 8000 / smaralind.is

ENNEMM / SIA / NM24035

Skrautleg ákæra í Héraðsdómi Reykjavíkur á miðaldra karlmann:

# Stal öllu sem hönd á festi

**DÓMSMÁL** Miðaldra Reykvíkingur hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og er ákæran all skrautleg.

Manninum er gefið að sök að hafa í apríl á þessu ári farið inn í mannlausa bifreið og stolið þar leikfangabangsa. Viku síðar fór hann í heimildarleysi inn í íbúðarhúsnæði og hafði þaðan með sér skartgripi, stafræna myndavél, vettlinga, þrjú seðlaveski, sólgleraugu, fjögur úr og skilríki. Þrem dögum eftir þennan þjófnað fór hann inn í annað íbúðarhúsnæði þar sem hann stal styttu, stafrænni myndbandsupptökuvél í tösku, úlpu og stígvélum. Viku síðar fór hann inn í enn eina íbúðina og hafði þaðan með sér fartölvu og myndavél. Tveimur dögum síðar kom hann við í íbúð og hafði þaðan með sér skópar. Sama dag tók hann umslög og teikniblokk úr bíl.



**SKARTGRIPIR** voru meðal fjölmargra annarra muna sem freistuðu mannsins.

Í júní fór maðurinn í félagi við annan inn í íbúðarhúsnæði. Þaðan var stolið Apple fartölvu, myndavél, tveimur seðlaveskjum, þremur farsímum, eyrnalokkum, pennaveski, verðlaunapeningum og skipulagsbók.

Maðurinn hefur neitað sök en áætlað er að verðmæti þýfisins slagi hátt í eina milljón króna.

**- jss**

Leiðtogar Evrópusambandsins fjalla um Rússland:

# Kallað eftir samningi um orku

**FINNLAND, AP** Leiðtogar Evrópusambandsins kölluðu eftir „nánu og bindandi“ sambandi við Rússland hvað varðar orku á leiðtogafundi sem haldinn var í Lahti í Finnlandi í gær. Eins fóru þeir fram á staðfastari skuldbindingu Rússlands við alþjóðlegt eftirlit með orkumálum. Rússlandsforseti, Vladimír Pútín, mætti á síðari helming fundarins.

Nú þegar kaupa aðildarlöndin 25 fjórðung olíu sinnar frá Rússlandi, en undanfarið hafa leiðtogar ESB efast um áreiðanleika Rússlandsstjórnar hvað varðar sölu á olíu og drógu aðgerðir Rússlandsstjórnar í fyrra ekki úr þeim efa.

Í fyrravetur skar Rússland á alla orkusölu til Úkraínu eftir deilumál milli ríkjanna og olli það töfum á gassölu til nokkurra aðildarríkja ESB.



**LEIÐTOGAFUNDUR** Vladimír Pútín Rússlandsforseti, t.v., og Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, í Lahti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við ætlum okkur að mynda nánara, lagalega bindandi samband sem byggist á gagnkvæmum langtíma ávinningi,“ sagði forsætisráðherra Finnlands, Matti Vanhanen, á blaðamannafundi í Lahti í gær, en Finnar fara nú með forystu ESB.

**- smk**





FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ
Í VETRARGARÐINUM
Í SMÁRALIND

Laugardaginn 21. október kl. 13.00-15.30

Kl. 13.00 **Gunnar Birgisson**, bæjarstjóri Kópavogs, býður gesti velkomna.

Kl. 13.05 **Ronja ræningjadóttir** heimsækir hátíðina og skemmtir yngstu kynslóðinni.



Kl. 13.20 **Skólahljómsveit Kópavogs** leikur undir stjórn Össurar Geirssonar.

Kl. 13.40 **Skólakór Kársness** syngur undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.



Kl. 14.00 **Björgvin Franz Gíslason** bregður sér í gervi frægra tónlistarmanna.

Kl. 14.10 **Red Sky** flytur dansævintýrið Söngur hreindýranna.

Kl. 14.30 **Barkasöngvararnir Tracy Brown og Kendra Tagoona** skemmta með barkasöng og trommudansi.



Kl. 14.50 **Systurnar Greta Mjöll og Hólmfríður Ósk Samúelsdætur** flytja nokkur lög, þar á meðal hið geysivinsæla Ó María. Undirleikarar eru Pálmar Örn Guðmundsson á gítar, Kristján Sturla Bjarnason á píanó og Svanur Bjarki á harmonikku.



Kl. 15.05 **Kór Snælandsskóla** syngur undir stjórn Heiðrúnar Hákonardóttur. Undirleikarar eru Lóa Björk Jóelsdóttir á píanó og Eydís Franzdóttir á óbó.

Kl. 15.15 **Björgvin Franz Gíslason** bregður sér í gervi frægra tónlistarmanna.

Kynnir: Björgvin Franz Gíslason

ALLIR VELKOMNIR – AÐGANGUR ÓKEYPIS!

**Kynnið ykkur spennandi dagskrá Kanadískrar menningarhátíðar á www.kopavogur.is**

AP almannatengsl / H2 hönnun



**Dögg Pálsdóttir**

**LÁTUM VERKIN TALA**

Prófkjör sjálfstæðismanna
í Reykjavík, 27. og 28. október 2006



**KOSNINGASKRIFSTOFA**
**Laugavegi 170, 2. hæð**
**opnunartími virka daga kl. 16-22 og um helgar frá kl. 12-18**
**dogg@dogg.is**
**sími 517-8388**

**Hlökkum til að sjá þig.**

**www.dogg.is**

**í 4. sætið**


EVA
1.450kr.
1.160kr.
STAR DUST
3.780kr.
3.024kr.
PERNILLE
3.980kr.
3.184kr.
SIRIUS
NÝJU SIRIUS LJÓSASERÍURNAR
20% AFSLÁTTUR UM HELGINA
AÐEINS LAUGARDAG OG SUNNUDAG
LÁTTU HEILLAST!
COCO
1.350kr.
1.080kr.
NELLIE
5.250kr.
4.200kr.
ANNIE
2.480kr.
1.984kr.
LAURA
3.980kr.
3.184kr.
MARY
3.250kr.
2.600kr.
JOACHIM
2.350kr.
1.880kr.
NINA
3.250kr.
2.600kr.
IDA
2.950kr.
2.360kr.
20% AFSLÁTTUR
SYPRUS
50% AFSLÁTTUR
HAUSTLAUKA-ÚTSALA
TILBOÐ
blóm helgarinnar
Gladiolur
295kr
GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:
Nú er rétti tíminn til að fara að huga að jólakortagerð. Skemmtilegt fyrir fjölskylduna!
GARÐHEIMAR
heimur skemmtilegra hluta og hugmynda
Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is
GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:
Til að ljósaserían endist lengur er gott ráð að venja sig á að hafa slökkt á seríunni meðan verið er að koma henni fyrir.


ARGUS / 06-0565

# 10% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót** eða **SPRON Viðbót** á Netinu **fyrir 12. nóvember n.k.** fá 10% vaxtaauka á áunna vexti um áramótin.

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

spron

Tekist á um embætti varaforseta í Alþýðusambandi Íslands:

# Signý fram gegn Ingibjörgu

**VINNUMARKAÐUR** Miklar líkur eru á því að átök verði um varaformennskuna í Alþýðusambandi Íslands á ársfundi 26.–27. október. Signý Jóhannesdóttir, formaður Vöku á Siglufirði, hefur lýst yfir framboði gegn núverandi varaforseta, Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur.

„Starfsgreinasambandið er með ríflega fjörutíu prósent ASÍ og telur eðlilegt að fulltrúi úr Starfsgreinasambandinu skipi annan hvorn forsetastólinn,“ segir Signý sem með framboði sínu bregst við áskorun félaga sinna.

Vaka á aðild að fleiri landssamböndum innan ASÍ en Starfsgreinasambandinu. Þannig situr Signý í sambandsstjórn Sjómannasambandsins og svo á Vaka aðild að Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Samiðn.



**SIGNÝ JÓHANNESDÓTTIR** Formaður Vöku á Siglufirði, Signý Jóhannesdóttir, hlýðir kalli félaganna og býður sig fram til varaforseta ASÍ.



**INGIBJÖRG R. GUÐMUNDSDÓTTIR** „Þetta er auðvitað það sem maður býr við,“ segir Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ.

„Þetta er auðvitað það sem maður býr við að það vilja fleiri og maður tekur því. Við sjáum bara til þegar til fundarins kemur,“ segir Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ.

Framboð Signýjar er háð því að lagabreyting nái fram á ársfundinum þannig að ársfundum verði hætt og í staðinn verði haldin þing á tveggja ára fresti. Ef lagabreytingin nær fram að ganga þá koma öll embætti til endurkjörs nú en annars verður Ingibjörg varaforseti í eitt ár í viðbót. **- ghs**

Árlegur kjötsúpudagur Skólavörðustígsins haldinn í fjórða sinn í dag:

# Lífræn kjötsúpa handa öllum

**MANNLÍF** Árlegur kjötsúpudagur verslana og íbúa við Skólavörðustíg er haldinn í fjórða sinn í dag. Í tilefni hans verða verslanir og veitingastaðir götunnar opnir fram eftir degi og gestum boðið upp á veglega kjötsúpu.

Eggert Jóhannsson feldskeri er einn þeirra sem hefur haft veg og vanda af hátíðinni. Hann segir mikla stemningu fylgja kjötsúpudeginum og vonar að hann sé kominn til að vera. Í ár verður einnig boðið upp á grænmetissúpu úr lífrænt ræktuðu grænmeti fyrir þá sem vilja ekki kjötsúpuna en í henni er líka lífrænt ræktað grænmeti. „Núna erum við með lífræna kjötsúpu líka. Hún verður elduð af Sigga Hall að hætti Sigga Hall. Svo munu kokkar Ostabúðarinnar matreiða grænmetissúpuna.“



Verslanirnar við Skólavörðustíg munu standa fyrir fjölmörgum skemmtiatriðum yfir daginn auk þess sem ýmsir þekktir einstaklingar úr þjóðlífinu munu taka þátt í framreiðslu súpunnar, annars vegar í verslun Eggerts og hins vegar fyrir framan Hegningarhúsið. Eggert hafði heyrt af fyrirhuguðu hungurverkfalli vistmanna Hegningarhússins en var sannfærður um að þeir myndu gefast upp strax og ilmurinn af kjötsúpunni næði til þeirra.

Hann sagði ekkert því til fyrirstöðu að bjóða þeim upp á disk ef vilji væri fyrir því. „Það er enginn útilokaður í þessu.“ **- þsj**

**GRÆNMETISSÚPA** Að þessu sinni verður einnig boðið upp á lífræna grænmetissúpu auk hinnar hefðbundnu kjötsúpu. Ostabúðin mun sjá um gerð hennar.

2007 söngvakeppni sjónvarpsins

**BaseCamp auglýsir, fyrir hönd Ríkisútvarpsins-Sjónvarps, eftir lögum til þátttöku í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2007.**

**Þátttökueyðublað og reglur keppninnar er að finna á heimasíðu Ríkisútvarpsins www.ruv.is/songvakeppnin og á heimasíðu BaseCamp www.basecamp.is**

**Höfundar skili lögum til BaseCamp, Nethyl 2a, 110 Reykjavík, eigi síðar en 16. nóvember 2006.**

**Nánari upplýsingar veittar hjá BaseCamp í síma 5 610 610 eða í vefpósti info@basecamp.is**

SJÓNVARPIÐ BaseCamp


Lambakjöt
ELDAMENNSKAN ER LAMB AÐ LEIKA VIÐ
Heilsaðu vetri
með íslenskri kjötsúpu
Gerðu það að hefð að elda kjötsúpu á fyrsta vetrardag. Kjötsúpa er réttur sem treystir fjölskyldu- og vinabönd. Eldaðu kjötsúpu í stórum potti og hóaðu í vini og vandamenn. Heilsaðu vetri með ilmandi kjötsúpu.
Margir eiga uppskrift að kjötsúpu frá mömmu eða ömmu en svo er hægt að fá uppskrift á www.lambakjot.is.
www.lambakjot.is
ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR
ÍSLENSK KJÖTSÚPA 1. DAG VETRAR
ENNEMM / SIA / NM21999

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6474 **+0,11%** **Fjöldi viðskipta:** 365 **Velta:** 3.305 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic** | +1,74% | **Flaga** | -4,69% |
| **Alfesca** | +0,62% | **Atlantic Petr.** | -1,48% |
| **Exista** | +0,45% | **Tryggingam.** | -1,24% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 67,70 -0,44% ... Alfesca 4,87 +0,62% ... Atlantic Petroleum 601,00 -1,48% ... Atorka 6,50 +0,31% ... Avion 34,10 +0,29% ... Bakkavör 58,30 -0,51% ... Dagsbrún 5,00 +0,00% ... FL Group 23,50 +0,00% ... Glitnir 22,80 +0,44% ... Kaupþing 868,00 +0,12% ... Landsbankinn 27,20 +0,37% ... Marel 81,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,50 +1,74% ... Straumur-Burðarás 17,20 +0,00% ... Össur 126,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Margt til lista lagt**
Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri innri og ytri samskipta hjá Actavis, hefur staðið í eldlínunni vegna BARR-málsins svokallaða en Actavis hafði lengi vel augastað á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu. Halldór er ekki síður liðtækur í körfubolta og var í landsliðsklassa á árum áður. Úrvalsdeildarlið ÍR hefur átt í miklum vandræðum við að fylla upp í lið sitt vegna meiðsla og var Halldór því fenginn til að spila með liðinu á móti Íslandsmeisturum Njarðvíkur. Halldór sýndi gamalkunn tilþrif og skoraði fimm stig gegn sterkum andstæðingum.

**Munnur fyrir neðan nef**
Verðbréfastofan eða VBS fjárfestingarbanki eins og fyrirtækið heitir nú hélt veglega veislu í tilefni tíu ára afmælis síns.



Þar var margt valinkunnra gesta sem sýndu þessu ágæta fyrirtæki sem vaxið hefur og dafnað sóma með nærveru sinni. Meðal gesta var Davíð Oddsson sem flutti tækifærisræðu með tilheyrandi undirtektum, enda fáir sem standa seðlabankastjóranum á sporði í þeirri list. Tóku gestir bakföll af hlátri hvað eftir annað undir ræðu Davíðs. Hann sagðist sjálfur hafa verið efins um að taka að sér þetta hlutverk. „Síðast þegar ég opnaði munninn varð allt vitlaust," sagði Davíð og bætti því við að hann hafi spurt tannlækninn sinn til öryggis tveimur dögum síðar hvort hann yrði líka vitlaus ef hann opnaði munninn. „Það hefði ekki verið gott því hann var með bor," bætti Davíð við og fór síðan fögrum orðum um forstjórann Jafet Ólafsson sem hann sagðist hafa leitað ráða hjá. „Eða hlerað, eins og væri kannski betra að orða það þessa dagana."

## MARKAÐSPUNKTAR ...

Í núverandi uppsveiflu hafa nú þegar orðið til um níu þúsund ný störf. Erlendir ríkisborgarar fylla nú um þriðjung af nýju störfunum á meðan það var einungis fjórðungur í síðustu uppsveiflu.

Vísitala byggingarkostnaðar, reiknuð eftir verðlagi um miðjan október, hækkaði um 0,6 prósent á milli mánaða og stendur í 354,4 stigum. Árshækkun byggingarkostnaðar mælist meiri en fasteignaverðs, en fasteignaverð er þó langt yfir byggingarkostnaði og lóðaverði.

Íbúðalánasjóður hefur í kjölfar útboðs á íbúðabréfum ákveðið að útlánsvextir íbúðalána sjóðsins verði óbreyttir, 4,95 prósent. Lán með sérstöku uppgreiðsluálagi bera lægri vexti, 4,70 prósent.

# Hagnaður Nýherja jókst um 3.500%

Nýherji reið á vaðið, eins og endranær, og birti fyrst allra félaga í Kauphöll níu mánaða uppgjör. Félagið skilaði 238 milljóna króna hagnaði á tímabilinu, þar af 154 milljónum á þriðja ársfjórðungi. Aukning á milli ára nemur 360 prósentum en hagnaður jókst hvorki meira né minna en um 3.500 prósent þegar einungis er horft á þriðja ársfjórðung.

Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, segir að fjárfestingar félagins á liðnum árum séu farnar að skila sér af fullum þunga. Bæði ráðgjafar- og hugbúnaðarþjónusta komi vel út og vel gangi hjá bæði AppliCon á Íslandi og í Danmörku. Hann bætir við að mikill vöxtur hafi verið í sölu á netþjónum, geymslulausnum og IP-símkerfum. Slík kerfi skili útrásarfélögunum á borð við Actavis aukinni hagkvæmni.

Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að það hafi tekjufært sextíu milljónir króna eftir að niðurstaða fékkst í ágreiningsmáli við viðskiptavin um uppgjör á þjónustu.

Rekstrarhagnaður Nýherja fyrir afskriftir (EBITDA) var 509 milljónir króna fyrir árið í heild eða 8,6 prósent af veltu samanborið við 130 milljónir króna í fyrra og 3,1 prósent af veltu.

- eþa



**ÞÓRÐUR SVERRISSON** Forstjóri Nýherja.

# Slagurinn kostaði 2,2 milljarða

## Barr kaupir 21 prósents eignarhlut Actavis í PLIVA. Gróðinn fer upp í kostnað.

Actavis Group hefur selt allt hlutafé sitt í króatíska lyfjafyrirtækinu PLIVA til Barr Pharmaceuticals. Útboðsferlinu þar sem Barr og Actavis slógust um tíma um PLIVA lauk formlega í gær og hefur Barr eignast 92 prósent hlutafjár í PLIVA. Barr/PLIVA er þar með orðið þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims.

Eignarhlutur Actavis og kauprréttarsamningur nam 20,8 prósentum af heildarhlutafé PLIVA og var seldur á 820 kúnur á hlut, í samræmi við yfirtökutilboð Barr. Söluandvirði bréfanna nemur því rétt um 37 milljörðum króna, en hagnaður Actavis af sölunni mætir að hluta kostnað sem félagið hefur borið af yfirtökuferlinu.

Gjaldfærður kostnaður Actavis af yfirtökuferlinu nemur 25 milljónum evra, eða tæpum 2,2 milljörðum íslenskra króna og verður hann reikningsfærður á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Hefur þá verið tekið að fullu tillit til hagnaðar af sölu bréfanna. Gjaldfærslan er ekki sögð hafa áhrif á fjárhagsleg markmið félagsins á árinu.



**RÓBERT WESSMAN FORSTJÓRI ACTAVIS** Actavis telur kostnað upp á 2,2 milljarða króna ásættanlegan fórnarkostnað miðað við umfang verkefnisins sem ráðist var í þegar reynd var yfirtaka á PLIVA.

Yfirtökuferlið er sagt það flóknasta sem Actavis hefur ráðist í og fól meðal annars í sér ítarlega áreiðanleikakönnun, kostnað vegna bankatryggingar og umsóknarferli til samkeppnisyfirvalda í 14 löndum.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, segir ákvörðunina um að selja hlutinn í PLIVA vera í samræmi við fjárfestingastefnu Actavis. „Við töldum ekki réttlætanlegt að greiða hærra verð fyrir félagið en við höfðum áður boðið og teljum það ekki lengur þjóna hagsmunum félagsins að halda hlut okkar í félaginu," segir hann og kveður áfram leitað fjárfestingatækifæra með það markmið að skipa Actavis í hóp stærstu samheitalyfjafyrirtækja.

- óká







# Verðlækkun

## á LCD sjónvörpum

*Síðustu tækin*



Hönnun - imago

SAMSUNG

**Samsung** er leiðandi í þróun og framleiðslu á LCD sjónvörpum. **Samsung** leggur höfuðáherslu á að ná skörpum myndum og í sem réttustum litum. **Samsung** sjónvörp eru með mjög bjarta og skýra liti. Þessi sjónvörp sýna 3,2 milljarða lita. Þetta er til að fólk njóti þess að horfa á myndir í **Samsung** sjónvarpinu og sjái sem mest af því sem myndin hefur upp á að bjóða.

Háskerpusjónvarp (HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
3,2 milljarðar lita
Svartími 8 m.s.
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround
XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni

**32" LCD**
LE32M51BX
VERÐ ÁÐUR KR. 219.990
*Tilboð* **159.900**
VERÐLÆKKUN KR. 60.000

**40" LCD**
LE40M51BX
VERÐ ÁÐUR KR. 329.900
*Tilboð* **259.900**
VERÐLÆKKUN KR. 70.000

SAMSUNG
**fyrir augað!**

**Umboðsmenn:**
**Reykjanes:** Ormsson Keflavík. **Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum. **Vesturland:** Model Akranesi. **Vestfirðir:** Þristur Ísafirði. **Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn. **Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

ORMSSON
ormsson.is

SMÁRALIND
Sími 530 2900
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530 2800
KEFLAVÍK
Sími 421 1535

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000


Europris
HVERGI BETRA VERÐ!
OPNUNAR
Fimmta verslun Europris verður opnuð
999 pr. kassi
PRINCE POLO - KASSI
• 35 x 38 gr
249
M&M - 250 GR
• Súkkulaði
249
M&M - 250 GR
• Hnetur
159
RÚÐUVÖKVI
• 4 ltr
79
SALERNISPAPPÍR
• 8 rúllur í pk.
3 kg
89 pr. stk
UPPÞVOTTALÖGUR - TRIX
• Lemon / Mint - 0,5 ltr
21''
299 pr. stk
ÞVOTTAEFNI - SPIRO
• Automat / Colour - 3 kg
3990 pr. stk
KULDAGALLI
• Blár og svartur / rauður og svartur
• St. fyrir 12 - 14 ára
• St. S - XXL
12.900
21'' SJÓNVARP M/DVD SPILARA
• 21" sjónvarp með DVD spilara
• Textavarp
• Nicam stereo
• Scart-/AV-tengi
• Svart, hvítt, silfrað eða rósrautt
199
GLERÚÐI - TRIX
• 500 ml
99 pr. stk
ÞVOTTAEFNI - MICRO
• 850 gr
14.900
LOFTPRESSA
• 210 ltr. / min, 50 ltr. tankur 1,5 kW
• 2,0 hp, max 8 bar
39.900
MÓTORHJÓLALYFTA
• Lyftir hjólum upp í rétta vinnuhæð
9990
ÁLREIÐHJÓL 26'' - 18 GÍRA
• Herrareiðhjól
• Shimano gírar
Ath! tilboðin gilda í öllum verslunum Europris


Heppnir viðskiptavinir
eiga möguleika á að vinna fjallahjól, hágæða gasgrill eða trampólín.
Heildarverðmæti vinninga 150.000-
HÁTÍÐ!
FJÖLDI TILBOÐA!
í dag laugardag, Dalvegi 10 - 14, Kópavogi
Stærsta verslun Europris á Íslandi!
5990
PIZZAOFN
• OBH Nordica Pizza Pronto
• 1200 W, 3 stillingar, 350°
• Steinplata
• 2 gerðir af pizzaspöðum fylgja
390
PIZZA GRANDIOSA
• Pepperoni
• 585 gr.
290
PIZZA GRANDIOSA
• 585 gr.
KRAKKARNIR FÁ GLAÐNING FRÁ MS ÍS
emmessís
89 pr. stk
SAFI
• 1,5 ltr. appelsínu- / eplasafi
159 pr. stk
HREINSIEFNI - TRIX
• Universal / spring - 0,5 ltr
149
CORNFLAKES
• 250 gr.
2990
OLÍUFYLLTUR RAFMAGNSOFN
Heatech
• Hitastillir
• 1500 W
11.990
GAS VERANDAVERMIR
2990
VERKFÆRATASKA
• Borvél 12V
• Skrúfusett
6990
NILFISK ALTO HÁÞRÝSTIDÆLA
• 100 bör
4990
FLÍSASÖG
• 450 W - max 35 mm
• Demantsblað
9999
BOSCH BORVÉL 12V GSR
• 2 rafhlöður fylgja
9990
GEREKTSÖG
• 210 mm blað
• M/laser
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skipulag stjórnarráðsins

# Gott frumkvæði en of íhaldssamt

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Formaður Samfylkingarinnar hefur ásamt öðrum þingmönnum flokksins lagt fram frumvarp til laga um endurskipulagningu stjórnarráðsins og fækkun ráðuneyta. Hugmyndum um slíkar breytingar hefur skotið upp öðru hvoru um langa hríð án þess að nokkuð gerðist.

Mála sannast er að löngu er tímabært að stokka stjórnarráðið upp. Gildandi löggjöf var mikil bragarbót á sinni tíð. Með henni var tryggð ákveðin festa í stjórnsýslunni. Ráðuneytaskipanin er hins vegar löngu úrelt.

Ekkert launungarmál er að núverandi skipan ráðuneyta tók meðal annars mið af því að hentugt væri að skipta stjórnarráðinu pólitískt við stjórnarmyndanir. Í sjálfu sér var ekkert óeðlilegt við það. En tímarnir eru breyttir. Ráðuneyti sem áður voru pólitískt mikilvæg eru það í minna mæli í dag.

Sú var tíð að mestu máli skipti að hafa völd í atvinnuvegaráðuneytunum. Við stjórnarmyndanir var því eðlilegt að dreifa þeim áhrifum. Langt er hins vegar síðan tilefni var til að sameina þau á nýjan leik. Nú er menntamálaráðuneytið óefað pólitískt mikilvægasta ráðuneytið. Einhverjum þykir að vísu fínna að sitja í utanríkisráðuneytinu en fyrrum var það pólitískt óáhugavert. Þannig breytast tímarnir.

Við stjórnarmyndanir er jafnan snúið að koma samhliða fram lagabreytingum um endurskipulagningu ráðuneyta. Eftir að ráðherrar eru sestir í stólana er þrautin þyngri að rífa skipulagið upp. Þetta er reynsla margra sem hafa haft góð áform um að taka á málinu. Í því ljósi ber að fagna nýju frumkvæði að umræðu um þessi efni.

Hitt er annað að þessar nýju tillögur eru ekki nógu róttækar. Full ástæða er til þess að ganga mun lengra en þar er gert ráð fyrir. Nauðsynlegt er að fækka ráðuneytum. En á hinn bóginn er ástæðulaust að festa fjölda þeirra og verkefni í lögum. Það er of ósveigjanleg skipan.

Réttara væri við ríkjandi aðstæður að takmarka fjölda ráðherra til að mynda við níu eða tíu en gefa forsætisráðherra innan þeirra marka kost á að ákveða skipulag stjórnarráðsins með reglugerð. Þannig yrði hægara um vik að laga það að nýjum aðstæðum og viðfangsefnum. Við verðum að reikna með að breytingar næstu fjörutíu ára verði mun hraðari en síðustu fjörutíu ára.

Í greinargerð með frumvarpi Samfylkingarinnar er lítillega vikið að nauðsyn breytinga á innra skipulagi ráðuneyta og stofnana. Á því sviði þarf einnig verulega uppstokkun.

Sennilega er heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið skipulagslega veikast. Á því sviði væri ekki úr vegi að styrkja stefnumótunarhlutverk ráðuneytisins. Þar á móti mætti flytja framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar í sérstaka stofnun er hefði með kaup á allri opinberri heilbrigðisþjónustu að gera. Jafnframt þyrfti að skerpa og einfalda eftirlit með heilbrigðiskerfinu, bæði opinbera hlutanum og einkarekna hlutanum.

Þá mætti færa Hafrannsóknastofnun undir Háskóla Íslands. Hún er alþjóðlega virt vísindastofnun á sínu sviði. Það gæti verið þáttur í viðreisn háskólans að fá slíka stofnun aftur undir sinn hatt. Sama á við um orkurannsóknir. Alltént er það skynsamlegra en að færa þær undir umhverfisráðuneytið.

Frumvarp Samfylkingarinnar er gott og þarft málefnalegt framlag til þeirrar umræðu þó að það sé of íhaldssamt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Afhending Dælulykla**



**Starfslýsing**

- Atlantsolía leitar að traustum og góðum aðila til að afhenda Dælulykla fyrirtækisins í Kringlunni eða Smáralind.
- Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.
- Frábært starf fyrir þá sem kunna mannleg samskipti.
- Vinnutími sveigjanlegur á milli klukkan 12 til 18.30.
- Gæti hentað vel með annarri vinnu, skóla eða heimili.

**Góð laun í boði.**

**Æskilegir eiginleikar:**

Við leitum að kröftugum, stundvísum og nákvæmum aðila sem er reiðubúinn að taka þátt í uppbyggingu á nýju og ört vaxandi fyrirtæki.

**Umsóknir sendist á Huga Hreiðarsson, hugi@atlantsolia.is.**
**Nánari upplýsingar í síma 591-3132 eða 825-3132.**

ATLANTSOLIA

PIPAR · SÍA · 60540

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Prófkjörsstuð**

Prófkjörsbarátta Sjálfstæðismanna er nú í algleymingi enda bara vika í að úrslitin ráðist. Frambjóðendur reyna því að vekja á sér athygli með öllum ráðum. Eitt ráðið er að bjóða upp á skemmtilegar uppákomur á kosningaskrifstofum. Stuðningsmenn Sigríðar Andersen efndu til að mynda til sumarlokahátíðar síðdegis í gær og héldu Jazzmenn Kjartans uppi fjörinu. Björn Thoroddsen lék nokkur lög á opnun kosningaskrifstofu Ágústs Ólafs Ágústssonar. Tríó Tómasar R. Einarssonar leikur á skrifstofu Steinunnar Valdísar í dag og svona mætti lengi telja.



**Bubbi Samfylkingarkóngur**

Líkast til þekkja fáir þá grúppu enda frambjóðendur misvel tengdir inn í listaheiminn og hafa ekki allir sömu sambönd og Stuðmaðurinn Jakob Frímann Magnússon sem opnar kosningaskrifstofu í dag í Hafnarfirði. Hann fær kónginn sjálfan, Bubba Morthens, til að flytja nokkur lög af því tilefni. Hann mun síðan fylgja Jakobi í fundaherferð um kjördæmið. Engu skal spáð um gengi Stuðmannsins í prófkjörinu hér en það er að minnsta kosti ljóst að hann kann að skipuleggja uppákomur af þessu tagi.



**Betra skipulag?**

Jakob býður fram í Kraganum en prófkjör þar fer fram 4. nóvember. Sá háttur er á í prófkjörum Samfylkingarinnar að kjörstaðir loka kl. 22 um kvöldið. Fréttir af úrslitum þeirra bíða því fjölmiðla næsta dags. Sjálfstæðisflokkurinn er mun fjölmiðlavænni í sínum prófkjörum. Kosningu lýkur klukkan 18 og birtast fyrstu tölur strax, lesnar upp í beinni útsendingu útvarpsfrétta. Nýjar tölur koma svo á hálftíma fresti og ná því inn í kvöldfréttatíma sjónvarps sömuleiðis.

sigridur@frettabladid.is

# Klisjur stuðla að meðvitundarleysi



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Orðræðan

Um daginn barst mér í hendur, einu sinni sem endranær, dagblað sem nefnir sig hinu frumlega nafni Blaðið. Framan á Blaðinu var mikil lofgjörð um frambjóðanda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Kom á daginn að frambjóðandinn hafði einfaldlega keypt forsíðuna enda lifum við á tímum frjálsrar fjölmiðlunar.

(Nú væri e.t.v. tilefni til að fara nokkrum orðum um það hvernig skoðanir ganga kaupum og sölum á Íslandi þessa dagana. Hvernig hagsmunaaðilar sem hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta, s.s. Viðskiptaráð eða greiningardeildir bankanna, eru reglulega fengnir til að tjá sig um þróun þjóðmála líkt og að hér séu marktækir aðilar á ferð en ekki fólk sem er borgað til að hafa tilteknar skoðanir. Í leiðinni gæti ég hæðst að þeirri klisju þegar ráðist er á fólk sem hefur skoðanir án þess að vera á launum fyrir að vera „sjálfskipaðir talsmenn“ einhverra gilda. En þá væri ég kominn yfir í annan pistil.)

Á forsíðunni sem er til sölu var stuðningsyfirlýsing frá vini frambjóðandans sem er borgarfulltrúi í Reykjavík. Í máli hans kom fram að þessi tiltekni þingmaður væri ekki einn þeirra sem teldi að allt mætti laga með lögum og reglum. Sú staðhæfing er eflaust rétt því að þegar nánar er gáð finnst ekki nokkur maður á þingi sem hefur haldið því fram að lög og reglur muni bæta allt. Ummæla borgarfulltrúans eru marklaus klisja, en því miður mótar klisjur af þessu tagi alla umræðu á Íslandi.

Því miður, segi ég, vegna þess að ekkert jákvætt getur komið út úr svona ruglanda í málflutningi. Þvert á móti stuðlar hann að því að öll umræða verður þokukenndari og snýst um eitthvað annað en hún á að gera. Stjórnmálamenn sem beita klisjum gera það fyrst og fremst vegna þess að þeir treysta sér ekki til að gagnrýna raunverulegan málstað pólitískra andstæðinga eða verja eigin skoðanir. Þess í stað eru reist ímynduð vígi orðræðunnar þar sem stjórnmálamaður getur ótruflaður skotið billegum skotum á strámenn.

*Stjórnmálamenn sem beita klisjum gera það fyrst og fremst vegna þess að þeir treysta sér ekki til að gagnrýna raunverulegan málstað pólitískra andstæðinga eða verja eigin skoðanir.*

Eitt af hugtökunum sem nýlega hefur verið hannað til slíkrar misbrúkunar er „nýting“. Hver maðurinn á fætur öðrum ber sér á brjóst og lýsir sig hlynntan nýtingu auðlinda. En til hvers að lýsa yfir skoðunum sem marka manni enga sérstöðu? Því við nánari athugun finnst enginn sem ekki vill nýta auðlindir. Á hinn bóginn eru mörg álitamál varðandi nýtingu auðlinda og flest þeirra afar mikilvæg fyrir okkur sjálf og umhverfi okkar. Það eru þessi álitamál sem verið er að forðast þegar menn taka þá lítt óvæntu og umdeildu afstöðu að segjast hlynntir „nýtingu“. Slík yfirlýsing merkir raunar ekki neitt nema að við eigum að gera ráð fyrir því að umræða um þessi mál sé orðin svo orwellsk að hugtakið „nýting“ sé notað sem dulmál yfir rányrkju.

Eitt mál að lokum: Tilraunir Norður-Kóreu með kjarnorkuvopn hafa vakið upp þráláta umræðu um útbreiðslu kjarnorkuvopna og þann vanda sem steðjar að heimsbyggðinni vegna slíkra vopna. Á hinn bóginn veður sú hættulega klisja uppi að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og þau ríki sem þar eiga sæti séu að beita sér fyrir „afvopnun“. Ekkert gæti verið fjær sanni. Það eru þessi fimm ríki sem eiga 99 prósent slíkra vopna og hafa hunsað skýr tilmæli í 6. grein sáttmálans um útbreiðslu kjarnorkuvopna (NPT) þar sem kveðið er á um að þau skuli afvopnast „hið fyrsta“ (síðan eru liðin tæp 40 ár). Útbreiðslu kjarnorkuvopna til annarra ríkja, s.s. Ísraels, Indlands og Pakistan, má að öllu leyti rekja til þessara fimm kjarnorkuvelda.

Það er til marks um þokukennda og villandi umræðu þegar fjölmiðlar sýna Condoleezzu Rice tala fjálglega um hættuna á vígbúnaðarkapphlaupi án þess að geta þess jafnframt að Bandaríkjastjórn átti frumkvæði að því að hefja slíkt kapphlaup á ný – áratug eftir lok kalda stríðsins. Allt frá því að George W. Bush komst til valda, og raunar nokkru áður, hefur Bandaríkjastjórn varið ógrynni fjár í þróun nýrra kjarnorkuvopna þvert á alla sáttmála og þar með gert áratuga starf að afvopnun að engu – þ.á.m. „lítilla sprengja“ sem var ítrekað hótað að nota í stríðinu gegn Írak. Umræða um kjarnorkuafvopnun er marklaus nema hún beinist einnig að þeim aðilum sem eiga kjarnorkuvopn, hafa beitt þeim og halda áfram að þróa slík vopn.

Þokukennd umræða gagnast engum sem hefur góðan málstað að verja – aðeins þeim sem hafa eitthvað annað í hyggju.

# Ekkert til að biðjast afsökunar á

**UMRÆÐAN**

Ögmundi Jónassyni svarað



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Ögmundur Jónasson er vaxandi stjórnmálamaður, stefnufastur, ötull og fylginn sér. En stundum vottar fyrir því, að hann sé helst til trúgjarn. T.d. hefur hann látið Þór Whitehead telja sér trú um það, að við Steingrímur Hermannsson, fv. forsætisráðherra, hefðum stundað njósnir um samráðherra okkar í ríkisstjórn Steingríms 1988-91. Það gerðum við Steingrímur að sönnu ekki og þurfum því ekki að biðjast afsökunar á því.

Málið snýst um allt annað. Við fall Austur-Þýskalands hófst kapphlaup um að komast í skjalasafn STASI, ríkisleynilögreglu alþýðulýðveldisins. Þetta var víst mesta leyniþjónusta í heimi, að tiltölu við fólksfjölda. Talsverður hópur Íslendinga hafði stundað nám í lögregluríkinu og angar STASI teygðu sig víða. Vitað var að STASI hafði gengið hart að erlendum námsmönnum um að ganga í þeirra þjónustu.

Við sameiningu Þýskalands tóku vesturþýsk stjórnvöld yfir ábyrgð á þrotabúi alþýðulýðveldisins, þ.m.t. á skjalasafni leynilögreglunnar. Það eina sem ég gerði, að höfðu samráði við forsætisráðherra, var að biðja íslenskan embættismann í fastanefndinni hjá NATO að fylgjast með því, hvort skjalasafnið geymdi einhverjar upplýsingar, sem Ísland varðaði. Forsætisráðherra kom það nefnilega við – og lái honum hver sem vill.

Við Steingrímur gátum því miður ekki beðið íslensku leyniþjónustuna um þetta viðvik, þar sem láðst hafði að upplýsa okkur um tilvist hennar. Hins vegar tóku ýmsir það upp hjá sjálfum sér að fara á vettvang og snuðra í safni STASI, þeirra á meðal Þór Whitehead. Og Ögmundur má trúa því, að Þór var ekki á vegum okkar Steingríms.

*Höfundur var utanríkisráðherra Íslands 1988-95.*

NÝJA HVERFIÐ Á ARNARNESHÆÐ

# Arnarneshæð



*– Hér er gott að búa!*

Nýja hverfið í suðurhlíðum Arnarneshæðar er eitt mest spennandi íbúðahverfi sem komið hefur á markað á höfuðborgarsvæðinu í mörg ár. Um er að ræða skemmtilegt samspil lágreistra fjölbýla og sérbýla með grænum svæðum inni á milli og fögru útsýni til sjávar og fjalla. Stutt er í alla þjónustu, náttúruna og helstu samgönguæðar. Þetta er hverfi þar sem allir geta notið lífsins.

**Nú þegar er val um margar tilbúnar íbúðir í fullfrágengnum 6 - 36 íbúða húsum. Fjölbreyttar íbúðarstærðir frá 80 - 150 fm. að stærð.**

## *Fullbúnar íbúðir til sýnis í dag!*

**Verið velkomin að skoða hjá okkur fullbúnar íbúðir í dag frá kl 13:00 -17:00 að Hofakri 1 og Hallakri 4b.**

### *Af hverju Arnarneshæð?*

- Einstök staðsetning
- Sólarmegin
- Fagurt útsýni
- Skjólsælt
- Græn svæði
- Öll þjónusta í göngufæri
- Vænleg fjárfesting



Sérstakar þakkir fá Harðviðarval og Egg

HÚSAKAUP.is
– Farsæl miðlun fasteigna

hanza hópurinn

KRAFTAVERK



MAÐUR VIKUNNAR

# Norrænn í útliti, suðrænn í skapgerð

ÞORSTEINN STEPHENSEN
TÓNLEIKAHALDARI

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves stendur nú sem hæst í miðborg Reykjavíkur. Á fimmta þúsund tónlistaráhugamenn og fjölmiðlamenn flykkjast á skemmtistaði til að fylgjast með um 180 hljómsveitum, tónlistarmönnum og plötusnúðum. Þar af eru um fjörutíu erlendar hljómsveitir. Iceland Airwaves er nú haldin í áttunda sinn og verður stærri og viðameiri með hverju árinu. Sá maður sem helst er þökkuð þessi velgengni heitir Þorsteinn Stephensen. Hann hefur öðrum fremur staðið á bak við uppgang fyrirtækisins Hr. Örlygs sem sér um framkvæmd hátíðarinnar og ýmsa fleiri viðburði.

Þorsteinn Stephensen er fæddur 21. maí 1967 í Reykjavík. Foreldrar hans eru Ragnheiður Heiðreksdóttir íslenskukennari og Kristján Þ. Stephensen tónlistarmaður. Þorsteinn er eina barn þeirra og bjó framan af ævinni á Þórsgötu í miðborg Reykjavíkur. Hann gekk í Ísaksskóla og síðar í Æfingadeild Kennaraháskólans. Eftir það lá leiðin í Menntaskólann við Hamrahlíð og um það leyti fluttist fjölskyldan í Beykihlíð þar sem foreldrarnir búa enn.

Þorsteini verður ekki lýst sem afburðanámsmanni á menntaskólaárunum enda var hann þá þegar orðinn afar virkur í félagslífinu og skipulagningu ýmissa viðburða. „Stúdentsprófið? Við skulum orða það svo að honum gekk vel í því sem hann hafði áhuga á,“ sagði einn viðmælenda Fréttablaðsins. Að stúdentsprófinu loknu innritaði Þorsteinn sig í heimspekinám við HÍ og lauk þaðan BA-prófi.

Frá unga aldri varð fólki í kringum Þorstein ljóst að hann vildi fara sínar eigin leiðir í lífinu. Hann var ekki nema sautján eða átján ára þegar hann tilkynnti foreldrum sínum að hann væri á leiðinni til útlanda í heilt ár sem skiptinemi. Áfangastaðurinn kom nokkuð á óvart, Þorsteinn ætlaði að skella sér til Azoreyja. Þetta átti eftir að verða byrjunin á áhuga hans á að ferðast til og dveljast á suðrænum og framandi stöðum. Ákvarðanir sem þessar komu hans nánustu á óvart í fyrstu en hafa síðan orðið partur af munstrinu. Þannig ákvað hann daginn eftir útskrift úr menntaskóla að fara í málaskóla á Ítalíu, hann var heilt ár í Brasilíu og starfaði svo sem fararstjóri á Spáni, Kanaríeyjum og Mexíkó. Þorsteinn vann sem fararstjóri hjá Ingólfi Guðbrandssyni og síðar Andra Má Ingólfssyni þegar hann stofnaði Heimsferðir.



Það var einmitt í Mexíkó sem Þorsteinn kynntist ástinni í lífi sínu, Brynju X. Vífilsdóttur. Brynja er fædd í Mexíkó og ákvað eftir stúdentspróf að kynnast landinu af eigin raun. Andri Már réði hana sem fararstjóra í Cancun og hún varð eins konar lærlingur Þorsteins. Þau felldu hugi saman og hafa verið saman alla tíð síðan, í um það bil tíu ár. Fyrir tíu mánuðum eignuðust þau svo fyrsta barn sitt, dótturina Mýrúnu.

Eftir að fararstjóraævintýrinu lauk sneri Þorsteinn sér að ýmiskonar kynningarstarfsemi hér á landi. Hann vann við að kynna kvikmyndir og leikhús og við blaðaútgáfu svo eitthvað sé nefnt. Þorsteinn fór smám saman að fikra sig yfir í tónleikahald og árið 1999 var fyrirtækið Hr. Örlygur stofnað í kringum tónleika með GusGus, Sigur Rós og Grindverk í Flugskýli 4. Þessir tónleikar marka upphafið að Airwaves-ævintýrinu. Í byrjun voru þeir Baldur Stefánsson og Snorri Sturluson með Þorsteini í rekstri fyrirtækisins en þeir heltust fljótt úr lestinni. Um tíma vann Kári Sturluson með Þorsteini en hann dró sig út og í dag bera þrír ungir menn hitann og þungann af rekstrinum með höfuðpaurnum, þeir Eldar Ástþórsson, Árni Einar Birgisson og Egill Tómasson. Eftir því sem vegur og umfang Airwaves hefur aukist hefur Þorsteinn smám saman falið samstarfsmönnunum meiri ábyrgð. Þannig er Eldar í ár í fyrsta sinn titlaður framkvæmdastjóri hátíðarinnar. Vinir hans telja Þorstein þó ekki vera að draga sig út úr rekstri Hr. Örlygs. „Þetta er orðinn það stór hluti af lífi hans og ég held að líf hans yrði tómlegt án Airwaves og þess alls. Hann vill vera í brúnni og ég sé hann ekki fyrir mér í 9-5 vinnu fyrir aðra,“ sagði einn vina hans.

Rúm þrjú ár eru síðan Þorsteinn og Brynja fluttust búferlum og settust að í Madríd. Ástæða flutninganna var fyrrnefnd útþrá og leit að nýjum ævintýrum sem þau deila. Einn vinanna segir að suðræni lífsstíllinn kallist afskaplega vel á við skapgerð Þorsteins, þótt deila megi um hvort þessi rauðhærði og freknótti Íslendingur eigi auðvelt með að hverfa í fjöldann þar úti. „Hann er hrifinn af fáguninni, bæði í stíl, mannasiðum, matargerð og fleiru.“ Annar vina hans segir að með því að búa á Spáni nái hann bæði að sinna vinnu sinni og að njóta lífsins lystisemda: „Steini er í eðli sínu rólyndismaður. Hann tekur sínar vinnutarnir en þess á milli finnst honum mjög gott að sitja í sólinni, lesa og pæla í hlutunum. Hann vill lifa lífinu algerlega inni á milli tarna.“ Fólk í kringum Þorstein minnist margt á að hann hafi þörf fyrir að pæla í sem flestu og ræða málin. Heimspekinámið á eflaust þar hlut að máli en ekki síður uppeldið, eða eins og einn ættingi sagði: „Hann var alinn upp við það að fólk ræði málin. Það var vitræn umræða á heimilinu.“

Fleira á hug Þorsteins á Spáni en ljúfa lífið. Þar hefur unnustan Brynja farið út í rekstur á Karen Millen-verslunum. Þorsteinn á sjálfur hlut í fasteignafélagi á Íslandi.

Vinir og vinnufélagar Þorsteins bera honum afskaplega vel söguna. Þorsteinn er sagður traustur vinur og góður ráðgjafi, bæði í persónulegu og faglegu samhengi. „Hann er hugmyndaríkur og frjór. Maður getur leitað til hans með alls konar mál.“ Þá er Þorsteinn sagður lúmskur húmoristi, en það taki fólk nokkurn tíma að átta sig á þeirri hlið hans. Hann er sagður búa yfir miklum persónutöfrum sem hafi gagnast afar vel í vinnu.

Vinnufélagar Þorsteins segja hann geta verið nokkuð óútreiknanlegan, sem geti bæði verið kostur en líka hvimleiður galli. Þannig eigi hann það til að boða fundi á ótrúlegustu tímum, jafnvel með SMS-sendingum um miðja nótt. Á móti komi að hann sé yfirvegaður í því sem hann tekur sér fyrir hendur. „Hann tekur hlutina föstum tökum, en ekkert alltof alvarlega,“ sagði einn samstarfsmaður.

Flestir virðast sammála um að Þorsteinn hefði getað plumað sig á hverjum þeim vettvangi sem hann hefði kosið. Þótt hann hafi kosið að starfa við tónleikahald sé ekki loku fyrir það skotið að hann reyni fyrir sér á öðrum vígstöðvum í framtíðinni. Í það minnsta er því haldið fram að þau sambönd og tengsl sem hann hefur myndað í skemmtanabransanum, og ekki síður í viðskiptalífinu, geti komið honum vel kjósi hann svo. Hvað sem því líður eru allir sammála um að hann hefur gert kraftaverk í íslensku menningarlífi með Airwaves-tónlistarhátíðinni og ekki virðist sjá fyrir endann á því ævintýri.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1. VERÐLAUN í Þýskalandi W2241WPS

Hreinn sparnaður

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

**Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

**Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

**Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

MIELE ÞVOTTAVÉL - fjárfesting sem borgar sig

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg. | kr. 160.000 | kr. 114.800 |
| Þurrkari T223 útblástur/5 kg. | kr. 112.200 | kr. 78.540 |
| Þurrkari T233C rakaþéttir/5 kg. | kr. 131.000 | kr. 91.700 |

Íslenskt stjórnborð

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

# nettó býður enn betur

## hagstæðustu heildarinnkaupin



















Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta







## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 21. október til 22. október eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto




Vnr.68586340

**Veggskápur**

LUX veggskápur 180x60x42 cm, 4 hillur.

**16.900kr.**

~~26.432~~ kr.

Vnr.68586336

**Veggskápur**

LUX veggskápur 60x120x20 cm, 3 skápar með læsingu, veggpanill og veggfestingar. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.

**8.990kr.**

~~15.860~~ kr.

Vnr.68586331

**Vinnuborð**

LUX vinnuborð 120x60x85 cm, tveir skápar og tvær skúffur.

**17.900kr.**

~~27.889~~ kr.

Vnr.68586333

**Vinnuborð**

LUX vinnuborð 120x60x85 cm, með 8 skúffum. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.

**24.900kr.**

~~44.873~~ kr.

# BÍLSKÚR




**3.490**

~~5.253~~

*Vnr.89180325-3325*

***Gólfmálning***

*SADOLIN gólfmálning, 2,5 ltr.*

Frábær gólfmálning fyrir bílskúrsgólf.



**3.490**

~~7.540~~

*Vnr.68870121*

**Verkfærasett**

LUX verkfærasett 90 stk.



**3.990**

~~6.580~~

Vnr.38910070

**Járnhilla**

Járnhilla 5 hillur, með spónaplötum.



**5.990**

*Vnr.54835153*

**Veggtromla**

Veggtromla, blá, 15 m rafmagnskapal 1,5Q.



Vnr.41312250

**Þvottakústur**

Þvottakústur, nylon.

**1.990 kr.** ~~2.737~~ kr.

Vnr.41312253

**Þvottaskaft**

Skaft fyrir þvottakúst, 1,5 m.

**1.990 kr.** ~~3.276~~ kr.

www.byko.is
verslaðu á netinu



Vnr.68586338
**Veggskápur**
LUX veggskápur 60x160x20 cm, 2 skápar og 2 einingar með veggpanil. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.
**10.900 kr.**
~~18.869~~ kr.

Vnr.68586337
**Veggskápur**
LUX veggskápur 60x120x20 cm, 2 skápar með læsingum.
**6.990 kr.**
~~11.851~~ kr.

Vnr.68586332
**Vinnuborð**
LUX vinnuborð 120x60x85 cm, með 5 skúffum og læsanlegum skáp.
**24.900 kr.**
~~44.027~~ kr.

Vnr.68586335
**Skápur**
LUX skápur með hjólum, 4 skúffur. Passar undir vinnuborð. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.
**12.900 kr.**
~~22.312~~ kr.

Vnr.68586330
**Vinnuborð**
LUX vinnuborð 170x60x85 cm, með 5 skúffum og skáp með læsingu. Hólf fyrir vagn undir borði. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.
**24.900 kr.**
~~44.873~~ kr.

Vnr.68586334
**Vinnuhnallur**
LUX vinnuhnallur 60x60x85 cm, skápur með læsingu. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.
**9.990 kr.**
~~17.602~~ kr.

# SVEISLA



**1.990**
~~3,480~~

Vnr.49974497
**Þrýstikútur**
ACE þrýstikútur, 2 ltr.



BOSCH
Vnr.74810100
**Háþrýstidæla**
BOSCH AQUAT 100 háþrýstidæla, 100 bör, 1400W, 330 ltr./klst. Þyngd 6 kg.

**8.990**
~~12.390~~



**2.390**
~~3.126~~

Einhell
Vnr.74807150
**Smergel**
EINHEILL BD150 smergel, 2950sn/mín, 150W.



**19.990**
~~24.900~~

Vnr.3600326
**Bílskúrshurðaopnari**
MOTORLIFT 700 bílskúrshurðaopnari.



**1.490** kr./m²
~~2.990~~

Vnr.18073700/50
**Bílskúrsflísar**
BARDIGLIO eða BEOLA gagnheilar frostþolnar gólf- og veggflísar 30x30 cm. Tilvaldar á bílskúrinn eða svalirnar.

BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# Ísland fyrir einfeldninga!

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá skemmtilegum smárétti sem Reykjavíkurborg býður upp á í einkavæðingarveislunni. Einnig er minnst á Noel Coward, leyniþjónustu í Liechtenstein, njósnir á Bessastöðum, SUS og kvíða og tilhlökkun í sömu andránni.



Kæra Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar

**FÖSTUDAGUR, 13. OKT.**

### Smáréttur í boði Reykjavíkur

Kjölfestufjárfestar hafa varla haft tíma til að stanga úr tönnunum eftir þær dýrlegu krásir sem ríkisstjórnin hefur borið fram í einkavæðingarveislunni. En veislan heldur áfram og næsti réttur er í boði Reykjavíkur því að nú hefur borgarráð ákveðið fyrir mína hönd og annarra Reykvíkinga að einkavæða Fríkirkjuveg 11.



Fríkirkjuvegur 11 er reyndar bara smábiti miðað við þá undirstöðurétti sem þegar hefur verið boðið upp á í þessum dásamlega gleðskap innvígðra og innmúraðra, nokkurs konar „amuse bouche“, gómglaðningur handa sönnum sælkerum.

Það er auðvitað bara til marks um óskeikula réttlætisvitund æðri máttarvalda að Björgólfur ungi fái að eignast höll Jensen-ættarinnar.

Sem minnir mig á hjartnæma en sætsúra vísu eftir eðal-Bretann Noel Coward. Hún er svona:

*The stately homes of England*
*How beautiful they stand*
*To prove the upper classes*
*Have still the upper hand.*

Sem þýðir lauslega snarað:
*Englands glæstu hallir*
*glitra sérhvern dag*
*og sanna að betra fólkið*
*býr enn við betri hag.*

**MÁNUDAGUR, 16. OKT.**

### Leyniþjónustan í Liechtenstein

Ég málaði eins og brjálaður maður alla helgina. Það er ekkert spaug að vera undirlagður af svona ástríðu þegar maður er kominn á virðulegan aldur.

Sú umræða sem nú stendur yfir um persónunjósnir og framsal upplýsinga til erlends stórveldis leiðir vonandi til þess að fortíðin verði skoðuð og gamlir draugar kveðnir niður, sömuleiðis til þess að þeir sem verst eru haldnir verði læknaðir af þráhyggju sinni um íslenska leyniþjónustu. Það væri til lítils að kveða niður gamla drauga ef nýir draugar og enn þá ófyrirleitnari væru vaktir upp á sama tíma.





Mér vitanlega fer engum sögum af því að Liechtenstein, Andorra, Malta, Vatíkanið og önnur ríki sem eru svipuð okkur á stærð haldi úti leyniþjónustum til að mega senda opinbera fulltrúa á fundi hjá leyniþjónustum stórveldanna.

Reyndar má halda því fram með góðum rökum að Íslendingar séu flinkari leyniþjónustumenn en aðrar þjóðir, því að í öllum þeim njósnasögum sem ég hef lesið sönnum og lognum er þess hvergi getið að annars staðar en á Íslandi hafi leyniþjónustumönnum tekist að starfrækja aðalstöðvar sínar í húsakynnum utanríkisráðuneytis og lögreglu án þess að nokkur maður tæki eftir því. Hvílík snilld!

Ef ég væri forseti Íslands myndi ég kveikja á kerti og kíkja upp á háaloftið á Bessastöðum. Mig grunar nefnilega að sá draugagangur sem næmir menn hafa orðið varir við á forsetasetrinu sé ekki sú fræga afturganga hinnar ólukkulegu Appolóníu Schwartzkopf heldur dulbúinn líkamningur frá Leyniþjónustu dómsmálaráðuneytisins, LEYNDÓ, að snuðra á forsetasetrinu.

**ÞRIÐJUDAGUR, 17. OKT.**

### Ísland fyrir einfeldninga!

Ég sé að ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í morgun aðgerðaáætlun um „Einfaldara Ísland“ fyrir árin 2006-2009.

Það vildi ég óska að einfeldningur væri ráðinn til að þýða gluggapóst frá stórfyrirtækjum og stofnunum á venjulega íslensku. Um daginn fékk ég bréf frá tollstjóra. Fyrst í stað hélt ég að hann væri að rukka mig um eitthvað, en þá sá ég að bréfinu fylgdi ávísun frá ríkisféhirði upp á fáeinar krónur. Peningunum er ég búinn að eyða en það er sama hversu oft ég lúslés bréfið sem fylgdi með aurunum – mér er fyrirmunað að skilja fyrir hvað tollstjórinn er að borga mér.

Ég bíð spenntur eftir „Einfaldara Íslandi“. Ísland fyrir einfeldninga!

Til að draga úr verðbólgu, bæta lífskjör, efla ferðaþjónustu og auka hróður Íslands á alþjóðavettvangi hefur ríkisstjórnin ákveðið að hefja hvalveiðar.

Sennilega er þessi ákvörðun fyrsta skrefið í hernaðaráætluninni góðu: „Ísland fyrir einfeldninga.“

Ég fyrir mitt leyti er dauðfeginn. Þetta mun takmarka mjög átroðning ferðamanna, en ég er mun hrifnari af flestum öðrum atvinnugreinum en ferðamannaiðnaði.

Ef Biblían verður gefin út á nútímamáli sting ég upp á að í staðinn fyrir „engisprettufaraldur“ verði notað orðið „ferðamannafaraldur“.

Af hverju er ég á móti ferðamannaiðnaði?

Af því að ég hef komið til Feneyja, Mæjorku, Kanarí og Prag.



**MIÐVIKUDAGUR, 18. OKT.**

### Heilbrigð skynsemi í SUS

Hitamælirinn sýnir tveggja stiga hita. Veturinn er farinn að sýna klærnar. Ég verð að tína fram vetrarfötin um helgina og athuga hvort einhverjir treflar, húfur og vettlingar hafa lifað af sumarið.

Ég sé að Samband ungra sjálfstæðismanna ályktar gegn leyniþjónustugeðveikinni sem virðist leggjast þungt á suma í flokknum.

Ungu sjallarnir segja meðal annars: „SUS hafnar alfarið hugmyndum um stofnun leyniþjónustu eða þjóðaröryggisdeildar hér á landi til viðbótar þeirri greiningardeild lögreglu sem fyrir er.“

Og svo klykkja þeir út með þessu: „Verði ofangreindar hugmyndir að veruleika myndi það leiða til þess að





ákveðinn hópur manna innan stjórnsýslunnar hefði fáheyrð völd og nánast enga ábyrgð gagnvart almenningi í landinu.“

Meðan ungt fólk í landinu tjáir sig með þessum hætti er engin ástæða til að örvænta um framtíðina.

**FIMMTUDAGUR, 19. OKT.**



### Kvíðinn og ég

Þessa dagana vaki ég fram á nótt við að dytta að þessum myndum sem ég hef málað. Nágranni minn, Sævar Karl, í Bankastrætinu bauð mér að halda ofurlitla sýningu núna eftir mánaðamótin í galleríinu sínu og ég tók boðinu fagnandi. Fyrstu dagana á eftir hlakkaði ég ósköpin öll til að fá tækifæri til að sýna fólki myndirnar mínar en nú er kvíðinn sestur að mér og segir:

– Jæja, karlinn, þú ætlar að gefa þig út fyrir að vera listmálari!

– Nei, alls ekki. Dettur það ekki í hug.

– Þú hefur þá ekki tekið eftir því að myndlistarmenn halda málverkasýningar en kvikmyndagerðarmenn láta sér nægja kvikmyndasýningar.

– Hvaða vitleysa! Listgreinar eru ekki í einkaeign einhverra tiltekinna starfsstétta. Myndlistarmenn nota kvikmyndir og vídeó eins og þeim sýnist og enginn krefst þess að þeir séu menntaðir í kvikmyndagerð. Af hverju skyldi kvikmyndagerðarmaður þá ekki sýna málverk? Kvikmyndagerð er jú ein af hinum sjónrænu listum.

Ennþá hefur kvíðinn ekki fundið neitt svar við þessu. En hann situr með drýldnisvip við hliðina á mér á nóttunni meðan ég hamast við að mála yfir rispur og klessur á verkunum og hlakka til og kvíði fyrir í senn.



Það sem þó nagar mig mest er að kannski er þetta ekki kvíði heldur bara heilbrigð skynsemi að reyna að hafa samband við mig. Of seint eins og venjulega.


# Ótrúlegt verð

## á vetrardekkjum í Hagkaupum Skeifunni

Hágæða ónegld og negld vetrardekk. Mikið skorin með grófu munstri og nöglum sem henta vel í snjó og hálku.



## Dekkjastærðir

### Fólksbíladekk

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 165/70R13 | 4.999,- | 5.999,- |
| 175/70R13 | 4.999,- | 5.999,- |
| 175/70R14 | 5.999,- | 6.999,- |
| 175/65R14 | 5.999,- | 6.999,- |
| 185/65R14 | 6.299,- | 7.299,- |
| 185/65R15 | 6.999,- | 7.999,- |
| 195/65R15 | 6.999,- | 7.999,- |
| 205/65R15 | 8.999,- | 9.999,- |
| 205/55R16 | 9.999,- | 10.999,- |
| 215/55R16 | 10.999,- | 11.999,- |
| 225/45R17 | 14.999,- | 15.999,- |

### Jepplingadekk

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 215/65R16 | 12.999,- | 13.999,- |
| 215/70R16 | 12.999,- | 13.999,- |
| 225/70R16 | 12.999,- | 14.999,- |
| 235/70R16 | 13.499,- | 15.499,- |

### Sendibíladekk

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 195/70R15 | 9.499,- | 10.499,- |

13" ónegld verð frá 4.999,-

14" ónegld verð frá 5.999,-

15" ónegld verð frá 6.999,-

16" ónegld verð frá 9.999,-

17" ónegld verð frá 14.999,-

*25 fyrstu sem kaupa heilan umgang fá umfelgun í kaupbæti

**Afsláttarmiði**

Chaparral Jeppadekk www.vdo.is SUNNY Fólksbíladekk

Gegn framvísun þessa miða fæst umfelgun á fólksbíl á aðeins kr 3.999,- Hjá VDO Borgardekk

VDO Borgardekk

Borgartún 36 s:588-9747

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP** Skemmtilegast að versla

HALTU ÞÍNU STRIKI MEÐ **KB TEKJUVERND**

KB BANKI

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Virðulegi forseti. Það er búið að skerpa skutla og nú er að hefja veiðar. Til hamingju með daginn.“*

Guðjón Hjörleifsson Sjálfstæðisflokki í umræðum um hvalveiðar.

*„Ég skora á hæstvirta ríkisstjórn að ná sönsum í þessum hlerunar- og leyniþjónustumálum. Það verður ríkisstjórninni aðeins til minnkunar og bakar henni vandræði að halda áfram að þæfa þetta mál.“*

Steingrímur J. Sigfússon, VG, um hleranir.

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# Aftur og aftur og aftur

Hleranir og njósnir hafa nokkrum sinnum verið ræddar á Alþingi síðan það kom saman fyrir þremur vikum. Fyrst bar þær á góma í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra, þá þegar lög um rétt nefndar til aðgangs að opinberum gögnum um öryggismál voru samþykkt, svo í utandagskrárumræðum og loks undir liðunum athugasemdir við störf þingsins og um fundarstjórn forseta. Fyrirspurnir um efnið hafa líka verið lagðar fyrir dómsmálaráðherra og er svara að vænta. Síðasta orðið hefur því ekki verið sagt. Og fer því líkast til fjarri. Hleranir og njósnir verða að líkindum það mál sem hvað mest verður rætt í þinginu í vetur. Og sjálfsagt samfélaginu öllu. Þingið mun því endurspegla þjóðina hvað það varðar. Því var ekki að heilsa þegar vatnalög voru rædd í marga marga daga á Alþingi. Þjóðin talaði um eitthvað annað á meðan. En áhugi á hlerunum og njósnum er mikill og almennur þó það kunni að vera á mismunandi forsendum. Sumum finnst þetta spennandi en aðrir vilja komast til botns í málinu.

Svo eru hleranabrandarar í tísku núna. Líka í þinginu. Þeir snúast um öruggar símalínur og útópískar yfirlýsingar til að stríða hlerurunum.



Forsætisráðherra hefur sagt nóg að gert í bili en stjórnarandstaðan vill sannleiksnefnd eins og skipuð var í Noregi. Þar sem vilji stjórnarandstöðunnar gengur sjaldan eftir verður að telja ólíklegt að slík nefnd verði skipuð. En í staðinn ræða menn málið í þinginu. Aftur og aftur og aftur.

## RIÐIÐ UM HÉRUÐ

- Engir þingfundir verða í næstu viku enda svokölluð kjördæmavika. Þá fara þingmenn heim í hérað og hitta kjósendur.
- Þrjár vikur eru síðan þing kom saman.
- Þingfundir byrja á ný um mánaðamót og standa fram undir októberlok þegar nefndavika hefst.
- Ráðgert er að þinghlé verði gert 8. desember.
- Þing kemur saman á nýju ári 16. janúar.
- Engin kjördæmavika verður á vorþinginu.
- Stefnt er að þingslitum 15. mars.
- Kosið er til nýs Alþingis 12. maí.

## VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

# Fréttastjórar á Alþingi

Þessa vikuna sat ég nokkur námskeið í blaðamennsku. Þetta voru ekki námskeið sem ég hafði skráð mig á eða sóttist yfirleitt eftir að sitja heldur komu þau, svo að segja af himnum ofan – líkt og rigningin. En rigningin er jú góð og auðvitað getur verið gagnlegt að sitja námskeið. Gallinn var bara sá að sjónarhorn þeirra sem efndu til námskeiðanna er þröngt og einskorðast við hagsmuni þeirra sjálfra.



Margir alþingismenn eru afar áhugasamir um það sem stendur í blöðunum. Og þá aðallega það sem stendur um þá – eða það sem stendur ekki um þá. Ég er því oft spurður á göngum þinghússins hvers vegna ég hafi skrifað það sem ég skrifaði og hvers vegna ég hafi ekki skrifað það sem ég skrifaði ekki. Og í framhaldinu fæ ég fyrirlestur um hvað er frétt og hvað er ekki frétt.

Það er ætlast til að þingmenn hafi skoðanir á öllu milli himins og jarðar en þeir hafa sín takmörk eins og aðrir. Þótt þeir eigi að geta talað um heilbrigðismál er ekki þar með sagt að þeir þurfi að kunna skil á framkvæmd flókinna skurðaðgerða. Hvað þá að þeir eigi að geta skorið upp sjálfir.

Hvalir voru til umræðu í þinginu í vikunni og ekki laust við að einhverjir hafi liðið nokkrar kvalir vegna þess. Í það minnsta þótti sumum sjávarútvegsráðherra ganga fullhratt um gleðinnar dyr en hann er viss í sinni sök. Umhverfisráðherra er á hinn bóginn efins. Annars eru frjálslyndir hörðustu stuðningsmenn hvalveiðanna en vinstri græn hörðustu andstæðingar. Komist stjórnarandstöðuflokkarnir til valda í vor verður spennandi að sjá hvort hvalir verði veiddir eða ekki. Myndun ríkisstjórnar gæti steytt á steypireyði.



STJÓRNARRÁÐIÐ Samfylkingin hefur lagt fram frumvarp um sameiningu ráðuneyta sem gerir meðal annars ráð fyrir að málefni iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs og viðskipta falli undir eitt atvinnuvegaráðuneyti.

# Ráðuneyti verði sameinuð

**Samfylkingin vill stokka upp starfsemi ráðuneyta, sameina sum og leggja önnur niður. Atvinnuvega- og innanríkisráðuneyti eru á teikniborði flokksins.**

„Það er orðið löngu tímabært að endurskoða lögin um Stjórnarráð Íslands,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar og bendir á að núgildandi lög séu frá 1969; Stjórnarráðið hafi því ekki þróast í takt við tímann.

Hún segir ýmislegt við núgildandi skipulag orka tvímælis, sumir málaflokkar séu í raun heimilislausir og forneskju gæti í kerfinu. „Mér finnst til dæmis mjög sérkennilegt að vera með sérstakt landbúnaðarráðuneyti þar sem 3,5 prósent vinnuaflans vinna við landbúnað.“ Hún segir að menntastofnanir sem falla undir landbúnaðarráðuneyti ættu eðli máls samkvæmt að heyra undir menntamálaráðuneyti, ýmislegt sem snýr að hátæknigreinum sé ekki í neinu ráðuneyti, furðulegt sé að ferðaþjónustan sé í samgönguráðuneytinu, rangt sé að auðlindir heyri undir iðnaðarráðuneyti sem jafnframt annast hagnýtingu og málefni aldraðra eigi ekki að vera í heilbrigðisráðuneytinu. „Það að vera aldraður er ekki sjúkdómur. Það er eðlilegt ástand.“



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



BIRGIR ÁRMANNSSON

Samfylkingin leggur til að fjórum ráðuneytum; iðnaðar-, landbúnaðar-, sjávarútvegs- og viðskiptaráðuneytum verði steypt saman í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti og samgönguráðuneyti verði innanríkisráðuneyti og þar eigi byggða- og sveitarstjórnarmál jafnframt að vera. Þá eigi hagstofan ekki að vera ráðuneyti heldur stofnun.

Birgi Ármannssyni, Sjálfstæðisflokki, líst ágætlega á hugmyndir Samfylkingarinnar og segir sjálfstæðismenn lengi hafa talað um að tilefni væri til að skoða stöðu atvinnuvegaráðuneytanna með sama hætti og Samfylkingin leggur til. „Almennt erum við að fara í þá átt að draga úr sérreglum og sérlausnum fyrir einstaka greinar og búa heldur til sem almennastar reglur sem gildi í atvinnulífinu.“

Birgir segir núverandi fyrirkomulag barn síns tíma, skipting ráðuneytanna taki mið af því sem best þótti passa á sjöunda áratugnum. „Í mínum huga koma allar hugmyndir til greina og frumvarp Samfylkingarinnar er áhugavert innlegg í umræðuna.“ Hann segir skiptingu ráðuneyta ekki stórpólitískt mál en mikilvægt sé að hafa stjórnskipunina skilvirka og hagkvæma. „En mín pólitík hefur kannski frekar verið sú að fara yfir hvaða verkefni eiga yfir höfuð að vera á verksviði hins opinbera og ég er líka tilbúinn til að skoða að fækka þeim málaflokkum sem heyra undir ráðuneytin,“ segir Birgir.

### NÚVERANDI RÁÐUNEYTI

- Forsætisráðuneyti
- Dóms- og kirkjumálaráðuneyti
- Félagsmálaráðuneyti
- Fjármálaráðuneyti
- Hagstofa
- Heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti
- Iðnaðarráðuneyti
- Landbúnaðarráðuneyti
- Menntamálaráðuneyti
- Samgönguráðuneyti
- Sjávarútvegsráðuneyti
- Umhverfisráðuneyti
- Utanríkisráðuneyti
- Viðskiptaráðuneyti

### TILLÖGUR SAMFYLKINGARINNAR

- Forsætisráðuneyti
- Atvinnuvegaráðuneyti
- Félags- og tryggingaráðuneyti
- Fjármálaráðuneyti
- Heilbrigðisráðuneyti
- Innanríkisráðuneyti
- Menntamálaráðuneyti
- Umhverfisráðuneyti
- Utanríkisráðuneyti


# Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ – Vel lesið

*Gallup maí 2006




# Diddú veit hvað hún syngur!

Diddú er einn af okkar bestu viðskiptavinum. Í áraraðir hefur hún valið heyrnartækin og þjónustuna sem við bjóðum og notið góðs af reynslu og þekkingu starfsfólks okkar. Eins og hún segir sjálf: „Ég gæti ekki sungið án þeirra“. Komdu með heyrnartækin þín og berðu þau saman við úrvalið hjá okkur. Verðið og gæðin eiga eftir að koma þér á óvart.

- Heyrnartæki
- Heyrnarmælingar
- Sala, ráðgjöf og viðgerðarþjónusta

**HEYRNARSTÖÐIN**
KRINGLUNNI

Læknastöðin 3. hæð • Tímapantanir virka daga frá 9-17 í síma 568 6811 • www.heyrnarstodin.is



**ALFRED NOBEL (1833-1896) FÆDDIST ÞENNAN DAG**

*Vonin er slæðan sem hylur nekt sannleikans.*

*Svíinn fann upp dínamítið og stofnaði verðlaunin sem kennd eru við hann.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 21. OKTÓBER 1966

## Yfir hundrað skólabörn farast í Wales



Á þessum degi árið 1966 létust 144 manns þar af 116 börn þegar skriða féll úr kolanámufjalli á skóla og nálæga sveitabæi í Aberfan í Wales. Hörmungarnar riðu yfir að morgni dags þegar börnin voru á leið í fyrstu kennslustundina.

Um tvö þúsund björgunarmenn, margir þeirra kolanámumenn, unnu baki brotnu við að grafa í mold og drullu í leit að eftirlifendum. Grátandi og örvæntingarfullar mæður ráfuðu um í forinni í leit að börnum sínum.

Skólastjórinn fannst látinn og hélt hann utan um fimm börn líkt og hann væri að reyna að verja þau.

Stærsta vandamálið við björgunaraðgerðirnar var að koma stórvirkum vinnuvélum á slysstað en skólinn stóð við botngötu sem illa var hægt að komast að. Síðasta líkið fannst ekki fyrr en viku eftir slysið.

Ríkisstjóri Wales sagði af þessu tilefni að heil kynslóð barna hefði þurrkast út og ábyrgjast þyrfti að slíkt slys myndi ekki eiga sér stað aftur. Samtök kolanámueigenda sögðu að óvenjumikil rigning hefði komið skriðunni af stað. Rannsóknarnefnd komst að því síðar að samtökin væru að öllu leyti ábyrg fyrir slysinu og voru þau dæmd til að borga fórnarlömbunum bætur.

### MERKISATBURÐIR

**1805** Bardaginn um Trafalgar. Breski sjóherinn undir stjórn Nelsons lávarðar gersigrar franska og spænska sjóherinn úti fyrir ströndum Spánar.

**1933** Bannlögin eru afnumin í þjóðaratkvæðagreiðslu. Áfengisbannið er afnumið tveimur árum síðar.

**1944** Nýsköpunarstjórnin, ríkisstjórn Ólafs Thors, tekur við völdum.

**1945** Franskar konur fá kosningarétt.

**1959** Guggenheim-safnið opnar í New York.

**1961** Bjarni Jónsson vígslubiskup er kjörinn fyrsti heiðursborgari Reykjavíkur.

**1988** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara í Laugarnesi er opnað.

### AFMÆLI



**Ingibjörg Haraldsdóttir,** rithöfundur, er 64 ára.



**Arnþrúður Karlsdóttir,** útvarpskona, er 53 ára.



†

*Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og vinsemd vegna andláts og útfarar*

**Harðar Sigurjóns Kristóferssonar**

Kópavogsbraut 1B.

Sérstakar kveðjur og þakkir fyrir ómetanlega aðstoð til heimahlynningar LSH.
Guð blessi ykkur öll.

**Pálína Stefánsdóttir**
**Valborg Harðardóttir** **Eggert Jóhannsson**
**Kristín Harðardóttir** **Bjarni Halldórsson**
**og barnabörn.**



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegrar dóttur minnar, móður, tengdamóður, ömmu, sambýliskonu og systur,*

**Ragnheiðar Björnsdóttur**

Kleppsvegi 126, 104 Reykjavík.

**Vigdís Bjarnadóttir**
**Bjarki Jónsson** **Ásdís Sturlaugsdóttir**
**Aron Snær Bjarkason**
**Hildur Bjarkadóttir**
**Valdimar Long**
**Margrét Ingvadóttir** **Kristinn Guðmundsson**
**Þorgeir Ingvason** **Guðrún Þorgeirsdóttir**



†

*Hjartans þakkir til þeirra sem sýndu okkur hlýhug og stuðning við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Kristins Ólafssonar**

trésmiðs frá Reynisvatni, Silfurteigi 5.

**Fanný Guðbjörg Guðmannsdóttir**
**börn, barnabörn og langafabörn.**

Guð blessi ykkur öll.




**Legsteinar**
Kynningarafsláttur af völdum tegundum
Fjölbreytt úrval
Hagstæð verð
Stuttur afgreiðslufrestur

**Steinsmiðjan Rein**
Viðarhöfða 1 · 110 RVK.
sími 566 7878 · www.rein.is
REIN




**VEGLEG TÓNLISTARVEISLA Í DAG** Frá æfingum Sinfóníuhljómsveit Íslands og annara þátttakenda í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**TÓNLISTARSKÓLI MOSFELLSBÆJAR:** Á FIMMTÍU ÁRA AFMÆLI

# Öflugt listalíf í bænum

Tónlistarfélag Mosfellsbæjar fagnar því að fimmtíu ár eru liðin frá stofnun tónlistarskóla í bænum með heljarinnar tónlistarveislu í Íþróttahúsinu að Varmá í dag, en tónlistarskólinn starfar nú undir Listaskóla Mosfellsbæjar. Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Kurt Kopecky kemur fram ásamt sjö kórum og skólahljómsveit Mosfellsbæjar. Þeir Bjarni Atlason og Þorvaldur Kr. Þorvaldsson syngja einsöng.

Kristjana Helgadóttir, formaður Tónlistarfélags Mosfellsbæjar, segir félögum hafa fundist upplagt að fá Sinfóníuhljómsveitina til að koma fram í tilefni af afmælinu. „Sinfónían spilaði oft í Hlégarði í Mosfellsbæ hérna á árum áður, svo við biðluðum bara til hennar og hún tók svona líka vel í að koma aftur,“ sagði Kristjana. Tónlistarskólinn var stofnaður árið 1966 undir nafninu Tónlistarskóli Mosfellshrepps. Tólf árum síðar tók sveitarfélagið við rekstri skólans, en þá segir Kristjana Tónlistarfélagið hafa verið lagt niður. „Við tókum svo saman aftur í febrúar í fyrra. Okkur langaði að hafa eitthvað félag sem stendur fyrir föstum viðburðum hérna í bænum. Við reynum að hafa eina stórtónleika á hverju ári,“ sagði Kristjana, sem segir stefnu félagsins vera að hafa dagskrána mjög fjölbreytta. Tónlistarlíf er mjög öflugt í Mosfellsbæ að sögn Kristjönu. „Hér eru starfræktir tíu kórar í rétt rúmlega sjö þúsund manna bæjarfélagi, og listalíf yfir höfuð er mjög öflugt.“



**KRISTJANA HELGADÓTTIR** Formaður Tónlistarfélagsins segir listalíf í Mosfellsbæ afar öflugt.

Kristjana segir öfluga menningarstarfsemi bara vera drifkrafti að þakka. „Það væri hægt að hafa þetta svona hvar sem er, það þarf bara einhvern til að drífa það áfram,“ sagði hún og bætti því við að Birgir D. Sveinsson, sem verður kynnir tónlistarveislunnar í dag, hefði reynst slíkur drifkraftur. „Hann var einn af fyrstu kennurunum við skólann og hefur sinnt tónlistarlífinu af miklum metnaði. Enda fékk hann fálkaorðu fyrir störf sín,“ sagði Kristjana. Tónleikarnir hefjast klukkan þrjú, en hægt verður að kaupa miða við innganginn.

**sunna@frettabladid.is**

# Peningagjöf kreist úr vínþrúgum

Víninnflytjandinn Stéphane Aubergy styrkti nýlega Umhyggju – félagi til stuðnings langveikum börnum um 107 þúsund krónur. Fjárstyrkur er ágóði af fyrstu vinpressuhátíð sem haldin var á Íslandi árið 2005.

Stéphane er franskur og er því ást á góðum vínum í blóð borinn og hann stofnaði Vínekruna með það fyrir augum að auðga úrval franskra eðalvína á Íslandi. Vínpressuhátíðinni var einnig ætlað að vekja athygli á veigunum en gestum hennar stóð til boða að stappa þrúgurnar upp á gamla mátann. Alls fóru 320 kíló af nýtíndum þrúgum frá vínbóndanum Pujol í Roussillon héraði í Frakklandi undir fætur hátíðargesta og skiluðu sér að lokum í peningagjöf til Umhyggju. Stéphane segist hafa viljað láta ágóðann af hátíðinni renna til góðs málefnis og Umhyggja hafi orðið fyrir valinu. Félagið vinnur að bættum hag sjúkra barna og fjölskyldna þeirra og innan þess starfa foreldrar langveikra barna og fagfólk innan heilbrigðiskerfisins.



**STÉPHANE AUBERGY** Gaf fólki kost á að traðka á nýtíndum vínþrúgum í fyrra og gefur Umhyggju ágóðann af uppátækinu.



Lokað á Smáratorgi til mánaðarmóta
Komdu í næstu Bónusverslun!
Sjáðu verðið!
Lífrænt ræktaðir Chiquita bananar!
Chiquita
KÍLÓVERÐ: 259 KR.
2 kíló! 59 KR.
PREMIER/RAUÐAR/ GULLAUGA
EKKERT BRUÐL
Gullauga Premier Rauðar
Súpukjöt I. flokkur
...fyrir góðan dag!
LAMBASÚPUKJÖT kílóverð nú: 399 KR.
Merkt verð 499KR.
770g 98 KR. HEIMILISBRAUÐ
HEIMILIS BRAUÐ
HEIMILISBRAUÐ
Äppeljuice Apple juice
Framställd av koncentrat Made of concentrate
EURO SHOPPER
ÁVAXTASAFI 59 KR. lítri
Apelsinjuice Orange juice
Framställd av koncentrat Made of concentrate
EURO SHOPPER
1 liter • 1 litre
Ungnautahakk 8-12% fita
KJÖTBANKINN
30% afsláttur við kassann
UNGNAUTAHAKK kílóverð nú: 979 KR.
Merkt verð 1398KR.
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS
ERAN/Landlist

# Sælkeraveisla á diskinn þinn




KEILA OG RÆKJA
Í GRÁÐAOSTASÓSU
998 kr. kg




LAMBA RIB-EYE
AÐ HÆTTI KJÖTMEISTARANS
2.498 kr. kg




KINDASNITZEL
Í FUNGI RASPI
1.298 kr. kg




ÝSA
Í KONÍAKSHUMARSÓSU
998 kr. kg




KEA LONDONLAMB
BEINT Í OFNINN
999 kr. kg




GRÍSAKÓTELETTUR
FYLLTAR M. SKINKU OG RISOTTA
1.698 kr. kg




COCA COLA
LIGHT
129 kr. 2 l




MAARUD
SNAKK 175 G
179 kr. pk.




Lífrænt og hollt

EDEN ORGANIC
SOJA MJÓLK
299 kr. 1 l.


Bestir í kjöti!
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 600 kr. kg
GRÍSALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI
1.998 kr. kg.
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 1.100 kr. kg
UNGNAUTAFILLET
ÚR KJÖTBORÐI
2.398 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 900 kr. kg
UNGNAUTAPIPARSTEIK
ÚR KJÖTBORÐI
2.398 kr. kg
Allt er vænt sem vel er grænt!
NÓATÚN
GRÆN VÍNBER
329 kr. kg
KÚRBÍTUR
129 kr. kg
LIME
269 kr. kg
VORLAUKUR
699 kr. kg
GRÆNN CHILI
699 kr. kg
=
5 á dag
Verði ykkur að góðu!

# Pétur Þór snýr aftur og höndlar

„Þetta var voðalega gaman. Fyrsta uppboðið sem ég fer á síðan þetta mál kom upp og maður setti allt þetta á hilluna,“ segir Pétur Þór Gunnarsson listmálari og listaverkahöndlari í samtali við Jakob Bjarnar Grétarsson. Pétur var staddur við málverkauppboð úti í Kaupmannahöfn í síðustu viku. Hann íhugar að koma á fót sölugalleríi á nýjan leik, jafnvel uppboðshúsi, enda var hann sýknaður í Stóra málverkafölsunarmálinu en ekki fundinn sekur eins og ótrúlega margir vilja meina að hann sé.



Gríðarlegur uppgangur hefur verið að undanförnu í sölu íslenskra málverka, bæði hér heima og ekki síður á uppboðshúsum í Danmörku. Framboð verka er mikið. Þannig kemur fram í úttekt sem Markaður Fréttablaðsins gerði í vikunni að árlega veltir þessi málverkasala milljarði króna og á umliðnum rúmum mánuði nam veltan 77 milljónum króna.

Pétur Þór rak á árum áður eina uppboðsgallerí landsins – Gallerí Borg – sem þá gerði meðal annars út á að kaupa myndir í Danmörku og selja hér heima. Pétur hefur nú ekki komið nálægt þessum uppboðum í hartnær átta ár. En fór til Danmerkur í síðustu viku og sat uppboð hjá Bruun Rassmusen og víðar.

„Allt er við það sama. Sömu gömlu kunningjarnir sem eru að vinna þarna hjá Bruun. Ég þekkti annan hvern mann á þessu uppboði. Þarna voru einhverjir þrír eða fjórir Íslendingar og svo símarnir rauðglóandi. Þetta var nú aðallega forvitni. Var að fylgjast með. Jú, ég keypti tvær myndir fyrir gamlan viðskiptavin Gallerí Borgar,“ segir Pétur. „Tilgangur ferðarinnar var fyrst og fremst að bjóða í nokkur verk þarna fyrir hann.“

**Stóra málverkafölsunarmálið**

Víst er að mörgum mun þykja það tíðundum sæta að Pétur Þór fer nú að gera sig gildandi á þessum markaði á nýjan leik. Ekki verður hjá því komist að rifja upp forsögu málsins. Pétur Þór var fyrir tveimur árum sýknaður í því sem jafnan var kallað Stóra málverkafölsunarmálið. Þar var hann annar sakborninga ásamt Jónasi Freydal. Stóra málverkafölsunarmálið kom fyrir Hæstarétt á vormánuðum 2004 en þá hafði dómur í því fallið í Héraðsdómi. Þetta er umfangsmesta og dýrasta mál íslenskrar réttarfarssögu ef undan er skilið Baugsmál. Rannsóknin ein kostaði 50 milljónir enda reyndust hinir ýmsu sérfræðingar ákæruvaldsins dýrir og margir. Fjöldi manns kom erlendis frá til að bera vitni og því má ætla að réttarhöldin hafi reynst dýr. Giska menn á að kostnaðurinn alls fari vel yfir hundrað milljónir. Um var að ræða meintar falsanir á verkum Nínu Tryggvadóttur, Kjarvals, Ásgríms Jónssonar og Svavars Guðnasonar svo nokkrir séu nefndir.

Pétri Þór og Jónasi var gefið að sök að hafa falsað, eða látið falsa verkin, blekkt fólk til að kaupa verkin og stundað skjalafals í tengslum við þessa vafasömu iðju – fölsunar og auðgunarbrota.

Ýmsir broddborgarar á borð við Kristinn Björnsson og Kjartan Gunnarsson voru meðal kaupenda og komu til að bera vitni í málinu. Þegar sýknudómur féll í Hæstarétti í maí 2004 talaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra á þá leið að þarna hefðu sekir menn verið sýknaðir. Hún lagði saman þá dómara í Héraðsdómi sem fundu þá seka þar og tvo í Hæstarétti sem skiluðu séráliti og sagði fimm dómara af átta hafa fundið þá seka. Hún talaði á þá leið að þessir menn fengju ekki að höndla með listaverk aftur!

**Þriggja prósenta glæpamaður**

„Já, auðvitað fer þetta í taugarnar á mér,“ segir Pétur Þór aðspurður um þessi ummæli menntamálaráðherra.

„Skrítið hversu fólk er fljótt að gleyma. Jón H. B. Snorrason saksóknari byrjaði að hamra á þessu og fleiri tóku það upp eftir honum. Að sýknudómurinn hafi byggst á einhverju tækniatriði. Í Héraði var ég dæmdur á þeim forsendum að ég hefði mátt vita að þrjú eða fjögur verk sem ég seldi væru fölsuð. Af 102 verkum sem voru til umfjöllunar. Allir urðu hundfúlir með þennan dóm og SÍM [Samband íslenskra myndlistarmanna] sendi frá sér ályktun þar sem dómnum var mótmælt,“ segir Pétur Þór.

Hann skilur reyndar ekki hvaða forsendur SÍM hafði til þess en enginn þaðan hafði fylgst með í réttarsal. En öllum á óvart, ekki síst þeim sem fyrirfram voru búnir að dæma í málinu, áfrýjuðu sakborningar þessum „hneykslanlega væga“ dómi.

„Ég fékk dóm í Héraði upp á sex mánuði. Skilorðsbundið. En hvað með allar hinar hundrað myndirnar? Sigríður Rut Júlíusdóttir verjandi minn sagði mér, þegar ég vildi áfrýja, að gleyma því ekki 97 prósent dómsins væri sýknudómur. En hvað var ég þá? Þrjú prósent glæpamaður. Ég vildi það ekki. Þannig að áfrýjun varð niðurstaðan.“

**Gallerí Borg líklega endurreist**

Pétur segist í sjálfu sér aldrei hafa hætt að höndla með málverk. En hann fór, eftir málarekstur, að sinna sinni eigin list og höndla með hana.

„Svo hef ég haldið kontóktum og samböndum í Danmörku. Ég var náttúrlega fastur viðskiptavinur hjá Bruun Rassmusen í einhverja tugi ára. Og alltaf er, með reglulegu millibili, hringt í mig og ég beðinn um að selja eða útvega myndir. Ég hef því aldrei dottið alveg út úr þessu alfarið. En mest hef ég verið að fylgjast með undanfarin ár.“

Pétur segist alls ekki útiloka það að hann muni endurreisa Gallerí Borg. „Margir af mínum gömlu kúnnum hafa hvatt mig til þess. Talað um að kominn sé tími til. Ég ætla að sjá til með það.“

Pétur segist ekki sjá fyrir sér nýja umboðssölu listaverka eins og Gallerí Borg var heldur vilji hann gjarnan vera með ýmsa listmuni og húsgögn til sölu á sama stað – hönnun yrði gert hærra undir höfði.

Víst er að ýmsir hafa setið tiltölulega óáreittir að þessum markaði og fagna tæplega aukinni samkeppni. Og Pétur Þór bendir á að ýmsir, til að mynda Viktor Smári Sæmundsson forvörður, sem var einn sérfræðinga ákæruvaldsins í málinu mikla, hafi nú opnað gallerí þar sem hann er að selja gömul íslensk verk.

> „Inn í nýtískulegt híbýli passar kannski ekki Húsafellsmynd eftir Ásgrím. Sem passaði afbragðs vel við rókókkó-settið.

**Ótrúlega mikið framboð verka**

Sjaldan eða aldrei hefur framboð á verkum íslensku meistaranna verið meira en einmitt núna. Hver myndin á fætur annarri, áður óþekkt, dúkkar upp á uppboðum í Danmörku. Og verðið rýkur upp. Í síðustu viku var slegin mynd eftir Jón Stefánsson, Sumarnótt á Akureyri, á vel yfir fjórar milljónir. Með umboðslaunum og virðisaukaskatti greiðir viðkomandi fyrir þá mynd um fimm milljónir króna. Pétur Þór var einmitt á því uppboði og átti næst hæsta tilboðið í mynd Jóns. Hann segir að það hafi verið ákaflega spennandi augnablik og adrenalínið hafi flætt.

„Já, já, en þetta er skondið,“ segir Pétur Þór. „Hvar er eigendasagan? Áður óþekkt mynd.“

Hann vísar til þess að ein megin röksemd ákærenda í Stóra málverkafölsunarmálinu hafi einmitt verið þessi: Ótrúlega mikið framboð, engin eigendasaga, áður óþekkt mynd ... allt þótti þetta renna stoðum undir þær

**AÐFÖR**

## Pétur Þór um málverkafölsunarmálið

Ég sagði allan tímann að fagmennskuna hafi vantað í þetta mál. Kærandi nánast í öllum tilvikum sá sami og hljóp með málið í fjölmiðla. Oftast áður en hann kærði. Ólafur Ingi Jónsson forvörður fór um og úrskurðaði myndir falsaðaðar hægri vinstri að því er virðist á þeim forsendum að þær hafi farið í gegnum Gallerí Borg. Lögregla fékk „óháða sérfræðinga“ sem höfðu flestir komið að málinu áður eins og til dæmis Viktor Smári forvörður Listasafnsins. Sem hafði hreinsað og gert við margar af hinum meintu fölsunum athugasemdalaust en sendi síðan löngu síðar til lögreglu sem falsanir. Kristín Guðnadóttir var sem sérfræðingur í Kjarval og listfræðingur á Kjarvalsstöðum fengin af lögreglu til að rannsaka og búa til gögn sem áttu að sanna að nokkrar Kjarvalsmyndir væru falsaðar. Í gögnum málsins kom fram að hún hafði áður keypt þessar myndir fyrir safnið og síðan gefið samþykki sitt að þær yrðu sendar lögreglu sem falsaðar. Áður höfðu þau unnið við að flokka hinar „fölsuðu“ myndir fyrir lögregluna. Fyrir þetta greiddi lögreglan síðan tugi milljóna. Ég tek fram að auðvitað er ekki við listfræðingana að sakast heldur Arnar Jensson og Jón HB Snorrason hjá Ríkislögreglustjóra. Eftir að hafa kynnst störfum þeirra finnst mér Spaugstofulögreglumennirnir Geir og Grani ekki fyndnir lengur. Eftir fölsunar- og Baugsmál er með ólíkindum að þessir menn haldi stöðum sínum. Eina fagmennskan sem ég kynntist í þessu máli var hjá lögmönnum mínum, þeim Ragnari Aðalsteinssyni og Sigríði Rut Júlíusdóttur – stórkostlegar manneskjur með ríka réttlætiskennd. Eftir stanslausa umræðu í fjölmiðlum um 900 til 1000 fölsuð verk á markaði og sjö ára rannsóknarvinnu var ákært vegna 102 málverka. Þrátt fyrir að ég hafi verið ákærður fyrir að hafa falsað eða látið falsa snérust lengstu réttarhöld sögunnar ekki um það heldur hvort myndirnar væru falsaðar eða ekki. Aldrei gerði Jón HB Snorrason tilraun í réttarsalnum til að sanna aðalefni ákærunnar.



**Í HÉRAÐSDÓMI** Sakborningar ásamt verjendum: Pétur, Sigríður Rut, Karl Georg og Jónas Freydal.

Þeir félagar Arnar og Jón hentu úr málinu ríflega 60 myndum áður en það fór fyrir Hæstarétt sem sýnir hversu málið var þunnt þegar farið var af stað. Ekki kom mér á óvart að vera sýknaður og lætin í kjölfarið komu mér heldur ekki á óvart. Gríðarleg pressa var frá háttsettum mönnum í þjóðfélaginu á lögregluna, Arnar Jensson staðfesti við mig í einni yfirheyrslunni að reynt hefði verið að hafa áhrif á gang málsins með ýmsum hætti. Eins konar múgæsingur og margir hefðu sennilega viljað sjá sakborninga hengda. Margir tóku þátt í aðförinni og meðal annars sá Knútur Bruun, formaður Myndstefs, ástæðu til að ljúga því í Kastljósi Ríkissjónvarps að Gallerí Borg hefði aldrei skilað höfundarréttargjöldum til sjóðsins. Þrátt fyrir að ég hafi sent afrit úr bókhaldi Gallerí Borgar

# með málverk



röksemdir að þarna væri um umfangsmikla fölsunarstarfsemi að ræða. Nú heyrist ekkert slíkt. Og menn, sem voru atkvæðamiklir í Stóra málverkafölsunarmálinu, setji þessi „smáatriði“ ekki fyrir sig og kaupi jafnvel verk á þessum forsendum.

**Margir um hituna**

„Ólafur Ingi [Jónsson forvörður, helsti ákærandi í Stóra málverkafölsunarmálinu] sagði þetta mikla framboð í Gallerí Borg benda til þess að þetta væru falsaðar myndir. Hvað með þetta mikla framboð hjá Gallerí Fold þar sem hvert uppboðið er haldið á fætur öðru. Mér skilst að Tryggvi Páll Friðriksson þar segi framboðið aldrei hafa verið meira en einmitt núna. Ólafur Ingi benti á þá staðreynd, sem honum þótti furðuleg, að flest verkanna hefðu farið í gegnum Gallerí Borg. Í raun var ekkert óeðlilegt við það. Gallerí Borg var eina uppboðshúsið í mörg ár. Maður sat einn að markaðinum úti í Danmörku að verulegu leyti. Ég auglýsti eftir verkum á baksíðu Politiken. Kostaði miklu til. Náði í þessi verk áður en þau fóru á uppboð hjá Bruun eða í Kunsthallen. Nú er kominn aragrúi af allskonar fólki sem er að leita eftir íslenskum verkum í Danmörku. Einhverjir ætla sér að græða á þessu. Mikið hefur breyst hvað þetta varðar.“

Pétur segir marga hafa nefnt það við sig að þeim finnist vanta annað uppboðshús á markaðinn hér og í raun undarlegt að enginn hafi opnað slíkt hús og farið í samkeppni við Fold. „Margir af mínum gömlu kúnnum hafa hvatt mig til þess.“

**Þorvaldur og Svavar heitir**

Ýmislegt hefur breyst síðan Pétur Þór var hvað atkvæðamestur í að verða sér út um málverk og koma á framfæri við íslenska kaupendur. Að vonum. Bæði hafa verð mynda breyst og fagnar Pétur Þór þeirri löngu tímabæru hækkun. Sem og kaupendur.

„Þessir nýríka stétt er ekkert endilega áhugasöm um landslagsmyndir. Sem eðlilegt er. Inn í nýtískuleg híbýli passar kannski ekki Húsafellsmynd eftir Ásgrím. Sem passaði afbragðs vel við rókókkó-settið. Meiri áhugi er á abstrakt mynd eftir Þorvald eða Svavar. Þetta var ekki svona þegar ég var í þessum bransa. Þá átti einn og einn peninga og var að safna. Nú er kominn fram stór hópur ungra kaupenda. Sem vita kannski ekkert endilega hvað þeir eiga að kaupa né hvað þeir eiga að borga fyrir það,“ segir Pétur og hlær.

„Kannski svipað og Bjartmar Guðlaugsson vinur minn sagði af einum uppanum sem spurði hann: Þú ert svo vel lesinn. Hvaða bók á maður að lesa til að geta verið liðtækur í bókmenntaumræðunni?“

**Markaðurinn aldrei eins líflegur**

Pétur Þór er enn með sambönd í þessum bransa úti sem hann endurnýjaði í ferð sinni til Danmerkur. Hann fór víða um og kynnti sér málin.

„Nú voru menn að tala um að málverkafölsunarmálið hefði eyðilagt markaðinn. Ef ég vildi koma höggi á kærendur í ljósi sýknudómsins myndi ég náttúrlega taka undir það. En mér sýnist þetta hins vegar hið mesta bull. Verð á verkum hefur hækkað svo nemur hundrað prósentum á örfáum árum. Ef við lítum til dæmis til blómamyndar eftir Jón Stefánsson sem var á uppboði hjá Bruun fyrir nokkrum dögum. Þetta er mynd sem ég hefði reynt að selja á um milljón en nú segja mér kunnugir að myndin sé metin á 2,4 milljónir. Sem er meira en helmings hækkun. Á skömmum tíma. Og maður spyr: En var málverkafölsunarmálið ekki búið að eyðileggja markaðinn?“

Pétur Þór segir út í hött að segja markaðinn í lægð. Það sé öðru nær. Og eigi það ekki bara við um gömlu meistarana. „Það hafa orðið kynslóðaskipti. Nefna má sem dæmi að Tolli, og menn af hans kynslóð, hafa aldrei selt eins mikið af myndum og núna. Markaðurinn hefur aldrei verið eins líflegur.“■



**JÓN H.B. SNORRASON** Sótti málið fyrir Héraðsdómi. Að sögn Péturs Þórs gerði hann aldrei tilraun, hvað þá meira, að sanna aðalefni ákærunnar.



**ARNAR JENSSON** Stjórnaði rannsókn Stóra málverkafölsunarmálsins og þarna meðal hóps áhorfenda í Héraðsdómi, enda vakti málið mikla athygli.





**NÍNA EÐA JÓN?** Verkið að ofan var það dýrasta í málinu, fór á milljón, eignað Nínu Tryggvadóttur, keypt fyrir Skeljung. Hin eignuð Jóni Stefánssyni.

sem sýndi að margar milljónir hefðu runnið til sjóðsins sáu þeir aldrei ástæðu til að leiðrétta bullið í Bruun. Eftir sýknudóminn var ekki undarlegt að hlusta á Jón og Arnar halda því fram að ég hafi verið sakfelldur í Héraðsdómi og Hæstiréttur bara sýknað á einhverjum tækniatriðum. En undarlegt fannst mér að Þorgerður Katrín menntamálaráðherra og fleiri skyldu lepja upp sömu vitleysuna á alþingi. En það sýnir auðvitað best að fólk var löngu búið að fella sína eigin dóma og átti þess vegna erfitt með að una dómi Hæstaréttar.





**HVER VÍSAR Á ANNAN** Ríkissaksóknari segir að eftirlit með því að farið sé að lögum um hleranir sé í höndum lögreglustjóra. Varalögreglustjóri segir það hjá deildarstjórum sem segja það hjá fulltrúum sem fara með rannsóknina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ekkert eftirlit með eftirlitinu

**Lögreglan hefur ekkert innra eftirlit sem fylgist með því að farið sé að lögum og reglum um hleranir. Skýrsla sem dómsmálaráðuneytið lét vinna 1999 gagnrýndi þetta en ekki hefur verið brugðist við því. *Sigríður Dögg Auðunsdóttir* kannaði hvernig eftirliti með framkvæmd hlerana er háttað.**

Samkvæmt lögum ber lögreglunni að láta þann sem hefur verið hleraður, vita af því að hlerun hafi farið fram, þegar rannsókn máls er lokið. Ef rannsókn leiðir til ákæru er hinn hleraði látinn vita af hlerun, í yfirheyrslum eða í málflutningi fyrir dómi.

Ef rannsókn leiðir ekki til ákæru ber lögreglunni samt sem áður að láta þann sem var hleraður, vita af því að hlerun hafi átt sér stað. Hins vegar skortir á að innan lögreglunnar sé vandlega fylgst með því að þessu sé fylgt eftir.

Ingimundur Einarsson varayfirlögreglustjóri segir að það sé í verkahring þess sem stýrt hefur rannsókninni að láta hinn hleraða, vita af því. Það sé ýmist gert í yfirheyrslum eða fyrir dómi. „Ef rannsóknin leiðir ekki til ákæru er hinn hleraði látinn vita símleiðis eða bréfleiðis,“ segir Ingimundur.

Hann segir að yfirmaður í þeirri deild sem rannsóknin heyri undir beri ábyrgð á því að látið sé vita af hleruninni. „Yfirmaður eftirlits- og upplýsingadeildar, sem sér um hleranir, lætur því vita að hlerun hafi farið fram,“ segir Ingimundur.

### Ekki til yfirlit um málafjölda

Ásgeir Karlsson, yfirmaður eftirlits- og upplýsingadeildar, segir að það sé ekki í verkahring deildarinnar að láta þá vita sem hafa verið hleraðir. Það sé hlutverk þess sem fer með rannsókn málsins. „Ef málið leiðir ekki til ákæru er viðkomandi kallaður inn og greint frá því að sími hans hafi verið hleraður. Sá sem stjórnar rannsókninni gerir það,“ segir Ásgeir.

Spurður hvort eftirlit sé með því hvenær og hvernig það sé gert segir hann: „Það er gert strax og rannsókn lýkur.“

Varayfirlögreglustjóri segist aðspurður ekki geta veitt upplýsingar um hve mörg dæmi séu um að hleranir leiði ekki til ákæru. „Ég hef ekki upplýsingar um það,“ segir Ingimundur. „Ég held að það sé erfitt að taka það saman.“

### Gagnrýnt fyrir sjö árum

Björg Thorarensen, lagaprófessor við Háskóla Íslands, stýrði nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins sem fjallaði um rannsóknaraðferðir lögreglunnar og skilaði skýrslu sinni árið 1999. Var meðal annars fjallað um hleranir í skýrslu nefndarinnar. „Þá kom í ljós að það var engin regla eða farvegur sem slíkar tilkynningar höfðu hjá lögreglunni. Ekkert skipulag var á því hvernig það væri tilkynnt til þeirra sem höfðu verið hleraðir eða að þeirri tilkynningaskyldu væri sinnt,“ segir Björg.

Nefndin fór yfir hlerunarúrskurði fjögur ár aftur í tímann í vinnu sinni. „Meðal tillagna sem nefndin gerði um hlerunarmálefni voru að settar yrðu afdráttarlausari reglur um svona tilkynningar og að kerfi yrði sett upp að fylgja því eftir. Það skorti með öllu þá og ég veit ekki til þess að það hafi verið sett,“ segir hún.

### Lagaákvæðinu ekki sinnt

Björg telur það gefa ranga mynd af lagaframkvæmdinni að hafa lagaákvæði sem ekki er sinnt. „Annaðhvort þarf að gera þetta ákvæði virkt og fylgja eftir þeirri lagaskyldu sem það leggur á lögregluna eða afnema það,“ segir hún.

Þegar Björg er spurð hvernig þessum málum sé háttað í nágrannalöndum okkar segir hún að í Danmörku sé skipaður sérstakur réttargæslumaður til þess að gæta hagsmuna þeirra sem eru hleraðir meðan á hlerun stendur og viðkomandi veit ekki af því.

### Símafyrirtækið sér um tengingar

Tímabundin heimild til hlerana er veitt með dómsúrskurði. Að sögn Ásgeirs gengur það þannig fyrir sig að grunsemdir vakna um að einhver sé að gera eitthvað ólöglegt þar sem talið er að símhlustun geti skilað árangri í rannsókn máls. „Það er skrifuð greinargerð sem fer síðan til fulltrúa þar sem gerð er krafa til héraðsdóms um símhlustun,“ segir Ásgeir. „Ef héraðsdómur samþykkir símhlustun kveður hann upp úrskurð þess efnis að tiltekið númer skuli hlerað. Þá er úrskurðinum komið til upplýsinga- og eftirlitsnefndar sem síðan hefur samband við símafyrirtækið og óskar eftir því að tiltekinni tengingu verði komið á,“ segir hann.

Upplýsinga- og eftirlitsnefnd sér síðan um að áframsenda símtölin sem hlusta þarf á í tölvu þess lögreglufulltrúa sem fer með rannsókn málsins. Hann ýmist hlustar á símtölin eða upptökur af þeim.

Aðspurður segir varalögreglustjóri að ekki sé þörf á því að fylgst sé með því að hlerunum ljúki á þeim tíma sem tilgreint er í dómsúrskurðinum. „Veitt er tímabundin heimild til hlerana með dómsúrskurði. Þegar sá tími er útrunninn slíta símafélögin tengingu við númerið sem verið var að hlera,“ segir Ingimundur. „Lögreglan getur ekki hlerað númer án þess að símafyrirtækið komi tengingunni á,“ segir hann.

> „Annaðhvort þarf að gera þetta ákvæði virkt og fylgja eftir þeirri lagaskyldu sem það leggur á lögregluna eða afnema það
>
> **BJÖRG THORARENSEN**
> LAGAPRÓFESSOR

### Ekkert eftirlit með aftengingum

Hilmar Ragnarsson, deildarstjóri í tæknideild Símans, hefur yfirumsjón með þeim tengingum sem komið er á vegna dómsúrskurðar svo lögreglan geti hlerað símtöl. Hann segir að tengingunum sé komið á í gegnum tölvu. Símtöl, sem þarf að hlera, eru send stafrænt í gegnum tölvur lögreglunnar í Reykjavík.

Aðspurður segir hann ekkert eftirlit með því hjá Símanum hvenær tengingar séu rofnar. Það sé í hlutverki þess sem kemur þeim á, að aftengja. „Það gerist þó aldrei að ekki sé aftengt á þeim tíma sem dómsúrskurður kveður á um,“ segir Hilmar.

### Handvirkar tengingar úr sögunni

Áður en stafrænt kerfi var tekið í gagnið þurfti að tengja símtöl handvirkt í tengigrindarsölum Símans. Ágúst Geirsson, fyrrverandi símstjóri í Reykjavík, segir að þegar beiðni hafi komið frá lögreglu, uppáskrifuð frá dómara, hafi segulböndum verið komið fyrir á tiltekinni símalínu og símtölin tekin upp.

Ragnar Benediktsson, fyrrverandi deildarstjóri hjá Símanum, sá um áratugabil um að koma á tengingum fyrir lögreglu samkvæmt dómsúrskurði um hlerun. Hann segir að ávallt hafi verið farið mjög leynt með þessar aðgerðir hjá Símanum og reynt hafi verið að blanda sem fæstum inn í þessi mál. „Til þess að gera þetta ekki of flókið var ég nánast einn um þetta þó svo að alltaf væri einhver til að leysa mig af ef þess þurfti,“ segir Ragnar.

"Fram til ársins 1998 þurfti að tengja handvirkt um tengigrindur en nú er það gert í tölvum,“ segir hann.

Hann segir það skýrt tekið fram í dómsúrskurðinum hvenær eigi að rjúfa tenginguna. „Lögreglunni ber einnig skylda að slökkva á hlerunarbúnaði sínum þegar ekki er leyfilegt að hlera lengur,“ segir Ragnar.

### Búnaði breytt í kjölfar stórmáls

Ásgeir segir að búnaði lögreglu til hlerana hafi verið að taka breytingum frá því að hið svokallaða Stóra fíkniefnamál kom upp 1999. Þá var í notkun eitt lítið hlerunarherbergi á lögreglustöðinni í Reykjavík með símalínum og hlustunar- og upptökubúnaði til hlerana. Í stóra fíkniefnamálinu hafi herbergið reynst of lítið til að sinna megi svo umfangsmiklum málum og í kjölfar þess hafi aðstöðunni verið breytt.

„Til að byrja með vorum við með segulbönd en síðan sérstök norsk hlerunartæki sem voru ekki ósvipuð þeim tölvubúnaði sem við erum með núna, en ekki stafræn,“ segir Ásgeir.

„Þetta er mun einfaldara í vinnslu nú en áður,“ segir Ásgeir. „Við tökum á móti gögnum á ákveðnum stað og sendum þau áfram í tölvu þess sem rannsakar tiltekið mál,“ segir hann.

Aðspurður segir Ásgeir að það sé tæknilega mjög auðvelt að ganga úr skugga um að lögum og reglum sé fylgt eftir hvað varðar hleranir, ekki síst vegna þess að allt sé nú gert stafrænt. Dómsúrskurðir séu reyndar á pappír og stimplaðir af viðkomandi héraðsdómi og ekki færðir inn í tölvu. Það eigi þó ekki að koma í veg fyrir að hægt sé að fara yfir að samræmi sé á milli dómsúrskurða og þeirra símhlerana sem hafi verið gerðar.

### Nýtt frumvarp dómsmálaráðherra

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra var spurður að því hvort brugðist hafi verið á einhvern hátt við athugasemdunum sem settar voru fram í skýrslu Bjargar Thorarensen lagaprófessors árið 1999. Hann svaraði með því að benda á greinargerð með drögum að frumvarpi til laga um meðferð sakamála sem hann kynnti í september.

Þar er lagt til að sett verði á stofn embætti yfirsaksóknara sem meðal annars beri að hafa eftirlit með lögreglustjórum sem ákærendum og meðferð ákæruvalds. „Enginn vafi leikur á því að þessi breyting á skipan ákæruvalds mun efla ákæruvaldið og styrkja sjálfstæði þess, auk þess sem réttaröryggi borgaranna verður betur tryggt en verið hefur,“ segir í athugasemdunum með frumvarpinu. ■

### ÚRSKURÐIR HÉRAÐSDÓMSTÓLA UM SÍMHLERANIR

| | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | - | - | - | - | 98 | 96 | 75 | 57 | 132 | 125 | 583 |
| Aðrir dómstólar | 0 | 0 | 3 | 10 | 19 | 24 | 24 | 39 | 45 | 32 | 196 |
| Samtals | 0 | 0 | 3 | 10 | 117 | 120 | 99 | 96 | 177 | 157 | 779 |

**Þar sem skráning hófst ekki með skipulegum hætti hjá Héraðsdómi Reykjavíkur fyrr en árið 2000 liggja ekki fyrir tölur um fjölda úrskurða fyrri ára. Tölur frá öðrum héraðsdómstólum en Héraðsdómi Reykjavíkur eru ekki sundurliðaðar sérstaklega með hliðsjón af almannahagsmunum.**

## ALLT HITT
**[BÍLAR FERÐIR TÍSKA HEIMILI]**

**Elísabet** hugsar um sitt fólk. Ef þú ert með tryggingar á Elisabet.is getur þú skráð vini þína á ákveðinn vinalista hjá þeim. Vinir þínir geta þá sótt um tryggingu og ef þeir fá útgefna tryggingu í þrjá mánuði færð þú mánaðargjaldið endurgreitt.



**Leðurhanskar** eru alger nauðsyn í vetur hvort sem maður er að fara á ball eða í vinnuna. Hægt er að fá einstaklega fallega hanska í fataverslun-inni Spúútnik, Laugavegi á 1.900 krónur. Búðin selur bæði hanska fyrir dömur og herra í öllum litum hafsins. Búðin er opin í dag laugardag til klukkan 20 og á morgun frá kl. 13 til 17.

**Iceland** Express og Budget Bílaleiga bjóða upp á skemmtilega pakkaferðir. Hægt er að leigja bíl í Þýskalandi, Danmörku og Englandi á heimasíðu Iceland Express. Þú flýgur síðan á áfangastað og sækir bílinn þegar þú lendir. Mjög hentugt fyrir fjölskyldufólk.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 21. október, 294. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.35 | 13.12 | 17.48 |
| Akureyri | 8.26 | 12.57 | 17.26 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Hjónin Ólafur Ásmundsson og Álfheiður Jónsdóttir skella sér reglulega í Þórsmörk á sumrin á hertrukknum með alla fjölskylduna.

# Af stað í sjötta gír

***Ólafur Ásmundsson, nýráðinn slökkviliðsstjóri á Keflavíkurflugvelli, á ansi sérstakan bíl sem í daglegu tali er nefndur Bensi.***

Bíllinn sem er Bens hertrukkur frá 1963 var upprunalega smíðaður að fyrirmynd NATO, en er nú sumarleyfisbíll fjölskyldunnar.

Bíllinn kom nýr til landsins og tók þátt í vegaframkvæmdum, meðal annars á Skeiðarársandi.

„Ég fékk bílinn árið 2004 og skipti þá á Patrol 87 og tjaldvagni upp í Bensa, þá hafði hann staðið lengi og erfitt að koma honum heim,“ segir Ólafur.

„Ég lá yfir honum dag og nótt í mánuð, enda allt mjög stórt í sniðum og ryðgað eftir þennan tíma,“ segir Ólafur.

Ólafur viðurkennir fúslega að vera bíladellukarl enda fjórir aðrir bílar á heimilinu, en Bensinn er þó í uppáhaldi.

En ætli vinir og kunningjar fái Bensa lánaðan til að skjótast á rúntinn?

„Nei, það er ekki hver sem er sem getur keyrt hann, það þarf á hann meirapróf og síðan þurfa menn að vera 190 á hæð til að ná niður, því hann er stilltur fyrir mig“

Bensi er tvíkúplaður, gengur fyrir dísil, er með 9 lítra vél og er 6 sýlindra strokka. En þrátt fyrir að hann ferðast aðeins um á 70-75 km hraða er hann kraftmikill og Ólafur telur það ekki eftir sér að taka af stað í sjötta gír.

„Við erum með kojur fyrir alla og má segja að hann sé með kjallara, hæð og ris enda tæpir fjórir metrar upp í topp.“ Þórsmörk er án efa uppáhaldsstaður fjölskyldunnar enda einmitt þar sem Ólafur og kona hans Álfheiður Jónsdóttir hittust í allra fyrsta sinn.

*rh@frettabladid.is*







**Sólin** skín nú lágt á lofti í morgunumferðinni. Best er að fara varlega, vera með sólgleraugu og taka frekar aukakrók í vinnuna en að keyra beint á móti blindandi sólinni.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta · HONDA þjónusta · NISSAN þjónusta

Við bjóðum...
...heildar lausnir í snjókeðjum
• Viðgerðir • Breytingar • Þjónusta
HVELLUR ...í einum grænum
ICEMAN
Súðarvogi 6 – 104 Reykjavík Sími 577-6400

SMS Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12, 110 Reykjavík, bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101, Gsm 868 8317, Fax 567 1182

Smágrafa, Lyftari, Gripkló, Snjómokstur, Snjóblásari, Götusópari, Trjákurlari, Sláttuvél, Dráttartæki, Heyvinnutæki, Úðari o.m.fl.
MULTIONE fjölnota tæki
Afar fjölhæf og sterk smátæki sem henta verktökum og smærri sveitarfélögum m.a. til snjómoksturs jarðvinnu o.m.fl.
STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14, 101 Reykjavík, Sími. 551 4680, www.sturlaugur.is

FJAÐRIR OG GORMAR Í FLESTAR GERÐIR JEPPA
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík, Sími: 517 5000




Lexus IS. Handhafi Stálstýrisins 2007. Myndin er tekin á kvatrmílubrautinni en þar fóru fram prófanir á þeim bílum sem komu til greina sem bíll ársins.

# Lexus IS er bíll ársins

***Bandalag íslenskra bílablaðamanna hefur veitt Lexus IS Stálstýrið fyrir bíl ársins 2007.***



Santa Fe sigraði í flokki jeppa og jepplinga.

Keppt var um titilinn bíll ársins í fjórum flokkum. Flokki smábíla og bíla í millistærð, flokki fjölskyldu - og lúxusbíla, flokki jeppa og jepplinga og að lokum í flokki sportbíla. Sigurvegarar þriggja fyrstnefndu flokkanna komu svo til greina sem handhafar Stálstýrisins, en það er veitt bíl ársins óháð flokki.

Lexus bar sigur úr býtum í flokki fjölskyldu- og lúxusbíla og einnig í heildarflokki. Bíllinn þykir sameina fágað útlit, þægindi og aksturseiginleika öðrum fremur. Í dóm sínum um IS segir Steinunn Stefánsdóttir, bílablaðamaður og aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, meðal annars: „Vélin er þýð og um leið gríðarlega spræk sem gerir akstur bílsins að sérstakri skemmtun. Sömuleiðis hin þýða sex þrepa sjálfskipting sem einnig lagar sig að akstursaðstæðum og -lagi hverju sinni. Stöðugleiki bílsins er eftirtektarverður. Óhætt er að segja að hann steinliggi á veginum, jafnvel þótt nokkuð greitt sé ekið og beygjurnar tekur hann með glans, líka á góðri ferð.“

Sigurvegari í flokki jeppa og jepplinga var Santa Fe en hann sigraði sinn flokk með yfirburðum. Steinunn hafði meðal annars þetta að segja um Santa Fe: „Hyundai Santa Fe V6 var ekið bæði á lítið ruddum vegi og í slabbinu í borginni. Óhætt er að segja að bíllinn hafi staðið sig vel í snjónum, sigldi yfir skafla, ef þeir voru ekki þeim mun stærri og virkaði einstaklega stöðugur og öruggur. Þegar í borgina var komið reyndist hann meðfærilegur í þröngum götum og ágætt að leggja honum í stæði.“

Sigurvegari í flokki smábíla var Renault Clio. Hann þykir sameina hakvæmni, gott verð og aksturseiginleika, en Frakkar hafa stöðugt færst framar á sviði bílvéla á síðustu árum. Nokkrar endurbætur hafa verið gerðar á innviðum bílsins og þykja þær hafa heppnast vel. Bíllinn hlaut fimm stjörnur í EuroNCAP árekstrarprófi og þykir með öruggari bílum í sínum flokki.

Porsche Cayman bar höfuð og herðar yfir aðra í sportbílaflokknum enda um bíl í algjörum sérflokki að ræða. Tekið skal fram að sigurvegari í sportbílaflokki kemur ekki til greina við val á bíl ársins.

*tryggvi@frettabladid.is*



Renault Clio (fyrir miðju) varð hlutskarpastur í flokki smábíl og bíla í millistærð.



Porsche Cayman hlaut litla samkeppni í flokki sportbíla.

Gabriel höggdeyfar, AISIN kúplingssett, TRISCAN spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nefhjól á kerrur. Bílamottur.
GS varahlutir

YKKAR BÓNUS Í BÍLAVARAHLUTUM
EIGUM VARAHLUTI Í FLESTAR GERÐIR EVRÓPU & ASÍUBÍLA
AB VARAHLUTIR
BÍLDSHÖFÐA 18 - SÍMI: 567 6020
WWW.ABVARAHLUTIR.IS
AB - ALLTAF BETRI
BODDÝHLUTIR - GRINDUR - LJÓS - SPEGLAR -VATNSKASSAR OG FLEIRA



Frá keppni í véhljólaakstri.

# Strandakstursmót á Langasandi

***Vélhjólaíþróttaklúbburinn VÍK og Vélíþróttaklúbbur Akraness standa fyrir keppni í „Beach race“ á Langasandi við Akranes í dag.***

Keppnin er æfingakeppni en keppt verður í krefjandi þolakstursbraut sem lögð verður í þungan og blautan fjörusandinn á Langasandi.

Brautin mun liggja um þröngar beygjur, hraða fjörukafla og gerð krefjandi með alls konar þrautum þar sem keppendur munu þurfa að aka yfir hindranir af öllum stærðum og gerðum. Á sama tíma fer fram keppni í því að aka sem lengst á afturdekkinu eftir ströndinni og því ljóst að mikil tilþrif eru framundan.

Áhorfendastæðin verða vel skipulögð, enda fer keppnin í raun fram innanbæjar og því verður auðvelt að fylgjast með átökunum á svæðinu.

Strandakstursmót sem þetta skaðar ekki náttúruna því brautin er lögð í fjöru og að lokinni keppni verður hún hreinsuð. Afganginn vinnur stórstraumsflóðið sem sér um að slétta svæðið og afmá spólförin.

Keppnin er skipulögð í samvinnu við bæjaryfirvöld á Akranesi og ef vel tekst til gæti keppnin orðið að árlegum viðburði. Keppnin er liður í uppskeruhátíð vélhjólaíþróttafólks og um kvöldið fer fram árshátíð VÍK.

Prjónkeppnin hefst kl. 11.00 og Strandaksturinn kl. 12.00. Frekari upplýsingar um keppnina má finna á heimasíðu VÍK, www.motocross.is.










Volkswagen Golf GTI. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hann er kominn aftur

***Árið 1976 breytti Volkswagen bílamarkaðnum með Golf GTI. Bíllinn var bæði hagkvæmari og hraðskreiðari en flestir sportbílar samtímans og það sem meira er, miklu ódýrari.***

Svo fór allt úrskeiðis. GTI varð þyngri og kraftminni og missti það aðdráttarafl sem hann hafði. Útgáfu tvö var reyndar vel tekið, en útgáfur þrjú og fjögur voru illa heppnaðar og hver sem var á höttunum eftir slíkum bíl var ekki lengi að velja til dæmis Honda Civic fram yfir GTI.

Það var því að duga eða drepast fyrir GTI í þetta skiptið. Hann gat ekki lifað á fornri frægð endalaust og þetta gerðu hönnuðir Volkswagen sér fyllilega grein fyrir. Með nýjustu útgáfunni lifir bíllinn svo sannarlega og er jafnvel sprækari en nokkru sinni fyrr. Vélin er 200 hestafla túrbóvél sem skilar góðu afli, sama á hvaða snúningshraða er keyrt og þjöpputöfin (turbo lag) er nánast engin. Bíllinn liggur límdur við veginn og tengingin við hjólin og veginn er mjög góð.

Útlitið er eins og það á að vera. Bíllinn er lítið frábrugðinn venjulegum Golf, ef frá eru talin nokkur smáatriði eins og grillið




Grillið að framan setur mikinn svip á bílinn og er það sem greinir hann helst útlitslega séð frá venjulegum Golf.

sem lítur út eins og bíllinn hafi keyrt á risastórt býflugnabú. Þrátt fyrir það gengur einhvernvegin allt upp og bíllinn lítur vel út að innan sem utan. Hönnunin segir að hér sé búið að hugsa fyrir öllu en enginn þörf sé fyrir hendi að básúna því.

Það sem er mest spennandi við Golf GTI er DSG sjálfskiptingin (Direct-Shift gearbox). Í DSG er gírkassinn í raun tvöfaldur. Annar sér um fyrsta, þriðja og fimmta gír, og hinn sér um annan, fjórða og sjötta gír. Í staðinn fyrir að þurfa að bíða eftir því að skipta um gír er kassinn alltaf tilbúinn með næsta gír og því tekur það aðeins 8 millisekúndur að skipta um gír. Til viðmiðunar tekur það hefðbundna sjálfskiptingu 250 millisekúndur að skipta um gír, og í ofursportbílum, til dæmis Ferrari Enzo, tekur það 150 millisekúndur. DSG skilar sér í afar mjúkum akstri og í fyrsta sinn er hiklaust hægt að mæla með sjálfskiptingu fram yfir beinskiptingu.

Golf GTI er ekki bara frábær akstursbíll heldur er hann líka hagkvæmur og þægilegur. Þú kemur krökkunum í aftursætin og golfkerrunni í skottið. Sætin eru sérhönnuð til að halda vel við ökumanninn og um leið og þú ert búinn að ná tökum á stillingunum, sem getur verið smá barningur, eru þær mjög þægilegar. Þrátt fyrir allt aflið undir húddinu er auðvelt og þægilegt að ráða við bílinn og stíf fjöðrunin veldur litlum óþægindum sértu ekki á 18 tommu felgum. Þar að auki er bíllinn hlaðinn loftpúðum enda hlaut Golf 5 stjörnur í NCAP prófunum.

Það er erfitt að finna eitthvað að Golf GTI. Í þriggjadyra bílnum er erfitt að komast upp úr sætunum og dyrnar eru þungar. Lítið mál fyrir flesta. Í fimmdyra bílnum var rauða ljósið sem lýsir niður á gírstöngina það eina sem fór fyrir brjóstið á mér. Þegar farið er að finna að slíkum smáatriðum er víst að maður hefur góðan bíl í höndunum.

*tryggvi@frettabladid.is*



DSG skiptingin er engu lík. Bíllinn er 7,6 sekúndur í hundrað, beinskiptur, en aðeins 6,9 sjálfskiptur. DSG skiptingin er einfaldlega fljótari en mannshöndin.



Um leið og tekið er um stýrið á GTI veistu að hér er eitthvað meira á ferð en hefðbundinn fjölskyldubíll.



Sætin halda vel við ökumanninn og líta þar að auki vel út.

**VOLKSWAGEN GOLF GTI**

**Vél:** 2.000 cl 200 hestöfl / 280 Nm
**Meðaleyðsla:** 8,1 l/100 km
**Þyngd:** 1.328 kg

**PLÚS**
Kraftmikill
Góður í akstri
DSG sjálfskiptingin

**MÍNUS**
Erfitt að skila eftir reynsluakstur

Verð frá 3.195.000 kr
**Verð prufubíls:** 3.395.000 kr

**Aðrir „Hot Hatch" sem vert er að skoða:**
Honda Civic Type-R
Opel Astra Turbo VXT
Ford Focus ST

**Höfum til afhendingar strax**



BluCamp Sky 20

Nýir 2007. Ford 2,2 Lt 130 hestöfl - Commandrail diesel, ABS- EBD Aksturstalva - Útihitamælir - Leður stýri - Armpúðar á sætum. Loftkæling-2 öryggispúðar - Útvarp - Geislaspilari með fjarstýringu. Rafm. í rúðum - Gírskipting í mælaborði - Þjófavörn með fjarstýringu. Lengd 6,37 - Svefnpláss fyrir fjóra - Tvíbreitt rúm aftur í. Þriggja punkta öryggisbelti fyrir fjóra - Stór dekk 215/75 R16".
**Verð 5.200.000 kr. með vsk. skráður og skoðaður.**



Mercedes Bens S 420CDI Limousine

Fyrir þann sem vill aka á Bíl 320 hestafla 8 cylendra díselvél, eyðsla 7 lítrar á langkeyrslu. einn öruggasti bíll sem til er, með miklum og skemmtilegum búnaði er að fá einn af fyrstu bílunum sem koma að þessari gerð nú í nóvember
**Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson.**



MAN 26.430

**Man 26.430**. fyrst skráður Desember 2005. Tveggjadrifa dráttarbíll á lofti að aftan með sturtudælu. Nádrif - XL Hús með einni koju - Sólskyggni - Kælibox - Símkerfi - Útvarp og geislaspilari - Rafm. í rúðum og speglum - loftkæling. Ekinn aðeins 48,000 km.
**Verð 7.250.000 + vsk. skráður og skoðaður.**

**Bílexport á Íslandi ehf.**
**Bóas sími 0049-175-271-1783 • Eðvald sími 896-6456 • www.bilexport.dk boas@bilexport.dk**



## Notkun nagladekkja dregst saman

NOTKUN Á NAGLADEKKJUM ER MUN MINNI Í ÁR EN Á SÍÐASTA ÁRI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.

Minnkunin nemur 20 prósentum sé litið til fjögurra síðustu ára. Þá tókst að snúa þróuninni við og notkun nagladekkja tók að dragast saman. Notkunin er nú komin niður í 52 prósent en í fyrra var hún 56 prósent. Fyrir fjórum árum var hún 64 prósent.

Tölur fyrir 2001 til 2005 voru fengnar úr talningum sem gerðar voru á bílastæðum í Reykjavík í febrúar hvert ár. Upplýsingar fyrir 2006 eru fengnar úr viðhorfskönnun sem unnin var fyrir Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar síðasta vetur. *-tg*

**Skóburstun** er nauðsynleg af og til. Byrjaðu á að þrífa skóna með rökum klút. Settu skóáburð í skóbursta eða klút og berðu á skóna með hringlaga hreyfingu. Láttu áburðinn þorna í korter og burstaðu vel með skóbursta. Til að ná fram gljáa má þurrka skóna með hreinum bómullarklút.





Sætur hversdagskjóll frá Warehouse. Kr. 8.990. Debenhams.

Fallegur sparikjóll með silkiborða og pallíettum frá Warehouse. Kr 19.990 Debenhams.

Sætur kjóll í sænskum sveitastíl, eða 60's... kostar 6.990 og fæst í Oasis.

# Túrkisbláir draumar

***Um þessar mundir er túrkisblár litur vinsæll í tískuvöruverslunum landsins, sem er vel því þetta er sérlega fallegur litur.***

Túrkisblár dregur nafn sitt af blágræna steininum túrkis sem hefur í gegnum aldirnar verið mikið notaður við skartgripagerð og hvers kyns skreytingar. Túrkisblár er ekki bara einn litur heldur nokkur afbrigði (ljós, dökk og misgræn, eða misblá) af þessum fallega stein sem minnir á hafsbotna Miðjarðarhafs eða Atlantshafið bláa í ljósaskiptunum.

*mhg@frettabladid.is*



Armband. Kr. 2.990. Oasis.



Ótrúlega flott og kvenleg peysa með fallegu munstri og silfurþráðum. Kostar 5.995 og fæst í Benetton.

Sannar dömur ganga með hanska og kunna að taka þá af sér með því að tosa nett í einn fingur í senn. Kosta 2.990 kr og fást í Oasis.

Skólastelpa eða golfgella? Sæt golla fyrir veturinn. Kr. 5.490. Oasis.

Bómullarpils frá John Roca. Kostar kr. 699. og fæst í Debenhams.

Rómantísk skyrta frá Espirit sem kemur vel út við gallabuxur. Kr. 6.990. Debenhams.

Rúllukragavesti sem hentar vel með þröngum bol. Kr. 2.300. Benetton.

Glamúr stuttermabolur með gullmynd. Kr. 1.995. Zara.

Flottur bolur frá Mexx. Takið eftir myndinni á bakinu sem er hálf gagnsætt. Kr. 4.590. Debenhams.

Heilsa og hreyfing
Fagleg heilsurækt · Frábær aðstaða · Frábær lífsstíls námskeið · Frábær staðsetning
Viltu laga línurnar?
Ný námskeið hefjast 23. október
HREYFIGREINING HÖFÐABAKKA
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

Rope Yoga Rope Yoga Rope Yoga Rope Yoga
ROPE YOGA
Fagralund við Furugrund í Kópavogi
Námskeið hefjast 30. okt.
Skráning í síma 891-7190



Kennari:
Sigríður Guðjohnsen
www.sigga.is
ROPE YOGA WORKOUT




Sock Shop
breytir um nafn og verður Cobra
TROÐFULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM !!
cobra
Sokkabúðin Kringlunni
erum á 1. hæð við blómatorgið

KOLAPORTIÐ
FORNBÓKAMARKAÐUR
Í UPPBOÐSSAL KOLAPORTSINS
EKKI MISSA AF ÞESSU
1 BÓK 100.-
10 STK Á 500.-
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR
KOLAPORTID.IS
OPIÐ um helgina frá kl. 11-17



**Þingvellir** eru stórfenglegir allan ársins hring. Dagsferð á Þingvelli er góð hugmynd á haustdögum þar sem hægt er að dást að náttúrunni, fræðast um sögu landsins, ganga og hreyfa sig og fá sér svo heitt kakó í Valhöll.


# Borgarveisla

## í haust – síðustu sæti



### Prag
í nóvember
frá 19.990 kr.
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, 6.-9. nóv., 13.-16. nóv. eða 20-23. nóv. Netverð á mann.
Beint flug



### Barcelona
í allt haust
frá 19.990 kr.
Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, 6.-9. nóv., 13.-16. nóv. eða 20-24. nóv. Netverð á mann.
Beint flug í allt haust



### Búdapest
20. október
frá 29.990 kr.
Flug, skattar og gisting í tvíbýli í 4 nætur, m.v. „stökktu tilboð“. Netverð á mann.
Beint flug




### Kraká
í okt. og nóv.
frá 19.990 kr.
Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 23. eða 29. okt. Netverð á mann.




### Róm
17. nóvember
frá 59.990 kr.
Flug, skattar og gisting í tvíbýli á Hotel Archimede í 4 nætur. Netverð á mann.




### Ljubljana
27. október
frá 29.990 kr.
Flug, skattar og gisting í tvíbýli í 3 nætur, m.v. „stökktu tilboð“. Netverð á mann.

Ferðaskrifstofa
Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500


# Um heiminn á 80 sófum

***Ef þú gerist meðlimur í sófasamfélaginu „Couch Surfers“ geturðu lagt heiminn að fótum þér og kynnst fjarlægum löndum á allt annan hátt en áður.***

Hugmyndin að sófasamfélaginu kom til þegar amerískur námsmaður Casey Fenton var á leið til Íslands árið 2000 og vantaði ódýra gistingu. Hann komst yfir netföng hjá 1.500 háskólanemum á Íslandi og sendi þeim öllum póst. Á innan við sólarhring svöruðu á milli 50 og 100 manns og skyndilega snerist vandamálið um hverjum hann ætti nú að gista hjá. Hugmyndin að sófasamfélginu var þar með fædd. Samfélagið var síðan formlega stofnað á netinu árið 2003. Í dag eru um 120.000 meðlimir í 208 löndum víðs vegar um heiminn sem ýmist bjóða upp á gistingu eða félagsskap endurgjaldslaust.

Reglur sófasamfélagsins eru einfaldar. Þú skráir þig á heimasíðunni www.couchsurfing.com og færð þar eigið svæði, svipað myspace netsamfélaginu. Þar segirðu lítillega frá sjálfum þér, hvort þú bjóðir upp á sófa, viljir gefa ráð og sýna gestum land og þjóð. Það er nefnilega líka hægt að hafa samband bara til að fá ráð og kíkja í kaffi eða fara út á lífið. Enn aðrir bjóða meira að segja bara upp á tjaldstæði í garðinum sínum.

Mögulegir gestir hafa síðan samband í gegnum síðuna og þá er hægt að velja gesti sem maður tekur á móti. Enginn er skyldugur til að taka á móti gestum þrátt fyrir að maður sjálfur vilji nýta sér lausa sófa úti í heimi, en flestir meðlimir sem Fréttablaðið ræddu við eru sammála um að það sé ótrúlega gefandi og skemmtileg reynsla.



Það eru allskyns sófar í boði í samfélaginu og sumir bjóða jafnvel eigið herbergi eða tjaldstæði úti í garði.

Dvölin getur varað frá klukkutíma til heils sumars, en flestir gista eina eða tvær nætur. Ef þú sendir tíu manns skilaboð má reikna með að þrír svari, einnig borgar sig að skrifa í minnsta lagi viku áður en lagt er í hann.

Það er hægt að reyna fleiri tegundir ferðalaga þar sem samfélagið getur nýst, til dæmis í hjólreiðaferð um Norðurlöndin, Interrail um Evrópu eða rútuferð um Bandaríkin.

Dæmi eru um að fólk hafi fengið aðgang að heilu húsunum í Suður-Evrópu í sumarfríinu, eftir að hafa myndað vinabönd í gegnum samfélagið.

Hospitality Club og Global Freeloaders eru lík ferðasamfélög, og sumir jafnvel meðlimir í báðum, en netsíður Couch Surfing eru upp að vissu marki betri og skipulagðari.

Það góða við samfélagið er að það fylgja engar skyldur skráningu. Maður bara býður fólki að gista ef maður hefur tök á að taka á móti gesti. Ef maður er ekki í stuði, eða það hentar ekki, segir maður bara því miður. Meðalaldur félaga er um 25 ára en samt er að finna fólk á öllum aldri, elstu meðlimirnir eru á milli 80 og 90 ára. Fyrir fólk sem á stór börn sem eru farin að heiman og finnst tómlegt í húsinu er þetta tilvalið.

Fréttablaðið fékk póst frá fjölda einstaklinga frá samfélaginu eftir að hafa lagt inn fyrirspurn á netsíðuna sem allir segja sömu söguna.

„Þetta er frábær ferðamáti, ekki bara er það ódýrt, heldur líka ótrúlega skemmtileg leið til að kynnast nýju fólki.“

*rh@frettabladid.is*



Deanna, Jonathan og Tori eru í sinni fyrstu sófasamfélagsferð og eru nú þegar mjög hrifin.

## *Aldrei upplifað aðra eins gestrisni*

Deanna Bailey, Tori Lindner og Jonathan Dunn eru amerískir meðlimir sófasamfélagsins. Þau eru öll um tvítugt og stunda háskólanám í Sviss. Þau komu til Íslands fyrir nokkrum dögum til að taka þátt í tónlistarveislunni Icelandic Airwaves. Þau fengu ódýrt flug frá London til Akureyrar og ákváðu að leigja bíl til að komast til Reykjavíkur. Því miður voru engir sófar í boði á Norðurlandi en þegar þau komu til Reykjavíkur eftir skemmtilega bílferð gegnum Austurland, stóðu dyrnar opnar og sófarnir lausir. „Íslendingar eru ótrúlegt fólk,“ segir Deanna og Tori bætir við. „Ég hef aldrei upplifað aðra eins gestrisni. Flestir sófar á Íslandi eru stappfullir útaf Icelandic Airwaves og greinilegt að fjölmargir hafa nýtt sér sófasamfélagið í tengslum við hátíðina.“

Þau höfðu upplifað ansi margt á skömmum tíma, Jonathan hafði baðað sig í fossi á Austurlandi þar sem heimamenn sýndu þeim hreindýr úti í náttúrunni. Venjan er að gista 1-3 nætur á hverjum sófa, og þegar þremenningarnir komu í viðtal á Fréttablaðið voru þeir orðnir sófalausir svo þeir fengu inni hjá blaðamanni næstu þrjár nætur.

allt
auglýsingasími
550 5880



Hanna Arim hefur ferðast út um allan heim og meðal annars gist upp í rúmi hjá kínverskri ömmu sem var meðlimur í sófasamfélaginu.

# *Fann kærastann gegnum sófasamfélagið*

Hanna Arima söðlasmiður er frá Finnlandi en hefur búið á Íslandi í þrjú ár, nánað tiltekið á Hellu. Hanna hefur ferðast um allan heim og nýtt sér sófasamfélagið í löndum eins og Írlandi, Danmörku, Englandi, Spáni og Kína. En það sem meira er þá fann hún kærastann sinn þegar hann kom í heimsókn fyrir tilstuðlan samfélagsins. Hanna segir að allir hafi tekið vel á móti henni, „Sumir bjóða upp á eigið herbergi og láta mann fá húslykil, aðrir bjóða sófa í stofunni,“ segir Hanna og bætir við brosandi: „Í Peking fékk ég að kúra uppi í hjá ömmunni því það var eina lausa plássið.“ Hanna hefur líka tekið á móti fjölda manns síðastliðin ár, frá löndum eins og Bandaríkjunum, Þýskalandi, Finnlandi, Spáni, Portúgal, Frakklandi, Kanada og Slóvakíu. En er þetta ekki kostnaðarsamt? „Nei, alls ekki, flestir gista að meðaltali þrjár nætur og það eina sem þetta kostar er tími, en mér finnst upplifunin alveg þess virði.“ Hanna fær gesti allan ársins hring og er mjög hrifin af samfélaginu, en segir samt að Couchsurfing sé ekki fyrir alla. „Þetta byggist á gagnkvæmri virðingu, og það er lykillinn að velheppnaðri ferð,“ segir Hanna og bætir við: „Mér finnst alltaf frábært að hitta fólk sem er tilbúið að opna heimili sitt fyrir ókunnugu fólk og ég hef aldrei lent í neinum leiðindum,“ segir Hanna bersýnilega ánægð.



Hanna Arim er finnsk en býr á Íslandi og fann ástina gegnum sófasamfélagið.



Skíðaferð
til Saalbach - Hinterglemm
27. janúar - 3. febrúar / 1 vika

Saalbach - Hinterglemm er oft nefnt skíðaparadís Alpanna og hefur verið valið eitt af 10 vinsælustu skíðasvæðum Austurríkis. Gist verður á 4 stjörnu hóteli í þorpinu Hinterglemm. Hótelið er vel staðsett í jaðri bæjarins, rétt við skíðalyfturnar. Fararstjórar dvelja allan tímann á hótelinu og skipuleggja daglegar ferðir um skíðasvæðið. Innifalið er hálft fæði og rútuferðir til og frá flugvelli.

**Fararstjórar: Sævar Skaptason & Guðmundur K. Einarsson**

**Verð: 123.970 kr. á mann í tvíbýli í 1 viku**

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

allt bílar
Alla laugardaga

# *Upplifir hluti sem aðrir ferðamenn fá ekki*

Á Íslandi eru um 80 meðlimir og þar af um 20 virkir. Einn þeirra sem hafa nýtt sér sófasamfélagið er Júlíus Eymundsson, nemi í Reykjavík. Hann hefur verið meðlimur í rúmlega ár og tekið á móti fjölda gesta frá Bandaríkjunum og Evrópu. Ein af þeim er hin ameríska Tana Hoffmann, sem kom við á Íslandi og upplifði næturlíf, nýja vini og náttúrufegurð Snæfellsjökuls. Hún hrósar gestgjafa sínum Júlíusi Eymundssyni í hástert. Júlíus hefur sjálfur ferðast til ýmissa landa og komið við á hinum ýmsu sófum um heiminn. „Það er tvennt ólíkt að ferðast sem venjulegur ferðamaður eða á vegum sófasamfélagsins,“ segir Júlíus og bætir við: „Maður tengist beint inn í samfélagið þegar ferðast er með þessum hætti og upplifir hluti sem aðrir erlendir gestir fá ekki að sjá,“ segir Júlíus og mælir eindregið með sófasamfélaginu. Júlíus segir að hann fái um það bil fimm umsóknir á viku allan ársins hring, en hann tekur ekki á móti fleirum en einum á mánuði og gerir ýmislegt fyrir sína gesti. „Stundum fer ég með þá út úr bænum eða á skemmtistaði og enn aðrir eru bara að leita ráða, það fer líka alveg eftir því hvernig stendur á hjá mér.“ Hann segir jafnframt að allir sem hafi komið til hans séu indælis fólk og að hann sé alls ekki smeykur við að fá bláókunnugt fólk inn á gólf til sín. „Maður athugar þá sem hafa samband og skoðar hvernig viðbrögð þeir hafa fengið frá öðrum á netsíðunni. Síðan tek ég þetta bara á innsæinu og reyni að velja fólk sem mér finnst áhugavert.“ Casey Fenton, stofnandi samfélagsins, gisti einmitt hjá Júlíusi ekki alls fyrir löngu þar sem hann var að taka púlsinn á samfélaginu á Íslandi og þá hittust íslensku meðlimirnir. Það er enginn sem stendur hjá Júlíusi en það er samt einn strákur frá San Fransisco sem er með símann hjá honum þannig að hann getur átt von á gesti annaðhvort bara í kaffi eða til að gista á næstunni.



Júlíus Eymundsson nemi tekur á móti einum gesti á mánuði að jafnaði og sýnir gestum næturlíf, náttúrufegurð og íslenskt mannlíf.



Einfalt val í útlöndum

Dæmi: Bílaleigubíll í viku

| | |
|---|---|
| Bretland | kr. 14.882,- |
| Danmörk | kr. 23.386,- |
| Þýskaland | kr. 15.857,- |

Verð er miðað við 7 daga leigu á bíl í A flokki.
Innifalið í verðinu er ótakmarkaður akstur, kaskótrygging, flugvallargjald og skattur.

Budget Car Rental

Sími 562 6060
www.budget.is

Verðið gildir út október 2006. Athugið að verðið getur breyst vegna gengisbreytinga gjaldmiðla.

**C-vítamín** er nauðsynlegt fyrir þá sem taka mikið aspirín því vítamínið eyðist hraðar úr líkama þeirra.
















Ferskt salat með fíkjum og appelsínu-súrmjólkur dressingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANOTN

# Beinlínis hollt fyrir beinin

***Dagurinn í gær var bæði beinverndardagur og alþjóðlegur dagur matreiðslumeistara. Af því tilefni birtast hér beinhollar uppskriftir.***

Beinvernd og matreiðslumenn tóku höndum saman og bjuggu til beinlínis hollar uppskriftir sem voru kynntar í fjölmörgum skólum á höfuðborgarsvæðinu í gær. Það voru fulltrúar Beinverndar og Klúbbur matreiðslumeistara sem heimsóttu menntastofnanirnar og kynntu matseðilinn ásamt því að undirstrika hlutverk fæðunnar í myndun og viðhaldi beina. Sverrir Halldórsson er stjórnarmaður í klúbbnum og hann eldaði eftir uppskriftunum sérstaklega fyrir Fréttablaðið. Afraksturinn sést á myndunum sem Anton Brink tók.

*- gun.*



Bakaður lax með rótargrænmeti og perujógúrtsósu.



AB hristingur með músli og bönunum.



Skyrkaka með rabarbara.

## FERSKT SALAT

MEÐ FÍKJUM, SEASAMFRÆJUM OG APPELSÍNU-SÚRMJÓLKUR DRESSINGU

1/2 haus jöklasalat
1/4 haus friese-salat
1/4 haus eikarlaufsalat
2 tómatar
1/2 agúrka
8 fíkjur
4 matskeiðar seasamfræ

### DRESSING

1 bolli súrmjólk
4 matskeiðar appelsínuþykkni
1 teskeið maukaður hvítlaukur
1 teskeið paprikuduft
Salt og pipar eftir smekk

## SKYRKAKA

MEÐ RABARBARA

Hafrakex mulið og lagt í botninn
500 g hrært skyr
2,5 dl rjómi
150 g flórsykur
250 g rabarbari
8 blöð matarlím
Rabarbari til skrauts



## AB HRISTINGUR

MEÐ MÚSLÍ OG BÖNUNUM

1 l Ab mjólk
2 bananar
8 matskeiðar músli

## BAKAÐUR LAX

MEÐ RÓTARGRÆNMETI OG PERUJÓGURTSÓSU

800 g af laxi sem skorinn er í 4 eða 8 parta
150 g gulrætur
150 g rófur
150 gr seljurót

### SÓSA

1 box jógúrt hreint
1/2 box perumauk
Söxuð steinselja

# Fagmenn í fóðurleit

**ÚT AÐ BORÐA MEÐ LIONEL**

## *Pizza Devitos*

LAUGAVEGI 126

**BORÐAÐ:** 16" pitsa með pepperoni, skinku og sveppum.

**GÆÐI FÆÐIS:** Eins og alþjóð veit er pitsa eins og kynlíf, slæmt kynlíf er þó kynlíf. Þetta var fínt kynlíf. Pitsan var virkilega djúsí og anganin var engu lík. Lítill sviti var á bökunni sem einkennir þó oft íslenska pitsustaði.

**VERÐ:** 1800 karl. Pitsa og kók. Nokkuð hátt en þó réttlætanlegt miðað við hátt fermetraverð í miðbæ Reykjavíkur.

**STEMNING:** Á Devitos ríkir hress sjoppustemning þar sem saman er komið fólk á öllum aldri úr öllum stéttum. Fólkið starir tómum augum á sjónvarpið og bíður eins og illa gerðir hlutir eftir að vera kallað upp með sikileyskum hreim.



Þeim Sigurði Eggertssyni og Þorbirni Sigurbjörnssyni, öðru nafni Lionel, fannst ríkja hress sjoppustemning á Devitos. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÞJÓNUSTA:** Hröð og glöð, ákveðin og skipulögð. Upplifunin svipuð og að vera hlutur á færibandi í meðalstórri verksmiðju sem ferðast algerlega ósjálfstætt með hinum. Sá sem sker sig úr er gallaður og honum hent.

**DOLLAN:** Engin dolla á staðnum sem vissulega dregur úr nautn þess er snæðir. Við mælum því með að taka pitsuna með á Hlemm og snæða hana þar því á Hlemmi má pissa á gólfið.

*Fagmenn þakka fóðrið.*

**KENNARAEINKUNN:** 23 af 37 fiskum.

# Sláturmarkaður að loka

*Árlegum sláturmarkaði SS og Hagkaupa í Skeifunni lýkur á morgun klukkan 18.*



Ungt fólk hefur verið áberandi á sláturmarkaði SS og Hagkaupa þetta haustið að sögn sölumanns. Vinsældir þessa þjóðlega matar virðast þannig vera á uppleið eftir aðsókninni að dæma.

Markaðurinn er í Hagkaupum, Skeifunni og á morgun er síðasti opnunardagur þannig að nú fer líklega hver að verða síðastur þetta haustið að efna til fjölskyldufagnaðar yfir sláturgerð hér á höfuðborgarsvæðinu.

Vinsældir sláturgerðar virðast vera að aukast.

# Friðrik V verðlaunaður

*Friðrik V. Karlsson veitingamaður á Akureyri er á förum til Ítalíu að taka við viðurkenningu.*



Veitingastaðurinn Friðrik V á Akureyri hefur verið valinn einn af 100 bestu svæðisbundnu veitingastöðum veraldar. Eigandinn og kokkurinn Friðrik V. Karlsson er því á leið til Ítalíu með starfsfólk sitt að taka við viðurkenningu af þessu tilefni. Veitingastaðurinn verður því lokaður frá 22. október til 1. nóvember.

Friðrik V. á Friðriki V kann manna best þá list að elda úr heimafengnu hráefni.

## Uppskrift Sigurðar }



Girnilegur dögurður að hætti Sigurðar í Skrúð.

### Egg Benedikt, eggjahræra og Hollandaise

**AMERÍSKAR PÖNNUKÖKUR**
600 ml mjólk
330 g hveiti
100 g hveiti
2 stk. egg
2 g lyftiduft

Mjólk og egg hrærð saman, svo er hveiti og lyftidufti bætt við (á að vera frekar þunnt).

**EGGJAHRÆRA**
5 stk. egg
½ dl rjómi
salt

Hrært saman í potti eða yfir vatnsbaði í skamman tíma.
Á að munstrast í litlar kúlur og vera frekar blautt.

**EGG BENEDIKT**
Hollandaise
Porserað egg

**HOLLANDAISE**
3 stk. eggjarauður
300 ml smjör
1 msk. edik
salt

Eggjarauður teknar yfir vatnsbaði með edikinu þangað til þykkist (á að hanga á þískaranum).
Bræddu smjöri hellt hægt og rólega svo svo skilji ekki og svo er kryddað með salti.

**PORSERAÐ EGG**
1 stk. egg
1 dl edik
5 dl vatn
salt
2 stk. sleifar

Vatni og ediki blandað saman í pott, því næst er hitað að suðu og eggið sett í, sleifarnar eru notaðar til að velta egginu á milli. Eggjahvítan á að hylja rauðuna og á rauðan að vera blaut í miðjunni.

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ




Nýtt frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár nýjar kaffitegundir í hagkvæmum 400 gr. umbúðum, Java Mocca, Colombia Santos og Espresso Roma.
Þrjár gæðablöndur, malað og baunir á sama verði.

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.



stundin - bragðið - stemningin

**Ávextir** eru heilmikil stofuprýði og fallegir í borðskreytingar. Ávextirnir eru fallegir í skál og litirnir lífga upp á tilveruna. Þeir sem vilja ekki að skreytingin sé borðuð geta fengið sér platávexti.





Skemill svo maður nái nú upp í glugga-kistu, eða geti tyllt sér og náð andan-um þegar leikurinn stendur sem hæst.

# Hönnun fyrir börn

***Laura og Will Wear eru banda-rísk hjón sem sérhæfa sig í að hanna skemmtileg húsgögn fyrir barnaherbergi.***

„Enginn hlutur getur nokkurntíma orðið meira spennandi en ímynd-unarafl barns,“ segja þau Laura og Will sem leggja sig fram um að hanna einföld, umhverfisvæn og litrík húsgögn fyrir barnaher-bergi. Sjálf eiga þau tvö börn sem notið hafa góðs af aðalstarfi for-eldra sinna, en hjónin fullyrða að einföld og nútímaleg hönnun sé ákaflega hentug fyrir barnaher-bergi. Hlutirnir sem þau hanna hafa mjúkar línur sem kemur í veg fyrir að börn geti slasað sig á þeim. Þau nota lífrænt ræktaða bómull og forðast í raun á allan hátt að nýta sér fjöldaframleidd efni, enda segja þau það óskemmti-legt að öll barnaherbergi verði endilega að líta út eins og útibú frá Disney World. Hönnun sína kalla þau Nest, eða Hreiður, sem á vel við í þessu tilfelli enda koma ungar úr hreiðrum og öll hönnun þeirra hjóna hefur mjúkar á ávalar línur líkt og egg. Meira um Nest hús-gögnin má lesa á www.nestplease.com.



Höldur á komm-óðuskúffur eða skápahurðir. Egglaga og í allskonar litum.



Sniðugur dótakassi eða hirsla undir hvað sem er í barna-herbergið.





Mjúkur, krúttlegur og kósí stóll eða sessa, undir litla bossa.

# Brúðhjón fá glaðning

***Verslunin Borð fyrir tvo var fyrst í Borgarkringlunni en finnst nú á Skemmuvegi 6 í Kópavogi.***

Borð fyrir tvo hefur alla tíð haft á boðstólum matar- og kaffistell fyrir eldhúsið og sumarbústaðinn, auk úrvals af gjafavöru af ýmsu tagi. Má þar nefna dúka, kerta-stjaka, ilmkerti, sængur- og púða-ver. Nú hafa raftæki og húsgögn bæst við. Raftækin eru frá breska framleiðandanum Dualit og í lín-unni eru brauðristar, kaffivélar og fleira. Húsgögnin eru á rómant-ísku nótunum og eru frá Ameríku, Evrópu og Asíu. Svart og hvítt er áberandi í fyrstu sendingunum ásamt eikarlitnum. Verslunin hefur nú fjórfalt stærra húsnæði en hún hafði í Kringlunni og eng-inn skortur er á bílastæðum.

Pólska stellið Bunzlau er kannski það sem verslunin Borð fyrir tvo hefur verið hvað þekkt-ust fyrir undafarin ár. Bunzlau er handmálað stell úr jarðleir sem fæst með 40 mismunandi mynstrum og endalausu úrvali af fylgihlutum. Ekkert lát er á vin-sældum Bunzlau enda er stellið bæði sterkt og fjölbreytilegt.

Síðustu sex ár hefur aukin áhersla verið lögð á þjónustu við brúðhjón. „Við höfum gott úrval af postulínsstellum og kristalsglasa-línum. Hvort tveggja er vinsælt til brúðkaupsgjafa,“ segir Una Gunn-arsdóttir í Borð fyrir tvo. „Brúð-hjón geta skráð óskalista hjá okkur og þá leiðbeinum við gestunum við val á brúðargjöfunum, höldum utan um og skráum niður það sem verslað er,“ heldur hún áfram. Þegar þessi þjónusta er þegin fá brúðhjónin litla gjöf frá verslun-inni ásamt því að fá inneign að verðmæti 10 prósenta af heildar-upphæð keyptra gjafa.

*- gun*



Hin nýja verslun Borð fyrir tvo á Skemmuvegi er ljómandi falleg og rómantísk.

FRÉTTABLAÐIÐ /STEFÁN









**1** Húsgögnin eru á rómantísku nótunum. **2** Fallegur tertudiskur frá Bunzlau. **3** Dúkar og Gjafavara skipar stóran sess í Borð fyrir tvo. **4** Brauðrist frá Dualit.



# Auðveldari ísskápsþrif

***Mörgum vex í augum að hreinsa ísskápinn en með skipulagningu og forsjálni er hægt að gera sér verkið mun auðveldara.***



Eitt af þeim verkefnum sem mörgum hættir til að ýta á undan sér er að hreinsa ísskápinn svo það er góð hugmynd að umgangast hann af virðingu til að verkið verði ekki óþarflega erfitt þegar loks kemur að því. Í því skyni er skynsamlegt að temja sér nokkra góða ávana. Í fyrsta lagi á að þurrka strax upp vökva og annað sem hellist niður svo að klístur myndist ekki á hillunum. Strjúktu af ísskápshurðinni um leið og þú þurrkar af borðunum í eldhúsinu. Gerðu það að reglu að endurskoða birgðastöðuna í skápnum einu sinni í viku og hentu þá öllu sem er gamalt og liggur undir skemmdum. Grænmeti á síðasta snúningi má reyndar vel nota í góða grænmetissúpu. Á nokkurra mánaða fresti skaltu svo þvo skápinn að innan úr hreinsilegi sem búinn er til úr tveimur teskeiðum af lyftidufti á móti 2,5 dl af heitu vatni. Látið lausar hillur og skúffur liggja í bleyti í leginum en passið að leyfa glerhillum aðeins að jafna sig á hitastigsbreytingunum því annars er hætta á því að þær springi í heita vatninu. Fjarlægið föst óhreinindi með því að láta löginn liggja á þeim í smástund og þurrkið svo burt. Notið svo gamlan tannbursta til að skrúbba þar sem erfitt er að komast að. Tvisvar á ári á svo að ryksuga loftræstiristina til að koma í veg fyrir að kælikerfið ofhitni. Ef farið er eftir þessum reglum verður ísskápurinn alltaf hreinn og fínn og engin ástæða til að kvíða fyrir hreingerningunni.



Ástríðan blómstrar sem aldrei fyrr í tandurhreinum ísskáp.



# Tekið til í skápum og skúffum

Ef þú hugsar vel um fötin munu þau ávallt líta vel út. Sé gott skipulag á skápunum og skúffunum eru meiri líkur á að þú klæðist fötunum oftar. Hér eru tíu góð ráð til að endurskipuleggja skápinn.

**1.** Skiptu skápnum í svæði og hengdu fötin á þrjár slár. Á þá fyrstu skaltu hengja kjóla, sloppa og yfirhafnir, hafðu þá seinni undir blússur og flíkur í styttri kantinum og þá þriðju undir pils og buxur.

**2.** Flokkaðu fötin eftir litum.

**3.** Settu nokkur hólf undir skó á botni skápsins.

**4.** Skerðu út dúk úr góðu efni í skápahillurnar og festu hann niður með límbandi til að verja fötin.

**5.** Ætlirðu þér að geyma tilteknar flíkur yfir veturinn, svo sem léttan sumarklæðnað, er gott að þrífa þær fyrst. Vínblettir dreifa til að mynda áfram úr sér löngu eftir að þeir setjast á efnið.

**6.** Taktu fötin úr fatahreinsunarpokunum, þeir fanga raka. Notaðu frekar poka úr efni. Geymdu heldur ekki ull eða silki í lofttæmdum umbúðum, slík efni þurfa að anda.

**7.** Brjóttu léttar flíkur, eins og skyrtu og blússur, saman með þunnum, sýrulausum pappír.

**8.** Ef hitastigið er sífellt yfir 24°C í skápnum er hætta á að það fari illa með ákveðnar flíkur.

**9.** Gættu þess að mölkúlur komist aldrei í kast við fötin. Gruni þig að mölur sé í skápnum skaltu setja fötin í hreinsun og þvo skápinn sjálfan.

**10.** Settu sýrulausan pappír í ermarnar á efnismiklum yfirhöfnum áður en þú setur þær í geymslu.






## GILZ ÞJÁLFAR MARKVERÐI
*Rígurinn á milli HK og Breiðabliks*
BLS. 10



## FLYTUR SIG UM SET
*Reynir bakari* SJÁ BLS. 14

[ SÉRBLAÐ – LAUGARDAGUR 21. OKTÓBER 2006 ]

# Kópavogur



## EFNISYFIRLIT

EIN GLÆSILEGASTA STÚKA LANDSINS
*Í byggingu á Kópavogsvelli*
BLS. 2

ÞJÓNUSTAR TÖLVUR BÆJARINS
*Ellert Þór Júlíusson*
BLS. 2



RÓS Í HNAPPAGAT BÆJARINS
*Kanadísk menningarhátíð*
BLS. 2

GARÐPALLURINN VEL ÞESS VIRÐI
*Innlit í fallegan garð*
BLS. 4

SVEIT Í BORG
*Kríunes í Kópavogi*
BLS. 6

VIÐBURÐIR Í HVERRI VIKU
*Nemendafélag MK*
BLS. 12

Nýr sparnaðarreikningur

Netreikningur SPK

Frábærir vextir

12,00% - 13,20%*



www.spk.is spk

Sparisjóður Kópavogs – Hlíðasmára 19 – Digranesvegi 10 – Select við Smáralind – Sími: 515 1950 – www.spk.is – spk@spk.is

* M.v. vaxtatöflu SPK 1. 10. 2006

# Þjónustar tölvur Kópavogsbæjar

Ellert Þór Júlíusson er tæknimaður í tölvudeild Kópavogsbæjar. Tölvudeildin sér meðal annars um að þjónusta allan tölvubúnað fyrir stofnanir bæjarins. Blaðamaður spurði Ellert aðeins nánar út í starfið.

Ellert Þór segir tölvudeild Kópavogsbæjar hafa mikið á sinni könnu enda fer bærinn ört stækkandi. „Það má segja að í þessu felist öll almenn þjónusta við starfsmenn Kópavogsbæjar, bæði skóla og stofnanir. Ég man nú ekki hvað skólarnir eru orðnir margir, en þeim er alltaf að fjölga, svo deildin stækkar samhliða því,“ segir hann. „Þetta er ofboðslega dreift og búið að stækka síðustu ár, við höfum þurft að bæta við okkur starfsfólki.“

Tölvudeildin sér einnig um samskipti við birgja og innkaup á tölvubúnaði fyrir starfsmenn bæjarins. „Við erum mikið í samstarfi við erlenda aðila um leigu á ýmiskonar búnaði. Síðustu ár höfum við verið mikið í þróunarvinnu sem miðast að því að reyna að stýra kerfinu sem mest miðlægt og kostur er á. Við þjónustum netkerfið sjálft og allan algengasta vélbúnað sem er að finna á skrifstofum og stofnunum Kópavogsbæjar.

Ellert segir að lokum að ef eitthvað skyldi bila í vélbúnaði hjá stofnunum og skólum bæjarins, þá sé það hlutverk sitt og félaga sinna á tölvudeild Kópavogsbæjar að koma hlutunum aftur í rétt lag.



Ellert Þór Júlíusson er tæknimaður í tölvudeild Kópavogsbæjar. Hann segir starfið felast að miklu leyti í því að þjónusta tölvubúnað í skólum og stofnunum bæjarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Eins og sjá má á tölvuteiknuðu myndinni er um verulega andlitslyftingu að ræða fyrir Kópavogsvöll. Á minni myndinni sést hvernig framkvæmdunum miðar í dag en stefnt er á að stúkan verði orðin klár áður en Landsmót UMFÍ fer fram í byrjun júlí á næsta ári.

# Stúkan við Kópavogsvöll ein glæsilegasta stúka landsins

Framkvæmdir eru hafnar á nýrri áhorfendastúku sem rísa mun við vestanverðan Kópavogsvöll í vor. Stúkan mun rúma 1.400 manns.

Margir Kópavogsbúar hafa beðið óþreyjufullir eftir því að aðstaða áhorfenda á Kópavogsvellinum taki stakkaskiptum. Nú er bið þeirra nánast á enda því framkvæmdir á nýrri og stórglæsilegri áhorfendastúku, sem rúma mun 1.400 manns, eru í fullum gangi.

Nýja stúkan, sem verður staðsett vestan megin við sjálfan völlinn, nær Hafnarfjarðarveg, mun koma til með að leysa af gamla og heldur hrörlega stúku við austurhluta vallarins. Gamla stúkan verður þó ekki rifin og mun án efa koma til með að nýtast vel þegar stærri íþróttaviðburðir eiga sér stað á Kópavogsvellinum.

Nýja stúkan verður stórglæsileg en hún er margt nokkuð ólík þeim stúkum sem finna má á flestum íþróttavöllum landsins. Þakið yfir henni verður gert að hluta til úr plexigleri sem síðan verður fest við stóra turna sem rísa munu fyrir aftan stúkuna. Það verða því engar burðarsúlur til að halda þakinu uppi og skuggavarpið á sjálfan völlinn verður með minnsta móti, íþróttaáhugamönnum sem heimsækja Kópavogsvöll án efa til mikillar gleði. „Það má segja að þetta sé hannað með þarfir áhorfandans í huga,“ segir Jón Hrafn Hlöðversson, arkitektinn að byggingunni.

Samhliða stúkunni verður byggð glæsileg þjónustumiðstöð sem meðal annars mun hýsa veitingaþjónustu. Auk þess verður öll leikmannaaðstaða á alþjóðlegum mælikvarða og meðal annars verða nuddpottar í búningsklefunum.



Framkvæmdir eru hafnar við byggingu nýrrar stúku við Kópavogsvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

# Botninn sleginn í velheppnaða hátíð

14. október síðastliðinn var kanadísk menningarhátíð Kópavogsbæjar sett. Hátíðin í ár stendur ti sunnudags og er heilmikil dagskrá framundan. Síðustu tvö ár hefur bærinn haldið bæði rússneska og spænska menningarhátíð. Í ár var komið að því að heiðra Kanada.

Margrét Sveinbjörnsdóttir hjá AP almannatengslum er ánægð með hvernig til hefur tekiist í ár. „Frá því hátíðin var sett þann 14. oktbóber í Gerðasafni hefur mikil dagskrá verið í boði á hverjum degi hátíðarinnar. Um helgina munum við svo slá botninn í þetta með pompi og prakt,“ segir hún.



Sýning stendur yfir í Gerðarsafni á verkum Inúíta frá Kanada.

„Í dag frá eitt til hálf fjögur verður haldin heljarmikil fjölskylduhátíð í Vetrargarðinum í Smáralind. Þar munu meðal annars koma fram fulltrúar frumbyggja Kanada, barkasöngvararnir Tracy Brown og Kendra Tagoona og úr Kópavoginum munu fram koma skólakór Kársness, kór Snælandsskóla, Skólahljómsveit Kópavogs og systurnar Greta Mjöll og Hólmfríður Ósk Samúelsdætur.“

Veislustjórn dagsins verður í höndum Björgvins Franz Gíslasonar sem að sögn Margrétar mun bregða sér í gervi frægra tónlistarmanna. „Hann hefur þó ekki viljað gefa upp hverjir það eru enþá,“ segir hún og hlær. Að auki mun Ronja ræningjadóttir skemmta yngstu kynslóðinni.

Síðustu ár hefur bærinn haldið hátíðir til heiðurs bæði rússneskri og spænskri menningu. Á næsta ári munu vera uppi hugmyndir að halda kínverska menningarhátíð í bænum.

Á morgun mun hátíðinni ljúka formlega með stefnumóti við kanadíska rithöfundinn rithöfundinn Michael Ondaatje sem meðal annars skrifaði bókina English Patient sem samnenfd kvikmynd var gerð eftir. „Ljósi verður brugðið á höfundarverk hans í spjalli við Gunnþórunni Guðmundsdóttur, aðjunkt í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, sem meðal annars hefur sérhæft sig í verkum Ondaatjes. Gestum gefst einnig færi á að leggja spurningar fyrir höfundinn,“ af því er segir í fréttatilkynningu. Að stefnumótinu loknu mun kvikmyndin verða sýnd í Salnum í Kópavogi og verður frítt inn.



Michael Ondaatje mun ræða bók sína English Patient í Salnum á sunnudag.

Gymkids

# Hreyfing er leikur með Gymkids

Ný æfingaleiktæki fyrir börn, hönnuð með það að leiðarljósi að tryggja börnum aukna hreyfingu, öryggi og gleði í leik. Þau eru kærkomin viðbót við önnur hefðbundin hreyfileiktæki fyrir leikskóla, skóla, heimili, stofnanir og vinnustaði.



HÖNNUN ODDI VOB 9320

**Nánari upplýsingar á www.skola.is**

Skólavörubúðin
Smiðjuvegi 5
200 Kópavogur

Sími 585 0500
www.skola.is
Opið mán.-fös. 9-18 • lau. 10-14

Skólavörubúðin



Steingrímur og Ásta búa í þessu fallega parhúsi í Kópavogi og fannst tilvalið að koma sér upp góðum palli með skjólvegg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Garðpallurinn vel þess virði

Steingrímur Jónsson verkefnastjóri og Ásta K. Davíðsdóttir garðyrkjufræðingur byggðu sér fallegan garðpall við hús sitt í Goðasölum síðasta sumar.

„Við vildum loka lóðina af og hafa kost á því að baða okkur í morgun- og hádegissólinni,“ segir Steingrímur um tildrögin að byggingu pallsins. „Svo má segja að þetta sé framlenging á stofunni okkar.“

Steingrímur og Ásta fluttu inn í húsið nýbyggt árið 2001 og þeim fannst á þeim tímapunkti nauðsynlegt að búa aðeins í því áður en einhverja stórar ákvarðanir um útlit þess yrðu teknar. „Það var raunverulega ekki fyrr en snemma á þessu ári, eða nánar tiltekið í vor, sem við tókum ákvörðunina um að byggja pallinn,“ útskýrir Steingrímur.

Eftir að ákvörðun hafði verið tekin um að reisa garðpall settu Steingrímur og Ásta sig í samband við arkitektinn Björn Jóhannsson, sem starfar á vegum byggingavöruverslunarinnar BYKO, þaðan sem þau fengu síðan allt sitt pallaefni. „Ásta útfærði síðan aðeins hugmyndir Björns eftir eigin höfði, þannig að segja má að hún eigi helminginn í endanlegri útkomu garðpallsins,“ segir Steingrímur. Þá átti eftir að ráðast í byggingaframkvæmdirnar sjálfar.

Að sögn Steingríms var um viðamikið verk að ræða. „Fyrst þurfti að moka töluverðu af jarðvegi í burtu meðfram húsinu, það er að segja að framan- og aftanverðu og á hliðinni, með skóflu, haka og hjólbörum,“ útskýrir hann og hlær með þeim orðum að þetta hafi nú verið ótrúlegt svona eftir á að hyggja.

„Mokstur hófst 9. júlí og lauk tæpum tíu dögum síðar,“ heldur Steingrímur áfram. „Svo byrjaði steypu-, smíða- og málningarvinnan, sem stóð frá 1. ágúst til 5. september. Eftir það var ekki annað að gera en að bera vel á pallinn, sem er í fyrsta sinn gert tvisvar á ári en einu sinni á tveggja ára fresti eftir það.“ Skötuhjúin voru svo lánsöm að eiga vini og vandamenn sem aðstoðuðu þau við framkvæmdirnar eftir fremsta megni. Að eigin sögn hefðu þau líklegast seint séð fyrir endann á verkefninu á jafn skömmum tíma, hefðu þau staðið alein að því. Þau eru því óendanlega þakklát þeim sem að framkvæmdunum komu.

Steingrímur og Ásta segjast ekki sjá eftir ákvörðuninni um að reisa garðpallinn. „Í sumar slógum við upp heljarinnar veislu á pallinum í tilefni af afmælunum okkar, sem stóð í hvorki meira né minna en tvo daga, sem voru til allrar lukku með þeim sólríkari í sumar. Pallurinn var tilbúinn svo seint í sumar, þannig að okkur gafst því miður ekki mikill tími til að nýta hann eins og við vildum. Þannig að það er alveg á hreinu að það verður gert næsta sumar.“ *- rve*



Mynd 1. Miðvikudagur 12. júlí. Fyrst var hafist handa við að gera holu fyrir pallinn að húsinu aftanverðu. MYND/STEINGRÍMUR JÓNSSON



Mynd 2. Svona leit þetta út miðvikudaginn 18. júlí, síðasta mokstursdaginn. MYND/STEINGRÍMUR JÓNSSON



Mynd 3. Föstudaginn 5. ágúst var steypi- og smíðavinna eitthvað á veg komin. MYND/STEINGRÍMUR JÓNSSON



Mynd 4. Sunnudaginn 7. ágúst var vinnan farin að taka á sig mynd. MYND/STEINGRÍMUR JÓNSSON



Mynd 5. Laugardaginn 19. ágúst var sagað, borað, skrúfað og málað. MYND/STEINGRÍMUR JÓNSSON



Mynd 6. Miðvikudagur 29. ágúst. Bekkurinn góði kominn og veggurinn líka ...nema það vantar eina spýtu! MYND/STEINGRÍMUR JÓNSSON



Steingrímur er hæstánægður með garðpallinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN



Það er gott skjól að aftanverðu húsinu þar sem Ásta og Steini ætla að eiga margar góðar stundir næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Aðkoman að húsinu er flott og leiðin inn í garðinn skemmtileg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Þessum fallegu „blómapottum“ var bætt við pallinn aftan við húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Allur frágangur á pallinum og veggjum eru til fyrirmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


habitat
Askalind 1, 201 Kópavogur
Sími 568 9700
www.habitat.net
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Bæjarstæði Kríuness er fallegt. Það er eins og að vera kominn í sveitina þó að aðeins nokkrir kílómetrar séu í næstu verslunarmiðstöð.



Kríunes er hannað í hlýlegum mexíkóskum stíl.



# Útsýni yfir Elliðavatn, Akrafjall og Esjuna

Það þarf ekki að leita langt yfir skammt að hóteli fyrir rólega og rómantíska helgi. Kríunes við Elliðavatn býr yfir öllum þægindum sem hægt er að óska sér og býður einnig upp á aðstöðu til fundarhalda fyrir fyrirtæki og hópa.

Kríunes er staðsett í Kópavogi í landi Vatnsenda, vestan megin við Elliðavatn á tanga sem gengur út í vatnið. Bæjarstæðið er hið fallegasta enda Elliðavatnið og Vatnsendi frábært útivistarsvæði.

Húsakostur Kríuness er nýr og hannaður í hlýlegum mexíkóskum stíl. Herbergin eru rúmgóð og fallega innréttuð og öll með baðherbergi. Einnig er hægt að leigja stærri svítur með fallegu útsýni sem hafa, auk sturtu, einnig baðker. Þá er arinn í annarri svítunni. Almenningssvæði á hótelinu eru rúmgóð og fallega hönnuð en setustofan er með arni og fallegu útsýni yfir Elliðavatn, Akrafjall, Esjuna og Bláfjöll. Boðið er upp á morgunverðarhlaðborð á Kríunesi en einnig er hægt að panta hádegis- og kvöldverð eftir óskum.

Kríunes hentar ekki aðeins fyrir ástfangin pör heldur er einnig góður kostur fyrir fyrirtæki og hópa sem vilja halda fundi, námskeið eða mannfagnaði nálægt borgarmörkum en þó í sveit en hótelið er í aðeins 15 km. fjarlægð frá miðbæ Reykjavíkur. Fundaraðstaða er fyrir allt að 80 manns og um nokkra fundarsali er að velja. Þá er boðið uppá þá þjónustu að aka fundurgestum til og frá vinnustað viðkomandi fyrirtækis.

Í boði er margs konar afþreying í Kríunesi. Á sumrin má leigja báta, hjólabáta, árabáta og kanóa. Þá er hægt að kaupa veiðileyfi í Elliðavatni. Nokkrar hestaleigur eru í nágrenninu en fallegar reiðleiðir eru við Elliðavatn enda náttúrufegurðin einstök. Ekki er síðra að ganga og hlaupa um þetta svæði en töluvert er af merktum göngu og hjólreiðastígum.



Tvær svítur eru í Kríunesi sem henta vel brúðhjónum.




# Stefnan sett á metþátttöku

Landsmót UMFÍ verður haldið í Kópavogi á næsta ári og er undirbúningsvinna fyrir viðburðinn í fullum gangi.

Landsmót UMFÍ, sem haldið er á tveggja ára fresti, fer fram í Kópavogi á næsta ári og er undirbúningur fyrir íþróttahátíðina þegar hafinn, að sögn Björns Hermannssonar, framkvæmdastjóra mótsins. Mótið verður haldið 5. - 8. júlí og er ætlunin að samhliða því verði svokallaðir Kópavogsdagar haldnir hátíðlegir í fyrsta sinn.

„Við búumst við mjög góðri þátttöku og við stefnum leynt og ljóst að metþátttöku," segir Björn. Óhætt er að fullyrða að Landsmótið á næsta ári muni tæplega fara framhjá nokkrum Kópavogsbúa þar sem fyrirhugað er að nýta nokkur af helstu mannvirkjum bæjarins í ýmis konar afþreyingu.

„Allur Smárinn verður lagður undir Landsmótið og við munum notast við aðstöðu í Smáralindinni, Fífunni, Smáraskóla og víðar. Landsmótið mun líka teygja anga sína víðar í Kópavog og við verðum með íþróttaviðburði við Fagralund, í fimleikahúsinu Versölum og víðar. Landsmótið á ekki að geta farið framhjá nokkrum manni, hvað þá Kópavogsbúum," segir Björn.

Fjölmennasta landsmótið frá upphafi var haldið í Mosfellsbæ árið 1990, en síðan þá hefur mótið ekki farið fram í nágrenni höfuðborgarinnar. Þess má geta að í fyrra var það Sauðárkrókur sem var gestgjafi mótsins en árið 2009 verður það haldið á Akureyri, en þar var Landsmótið einmitt haldið í allra fyrsta sinn, árið 1909.



Mikið fjör var á Landsmóti UMFÍ í fyrra. Heitt var í veðri og brugðu börnin á það ráð að kæla sig í vatninu.




ELBA



Eldavélar



Ofnar



Helluborð



Viftur & háfar



Uppþvottavélar

Snaigė



Kæli- og frystiskápar

Westinghouse



# Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!

*20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum í 3 vikur (tilboðið stendur 18/10 - 13/11)*
*Nýttu þér frábært tilboð okkar - og nýja innréttingin verður tilbúin tímanlega fyrir jól.*
*Á tilboðsdögum veitum við einnig 20 % afslátt af Elba og Snaige raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingu.*

## Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins







*Eldhúsinnréttingar · Baðinnréttingar · Þvottahússinnréttingar · Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum*

Virka daga kl. 9-18
Laugardaga 10 - 16

*Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu og fullkomin raftæki frá ELBA, Snaigé og Westinghouse - heimsókn til okkar borgar sig.*

*Velkomin í Fríform, þar sem þú færð meira fyrir peningana*

Fríform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

# VAXTALAUS TILBOÐ

## JVC




**LT23C50** 23" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með punkta upplausn 1280x768, HDTV Ready, 800:1 skerpu, 10w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður VGA, SVGA, XGA, WXGA), textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA100 festingar (fylgir ekki).

**AÐEINS KR. 9.999**
**Á MÁNUÐI Í 11 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 109.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 40.000**

---




ÖRÞUNNT LCD

## JVC **LT20C70**

20" 4:3 LCD SJÓNVARP með punkta upplausn, 640x480, 600:1 skerpu, 2x6w stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA100 veggfestingar.

**AÐEINS KR. 7.499**
**Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 74.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 25.000**




## JVC **LT26R70**

26" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix D.I.S.T. myndtækni, HD Ready, 700:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 20w RMS Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA200 festingar.

**AÐEINS KR. 9.999**
**Á MÁNUÐI Í 14 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 139.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 20.000**




## GRUNDIG **LXW827512**

32" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 700:1 skerpu, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**AÐEINS KR. 9.999**
**Á MÁNUÐI Í 15 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 149.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 15.000**

---




ÖRÞUNNT LCD

## DIBOSS **LT15S5LS**

15" 4:3 LCD SJÓNVARP með 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan og Digital Comb Filter, 500:1 skerpu, innbyggðu FM útvarpi, Nicam stereó hljóðkerfi, Scart (með RGB) og SVHS, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**FYRIR BÆÐI 12V OG 220V**

**AÐEINS KR. 6.666**
**Á MÁNUÐI Í 6 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 39.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 5.000**




ÖRÞUNNT LCD

## DIBOSS **LT20Q5LF**

20" 4:3 LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Antireflex og Digital Comb Filter, 500:1 skerpu, innbyggðu FM útvarpi, 6w Nicam stereó hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS og CVBS, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Passar fyrir VESA100 veggfestingar (fylgir ekki).

**AÐEINS KR. 9.999**
**Á MÁNUÐI Í 6 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 59.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 15.000**




## DIBOSS **LT32S5LFH**

32" HD LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 (WXGA) upplausn, Progressive Scan, Antireflex og Digital Comb Filter, HD Ready, 1000:1 skerpu og 8ms svartíma, (H/V): 170/170° sjónsviði og 500 cd/m2 birtustigi, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), SVHS og RCA tengi, PC-inngangi (VGA), HDMI og Component tengi, Digital Coax,heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

**AÐEINS KR. 9.999**
**Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 119.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 40.000**

# FLATSKJÁ TILBOÐ




**UNITED**

**PTV42** 42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, HDTV Ready, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 159.990

---




12v/220v

**UNITED** ÖRÞUNNT LCD

**LTV15L52**

15" LCD Sjónvarp með Digital Comb filter, 8w stereó hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Er bæði fyrir 12 og 220V.

**TILBOÐ 34.990**
FULLT VERÐ kr. 39.990




ÖRÞUNNT LCD

**UNITED** **LTV20L60**

20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereó hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heyrnartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990

---




**UNITED** **LTV27W60**

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn,Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 89.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




**UNITED** **LTV32W63**

32" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgir ekki).

**TILBOÐ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




**UNITED** **LTV37W60**

37" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 800:1 skerpu og og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, mynd í mynd (2 móttakarar), 2x8w Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990

---

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# Allir verða varir við ríginn milli HK og Breiðabliks

Hugtakið „grannaslagur“ mun öðlast nýja merkingu næsta sumar þegar erkifjendurnir í Kópavogi, Breiðablik og HK, leiða saman hesta sína í Landsbankadeildinni í fótbolta. Egill „Gillzenegger“ Einarsson sér um að halda fyrirliðum beggja liða í formi í vetur.

„Menn eru strax byrjaðir að telja niður dagana í fyrsta leikinn næsta sumar. Það er gríðarleg eftirvænting á meðal Kópavogsbúa,“ segir einkaþjálfarinn og athafnamaðurinn Egill Einarsson, oft þekktur sem „Gillzenegger.“

Egill er í þeirri einkennilegu stöðu að vera að þjálfa markverði og fyrirliða Kópavogsliðanna, þá Gunnleif Gunnleifsson hjá HK og Hjörvar Hafliðason hjá Breiðabliki, í allan vetur og gera þá „eins hrikalega og mögulegt er fyrir næsta sumar“, eins og Egill orðar það sjálfur.

Sjálfur er Egill Kópavogsbúi í húð og hár og segir hann ríginn á milli HK og Breiðabliks ekki fara framhjá neinum. „Það er náttúrlega bara þannig hér í Kópavogi að annaðhvort ertu Bliki eða HK-ingur. Það er ekkert þar á milli. Ósjálfrátt myndast þessi mikli rígur sem allir verða varir við. Og ekki hefur hann minnkað núna þegar bæði liðin eru komin í efstu deild í fótboltanum. Ef það mæta ekki allavega 3.000 manns á leiki liðanna á Kópavogsvelli næsta sumar þá er eitthvað mikið að,“ segir Egill.

En eins og það sé ekki nógu einkennileg staða að vera þjálfari beggja æðstu fulltrúa erkifjendanna í Kópavogi er Egill nátengdur þeim báðum; Hjörvar er einn af hans bestu vinum og Gunnleifur er mágur hans. Það er einmitt vegna þessara tengsla sem Egill vill HK ekki eins illt eins og margir kollegar hans, en Egill er Bliki og hefur verið frá unga aldri. „Í hinum fullkomna heimi myndu leikir liðanna á næsta ári enda með sigri Breiðabliks en Gunnleifur yrði maður leiksins. Ég held með Breiðabliki en vil auðvitað sjá Gunnleifi ganga vel.“

Egill segir annars að sín bíði ærið verkefni í vetur, enda nokkuð liðið síðan Hjörvar tók vel á því í ræktinni síðast auk þess sem Gunnleifur getur ekki talist vera á heimvelli í Sporthúsinu. „Ég held að Gunnleifur hafi varla lyft stöng á ævinni,“ segir Egill glottandi en bætir svo við: „Markmenn og útileikmenn í fótbolta eru eins og svart og hvítt og við munum náttúrulega haga okkar æfingum eftir því. Þeir þurfa ekki að geta hlaupið yfir völlinn á 12 sekúndum heldur skiptir sprengikrafturinn miklu meira máli,“ segir Egill en markverðirnir verða hjá honum þrisvar í viku í allan vetur.

„Að mínu mati er ég með tvo bestu markmenn landsins og þeir verða að sjálfsögðu bara betri þegar ég er búinn með þá.“



Egill kveðst lofa því að Hjörvar og Gunnleifur muni fara létt með að lyfta 120 kílóum í bekkpressu áður en veturinn er á enda.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Gilz segist vera með tvo bestu markmenn landsins og þeir verði bara betri þegar hann verður búinn með þá.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

20-65%
AFSLÁTTUR





55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

LÉTT BYLGJAN 967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!



Mikil uppbygging á sér stað í Kópavogi. Myndin er frá framkvæmdum við undirbúning á nýju knattspyrnuhúsi.

## Austurkór byggist

Kópavogsbær auglýsti nýlega byggingarrétt til úthlutunar á lóðum á nokkrum stöðum í bænum. Í boði eru meðal annars lóðir á vesturhluta Rjúpnahæðar og þurfa umsækjendur að vera búnir að skila öllum gögnum inn fyrir mánudaginn 30. október. Gert er ráð fyrir því að lóðirnar, sem flestar eru í Austurkór, verði orðnar byggingarhæfar á næsta ári. Allar nánari upplýsingar um úthlutunina er að finna á vefsíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is



Getkó er hliðstæða Nema Hvað? hjá ÍTR. Á myndinni sjást einbeittir keppendur í Útvarpshúsinu.

## Mekka sigraði

Spurningakeppni félagsmiðstöðva ÍTK fór fram föstudaginn 6. október síðastliðinn. Fjögur lið kepptu í undanúrslitum keppninnar og voru það félagsmiðstöðin Mekka úr Hjallaskóla og félagsmiðstöðin Hóllinn úr Digranesskóla sem öttu kappi í úrslitunum. Að lokum bar lið Mekka sigur úr býtum eftir spennandi viðureign. Það var svo Kjarninn úr Kópavogsskóla sem tryggði sér þriðja sætið í bráðabana eftir spennandi viðureign við Fönix úr Salaskóla. Sigurvegarar kvöldsins fengu glæsileg bókaverðlaun og voru að vonum himinlifandi með árangurinn.







# Gengið um grundir

## Í Kópavogi er mikið af fallegum útivistarsvæðum þar sem hægt er að ganga, skokka eða hjóla

Á síðastliðnum árum hafa fallegir göngustígar verið lagðir víðs vegar um Kópavog og um þá leika fögur náttúra, gróður og haf. Kópavogur, sem nær yfir mikið landsvæði, hefur að geyma mörg skemmtileg útivistarsvæði og má þar fyrst nefna Hlíðargarð. Garðurinn er nánast falinn á milli Hlíðarhvamms og Lindarhvamms og er nokkurs konar leynistaður í miðri íbúðabyggð. Hann er elsta skipulagða útivistarsvæði í Kópavogi og var opnaður árið 1958, hannaður af Jóhanni Schröder garðyrkjumanni. Fyrirmyndin að Hlíðargarði er ítalski endurreisnargarðurinn og er garðurinn rómantísk útgáfa þessa garðstíls. Garðurinn er kjörinn staður til að njóta hvíldar, eða jafnvel til veisluhalda og rómantískur staður til að gifta sig á.

Mörg fleiri falleg útivistarsvæði eru í Kópavogi. Neðan við Digraneskirkju er stígur sem liggur í gegnum trjálund, meðfram læk og í átt að hafi. Neðan við grundirnar þar sem Kópavogur og Fossvogur mætast eru stígar og brýr og fallegur gróður. Þar er hægt að ganga um, fjarri allri umferð og njóta náttúrunnar. Við Kópavogskirkju eru stokkar og steinar og aldrei að vita nema að þar mætir maður álfi.



Hlíðargarður er ævintýralegur garður sem falinn er á milli húsa.



Hjörtur A. Guðmundsson nánast býr á skrifstofu NMK þessa dagana, enda er hver stórviðburðurinn á fætur öðrum á þessum tíma skólaársins.

# Viðburðir í hverri viku

## Nemendafélag MK er í örum vexti og er komið í hóp þeirra stærstu á landinu.

Rétt um 850 nemendur eru skráðir í Nemendafélag Menntaskólans í Kópavogi, sem gerir það að einu því stærsta sinnar tegundar á landsvísu. Að sögn Hjartar A. Guðmundssonar, formanns nemendafélagsins, hefur félagið vaxið stöðugt frá stofnun MK og á þessu námsári er stefnan að halda viðburð á vegum félagsins í hverri viku.

„Þetta kemur náttúrulega í ákveðnum törnum en við reynum okkar besta til að gera eitthvað skemmtilegt sem oftast," segir Hjörtur en í vikunni voru haldnir hinir árlegu Tyllidagar í MK, sem segja má að komi í stað hins hefðbundna vetrarfrís. „Það má segja að Tyllidagarnir séu okkar stærsti viðburður á árinu. Þá fellur kennsla niður í tvo daga, nemendafélagið stendur í stað þess fyrir allskyns uppákomum og skemmtunum við skólann. Í ár komum við upp stærðarinnar tjaldi þar sem haldnir voru tónleikar og boðið var upp á kandíflos, popp og kók. Þetta var æðislega skemmtilegt," útskýrir Hjörtur, sem nú stendur í ströngu við að undirbúa næsta stórviðburð, hina svokölluðu Myrkramessu.

„Myrkamessan er okkar stærsti dansleikur á árinu sem við leggum mjög mikla vinnu í. Ballið fer fram 12. nóvember og er nafnið tilkomið vegna þess að á þessum árstíma eru dagarnir farnir að lengjast, myrkrið er allsráðandi og það fer að styttast í prófin. Því er um að gera að sletta aðeins úr klaufunum," segir Hjörtur og brosir.




# BYKO

## BYGGIR BETRA SAMFÉLAG

BYKO styrkir Eldhuga sem er nýtt verkefni Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands. Verkefnið miðar að því að byggja betra samfélag í takt við hugsjónir og stefnumið Rauða krossins þar sem ungmenni vinna með hugtök eins og **vináttu, virðingu og umburðarlyndi.** Eldhugarnir fá þannig tækifæri til að vinna fjölbreytt og **mannbætandi verkefni** ásamt öðrum íslenskum og erlendum ungmennum í gefandi umhverfi. Einnig fá þeir að kynnast sjálfboðastarfi Rauða krossins.

**BYKO** telur Eldhuga Kópavogsdeildar Rauða krossins vera verðugt verkefni. Fyrirtækið hvetur **ungmenni** á aldrinum **13-16 ára** til þátttöku og til að leggja þannig sitt af mörkum til betra samfélags.

Það er gert með því að senda tölvupóst á kopavogur@redcross.is eða hringja í síma 554 6626. Þeir sem vilja gerast sjálfboðaliðar (18 ára og eldri) eru líka hvattir til að hafa samband.

*Enter verkefnið er fyrirrennari Eldhuga en í því eru ungir innflytjendur á aldrinum 9-12 ára. Höfuðáhersla verkefnisins er markviss málörvun í hvers kyns leikjum og fræðsla til að auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi. Enter verður áfram starfrækt í Kópavogsdeild Rauða krossins samhliða Eldhugum.*

auglýsingastofan grænn

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • Opin virka daga kl. 11-15 • Sími 554 6626 · kopavogur@redcross.is

BYKO

# Reynir bakari stækkar við sig

Bakarí Reynis Þorleifssonar við Dalveg í Kópavogi nýtur mikilla vinsælda á meðal íbúa nágrennisins og myndast oftar en ekki röð út úr dyrum þegar örtröðin er sem mest.



Reynir Þorleifsson bakari er mættur til vinnu rétt fyrir klukkan fimm alla morgna ásamt tveimur sonum sínum, Henry Þór (t.v.) og Þorleifi. Hér sjást þeir feðgar við störf í eldhúsinu hjá Reyni bakara. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eitt af helstu einkennistáknum Kópavogs, þó sér í lagi fyrir íbúa í nágrenni Smáralindar, er bakarí Reynis Þorleifssonar sem staðsett er á besta stað við Dalveginn og heitir því einfalda nafni; Reynir bakari. Nýbakað brauð og gómsætt bakkelsi Reynis hafa skipað fastan sess í tilveru margra Kópavogsbúa á þeim 12 árum sem bakaríið hefur verið starfrækt, en auk þess er talsvert um að utanbæjarfólk leggi leið sína til Reynis, og þá sérstaklega um helgar. Reynir segir að það hafi ekki margir haft trú á þessari hugmynd sinni í upphafi, enda lítil byggð í kringum svæðið fyrir 12 árum. Hann hafi hins vegar lagið yfir tillögum að deiliskipulagi á svæðinu og séð að Dalvegurinn yrði ein aðalæðin inn í Kópavog. „Þetta var áhætta en hún borgaði sig," segir Reynir en ekki er langt síðan hann opnaði „útibú" við Hamraborg sem gengur einnig mjög vel í rekstri.

Bakarí Reynis er sannkallað fjölskyldufyrirtæki því eiginkona Reynis, dóttir og tveir synir starfa öll í bakaríinu. Og sjálfur mætir Reynir alla morgna klukkan tæplega fimm á morgnana og byrjar að baka. „Ef þetta á að ganga er algjört frumskilyrði að öll fjölskyldan taki þátt í þessu. Ég held líka að þessi samheldni okkar skili sér í betra andrúmslofti úti í sal."

Reynir segir að viðskiptin hafi aldrei gengið eins og vel og á þessu ári, jafnvel þó að í fyrra hafi hann fengið stóraukna samkeppni í formi Bakarameistarans sem staðsettur er á næsta horni, eða réttara sagt við Smáratorg.

„Viðskiptin hafa bara aukist síðan þá ef eitthvað er og nú er svo komið að við sjáum okkur tilneydd til að stækka við plássið okkar. Við erum búin að kaupa hæðina fyrir ofan og á næstu vikum og mánuðum mun salurinn á neðri hæðinni stækka til muna. Þannig verður nóg pláss fyrir alla," segir Reynir að lokum.




Ingunn Smáradóttir, Smári Vilhjálmsson og Pétur Smárason. Pétur hefur umsjón yfir rekstri Snælandvídeó í dag og hér sést hann fyrir utan fyrstu og „upprunalegu" Snælandvídeósjoppuna. Í dag er að finna sjö slíkar á landinu og að sögn Péturs stendur jafnvel til að bæta fleirum í hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Þykir vænst um fyrstu sjoppuna

Snælandvídeó hefur um árabil verið í hópi vinsælustu myndbandaleigna landsins. Sjoppan opnaði fyrst í Kópavogi fyrir tæpum aldarfjórðungi.

Hin rótgróna sjoppa, Snælandvídeó, skipar sérstakan sess í hjörtum margra Kópavogsbúa og hefur gert allt frá því að hún var fyrst opnuð, fyrir 21 ári síðan. Á tiltölulega skömmum tíma varð Snælandvídeó, staðsett á besta stað í Furugrundinni við Fossvogsdalinn, að einum helsta griðastað Kópavogsbúa sem höfðu hug á því að leigja sér nýjustu kvikmyndirnar og síðar varð sjoppan að einum vinsælasta ísstað höfuðborgarsvæðisins. Í dag hefur Snælandveldið breitt víða úr sér og eru alls sjö sjoppur undir því nafni starfræktar á landsvísu.

„En auðvitað þykir manni alltaf vænst um fyrstu verslunina, þar sem ævintýrið byrjaði," segir Pétur Smárason, rekstrarstjóri Snælandvídeós og sonur Smára Vilhjálmssonar, sem stofnaði fyrstu sjoppuna á sínum tíma. „Í upphafi var áherslan mest á myndbandsspólurnar en síðan fór ísinn að njóta mikilla vinsælda og ekki löngu eftir það fórum við að bjóða upp á grill. Þetta hefur þróast smátt og smátt út í það sem Snælandvídeó stendur fyrir í dag," útskýrir Pétur. Fyrsta Snælandvídeó-sjoppan utan Kópavogs var opnuð fyrir 13 árum á Laugaveginum og síðan þá hefur Snælandveldið farið vaxandi og teygir nú anga sína meðal annars til Breiðholts, Mosfellsbæjar og Selfoss.




Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að gera upp gömul hús víða um land og þar kemur bárujárnið sannarlega við sögu. Einnig hafa hönnuðir húsa aldrei lagt bárujárnið á hilluna þrátt fyrir miklar tískusveiflur í hönnun. Það sést vel á mörgum nýjum húsum. Blikksmiðja Gylfa býður uppá heildarlausnir á þakfrágangi og veggklæðningum úr bárujárni. Allir fylgihlutir eru framleiddir hjá Blikksmiðju Gylfa og ávallt til á lager. Þaulreyndir fagmenn með áratuga reynslu eru til staðar og veita tæknilegar upplýsingar og ráðgjöf. Nóg er að koma með teikningar á staðinn og fagmenn Blikksmiðju Gylfa finna réttu lausnina.

þakrennur • klæðningar • stallastál • fylgihlutir



Hugvit - reynsla - ráðgjöf

# Á heimavelli




Heimavöllur Hönnunar er landið allt en verkfræðiráðgjöf um húsbyggingar hefur verið snar þáttur í starfseminni í meira en fjóra áratugi.

Hjá Hönnun starfar fjöldi sérfræðinga sem hafa komið að nánast öllum gerðum bygginga; íbúðarhúsum, skólum, hótelum, verslunarhúsnæði, íþróttamannvirkjum, skrifstofuhúsnæði, iðnaðarhúsnæði, sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum.

**Veldu trausta verkfræðiráðgjöf - veldu Hönnun!**



HÖNNUN

Grensásvegi 1 · 108 Reykjavík · Sími 510 4000 · www.honnun.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

GÆÐAKERFI VOTTAÐ IST ISO 9001

ATHYGLI






**STÍLL**

Mora
blöndunartæki
- þekkt fyrir gæði
og glæsileika

**mora**



**HÁGÆÐI**

Flaminia
hágæðahreinlætistæki
- uppfylla ítrustu kröfur

**FLAMINIA.**



**FORMFEGURÐ**

Vola
blöndunartæki
- heimsfræg, sígild
hönnun Arne Jacobsen

**vola**

Þegar við veljum búnað fyrir heimilið þitt höfum við bæði fegurð og notagildi að leiðarljósi – fullkomið samræmi milli óska og þarfa.

**Hannaðu heimilið með Tengi**

**Opið:**
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

1981 25 2006
TENGI

Smiðjuvegur 76 200 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is



Mazda 2555 árg. 1988 til sölu, ekinn aðeins 163 þ. km. Nýskoðaður '07. Ath. auðvelt að taka húsið af, lengd palls er 230 cm. Uppl. í s. 898 3093.

Pallhýsi á haustverði! Til sölu lítið og gott Skamper pallhýsi. Uppl. í s. 896 4077 & 896 1386.

## Sendibílar



Til sölu VW Caddy, árg. 6/2001, ekinn aðeins 39þ.km. Verð 400þ+VSK. S:864 3335

Til sölu Ford Escort Van, lítill sendibíll '96, nýsk., sumar-og vetrard. á felgum, dráttarkúla, toppgrind. Ek. 130 þús. V. 160 þ. stgr. Athuga skipti. Uppl. í s. 897 5900.

## Hópferðabílar



Econoline xlt 350 '94 dráttarbeisli, rafdrifið, selst ódýrt, 15 manna. Uppl. 895 8898.



Til sölu M bens 0614D árg 96" 20 farþega bíll í góðu ástandi uppl í 892 4030.

## Vörubílar



Scania 113 árg. '91, véla og tækja flutningabíll með lofti á framan og aftan, virkilega góður bíll. Verð 1.450.000 + vsk. Uppl. í s. 840 1630.



Til sölu eru Man TGA 26-530 árg. '03. Til sýnis hjá Krafti, Man 26-463 árg. '98. Báðir bílarnir eru með glussakerfi og CASE 788 hjólagrafa árg '00. Mjög vel útbúinn. Upplýsingar í síma 892 5855.



Til Sölu Volvo FH16 árgerð 2000. Mikið endurnýjaður. Uppl. í síma 693 5710.



Floor gámagrind 3ja öxla á tvöföldu,12 st lásar. Getum útv. þessa gámagrind ásamt fleiri vörubílum og vögnum. O.K. Varahlutir s. 696 1050.

Alternatorar, startarar og varahlutir fyrir flestar gerðir vörubíla, vinnuvéla og fólksbíla. Ljósboginn, Bíldshöfða 14. S. 553 1244.

„Hjólkoppar á vörubíla og sendibíla 15"-22,5" Ljósboginn Bíldshöfða 14. S. 553 1244.

## Húsbílar



Til sölu Vel með farinn húsbíll Fíat Ducato árg. '90. Disel- turbo 1.9, ekinn 180 þús. Með Hymer húsi, góð einangrun, ný dekk, ný tímareim, ný túrbína. Markísa, sjónvarp, heitt og kalt vatn, klósett og sturta. Gaseldavél, ísskápur, Truma miðstöð, hjólagrind og svefnpláss fyrir 4. Verð 1.700.000. Get tekið hjólhýsi uppí. Nánari upplýsingar gefur Njáll í síma 695 1750.



**Útsala-húsbíll. Verð 490 þús.**

Econline 35" breyttur á nýjum dekkjum. Nýmálaður. 6cyl bensín. Snúnings Captain stólar frammi í. U-bekkur afur í með borði í miðju. Gasmiðstöð. GM hásingar að aftan og framan. Frábær bíll. Uppl i s. 896 1976 & 820 4720.

## Mótorhjól



Til sölu Honda CRF450 árg 2004 með nýjum mótor kraftmikill og góður krossari ekkert notaður á þessu ári. Uppl í 696 8280.

Óska eftir góðu fjórgengis enduróhjóli. Verðh. max 500 þús. Upplýsingar í síma 664 5624 og 565 5227.

**Ath v. flutninga**

Honda CRF 250 árg. '06, ónotað, sama sem nýtt hjól. Verð 750 þús. Áhv. 460 þús. Uppl. í s. 824 8426.

Yamaha WR426 enduro, árg. '01, vel með farið , litur vel út. S. 862 1976.

Til sölu Suzuki 750 es árg '85. verð. 295 þús. Uppl. í síma 861 1715.

## Fjórhjól

Fjórhjól óskast helst Kawasaki 300 eða Mojava eða Tecate. Einnig koma allar aðrar gerðir til greina. Uppl. í s. 898 6157.

## Vélsleðar



Polaris 800 MOD IQ, árg. 2005. Portaður, stærri blöndungar, breytt kveikja, neglt belti. Alveg mögnuð græja. Verð 990 þús. Sem nýr. Uppl í s. 894 2746.

## ÚTSALA


ROBBI...

20% afsláttur af Lego fatnaði fimmtudag - laugardags.

ROBBI...
Hlíðarsmári 17, s. 555 6688.


Óska eftir notuðum vélsleða á verðinu 0-200 þús, allt kemur til greina. Uppl. í s. 661 9651.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.









Til sölu Grove TMS 475 LP Skotbómukrani. Tilboð. Uppl. í s. 867 7160, maggihr@simnet.is



Til sölu Atlas árg.'79. 21 tonn, AB1702D ekinn 16.000 tíma. Uppl. í s. 822 3441.



Til sölu P&H skotbómukrani '82. Lengd bómu 19 m. Sími 861 8994.

Alternatorar, startarar og varahlutir fyrir vinnuvélar, vörubíla og fólksbíla. Ljósboginn, Bíldshöfða. 14. S. 553 1244.

Case Beltagrafa, 7 Tonn, Árg. 1999, Model 9007, gúmmí belti, tönn, 3 Skóflur, 1 Ripper, 3700 vinnustundir, Í mjög góðu ástandi, Verð 2.8 milj + Vsk. S 867 2647.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Bátar




Bílaleiga, hjólhýsaleiga, bátaleiga, bílaþrif, skemmtisiglingar, bílaviðgerðir og málmsmíði o.fl. Aftann ehf. Steinhella 5 221 Hafnarfirði www.aftann.org - s. 864 4589 & 554 4589.

**Gúmmíbátar & Gallar**

Viðgerðarþjónusta, 10 ára reynsla. Seago björgunarbátar & vesti. S. 660 7570 www.gummibatar.is

## Flug




Flugklúbbur Íslands ehf. Áhugavert tækifæri í flugi á Íslandi. www.fly.is.

## Aukahlutir í bíla

Til sölu á Nissan ('92-'95 stál) 4 stk. vetrard. á felgum 175-65x14 á kr. 12 þús. Einnig felgur. S. 845 5981.

## Hjólbarðar




Til sölu nýjar álfelgur 16X7" með gatadeilingu 5x114. Verð áður 24.900 kr. Tilboð 12.000 kr. stk. Takmarkað magn. Felgurnar passa m.a. undir Mazda Tribute, Ford Escape, Toyota Rav4, Hyundai Santa Fe, Nissan Xtrail, Hyundai Tucson o.fl. Uppl. í s. 864 8866.

Vel slitin 38" Ground Hawk á 12" álfelgum til sölu. Verð 60 þ.kr Upplýsingar í síma 660 9970.

Dekk til sölu. Nelgd vetrar. stærð.185/65 R 15 ek. 3500 km. Verð kr. 12 þús. gangurinn. Jeppa dekk P235/70 R 16 ek. 5 þ. km kr. 20 þús. gangurinn. Uppl. í síma 820 4642.

Til sölu 4 sem ný Nankag vetradekk með nöglum stærð 215/55 R16. Á sama er til sölu ónotaður nuddbekkur. Uppl. í s. 897 9218.

## Varahlutir




**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**

Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning

**Bílapartar ehf S.587 7659.**

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740.**

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**VW Polo**

Er að rífa Polo árgerð '97-99. Upplýsingar í síma 662 5272.

**Rafstilling ehf. Dugguvogi 23**
**Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.**
**Sími 581 4991, GSM 663 4942.**

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

Óska eftir 2.0 l vél í MMC L-300 4x4, árg. '88. Uppl. í s. 553 2423.

Framstuðari á Pajero „93, silfurlitað plast og miðja svört. Uppl í síma 822 8283.

## Viðgerðir

**Bílaverkstæðið Skúffan.**

Allar almennar bílaviðgerðir. Stuttur biðtími. Smiðjuvegur 11e, 200 Kópavogur. S. 564 1420.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Nýtt frá Be Wilde. Springbok Messenger Bag. Verð 21.900. Kulusukart.com. Sími 893 6262






Nýtt frá Be Wilde, - Postman Bag. (Striped burgundy). Verð 21.900 Kulusukart.com. Sími 893 6262

Til sölu vegna flutninga, 1 árs ísskápur 30 þ., 1 árs uppþvottavél á 35 þ., eldri skenkur + kommóða á 10 þ. Eldhúsborð+4 stólar á 8 þ. Uppl. í s. 897 7309.

**Kompusala**

Ódýr húsgögn, ódýrar tölvur og ýmist smádót. Bak við Jóa Fel, í dag kl. 11-16. www.markadur.net, 892 9760 og 894 2838.

Pylsuafgreiðsluborð lengd 2,7 m, 10 skúffur þar af 4 kældar, pláss fyrir afgreiðslukassa, kaffivél og fleirra á borðinu, framleitt af Frostverk fyrir ári. borðinu fylgir pylsugrill og panna. Verð 350.000. Uppl. í síma 660 1770.

Er þér kalt? Ekki þjást lengur! Minkapelsar til sölu Vintage mjög fallegir gott verð. S. 899 5770.

Til sölu Thosiba fartölva á 59 þús. og HP prentari á 6 þús., nýlegt, ónotað. S. 567 2510 & 659 1893.

**Þvottavélar**

Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar. Tökum biluð uppí. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Svefnsófi til sölu í mjög góðu lagi. Uppl. í s. 692 0207.

Á Gleðistíg í Kolaportinu mátt þú fylla poka af góðum notuðum fatnaði fyrir 500 kr. Sjáumst!

## Óskast keypt

Vantar allt í innbú ódýrt eða gefins. Uppl. í s. 691 6073.

**Boxpúðar**

Óska eftir kaupa boxpúða. Uppl. í s. 856 8901.

## Hljóðfæri



Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgihluta. Verð frá 29.000kr. EG-Tónar. Sími Akureyri 462 7374 & 6601648, sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610. Harmonikukennsla fyrir byrjendur.

Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

**Hrói Höttur Kópavogi**
**Bakarar, bílstjórar og símadömur óskast í fullt starf og hlutastarf. Góð vinna með skóla. Upplýsingar í síma 892 0557, Bergmann eða á staðnum.**

**Afgreiðslustarf**
**Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á dagvaktir virka daga frá 12-19 og aðra hvora helgi. Upplýsingar í síma 820 0065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir sendar í emali stodin@hn.is Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði.**

**Nonnabiti.**
**Rótgróinn veitingastaður í miðborginni óskar eftir jákvæðu og stundvísu fólki dag - kvöld, helgar og nætur vinnu. Fullt starf, vaktavinna, Sveigjanlegar vaktir, líflegt starfsumhverfi og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Upplýsingar í síma 846 3500.**

**Vantar þig vinnu!**
VDO ehf óskar eftir að ráða til starfa duglega og heiðarlega einstaklinga á öllum aldri. Laus störf til umsóknar eru: Vinna á hjólbarðaverkstæði, útkeyrsla á vörum, bílarafmagn, reiðhjólasamsetningar og annað tilfallandi. Áhugasamir hafi samband við Birnu í síma 892 0902.

**Laust starf í leikskóla.**
**Starfsmaður óskast á leikskólann Lindarborg, Lindargötu 26, Rvk. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 551 5390.**

**LaPrimavera**
**Óskum eftir starfskrafti í þrif, ræstingar og uppvask 5 daga vikunnar. Vinnutími frá 10-14. Uppl. á staðnum á milli 10-12 á mánudag eða í s. 898 1046.**

**Söluturn.**
**Söluturn við Laugaveginn, vantar starfskraft í afleysingar / hlutastarf. Opnunatími 10-18.00 alla daga. Upplýsingar í síma: 555 40 70 eftir kl. 19.00**

**Ræsting/Matráður**
**Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 60% starf. Unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

**Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?**
Tímaritaútgáfan Birtíngur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldsölu. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Europris óskar eftir starfsfólki í verslanir á Dalvegi og Lynghálsi. Heildagsstörf og hlutastörf í boði. Upplýsingar veittar á staðnum. Europris.

Tölvutæknimenn. Vegna nýrra verkefna óska BMS Tölvulausnir eftir að ráða tæknimenn á verkstæði. Umsóknir skulu berast á bms@bms.is fyrir 23. okt. 2006.

**„Spennandi" upptökur óskast**
Rauða Torgið vill kaupa „spennandi" upptöku kvenna. Þú tekur upp allan sólarhringinn í síma 535 9969. Frekari uppl. á www.raudatorgid.is

Kaffibrennslan, Pósthússtræti 9, óskar eftir starfsfólki í sal. Ef þú hefur áhuga að koma að vinna á góðum stað með skemmtilegu fólki endilega hafðu samband. Umsóknir eru á staðnum / e-mail brennslan@brennslan.is

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa í verslanir okkar. Vinnutími er frá kl. 07-13 virka daga. Einnig er möguleiki á helgarvinnu. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði í síma. 699 5423 eða á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is

**ATVINNA**




Tamningamaður óskast á búgarð í Californiu, USA. Góð laun í boði, góðir hestar. Starfið gengur út á þjálfun og kennslu. Tímabundið í 6-12 mán. Aldur 24-28 ára. Þarf að geta hafið starf upp úr miðjum nóv. Uppl. í s. 00 1 818 808 8087.

„Skólafólk" óskast í aukavinnu hjá heildsölu við ýmis störf. Umsóknir sendist fréttablaðinu á smaar@visir.is merkt: „Skólafólk"

**Rafvirkjar óskast**
Rafvirkjar eða menn vanir rafvirkjun óskast til starfa nú þegar. Uppl. í síma 893 7004.

Manneskju vantar í heimaþrif. Uppl. sendist á melgull@hotmail.com

**Smiðir!**
Getum bætt við okkur smiðum, fjölbreytt verkefni. Saga verktakar ehf. Uppl. í s. 898 3530.

Óska eftir að ráða meirabrófsbílstjóra. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 894 3944.

Beitningamaður! Vanur beitningamaður óskast strax á bát frá Reykjavík. Uppl. í síma 893 5458.

**Onyx ehf. seeking workers**
For pipe and bricklaying and machine men. Instructions: Trausti s. 896 6676.

**Vélamaður óskast**
Vantar vélamann á nýja hjólagröfu. Uppl. í s. 896 6676.

**Lagerumsjón og útkeyrsla**
Leitum eftir samviskusömum og þjónustuliprum einstaklingi til að sjá um útkeyrslu rekstrarvara og lagerumsjón. Hentar jafnt konum sem körlum, viðkomandi þarf að geta talað einhverja íslensku. Nánari uppl. 581 4000.

## Atvinna óskast

**Fólk með reynslu**
Hjón á besta aldri óska eftir atvinnutilboði. Helst á landsbyggðinni. Hann hefur mikla reynslu við atvinnurekstur og mannafla o.fl. Hún hefur reynslu við verslun. Viðkomandi sendi tölvupóst á gummi123@simnet.is og við höfum samband.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Hamborgarabúlla Tómasar, Mjólkurhristingur mjólkurhristingur. Hamborgarabúlla Tómasar.

Austurlenskt hlaðborð í hádeginu, 890,- kr. Badabing, Flatahrauni Hafnarfirði.

Fljótlegt, gott og austurlenskt á Badabing í hádeginu. Bada bing Flatahrauni Hafnarfirði.

Steikartilboð. Vitaborgarinn, Ármúla.

Hamborgarabúlla Tómasar, Takk fyrir góðar móttökur. Hamborgarabúlla Tómasar.

Kjúklingur í ostrusósu, kjúklingur í ostrusósu Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Austurlenskur takeaway Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Djúpsteiktar rækjur, djúpsteiktar rækjur á Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Fjölskylduhátíð í Vetrargarðinum í Smáralind í dag klukkan 13. Kanadísk menningarhátíð í Kópavogi.

Potturinn og Pannan Sjávarréttapanna Brautarholti 22

Brúðuleikrit um Leif Heppna í dag laugardag klukkan 13 á Kanadískri menningarhátíð. Lindasafn, Núpalind 7.

Potturinn og Pannan, Lamb-Bernes. Brautarholti 22.

Potturinn og Pannan, ný veiddur humar, Brautarholti 22

## Einkamál















VW Golf '95 1400GL ek. 130 þ. km. Verð 200 þús. s. 856 7137.



**Símaspjall 908 2020**
Ertu nátthrafn? Ertu einmanna ? Ertu til í spjall ? Er alltaf við, hvenær sem þig langar.



Legacy 2.5 árg '00 ek. 119 þús. Leður cruise, loftkæling, 350 þús. út og lán 490 þús. S. 862 2554.



Til sölu BMW 523 IA steptronic bíllinn er '99 árgerð og ekinn 120 þúsund km, leður, topplúga og cruisecontrol verð 1.790.000. Uppl. í s. 660 2855.

Kona, leitar þú ævintýra? Nýttu þér gjaldfrjálsa símaþjónustu Rauða Torgsins í sima 555 4321.

Skoðaðu nýja heimasíðu Rauða Torgsins: allt um símaþjónusturnar, „Myndasafnið þitt" fyrir myndirnar þínar, fjölbreyttir tekjumöguleikar fyrir laglegar konur, og fleira freistandi. Vertu velkomin/n. www.raudatorgid.is.

Ertu nátthrafn? Addí símadama á Rauða Torginu er alltaf við frá kl. 24:00 til 04:00 (og líka oft eftir kl. 17:00 og mikið um helgar og...) Sími 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535 9999 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 199,90 mín).

Nissan Sunny slx árg. '94 ek. 108 þús., sjálfsk., sk.' 07. Upplýsingar í s. 895 9210.

MMC-L200 breytur fyrir 38", 35" fylgja með , verð 300.000 , sími 694 5242.

Námsmaður óskar eftir meðleigjanda í 3.herbergja íbúð í 200 kóp. Uppl. í síma 821 1612

Ég er 55 ára kk. reglus. Ég óska eftir að kynnast konu með náin kynni í huga. Þær sem hafa áhuga hringi í s. 820 3247.

**908 6050 & 908 2000**
Karlmenn karlmenn! Eruði hressir ? eruði í stuði ? Magga er nýbyrjuð og er við laugardags og sunnudagskvöld og stundum á virkum dögum. Okkur langar að heyra í ykkur. Hringiði í okkur og við verðum draumadísirnar ykkar í allanótt. Lilja, Birta og Magga.



# Kópavogsbær

## Rjúpnahæð vesturhluti. Úthlutun á byggingarétti.

**Kópavogsbær auglýsir byggingarétt til úthlutunar á eftirtöldum lóðum:**

1.
**Einbýlishús á einni hæð.**
Um er að ræða 9 lóðir fyrir einbýlishús á einni hæð:
Austurkór nr. 85, 87, 89, 91, 93, 95, 127, 129 og 161.
Bent er á að hreyfihamlaðir hafa forgang á úthlutun byggingaréttar að Austukór 127 og 129.

2.
**Einbýlishús á einni hæð auk kjallara.**
Um er að ræða 27 lóðir fyrir einbýlishús á einni hæð auk kjallara:
Austurkór nr. 12, 14, 16, 18, 20, 22, 40, 42, 44, 46, 48, 50, 52, 54, 64, 66, 105, 107, 109, 123, 125, 135, 137, 139, 153, 155 og 157.

3.
**Einbýlishús á tveimur hæðum.**
Um er að ræða 24 lóðir fyrir tveggja hæða einbýlishús:
Austurkór nr. 4, 6, 8, 10, 24, 26, 28, 30, 32, 34, 36, 38, 56, 58, 60, 62, 111, 113, 115, 117, 141, 143 og 159.

4.
**Parhús á einni hæð.**
Um er að ræða eitt parhús (2 íbúðir) á einni hæð:
Austurkór nr. 163 og 165.

5.
**Parhús á einni hæð auk kjallara.**
Um er að ræða tvö parhús (4 íbúðir) á einni hæð auk kjallara:
Austurkór nr. 68, 70, 72 og 74.

6.
**Parhús á tveimur hæðum.**
Um er að ræða 7 parhús (14 íbúðir) á tveimur hæðum:
Austurkór nr. 81, 83, 97, 99, 101, 103, 119, 121, 131, 133, 145, 147, 149 og 151.

7.
**Fjölbýlishús (fjórbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara).**
Um er að ræða 9 fjórbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara:
Austurkór nr. 76, 78, 80, 82, 84, 86, 88, 90 og 92.

8.
**Fjölbýli á 3 hæðum auk kjallara.**
Austurkór 79 (6 íbúðir). Um er að ræða byggingarétt fyrir eitt fjölbýlishús.

**Einnig er hægt að sækja um ákveðið svæði til vara og er um að ræða tvö svæði, svæði 1 og svæði 2:**

**Svæði 1 - tekur til byggingaréttar á lóðum**
Austurkór 4 - 92 (sléttar tölur).

**Svæði 2 - tekur til byggingaréttar á lóðum**
Austurkór 79 - 159 (odda tölur)

**Lóðagjöld.**
Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld:

Einbýlishús 12,3 milljónir kr
(miðað við 700 m3)

Parhús 8.6 milljónir kr. (á íbúð)
(miðað við 600 m3)

Fjórbýlishús 6.1 milljónir kr. (á íbúð)
(miðað við 450 m3)

Fjölbýlishús 4.7 milljónir kr. (á íbúð)
(Miðað við 300 m3)

Gert er ráð fyrir að ofangreindar lóðir verði byggingarhæfar í desember 2007.

Skipulagsuppdráttur ásamt umsóknareyðublöðum og úthlutunarreglum, fást afhent á Tæknideild Kópavogs, Fannborg 2, 3 hæð frá kl. 8-15:30 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8-14 frá mánudeginum 16. október 2006.
Úthlutunargögn fást afhent fyrir kr. 1000 en einnig er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu Kópavogs www.kopavogur.is

Umsóknum skal skilað á sama stað **fyrir kl. 16:00 mánudaginn 30. október 2006.**
**Vakin er athygli á reglum Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarétti fyrir íbúðarhúsnæði. Þá er jafnframt vakin sérstök athygli á því að umsóknum einstaklinga um byggingarétt þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnunar á greiðsluhæfi. Fyrir umsækjendur einbýlishúsalóða kr. 35 milljónir og fyrir umsækjendur parhúsa kr. 30 milljónir. Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2005 og eða milliuppgjöri fyrir árið 2006 árituðum af löggiltum endurskoðendum. Yfirlýsing frá banka og lánastofnunar um greiðsluhæfi og lánamöguleika umsækjenda skal vera án fyrirvara. Æskilegt er að umsækjendur leggi inn skattframtal. Byggingaréttiá lóðum verður úthlutað með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.**

Bæjarstjórinn í Kópavogi.




**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!
*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið








Það er gott að búa á austurlandi

# Reyðarfjörður - Melgerði 13

TIL SÖLU











## 2. og 3. herbergja íbúðir

Vandaðar íbúðir fyrir heldri borgara. Íbúðirnar eru hannaðar að þörfum eldri borgara og hreyfihamlaðra með góðu aðgengi í huga.

Sveitarfélagið leggur til stórglæsilega þjónustumiðstöð fyrir félagsstarf aldraða á 2. hæð hússins.

**Íbúðirnar verða afhentar kaupendum í nóvember 2006.**

2 herb. verð frá KR. 12.250.000*

3 herb. verð frá KR. 16.200.000*

NÚ ER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR, ÖRFÁAR ÍBÚÐIR EFTIR!

*Verðlisti er bundin byggingarvísitölu mars mánaðar 2006, (325,3)

ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS
567 3400

Fasteigna- og skipasala Austurlands ehf.
580 7905

Nánari upplýsingar á netinu: www.nmedia.is/ffa

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

allt heimili
Alla fimmtudaga

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

## OPIÐ HÚS Í DAG MILLI 14.00 - 16.00



**Akkurat FASTEIGNASALA**
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

### FÍFUMÓAR 5B - NJARÐVÍK.

Skemmtileg 3ja herb. íb. á 3.hæð (efstu) í litlu fjölbýli. Suðvestursvalir. Rólegt hverfi og stutt í alla þjónustu. **VERÐ 10,5 millj.**

MARÍA OG ÓLI TAKA Á MÓTI ÞÉR OG ÞÍNUM: 4213026 - 6992583

## OPIÐ HÚS 21. OG 22 OKT. (LAU/SUN) FRÁ 14:00-16:00 BÁÐA DAGANA



**Akkurat FASTEIGNASALA**
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

### KETILHÚSHAGI LÓÐ 34

Gott 48,2 fm sumarhús ásamt óskráðu ca. 22,5 fm svefnlolfti (samtals ca 70 fm)sem stendur á gróinni og mjög fallegri lóð úr landi Gunnarsholts. **STUTT Á SÖGUSLÓÐIR OG Í GOLF.**

**Leiðarlýsing:** keyrt austur að afleggjaranum að Gunnarsholti (milli Hellu og Hvolsvallar). Inn afleggjarann og nokkurn spöl þar til komið er að hitaveituskúr á hægri hönd, þar er beygt til hægri, svo aftur til hægri og niður þar sem afleggjarinn kvíslast og þá er bústaðurinn fyrstur á vinstri hönd (komið að horni lóðarinnar). ***VERÐ 12,0 Millj.***

ÓSKAR OG HANNA TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG ÞÍNUM: 8482771 / 695-4512

## Frábært tækifæri

RE/MAX STJARNAN





**Sunnubúðir** 104-105 Rvk.
VERSLUNARREKSTUR

**Sunnubúðirnar** við Mávahlíð og við Álfheima eru til sölu. Búðirnar eru báðar í **góðum rekstri** og vel **staðsettar í rótgrónum hverfum**. Verslanirnar eru **snyrtilegar** á allan hátt og eru með trygga viðskiptavini og **góð viðskiptasambönd**. Verslanirnar er vel skipulagðar með góðu afgreiðslukerfi, [illegible] kerfi. **Gott aðgengi** er að verslununum. **Veltan er stöðug og vaxandi.** Góðir samningar eru við birgja og Lottó. **Geymslurými** fyrir vörulager er gott í báðum verslununum. **Mjög góðir kælar** fyrir mjólkurvörur og gosdrykki. Hagstæðir leigusamningar.

899 4420
899 5200

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.
www.remax.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali




**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA

**Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk**

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is






# Vesturvör 36, Kóp - Glæsilegt

Til sölu/leigu á þessum frábæra stað við sjávarsíðuna, glæsilegt nýtt 1012 fm. atvinnuhúsnæði. Húsnæðið skiptist þannig: Salur ca 500 fm. Lofthæð allt að 8 metrar, nokkrar góðar innkeyrsludyr. Verkstæði/lager ca 250 fm. með 3 metra lofthæð. Efri hæð ca. 250 fm: skrifstofur, starfsmannaðstaða, glæsilegt útsýni. Rúmgóð athafnalóð, hellulögð, mjög góð aðkoma. Vönduð eign. Húsnæðið er til afhendingar mjög fljótlega.

**Allar nánari upplýsingar gefa Hilmar og Helgi Jón á skrifstofu Hraunhamars.**

# DRAUMAHELGI

## *Gott letikast eftir sýningu*



Valgerði Rúnarsdóttur, dansara hjá Íslenska dansflokknum, dreymir um rólega helgi eftir velgengni verksins „Hver um sig“, sem hún samdi með Aðalheiði Halldórsdóttur, en saman skipa þær sköpunardúettinn Vaðal.

„Því fylgir skrítin tilfinning að sjá eigið verk komið í hendurnar á öðrum, en það var notalegt að fylgjast með því úti í sal og sjá ævintýrið verða að veruleika,“ segir Valgerður. „Frumsýningin gekk vonum framar.“

Valgerður hélt upp á velheppnaða frumsýningu í góðra vina hópi. „Partíið stóð lengi og framundan er fullt af skemmtilegum verkefnum,“ segir hún. „Mín draumahelgi væri eiginlega að skreppa í gott nudd á föstudegi og almennt heilsu spa á laugardegi, sérstaklega þar sem ég er að dansa í öðru verki um þessar mundir og er þar af leiðandi frekar lúin í líkamanum.“

Valgerður myndi vilja framlengja letikastið fram á sunnudag, hafa það rólegt og notalegt fram eftir degi og fara síðan út að borða í góðum félagsskap þegar nær hallaði kvöldi. „Þetta yrði góður tími til að búa sig undir næstu verkefni, enda nóg af spennandi hlutum að gerast hjá Íslenska dansflokknum,“ segir hún hress í bragði.

*- rve*







## VISSIR ÞÚ...

að þéttriðnasta vegakerfi heims er að finna í Makaó? Makaó var áður portúgölsk nýlenda en er nú sjálfstjórnarhérað í Kína. Þar eru 19,6 km af vegum á hvern ferkílómetra í landinu.

að í Bandaríkjunum er stærsta vegakerfi heims? Þar er þéttleikinn þó ekki nema 0,69 km á ferkílómetra.

að mestur umferðarþungi í heiminum er á akbrautum Hong Kong? Þar eru skráð 286,7 vélknúin ökutæki á hvern vegkílómetra.

að næstmestur umferðarþungi er í Sameinuðu arabísku furstadæmunum? Þar eru 231,6 ökutæki skráð á hvern km.

að í Bandaríkjunum er 34,1 ökutæki á hvern km?

að mest notaða vegakerfi heims er í Indónesíu? Hver einasti kílómetri af vegum landsins er ekinn átta milljón sinnum á ári.

að lengsta áætlunarleið rútu er svonefnd Frelsaraleið? Hún er 9.660 km löng en langferðabifreiðar Expreso Internacional Ormeno SA í Líma í Perú aka þessa leið. Hún tengir saman Karakas í Venesúela og Búenos Aíres í Argentínu. Alls er ekið í gegnum sex suðurameríksar höfuðborgir á leiðinni. Ferðin tekur 214 klukkustundir sem eru tæplega níu sólarhringar.

að stærsta höfn miðað við umfang farms er í Singapúr? Árið 2004 voru 393 milljónir tonna af ýmsum varningi fluttar um höfnina þar. Þar af voru 223 milljónir tonna í gámum en svo var 129 tonnum af olíu skipað upp í höfninni.

að boðið var upp á fyrstu áætlunarferð með svifnökkva árið 1962? Þetta var í Bretlandi og farið var á svifnökkva yfir Dee-árósinn.

að Michael Bartlett frá Bretlandi á metið í flugferðum á einum mánuði? Bartlett átti Skypass mánaðarkort til að fljúga 128 sinnum milli Lundúna og Brussel frá 18. október-17. nóvember 1990. Hann lét hefta miðana sem hann notaði saman svo að þeir mynduðu 25,3 metra langa lengju. Alls lagði hann að baki 41.771 km í þeim mánuði.

að Tae Oka frá Japan fór í sjötíu flugferðir á sjö dögum? Hann flaug með Thai Airways International dagana 14. til 20. febrúar 2001.

að stærsti flugvöllur miðað við fjölda flugvéla er alþjóðaflugvöllurinn O'Hare í Chicago, Illinois. Alls hófu sig á loft og lentu 928.691 flugvélar árið 2003.

að Fred Finn hefur manna oftast flogið í hljóðfrárri þotu? Í febrúar 2003 hafði hann farið 718 sinnum yfir Atlantshafið á concorde-þotu.

að lengsta farþegaáætlunarflugið er milli Singapúr og New York? Leiðin er 16.600 km löng og það tekur Airbus A340-500 vélina átján klukkustundir að komast á áfangastað.

að vinsælasta ferðamannalandið er Frakkland? Árið 2003 komu þangað 75 milljónir erlendra ferðamanna.



VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hvaða áhrif hefur hungurverkfall á líkamann?


GHANDI

Við föstu eða svelti þarf líkaminn að treysta á eigin birgðir af orkugefandi næringarefnum. Fyrst um sinn nýtir hann birgðir sínar af kolvetnum og fitu, en kolvetnabirgðirnar, sem eru fyrst og fremst á formi glúkósa (þrúgusykurs) í glýkógensameindum, klárast á aðeins nokkrum klukkustundum.

**Heilinn þarf glúkósa**
Þar sem heilinn, ásamt miðtaugakerfinu öllu, kýs að langmestu leyti glúkósa sem sinn „eldsneytisgjafa“, er líkamanum vandi á höndum þegar glúkósabirgðirnar eru uppurnar. Heilinn er orkufrekur og nýtir í hvíld um fimmtung af heildarorkunotkun líkamans. Fituforði líkamans er oft nægur til að gefa flestum líkamsvefjum orku til lengri tíma en hann getur aðeins að litlu leyti umbreyst í glúkósa. Á hinn bóginn eru ákveðnar amínósýrur, en svo nefnast grunneiningar prótína, kjörið hráefni í glúkósaframleiðslu og byrjar líkaminn því að ganga á eigin prótín, til dæmis í vöðvum og lifur, til að framleiða glúkósa fyrir heilann.

**Líkaminn sparar orku**
Þar sem slíkt gæti aldrei gengið til lengdar, meðal annars vegna mikilvægis líkamsprótínanna, byrjar líkaminn fljótlega að framleiða svonefnda ketóna úr fitu. Hluti heilans getur nýtt sér ketóna og smám saman kemst líkaminn í ástand sem nefnist ketósa. Sveltið sem leiðir til ketósunnar dregur úr matarlyst og einnig hægist á efnaskiptum þannig að líkaminn verður sparsamari á alla orku. Með þessu lagar líkaminn sig að ástandinu til að geta þraukað sem lengst.

**Hungurverkfall með vatni**
Þeir sem fara í hungurverkfall leyfa sér yfirleitt að neyta vatns, jafnvel með örlitlu salti, því ekki er hægt að lifa nema örfáa daga án vatns. Það má segja að hungurverkfall með vatni gangi yfirleitt þokkalega fyrstu vikuna, hungurverkir og magakrampar ættu að hverfa eftir 2-3 daga. Eftir hálfan mánuð eða svo eru einkenni oft orðin töluverð, einstaklingar eru orðnir máttlitlir og svimagjarnir og eiga erfitt með að standa uppréttir eða geta það jafnvel alls ekki.

**Hætta á ofþornun**
Þegar líður á hungurverkfallið eykst hætta á ofþornun þar sem þorsta- og hungurviðbrögð dofna, en mikilvægt er að drekka einn og hálfan lítra af vatni daglega. Við lok fyrsta mánaðar hungurverkfalls eru einkenni hugsanlega orðin svo alvarleg að nauðsynlegt reynist að leggja viðkomandi á sjúkrahús.

**Alvarleg einkenni eftir fyrsta mánuðinn**
Eftir fyrsta mánuðinn tekur við mjög óþægilegt tímabil með svokallaðri augnriðu, ógleði og uppköstum. Þegar hér er komið í sögu á viðkomandi orðið mjög erfitt með að kyngja vatni. Þetta tímabil stendur yfir í um það bil viku en eftir það er einstaklingurinn orðinn mjög veikburða og vart með sjálfum sér. Hann getur tapað heyrn og jafnvel sjón vegna blæðinga í augnhimnu og öll líkamsstarfsemi og efnaskiptavirkni eru nú í algjöru lágmarki.

**Líkaminn gefst upp**
Um það bil 60 dögum (getur verið frá 45-75 dögum) eftir að hungurverkfall hefst, gefst líkaminn upp og viðkomandi deyr, til dæmis af völdum hjartaáfalls eða alvarlegra hjartsláttartruflana af völdum skorts á B1-vítamíni.

**Hungurverkfall með einföldum kolvetnum**
Sumir sem fara í hungurverkfall leyfa sér að borða einföld kolvetni eða jafnvel flóknari matvæli á borð við mjólk eða egg. Við þetta lengjast lífslíkurnar talsvert, jafnvel þó einungis fárra hitaeininga sé neytt.

**Að hungurverkfalli loknu**
Að lokum má benda á að þegar hungurverkfalli er hætt og taka á til við að borða aftur er afar mikilvægt að fara varlega í sakirnar. Ef hungurverkfallið stóð yfir í 3 vikur eða lengur, þarf fæðugjöf að fara fram á sjúkrahúsi undir eftirliti í nokkra daga, annars er hætta á ferðum.

*Björn Sigurður Gunnarsson, matvæla- og næringarfræðingur*

## Hvað verður um sjóinn þegar það er fjara?

Vatnið í sjónum varðveitist og getur ekki eyðst eða orðið að engu við venjulegar aðstæður. Sjávarbotninn er heill og breytist ekki heldur þannig að það getur ekki lækkað í sjónum af þeim sökum eins og þegar við tökum tappa úr vaski. Vatn þjappast mjög lítið saman undir þrýstingi og auk þess er ekkert endilega meiri þrýstingur þegar fjara er heldur en flóð.

**Hvaðan kemur vatnið þegar flæðir?**
Hvað verður þá um sjóinn þegar það er fjara? Kannski opnast svarið fyrir okkur ef við setjum fram nýja spurningu: Hvaðan kemur vatnið þegar það er flóð? Gæti kannski verið að það kæmi frá þeim stöðum þar sem fjara er á sama tíma?

**Tunglið og sjávarföllin**
Tunglið er helsta orsök sjávarfalla á jörðinni en sólin kemur þó einnig við sögu. Tunglið veldur bungu eða bylgju á sjónum á þeirri hlið sem að því snýr og einnig á hinni hliðinni sem snýr frá tunglinu. Vatnið í þessar tvær bylgjur kemur frá svæðinu á milli þeirra; þar lækkar sjávarborðið og við segjum að þá sé fjara. Bylgjurnar tvær og allt mynstrið sem fylgir þeim fylgir svo hreyfingu tunglsins miðað við jörð og fer einn hring á einum sólarhring og 50 mínútum.

Þegar fjara er hafa sól og tungl sem sé togað hluta vatnsins þangað sem flóð er á sama tíma, og fjara og flóð breyta síðan um stað vegna snúnings jarðar.

Á Vísindavefnum er að finna fleiri og ítarlegri svör um sjávarföll.

*Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í vísindasögu og eðlisfræði*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Slóð Vísindavefsins er www.visindavefur.hi.is.

NÝTT&
FERSKARA
BLAÐ




**Jói Fel**
hvatti Guðrúnu Söru til að ganga á ný




**Fallegasta hárið á Íslandi**
Hér og nú með ítarlega umfjöllun




**Glamúr og gleði**
á lokahófi KSÍ




NÝTT BLAÐ ER KOMIÐ ÚT



**MAMMA GEYMIR GULLIN ÞÍN** Leggur og skel ganga í endurnýjun lífdaga í Völuskríni Þóreyjar, sem bregður á leik með börnum sínum Vilhjálmi og Ragnheiði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tískan, jafnréttið & Þórey

Á ferilskrá Þóreyjar Vilhjálmsdóttur má meðal annars finna umboðsskrifstofu fyrir fyrirsætur, baráttudag gegn kynferðisofbeldi og spánýja leikfangalínu. *Bergsteinn Sigurðsson* ræddi við Þóreyju um nýju gullin, V-daginn og jafnréttið í fyrirsætubransanum.

Ég held að foreldrar og börn vilji leikföng sem virkja ímyndunaraflið," segir Þórey um Völuskrínið sitt, þar sem leggurinn og skelin ganga í endurnýjun lífdaga eftir nokkurra kynslóða hlé.

Eins þjóðleg og hugmyndin að leikfanginu er, á hún ekki síður rætur að rekja til útlanda. „Ég hef tekið á móti mörgum útlendingum í tengslum við starf mitt í gegnum tíðina og orðið vör við að það er ekkert úrval af minjagripum handa börnum. Hvað eftir annað hef ég farið tómhent út úr minjagripaverslunum. Mér fannst þetta svo mikil synd og fór að hugsa um hvað væri hægt að gera úr íslenskum menningararfi sem höfðaði til barna og þá datt mér leggur og skel strax í hug. Ég gekk lengi með þessa hugmynd í maganum, í um tvö ár, þangað til ég fór á Árbæjarsafn þar sem mér var sagt að börnin væru yfir sig hrifin af leggnum og skelinni þar. Þá ákvað ég að kýla á þetta. Ég fékk Lóu mágkonu mína til að hanna þetta fyrir mig með þessum frábæra árangri. Og þetta er bara byrjunin því Völuskrínið verður heil leikfangalína.

### Lít tískuheiminn öðrum augum

Þórey er annar stofnandi bæði Eskimo Models og V-dagsins á Íslandi. Sumum kemur það ef til vill spánskt fyrir sjónir að sama manneskjan hafi stofnað umboðsskrifstofu fyrir fyrirsætur og samtök sem berjast fyrir kynjajafnrétti og gegn ofbeldi á konum.

„Nei, módelbransinn er ekki beisinn grundvöllur fyrir jafnréttisbaráttunni," viðurkennir hún. „Ég hef alltaf verið jafnréttissinni en ég sagði ekki skilið við tískuheiminn af þeim ástæðum. Ég var bara búin að fá nóg. Hins vegar hefur hugsunarháttur minn breyst mjög mikið síðan, ég er miklu harðari femínisti en ég var og lít módelbransann öðrum augum en ég gerði. Ég veit að margar ungar stúlkur dreymir að verða módel og ætla ekki að letja þær til þess. Aftur á móti er mikilvægt að þær geri sér grein fyrir hvað þær eru að fara út í, því í þessum bransa þarf maður að vera viss um sig og sitt. Sá sem er óöruggur með sig á ekki erindi í módelbransann og það verður að segjast eins og er að fáir eru nógu harðir af sér þegar þeir eru átján eða nítján ára til að geta þetta. Ég myndi að minnsta kosti hugsa mig um tvisvar áður en ég hleypti börnunum mínum í þennan módelbransa."

### Listin og viðskiptin

Þórey stofnaði Eskimo Models ásamt Ástu Kristjánsdóttur á sínum tíma en seldi sinn hlut í fyrirtækinu. „Leiðir bara skildu," útskýrir hún samstarfsslitin. „Við Ásta vorum ósammála um hvaða leiðir ætti að fara, eins og gerist stundum þegar fyrirtæki stækka hratt og breytast." Hjá Eskimo Models kviknaði áhugi Þóreyjar á viðskiptum og þegar hún hætti, skráði hún sig í markaðs- og útflutningsfræði hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og lauk síðar B.S.-prófi í viðskiptafræði frá sama skóla. „Ég ætlaði alltaf að vera fatahönnuður þegar ég var yngri. Ég fann hins vegar að fyrirtækjareksturinn átti vel við mig. Það eru svo margar hliðar á viðskiptafræðinni, ég hef verið svo lánsöm að geta unnið með skapandi fólki og getað tengt saman listir og viðskipti. Það er ekkert því til fyrirstöðu að láta þetta tvennt fara saman."

### Féll fyrir Ensler

Undanfarin fimm ár hefur V-dagurinn verið haldinn hér á landi. Þórey stofnaði íslensku V-dagssamtökin í félagi við Ingibjörgu Stefánsdóttur, vinkonu sína og leikkonu en umræða um kynferðisafbrot hafði verið áberandi í tengslum við Eldborgarhátíðina. „Þessi mál voru ofarlega baugi um þær mundir. Hvernig gat staðið á því að fjölmörgum konum var nauðgað á einni helgi og það var nánast álitið eðlilegur fylgifiskur útihátíðar?

Þess vegna talaði hugmyndin um V-daginn svo sterkt til okkar. Ingibjörgu hafði reyndar lengi langað að setja upp Píkusögur, hún myndi leika og ég framleiða. En þegar við sáum Eve Ensler, stofnanda V-dagsins, í sjónvarpsþætti heilluðumst við gjörsamlega af henni og hugmyndinni um skemmtidagskrá með þessum formerkjum. Það vildi svo til að ég var að fara til New York skömmu síðar og ég notaði tækifærið til að kynna mér málið betur og tryggði okkur umboðið fyrir V-deginum á Íslandi, sem hefur stækkað með hverju ári. Síðast fengum við til dæmis konur á þingi til að leika Píkusögur sem var frábært. Þær stóðu sig ótrúlega vel."



„Ég myndi að minnsta kosti hugsa mig um tvisvar áður en ég hleypti börnunum mínum í þennan módelbransa.

### Í prófkjörsslag með tengdamömmu

Þórey er í sambúð með Ríkharði Daðasyni, hagfræðingi og fyrrum atvinnumanni í knattspyrnu. Saman eiga þau dótturina Ragnheiði, eins árs, og fyrir á hún soninn Vilhjálm Kaldal, átta ára. „Mér finnst merkilegt að ég finn ekki mikinn mun á því að eiga barn núna og fyrir átta árum, til dæmis hvað varðar dagvistun. Það hefur lítið lagast. En hvað sjálfa mig snertir finn ég auðvitað mikinn mun, ég er bæði eldri og reynslunni ríkari. Ég myndi segja að ég væri mikil fjölskyldukona."

Það er mikið annríki á heimilinu þessa dagana. Auk þess að koma leikfangi á markað stundar Þórey MBA-nám við Háskólann í Reyjavík, stendur í flutningum og er búin að hella sér í prófkjörsslag með tengdamóður sinni, Ragnheiði Ríkharðsdóttur, sem býður sig fram í þriðja sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.

„Já, ég myndi segja að ég sé sjálfstæðismaður," segir Þórey, þó dálítið hikandi. „Ég viðurkenni að ég á stundum erfitt með að staðsetja mig í flokknum út af jafnréttismálunum. En ég styð tengdamömmu heils hugar og finnst gaman að taka þátt í baráttunni með henni."

Sjálf hefur hún þó engan hug á að hella sér í pólitíkina. „Ég hef ekki áhuga á því. Að minnsta kosti ekki núna eða næstu árin. Ég veit auðvitað ekkert hvert lífið á eftir að leiða mig, ég er ekki sú manngerð sem sér fyrir sér fyrir hvar hún verður stödd í lífinu eftir fimm ár. Ég hef reyndar lofað mér að vera búin með meistaranám fyrir fertugt. Annars finnst mér nóg að vona að ég verði hamingjusöm. ■

# Ótrúlegt verð

## Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind, Kringlu og á Akureyri



**Indesit kæliskápur með frysti**
- 140cm kæliskápur með frysti
- 230 lítrar - kælir 184 ltr. og frystir 46 ltr.
- 2 hurðir og frystir fyrir ofan kæli
- Orkunýting A
- 4 hillur og 2 skúffur í kæli
- 1 hilla í frysti
- Mál (hxbxd): 140x55x60

TILBOÐ **44.990kr**
Verð áður 52.990,-



**General Frost kæliskápur**
- 145cm kæliskápur með frysti
- 261 lítrar brúttó, kælir 170 ltr. og frystir 61 ltr.
- 2 hurðir og frystir fyrir neðan kæli
- Orkunýting A
- Hljóð: 40dB
- 3 hillur og 2 skúffur í kæli
- 1 hilla og 1 skúffa í frysti ásamt klakahólfi
- Mál (hxbxd): 145x60x60
- Litur: hvítur

TILBOÐ **49.990kr**
Verð áður 64.990,-





Whirlpool

**Whirlpool frystikista**
- 327 lítra frystikista
- Frystigeta 24kg. á sólarhring
- Space Manager grindakerfið fylgir
  - auðvelt að hólfa kistuna niður
- 3 körfur fylgja
- Á hjólum
- Með lás
- Ljós í kistunni
- Orkunýting B
- Mál (hxbxd): 88,5x112x66

TILBOÐ **46.990kr**
Verð áður 54.990,-

Whirlpool

**Whirlpool frystiskápur**
- 180cm og 235 lítra frystiskápur
- Stafræn hitastilling
- Frystigeta 24 kg. á sólarhring
- 2 glærar hillur og 5 glærar skúffur
- Mál (hxbxd): 180x60x60

TILBOÐ **59.990kr**
Verð áður 79.990,-

**Indesit þvottavél**
- 1200 snúninga og 5 kg þvottavél
- Rafeinda/mekanískur kerfisveljari
- Hitastillir 0-90°
- Hámarksvinda 1200 snúningar
- Tekur 5kg af þurrum þvotti
- Ullarvagga/handþvottur
- Time4You, 4 hraðkerfi
- Sport, kerfi fyrir skó og íþróttafatnað
- Þvotthæfni A
- Orkunýting A+
- Vinduhæfni B
- Stærð í cm (bxhxd): 59,5x85x52,5

TILBOÐ **49.995kr**
Verð áður 54.995,-



**Indesit þurrkari**
- Tvíátta barkalaus þurrkari
- Tekur 7kg í þurrkun
- 2 hitastig
- Orkunýting C
- Stærð í cm (bxhxd): 59.5x85x59.5

TILBOÐ **44.990kr**
Verð áður 46.990,-





**Frystikista**
- 101 lítra frystikista
- Frystigeta: 8kg. á sólarhring
- Orkunýting C
- Hljóð: 38dB
- Danfoss kælipressa
- Framleidd í Danmörku
- Mál í cm (hxbxd): 82,5x55x55

TILBOÐ **24.990kr**
Verð áður 29.990,-

Gildir til 25. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Í sjallakaffi

Það er hátíð í bæ hjá kaffiþyrstum kökuætum. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík stendur fyrir prófkjöri n.k. föstudag og laugardag og út um allan bæ hafa nú vongóðir frambjóðendur opnað kosningaskrifstofur. *Dr. Gunni* flakkaði á milli, kynnti sér stemminguna og ekki síst bakkelsið.

Ég hef aldrei farið á kosningaskrifstofu áður. Mér finnst þetta allt saman hálf skrýtið, að hafa svona mikið fyrir því að fá vinnu næstu fjögur árin. Vinnu sem þýðir endalaust at og aðkast og er ekki einu sinni svo vel borguð. Ef maður nennti væri auðveldlega hægt að spara sér matarinnkaup fjölskyldunnar í tvær vikur með því að flakka á milli frambjóðenda. Þeir myndu varla fara að mótmæla þegar maður mætti glorsoltinn í sjöunda skiptið enda hvert atkvæði greinilega fokdýrt.

**Hnallþórur á leiðinni**

Það er miðvikudagur og klukkan er eitthvað yfir fjögur. Ég og sonur minn brunum niður í Skúlagötu 51 til Björns Bjarnasonar. Ég er dálítið stressaður, býst við að Björn sé á staðnum og ég þurfi að rökræða við hann um varnarmál eða eitthvað. Ég er búinn að ákveða að snúa umræðunni strax að verkum Quentin Tarantino, minnugur þess að Birni fannst Kill Bill 1 og 2 bestu myndirnar í fyrra.

Áform mín reynast óþörf því Björn er ekki á svæðinu. „Hann er nú yfirleitt hérna seinni partinn," segir Pétur kosningastjóri. Þetta er risapláss sem við erum í, leðursófi, ágætt barnahorn með Disneylitabókum og myndir eftir Pétur Friðrik á veggjum. Pétur kosningastjóri segir að annars staðar í húsinu sé úthringiaðstaðan, en kosningabaráttan fer víst mikið fram með því að sjálfboðaliðar hringja í flokksmenn og kynna þeim kosti frambjóðandans. Það er risavaxið verkefni því skráðir Sjálfstæðismenn í Reykjavík eru 22 þúsund talsins.

„Ég ætla nú að vona að aðrir frambjóðendur sigri okkur í veitingunum enda er ekki markmiðið að sigra í þeim flokki," segir kosningastjórinn afsakandi. Hlaðborð Björns samanstendur af átta kleinum í gullskál og einni tegund af súkkulaðikexi. En kaffið er gott og það hefur verið splæst í kaffirjóma. „Það bætast við hnallþórur í næstu viku, þegar fúttið hefst fyrir alvöru," lofar Pétur. Því miður er ekki boðið upp á blöðrur með andliti Björns og svo ég geri mér glæsilega litmynd af dómsmálaráðherranum að góðu.

**Illugaland slær í gegn**

Næst er komið að spútnikmanninum Illuga Gunnarssyni. Hann er í enn stærra húsnæði á Suðurlandsbraut. Ég sé hann keyra burtu á jeppanum þegar við mætum. Þarna er Magnús Skjás eins stjóri eitthvað að sniglast og Hlynur úr fasteignasjónvarpinu, sem er kosningastjóri, spígsorar um með blátönn í eyranu. Auður skrifstofustjóri tekur á móti okkur og sonur minn sýnir barnalandi Illuga strax mikinn áhuga. „Illugi á engin börn sjálfur en hann hefur unun af því að vera með frændsystkinum sínum," segir Auður. Barnaaðstaðan hjá Illuga er langmetnaðarfyllst af þeim sex frambjóðendum sem ég heimsæki. Það er hægt að loka börnin inni í grindverki og nóg er þar af dóti til að halda þeim ánægðum. Bakkelsið er líka mun betra en hjá Birni. Ég tel 12 tegundir. Þarna er nýmóðins kaffivél, vatnstankur og flygill. „Illugi tekur oft í flygillinn og gestir mega líka spila ef þeir vilja," segir Auður. Hún sýnir mér úthringiaðstöðuna, slatta af ósamstæðum tölvum og símum. Illugi hefur látið sérprenta fyrir sig á blöðrur og penna sem við feðgar fáum að hirða loksins þegar mér tekst að dobbla soninn úr barnalandinu.

**Tærar hugmyndir og frosnar vöfflur**

Ásta Möller er í mun minna húsnæði í Ármúlanum, sem gerir kosningaskrifsstofuna líka persónulegri. Ásta er ekki á svæðinu en maðurinn hennar tekur á móti okkur. Hann er hinn hressasti og sýnir mér bakkelsið. Fimm tegundir af kökum, kók og kaffi. „Við erum mikið í te-inu," segir hr. Möller. „Hér er epla- og appelsínute og svo er hér te sem Ástu var gefið, Inspiration-te, mjög gott. Annars erum við örugglega búin að gefa gestum fleiri þúsund vöfflur. Við vorum með heila pallettu af frosnum vöfflum sem eru rosalega góðar." Nú koma kosningastjórarnir, Skapti Örn og Helga, dóttir Ástu. Þau stilla sér stolt upp með Ástuvatn í plastflöskum sem þau hafa staðið í ströngu við að líma miða á. „Ástu í þriðja sæti, tærar hugmyndir!" segja þau. Nú er sonur minn farinn að ókyrrast enda ekkert barnahorn hjá Ástu. Hr. Möller kemur hlaupandi og færir mér vöfflupakka á leiðinni út. „Bara stinga þessu í brauðrist, mjög hentugt!"

**Fermingaveisla Guðlaugs**

Í Lágmúla er gríðarleg maskína farin af stað. Það er kosningaskrifstofa Guðlaugs Þórs. Að



SIGURÐUR KÁRI MEÐ FÁNANN OG BARNALANDIÐ Bísperrtur og galvaskur. FRÉTTABLAÐIÐ/GLH



HLAÐBORÐ BJÖRNS BJARNASONAR Átta kleinur og kex en hnallþórur á leiðinni.



BARNALAND ILLUGA Svo skemmtilegt að börnin vilja eiga heima í því.



GUÐLAUGUR ÞÓR Á HLAÐBORÐSMETIÐ En kannski hefur Ágústa skipað honum að bjóða líka upp á vatn.



SKAPTI OG HELGA MEÐ ÁSTUVATN Tærar hugmyndir og frosnar pönnukökur.



ÞAÐ ERU TÖGGUR Í GUÐFINNU Að minnsta kosti býður hún upp á töggur.

koma þarna inn er eins og að mæta í fermingarveislu þar sem allir gestirnir sitja við tölvur og tala í síma. Frambjóðandinn er hvergi sjáanlegur og það er svo brjálað að gera í úthringingunum að enginn tekur á móti okkur feðgum. Við ráfum þarna um eins og aular. Mig sundlar við hlaðborði Guðlaugs sem flæðir út af tveimur langborðum. Ótal smákökutegundir, tertur, konfekt, snakk, brauð og kex – samt ekki Ágústu Johnson kexið. Kaffi, te, gos, safar og heill ísskápur af Guðlaugsvatni. Ef kosningarnar snérust um bakkelsi væri Guðlaugur Þór búinn að gersigra. Þarna er ekkert barnahorn sem e.t.v. er einkennilegt hjá frambjóðanda með slagorðið „Börnin í 1. sætið". Loksins næ ég tali af konu með svuntu sem greinilega sér um bakkelsið. „Nei það er ekkert barnahorn hérna," segir hún. Þá hættir karl að tala í símann og segir: „Jú, það er barnahorn þarna niðri í glerbúrinu." Við þangað. Þar er ekkert nema tómir pappakassar en reyndar litabók í einum þeirra. Ég trúi ekki öðru en það sé búið að koma þessu í lag núna.

**Töggur við Austurvöll**

Ég var svo úttaugaður eftir fermingaveisluna að ég fór ekki fyrr en í hádeginu daginn eftir á næstu kosningamiðstöð. Annað spútnikk, Guðfinna S. Bjarnadóttir, er í Landssímahúsinu við Austurvöll. Hún er sjálf á svæðinu og því fyrsti frambjóðandinn sem ég hitti. Hún byrjar strax að segja mér frá „Fjórum leiðarljósum": Einhver kosningastikkorð um baráttugleði og útsjónarsemi sem fer beina leið út um hitt. Nokkrir gestir eru komnir sem Guðfinna heilsar brosandi með handabandi og bíður í snittur og beyglur sem standa í röðum, nýkomnar frá Sóma sýnist mér. Þarna er Rolandskemmtari sem Þorgeir Ástvaldsson spilaði að sögn á fyrir nokkru.

Einnig þrjár sjálfmalandi kaffivélar og full skál af töggum. „Það sem er náttúrlega best er að við horfum hér út yfir Austurvöll á alþingishúsið þangað sem stefnt er," segir kosningastjórinn brattur. „Við erum ekki að gefa neitt dót en bæklingurinn getur nýst sem borðskraut," bætir hann við.

**Mamma gerir deig**

Sigurður Kári er á fyrstu hæðinni í gamla Moggahúsinu í Aðalstræti. Það er opið virka daga frá 16 - 20, en Sigurður er á svæðinu í hádeginu. „Ég reyni að vera hérna sem mest, bísperrtur og galvaskur," segir hann og hellir sjálfur upp á kaffi fyrir mig. „Þú færð ekki meira núna en þegar skrifstofan er opin eru hérna alls konar tegundir af bakkelsi. Við erum oft með heitar vöfflur með rjóma og sultu og móðir mín hefur verið dugleg að hræra út deigið. Það koma margir við hérna á skrifstofunni, líklega til að finna fyrir hinu þægilega viðmóti frambjóðandans." Þetta síðasta kallar á hrossahlátur einhverra gaura sem eru þarna, þ.á.m. gamall vinur Sigurðar, Börkur Gunnarsson leikstjóri. Hann segir: „Fólk kemur náttúrlega til að eiga í gáfulegum samræðum. Til dæmis kom Össur Skarphéðinsson hingað um daginn til að rífast aðeins meira við Sigurð og sníkja af honum kökur." Barnaland Sigurðar er í formi stærðar plasthúss. „Ég lagði mikla áherslu á það að hafa íslenska fánann hérna," segir Sigurður og stillir sér upp fyrir myndatöku. Barnabókin Risaeðlutíminn blasir við í plasthúsinu. „Það er alls ekki táknrænt fyrir þetta framboð," gantast Börkur.

www.barnasmidjan.is
Flott dótabúð!
20 ára
Trampolín útsala!
Barnasmiðjan
Gylfaflöt 7 • Grafarvogi • Sími 587 8700

# VIÐ EIGUM AFMÆLI



~~2.199~~ **1.999**

Hildur Vala
Lalala



~~2.199~~ **1.999**

Evanescense
The Open Door




~~2.199~~ **1.999**

Sniglabandið
RÚV Tops




~~2.199~~ **1.999**

The Killers
Sam´s Town



~~2.199~~ **1.999**

Brain Police
Beyond the Waistland



~~1.999~~ **1.799**

Íslensk ástarlög



~~2.199~~ **1.999**

Bogomil Font & Flís
Bananalýðveldið



~~2.199~~ **1.999**

Justin Timberlake
Future sex/Love Sounds



~~1.999~~ **1.799**

Gnarls Barkley
St. Elsewhere




~~2.199~~ **1.999**

Bob Dylan
Modern Times



~~2.199~~ **1.999**

Tómas R.
Romm Tomm Tomm



~~2.199~~ **1.999**

Beyonce
B´Day




~~1.299~~ **799**

Robots
DVD




~~4.499~~ **3.699**

Simpsons
Season 8




~~2.299~~ **1.799**

Poseidon
DVD




~~1.299~~ **799**

Ice Age Cool Edition
DVD

## NÝ OG GLÆSILEG VERSLUN
## Í KRINGLUNNI

3 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR



**NÝTT MINNISMERKI** Verkamenn sjást hér önnum kafnir að leggja lokahönd á nýtt minnismerki í Búdapest um uppreisnina árið 1956. .

# Þegar Ungverjar risu upp

Í Búdapest, borginni fögru við Dóná þar sem uppgangurinn eftir fall kommúnismans fyrir 17 árum blasir við ferðamönnum nútímans, má enn sjá ummerkin eftir hina dramatísku atburði sem þar áttu sér stað fyrir réttri hálfri öld. Skemmdir eftir byssuskot á framhliðum húsa eru þögul vitni um götubardaga uppreisnarmanna við ofurefli sovézka hersins. *Auðunn Arnórsson* skoðar uppreisnina 1956.

Þjóðarleiðtogar úr víðri veröld safnast saman í borginni á morgun, sunnudag, til að vera viðstaddir hápunkt minningarathafna í tilefni af fimmtíu ára afmæli uppreisnarinnar. Þá verður meðal annars nýtt minnismerki vígt í hjarta ungversku höfuðborgarinnar. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sækir athöfnina fyrir Íslands hönd.

George W. Bush Bandaríkjaforseti sendi Ungverjum af þessu tilefni kveðju þar sem hann segir meðal annars: „Saga ungversks lýðræðis er dæmi um sigur frelsisins yfir hinu illa.“ Hann ber einnig lof á Ungverja fyrir að hafa verið fyrsta þjóðin í Austurblokkinni sem losaði sig undan stjórn kommúnista árið 1989.

### Hófst með kröfugöngu

Þann 23. október 1956 tóku allt að 100.000 manns, aðallega námsmenn og verkamenn, þátt í kröfugöngu í Búdapest, þar sem umbóta var krafizt, en þegar hér var komið sögu var við völd stjórn moskvuhollra kommúnista. Andras Hegedus var forsætisráðherra en Ernö Gerö aðalritari flokksins. Gerö kallaði á aðstoð sovézkra hersveita til að hindra að fjöldamótmælin færu úr böndunum. Þær urðu þegar við kallinu og skriðdrekar skröltu um götur Búdapest strax aðfaranótt 24. október. Kröfugöngumenn bjuggust til varnar, reistu götuvígi og lentu í skotbardögum við sovézka herliðið. Ófáir ungverskir lögreglumenn gengu til liðs við uppreisnarmenn.

Þann 24. október var Imre Nagy aftur skipaður forsætisráðherra, en það hafði hann verið frá 1953 til 1955. Hann lofaði mótmælendum að efna fyrirheit um pólitískar og efnahagslegar umbætur og að Sovétherinn hefði sig á brott. Í lok október hafði sig hægzt um og Sovétherinn hóf að draga sig til baka og fréttir hermdu að viðræður væru hafnar um að þær yfirgæfu landið allt.

### Aðgerðaleysi Vesturveldanna

Dwight D. Eisenhower Bandaríkjaforseti lét heyrinkunnugt á þriðja degi uppreisnarinnar: „Hjarta bandarísku þjóðarinnar slær með hinni ungversku.“ Radio Free Europe, sem sendi út frá München til allrar Austurblokkarinnar, hvatti uppreisnarmenn til dáða. En skynsemin sagði Eisenhower að aðhafast ekkert sem gæti leitt til vopnaðra átaka milli risaveldanna; frelsisþrá Ungverja yrði ekki látin verða kveikja þriðju heimsstyrjaldarinnar. Auk þess var hann að berjast fyrir endurkjöri og í þeim slag kom það honum óneitanlega vel ef sovétvaldið sýndi „sitt rétta andlit“ með blóðbaði í Búdapest.

Þann 31. október boðaði Nagy úrgöngu Ungverjalands úr Varsjárbandalaginu og þann 1. nóvember ákallaði hann Sameinuðu þjóðirnar um milligöngu um að stórveldin í vestri, aðallega Bandaríkin og Bretland, viðurkenndu hlutleysi Ungverjalands. Hann boðaði jafnframt fjölflokkalýðræði og frjálsar kosningar, en með því reitti hann forystu ungverska kommúnistaflokksins og ráðamenn í Kreml til reiði.

Þegar Sovétherinn efndi til stórárásar (hernaðaraðgerðarinnar „Hvirfilvinds“) 4. nóvember voru örlög uppreisnarinnar ráðin. Nagy flúði í júgóslavneska sendiráðið, þar sem hann var tekinn höndum af Sovétmönnum þann 18. nóvember. Við völdum tók Moskvuholli kommúnistinn Janos Kadar, sem sat eftir það við stjórnvölinn í tæp 32 ár, eða allt þar til kommúnistar misstu völdin í landinu árið 1989.

Áður en yfir lauk lágu að minnsta kosti 2.700 Ungverjar í valnum og 13.000 voru særðir. 722 sovézkir hermenn féllu. Minnst 200.000 Ungverjar flúðu land. Fyrsti viðkomustaður flestra flóttamannanna var Austurríki, en þeir dreifðust síðan víða um lönd, einkum vestur um haf, til Þýzkalands og Norðurlanda.

### Nagy þjóðhetja

Nagy og hópur samherja var dæmdur til dauða í sýndarréttarhöldum og hengdur árið 1958. Jarðneskar leifar hans voru endurjarðsettar með mikilli viðhöfn í júní 1989, réttu 31 ári eftir að hann var tekinn af lífi. Þótt Nagy hafi verið kommúnisti sem eyddi megninu af millistríðs - og stríðsárunum í þjónustu Komintern og sovézku leyniþjónustunnar NKWD og setið í fyrstu leppstjórn kommúnista sem Moskvuvaldið kom fyrir í Búdapest eftir stríðið, er Nagy þjóðhetja í hugum flestra Ungverja fyrir að hafa reynt að koma á umbótum í frjálsræðisátt þegar hann var forsætisráðherra 1953-1955, en fyrst og fremst þó fyrir það hlutverk sem hann lék í uppreisninni fyrir réttum 50 árum, þegar hann varð að tákni fyrir viðleitni ungversku þjóðarinnar til að hrista af sér hlekki leppríkistilverunnar undir oki Moskvuvaldsins.

## Uppreisnin í Ungverjalandi – blóðugur kafli í kalda stríðinu í Evrópu

**September 1944:**
Rauði herinn ræðst inn í Ungverjaland, sem á þessum tíma er bandamaður Þýskalands nasismans.

**Júní 1948:**
Kommúnista- og Jafnaðarmannaflokkar Ungverjalands sameinaðir í Ungverska verkamannaflokkinn (MDP).

**Ágúst 1949:**
Ungverjaland fær stjórnarskrá að sovéskri fyrirmynd. Stjórnarandstæðingar hundeltir.

**1952:**
Stalínistinn Matyas Rakosi verður forsætisráðherra.



**ÞJÓÐHETJAN** Imre Nagy, forsætisráðherra 1953-1955 og í uppreisninni 1956. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STALÍN FELLDUR** Fólk safnast í kringum fellda risastyttu af Stalín á torginu við borgarleikhús Búdapest, 24. október 1956.

**Júní 1953:**
Eftir andlát Stalíns og atburðanna í Austur-Þýskalandi 17. júní (þegar hervaldi var beitt til að stöðva uppreisn sem óánægðir verkamenn áttu upptökin að) þvingar Sovétstjórnin Rakosi til að segja af sér. Eftirmaður hans í embætti, Imre Nagy, hefur umbætur.

**Apríl 1955:**
Stalínistar í flokksforystunni, sem fylgja Rakosi að málum, þvinga Nagy til að segja af sér. Hann er seinna rekinn úr flokknum.

**Febrúar 1956:**
„Leyniræða“ Krústjovs Sovétleiðtoga, þar sem hann fordæmir persónudýrkun Stalíns. Í kjölfar stefnubreytingarinnar í Moskvu er Rakosi þvingaður til að segja af sér um sumarið.

**Október 1956:**
Námsmannauppþot í Búdapest breiðast út og verða að alþýðuuppreisn. Nagy aftur skipaður forsætisráðherra. Hann lýsir því yfir að landið eiga að búa við þingbundið fjölflokkalýðræði og standa utan hernaðarbandalaga.



**SKRIÐDREKAR Í BÚDAPEST** Uppreisnarmenn sigri hrósandi á herteknum sovéskum skriðdreka í lok október 1956.



**GÖTUBARDAGAR** Starfsfólk verslunar fylgist spennt með götubardaga í Búdapest, 2. nóvember 1956.

**1. nóvember 1956:**
Nagy boðar úrgöngu Ungverjalands úr Varsjárbandalaginu.

**4. nóvember 1956:**
Í morgunsárið hefst hernaðaraðgerðin „Hvirfilbylur“, lokaatlaga sovéska hersins að því að kveða niður uppreisnina.

**22. nóvember 1956:**
Nagy, sem hafði flúið í sendiráð Júgóslavíu, er handtekinn af Sovétmönnum og færður sem fangi til Rúmeníu. Janos Kadar tekur við völdum og heldur þeim allt til ársins 1989, er kommúnisminn og járntjaldið falla.

Um 3.000 Ungverjar liggja í valnum eftir uppreisnina og 722 sovéskir hermenn. Um 200.000 Ungverjar flýja land.

**16. júní 1958:**
Nagy hengdur í Búdapest, eftir að hafa verið dæmdur til dauða í sýndarréttarhöldum fyrir gagnbyltingarhegðun. Þann 16. júní 1989 eru jarðneskar leifar hans jarðsettar upp á nýtt með viðhöfn.



**Á FLÓTTA** Minnst 200.000 Ungverjar flúðu land í kjölfar misheppnaðrar uppreisnarinnar.

# RISA JÓLAÚTSÖLU MARKAÐUR

# 50-90% AFSLÁTTUR

**Hver sagði að jólin gætu ekki byrjað í október!**

**Komið og gerið góð kaup. Mikið úrval af fallegu jólaskrauti í öllum stærðum og gerðum fyrir heimilið jafnt sem verslanir og vinnustaði.**

**Missið ekki af þessu einstaka tækifæri!!!**

## FELLSMÚLA 28

**(Gamla World Class húsið)**

## OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KLUKKAN 11-19

# Börn og sýndarveruleiki sjónvarpsins

Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um áhrif sjónvarps og tölvuleikja á hegðun barna og unglinga og ýmsar rannsóknir gerðar um tengsl þar á milli. Aðallega hefur þar verið fjallað um áhrif ofbeldismynda og -leikja á ofbeldishegðun.

Nú hafa hinir svokölluðu raunveruleikaþættir bæst við flóru sjónvarpsefnis þar sem raunverulegt fólk er sett í aðstæður sem eru þeim framandi og jafnvel óraunverulegar. Í þáttunum er síðan fylgst með sigrum og sorgum þessa fólks, samskiptum þess innbyrðis og jafnan illvígar deilur í harðri baráttu um sigur í þeirri keppni sem er sett upp í hverri þáttaröð fyrir sig. Börn og unglingar liggja gjarnan yfir raunveruleikaþáttunum og samsama sig jafnvel einstökum persónum og telja þarna um blákaldan veruleikann að ræða.

Sumir hafa velt vöngum yfir því hvort raunveruleikaþættir hafi annars konar áhrif á börn og unglinga en leikið efni og fræðsluefni. Þá vaknar spurningin um hvort þessi hugsanlegu áhrif séu jákvæð eða neikvæð og fékk Fréttablaðið þrjá fræðimenn til að svara þessum spurningum.



**BACHELOR** Margir fylgdust grannt með íslensku Bachelor-þáttunum sem sýndir voru á Skjá Einum síðastliðið haust.

## Guðbjörg Hildur Kolbeinsdóttir, fjölmiðlafræðingur

# Börn leita fyrirmynda í sjónvarpi

Raunveruleikaþættir eru tiltölulega nýtt fyrirbæri en það voru tveir Bretar sem fundu upp á þessu fyrir um tíu árum síðan. Þeir reyndu að selja þessa hugmynd en enginn vildi kaupa hana fyrr en sænska sjónvarpið keypti hana á endanum,“ segir Guðbjörg, sem telur að raunveruleikaþættir geti haft áhrif á börn ef þau hafi ekki aðrar og betri fyrirmyndir í lífi sínu. „Ég held að börn líti til sjónvarpsins eftir fyrirmyndum og þau telja að sjónvarpið sýni þeim raunverulega hvað sé rétt og hvað rangt. Til dæmis í Bachelor þáttunum þá gætu ungir krakkar meðal annars haldið að það væri allt í lagi fyrir einn mann að vera með mörgum konum.“



**ENGINN RAUNVERULEIKI** „Raunveruleikaþættir eru gefnir út fyrir að endurspegla raunveruleikann en það er alls ekki svo,“ segir Guðbjörg Hildur Kolbeinsdóttir, lektor. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Guðbjörg segir krakka ekki alltaf átta sig á að þessir þættir séu raunveruleikasjónvarp innan gæsalappa. „Flestir vita að þættirnir eru klipptir til og því er raunveruleikinn ekki alveg eins og sýnt er í sjónvarpinu. Krakkar gera sér ekki endilega grein fyrir þessu en vegna þess að þetta er gefið út fyrir að vera raunveruleiki þá geta þættirnir haft meiri áhrif á krakkana en leikið efni.“

### Röng skilaboð

„Það hefur sýnt sig að í flestum raunveruleikaþáttum er mikil áhersla lögð á hefnd og samkeppni og sýnir að minnsta kosti ein rannsókn fram á að þeir sem horfa á slíka raunveruleikaþætti, meta hefnd og samkeppni og vilja vera ríkir og frægir,“ segir Guðbjörg og bætir við: „Krakkar fá þarna þau skilaboð að maður geti orðið ríkur og frægur af að komast í sjónvarpið því margir af þeim sem taka þátt í Idolinu og fleiru verða það jafnvel þó þeir nái ekki mjög langt.“ Guðbjörg segir réttara að hafa áhyggjur af þeim gildum sem börnum eru sýnd í sjónvarpsefninu heldur en beinum áhrifum. Að lokum bendir hún á að því hafi verið haldið fram að börn séu sérlega móttækileg fyrir sjónvarpsefni á aldrinum átta til níu ára.



**FJÖLMIÐLAR HAFA ÁHRIF** Stefán Jökulsson er sannfærður um að fjölmiðlar hafi áhrif á sjálfsmynd fólks.

## Stefán Jökulsson, lektor í upplýsingatækni og miðlun við Kennaraháskóla Íslands.

# Skapaður veruleiki

Stefán segist hafa heyrt dæmi um að þættir af þessu tagi hafi haft merkjanleg áhrif á krakka í einhverjum tilfellum þrátt fyrir að erfitt hafi reynst að finna tengsl á milli raunveruleikaþátta og hegðunar í rannsóknum.

„Það er í raun ekkert efni í fjölmiðlum, hvort sem það er í dagblöðum, sjónvarpi eða öðru, beinlínis raunveruleikaefni því miðlar geta aldrei sýnt raunveruleikann alveg eins og hann er,“ segir Stefán og bætir við: „Allt miðlað efni, hvort sem það eru fréttir eða þessir svokölluðu raunveruleikaþættir, er búið til og er því ákveðin túlkun á veruleikanum. Settar eru upp ákveðnar aðstæður og teknar ákvarðanir um efni sem á að nota af einhverjum ákveðnum ástæðum og með ákveðnum markmiðum. Þannig að þetta er alltaf skapaður veruleiki.“

Stefán segir krakka almennt ekki gera sér grein fyrir þessu og þess vegna sé svo mikilvægt að þeir fái fræðslu um miðla. „Við erum mjög aftarlega á merinni hér varðandi miðlalæsi, það er að segja þá grein í skólum sem hefur verið við lýði víðast hvar mjög lengi. Þar er krökkum kennt sitthvað um miðlana og ekki síst um tengsl miðlanna og veruleikans. Auk þess að miðlarnir séu ekki einhvers konar spegill sem sýni hlutina nákvæmlega eins og þeir eru.“ Stefán segir krakka þurfa þannig að átta sig á því að miðlað efni verður til í ákveðnu samhengi sem getur til dæmis verið hagrænt, pólitískt eða fagurfræðilegt. „Þeir þurfa líka að vita að það eru alltaf einhverjir aðilar sem taka ákvarðanir um efnið og hvað sé fjallað.“

### Vill auka miðlalæsi

„Merking þess sem fjölmiðlarnir flytja er alltaf háð samspili. Í miðlalæsisfræðum væri börnum kennt að merkingin sé fólgin í samspili efnisins, móttakandans og umhverfisins, sem er þá aðstæðurnar og menningin. Þannig að þetta er í rauninni mjög flókið ferli,“ segir Stefán og nefnir sem dæmi að ef barn horfir á veruleikaþátt þá meðtaki það þáttinn í ljósi reynslu sinnar, tilfinninga og þess sem það veit og kann, auk þess skilnings sem menning þess býður upp á.

„Þetta eru í rauninni bara gömlu sannindin um það að ef ég yrki ljóð eða skrifa bók þá ræð ég því ekki hvernig aðrir túlka það og skilja. Hins vegar þegar verða svona samræmd áhrif, eins og ákveðin hegðunarmunstur sem einhverjir telja sig hafa fundið þá er það kannski vegna þess að um sams konar menningaraðstæður er að ræða. Þannig gæti einhver ákveðinn raunveruleikaþáttur hugsanlega haft svipuð áhrif á okkur hér á Íslandi sem búum við svipaðar aðstæður. Það þarf ekki einu sinni börn til.“

Stefán segist alveg sannfærður um að fjölmiðlar hafi áhrif á sjálfsmynd fólks og hugmyndir þess um veruleikann. „Rannsóknir sýna að reynsluheimur ungs fólks er mjög bundinn við þennan sýndarveruleika sjónvarpsins. Þau sækja í auknum mæli hugmyndir sínar um sjálf sig og umhverfi sitt til fjölmiðlanna. Þess vegna er það svo mikilvægt að þeim sé ljóst að það sem verið er að sýna er raunverulega ákveðin framsetning. Í fjölmiðlum birtast til dæmis ákveðnar hugmyndir um hvernig konur séu og hvernig karlar séu, hvernig karlar eigi að líta út og hvernig konur eigi að líta út. Þeir svartsýnustu hafa stundum sagt að fjölmiðlarnir séu einatt að ala á óánægju með okkur sjálf, hvernig við séum í aðra röndina og í hina röndina að benda okkur á leiðir til að bæta okkur og laga,“ segir Stefán Jökulsson, lektor.

## Björn Harðarson, sálfræðingur.

# Áhrifavaldur en ekki mótunaraðili

Björn segir umræðuna um áhrif sjónvarps og tölvuleikja afskaplega vandmeðfarna og að erfitt geti verið að sýna fram á bein áhrif á börn og unglinga.

„Í flestum tilvikum er ekki beinlínis farið yfir línuna í raunveruleikaþáttunum. Þar er ekki eins mikið af ofbeldi, nekt og fleiru slíku og við sjáum gjarnan í bíómyndum. Það virðist þó alltaf þurfa að ganga lengra en áður eins og til dæmis með þættina Big Brother í Skandinavíu. Þeir þættir hafa verið í gangi í um tíu ár og það virðist alltaf þurfa að gera meira til að ganga fram af fólki,“ segir Björn og bendir á að farið sé að auka áfengisdrykkju í þáttunum til þess að fá fólkið til að ganga lengra og jafnvel að stunda kynlíf í beinni útsendingu og svo framvegis. „Þetta er allt gert til þess að auka áhorfið á þættina,“ segir Björn.

„Það má kannski segja að hingað til hafi meginspurningarnar verið tvær varðandi raunveruleikaþættina. Annars vegar er það hvort þættirnir skaði þá sem taka þátt í þeim og hins vegar siðferðisleg spurning þar sem má efast um að þetta hafi gott uppeldislegt eða uppbyggjandi gildi fyrir þá sem horfa á líf annarra einstaklinga,“ segir Björn og bætir því við að sjálfum fyndist honum að spurningin ætti frekar að snúast um siðferðisgildi heldur en bein áhrif á börn og unglinga. „Börnin taka reyndar þarna við því sem er raunverulegt en ég er ekki viss um að þau geri það mikinn greinarmun á því hvað er raunverulegt og hvað ekki í sjónvarpi. Foreldrar þurfa einfaldlega að vera duglegir við að sigta út hvað þeim finnst eðlilegt að börnin horfi á og hvað ekki.“

### Foreldrar þurfa að vera vakandi

Björn nefnir í þessu sambandi þættina Strákarnir sem voru á Stöð 2 og deila megi um hvort séu raunveruleikaþættir eða ekki. „Ég hef séð krakka herma eftir ýmsu sem er ekki víst að sé neitt sniðugt að vera að herma eftir, bæði í orðum og verki. Þessir þættir voru sýndir á fjölskyldutíma og má alveg spyrja hvenær börn séu of ung til að horfa á slíkt.“

Björn segir ekki endilega hægt að segja að sjónvarpsefnið eitt og sér brengli siðferðismörkin hjá börnum heldur sambland af uppeldisaðstæðum og sjónvarpsefni. „Það skiptir öllu máli hvernig foreldrarnir matreiða það ofan í börnin sem þau sjá. Mótunaraðilinn er ekki sjónvarpið þó það sé auðvitað áhrifavaldur,“ segir Björn og bætir því við að börn sem fái ekki nægilega góða mótun heima fyrir sæki jafnan frekar í sjónvarpsefni sem hjálpi þeim ekki.

„Það er sérstaklega þar sem þættirnir snúast um sambönd, kynlíf og slíkt sem má spyrja sig hversu gömul börnin þurfa að vera til að í lagi sé að horfa. Það má reyndar segja sama með annað sjónvarpsefni að við mættum alveg vera duglegri við að skoða það og meta,“ segir Björn en hann telur að foreldrar mættu vera meira vakandi fyrir því hvað börnin þeirra eru að horfa á. „Eins ættu þeir að ræða við börnin um það hvað er rétt og hvað er rangt. Hvað er raunveruleiki og hvað ekki. Og að raunveruleikaþættir séu ekki heldur raunveruleiki,“ segir Björn og bætir við: „Ég held að við eigum líka mjög auðvelt með að skella skuldinni á sjónvarpið.“ sigridurh@frettabladid.is



**VERA VAKANDI** Björn Harðarson sálfræðingur segir foreldra þurfa að vera mjög vakandi fyrir því hvað börnin þeirra eru að horfa á í sjónvarpi og sigta út efni sem ekki passar fyrir aldur barnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


BT
XI CORE2
OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA Í BT SKEIFUNNI
17"
intel Core 2 Duo inside
Allra nýjasta tæknin frá Intel komin í BT
VAR AÐ LENDA
6.999**
FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
LKN:DAN-101102-022
FSC AMILO XI CORE2
Intel Core 2 Duo T5500
17" WXGA TFT Crystal View
- Upplausn 1440 x 900
Nvidia GeForce Go 7600 skjástýring (256MB)
2 GB Vinnsluminni (2x1024MB 533MHz)
160 GB Harður Diskur (2x80GB SATA)
DVD Skrifari - Dual Layer
1x IEEE 1394 - DV Ready
1xDVI-I, 4xUSB2.0, Bluetooth 2.0
Microsoft Windows XP home SP2
Heimsins besta fartölvutækni. Tvöföld afköst og 30% meiri endingu á rafhlöðu.
Core 2duo -Enn meiri hraði
GeForce7600 -Fyrir leikina
Þráðlaust net -Að sjálfsögðu
160GB harður diskur -Fyrir gögnin
2GB minni -Fyrir vinnsluna
Kortalesari -Til þæginda
6.999 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.
15.799 Vaxtalaust 12 mán.
189.588 Staðgreitt
SKILAÐU GAMLA HLUNKNUM
5.000 kr AFSLÁTT AF
19"
MEDION
19" Medion skjá
BT Bestu kaupin
24.999
29.999
NÝTT KORTA TÍMABIL
TOSHIBA
PSLA3E-02S01MED
TOSHIBA SATELLITE L100-185
Intel® Celeron® M 390
15" XGA skjár
- 1024 x 768 upplausn
ATI Radeon® Xpress 200M
512MB DDR2 Vinnsluminni (Mest 2GB)
60GB S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN 802.11b/g
DVI, 4xUSB2, S-Video tengi
Windows® XP Home Edition
2 ára alþjóðleg ábyrgð
15"
20 ÁR TOSHIBA
3.193**
CN01-TAR
TARGUS TASKA NOTEBOOK BLACK
að verðmæti 5.999 fylgir!
FYLGIR
ATI Radeon X200 -Fyrir leikina
Þráðlaust net -Að sjálfsögðu
Celeron M -Fyrir áreiðanleikan
Kortalesari -Með S.M.A.R. tæki
VAR AÐ LENDA
3.193 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.
6.999 Vaxtalaust 12 mán.
83.988 Staðgreitt

# Misjafn árangur í þriðju viku

Þá er þriðju vikunni lokið hjá ungu konunum þremur í átakinu Þú léttist – án þess að fara í megrun sem er unnið eftir samnefndri bók. Samkvæmt bókinni ættu þær núna að vera búnar að léttast ánægjulega mikið og einnig að vera búnar að ná mikilli umbreytingu með því að brjóta upp vanann sem stjórnar samskiptum þeirra við aðra. Þar kemur einnig fram að því einbeittari sem þær hafa verið í því að losa sig við slæmu ávanana þeim mun meira hafi þær lést. Sem fyrr er árangurinn misjafn.

## Elísabet Ólafsdóttir



„Það er búið að ganga rosalega vel í þessarri viku enda voru verkefnin mjög skemmtileg og það var ekkert mál að gera þau. Ég er líka búin að léttast um tvö kíló og líður alveg ótrúlega vel.
Ég hef reyndar smá áhyggjur út af fjórðu vikunni en hún er svolítið spes. En mér finnst bókin samt alveg frábær og ég er alltaf að hugsa um það núna hvernig ég get breytt út af vananum í lífi mínu.“



## Ásta Sólveig Hjálmarsdóttir

„Það gekk betur í þessarri viku en þeirri síðustu en samt er ég ekki búin að léttast neitt. Verkefnin gengu skár en í vikunni á undan en ekki nógu vel samt. Það eru allar aðstæður nýjar hjá mér og ég hef ekki komið mér á neinn vana hérna af því það er svo stutt síðan ég flutti. Ég fór reyndar og kynntist nýju fólki því ég fór á mömmufund í kirkjunni í Stykkishólmi og það stóð eiginlega upp úr þessa viku.“

## Sigga Lund



„Þessi vika var nú ekkert æðisleg hjá mér. Ég var lasin og tók mér frí í vinnunni þannig að ég var ekkert sérstaklega mikið að fara eftir bókinni þessa daga. Ég fyllti samt út einhverja lista í bókinni þar sem ég sá síðan svart á hvítu hversu rosalega fastheldin ég er. Raunar mun meira en ég hef áður gert mér grein fyrir. Ég er ekki búin að léttast neitt þessa viku en stefni á að standa mig betur í næstu viku.“ **sigridurh@frettabladid.is**


VINNUEFTIRLITIÐ

## Örugg frá upphafi! Ungt fólk og vinnuvernd

**Ertu ungur, áttu „unga“ eða vinnur þú með „ungum“?**

**Vinnueftirlitið efnir til morgunverðarfundar á Grand Hóteli, þriðjudaginn 24. október 2006 frá kl. 8.30-10. Morgunmatur og skráning hefst kl. 8.00**

**Dagskrá**

- **Vinnuverndarvikan 2006 – Örugg frá upphafi**
  Fyrirlesari: Ása G. Ásgeirsdóttir, verkefnisstjóri vinnuverndarvikunnar
- **Vinna ungs fólks með námi**
  Fyrirlesari: fulltrúi Rannsókna og greiningar
- **Ungir innflytjendur á vinnumarkaði**
  Fyrirlesari: Gerður Gestdóttir, verkefnastjóri Alþjóðahúsi
- **Ungt fólk og vinnuslys**
  Fyrirlesari: Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins
- **Komin á aldurinn!**
  Fyrirlesari: Arngrímur Vídalín Stefánsson, nemi
- **Viðurkenningar veittar:** Fyrirtækjum fyrir gott fordæmi í vinnuvernd ungra starfsmanna og Verðlaunahöfum myndbanda- og veggspjaldakeppni barna og unglinga – örugg frá upphafi

Þátttaka er ókeypis. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 550-4600 eða á netfangið vinnuverndarvikan@ver.is. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins: www.vinnueftirlit.is.

Græni Krossinn LÝÐHEILSUSTÖÐ




# Skrautlegur bransi

Íslensk/enska hjómsveitin Fields hefur ekki verið starfrækt nema í ár, en hefur strax fest sig í sessi sem ein áhugaverðasta hljómsveit Bretlandseyja. Fyrsta plata sveitarinnar kemur út í byrjun næsta árs og fá gestir á Airwaves smá forsmekk af því sem koma skal þegar Fields spilar á Nasa í kvöld. *Steindór Grétar Jónsson* spjallaði við **Þórunni Antoníu Magnúsdóttur**, hina litríku íslensku söngkonu hljómsveitarinnar.

Það er allt á fullu hjá Fields þessa dagana og Þórunn Antonía var nýstigin af sviðinu þegar blaðamaður náði sambandi við hana á fimmtudaginn. „Ég bara var að stíga upp í tónleikarútuna! Við vorum að spila á tónleikum ásamt tveimur öðrum hljómsveitum rétt fyrir utan London. Við getum ekki beðið eftir að spila á Airwaves! Ég hef ekki komið heim síðan um síðustu jól og strákarnir hafa aldrei komið áður til Íslands, svo að þeir eru voða spenntir.“

Þórunn Antonía er nokkurn veginn fædd inn í tónlistarbransann og lærði af föður sínum Magnúsi Þór Sigmundssyni, en saman gáfu þau út plötuna „Those Little Things“ fyrir um fjórum árum. „Frumraun mín í að syngja á sviði var með honum þegar ég var fjögurra ára gömul á einhverju töframannamóti undir Snæfellsjökli! Svo söng ég bakraddir fyrir hann og söng inn á nokkrar barnaplötur og loks fór ég að standa á eigin fótum.“

„Ég hef alveg nokkrum sinnum spilað á Íslandi, með pabba og svo með The Honeymoon, sem var gamla hljómsveitin mín.“ The Honeymoon missti samning sinn eftir að útgáfufyrirtæki þeirra var keypt af Sony, en að sögn Þórunnar Antoníu á hljómsveitin enn dyggan aðdáendahóp.

„Ég spilaði líka á Airwaves í fyrra, þá með dönsku hljómsveitinni Junior Senior. Það er skemmtilegt að koma svona með nýja hljómsveit á hverju ári,“ segir Þórunn Antonía.

Plötusamningur Fields er einstakur í sinni röð. „Við vorum bara búin að spila saman í mánuð þegar braust út stríð milli útgáfufyrirtækja að fá okkur, þannig að við spiluðum litla tónleika fyrir mörg af þessum fyrirtækjum. Loks ákváðum við að gera samning við Atlantic Records, en gefum líka út hjá okkar eigin fyrirtæki, sem heitir Black Lab Records. Yfirleitt vilja plötufyrirtæki ekki leyfa þetta. Við höfum mikið listrænt frelsi til að gera það sem við viljum. Nick Peill, söngvarinn í hljómsveitinni hannar til dæmis plötuumslögin sjálfur.“

Þrátt fyrir þetta er hljómsveitin ung og fagnar eins árs afmæli um þessar mundir. „Við byrjuðum að spila saman í október í fyrra svo að við munum halda upp á afmælið okkar með tónleikum á Airwaves.“

### Breiðskífa á leiðinni

Þórunn Antonía var ekki í leit að nýrri hljómsveit þegar tækifærið bankaði á dyrnar. „Ég var mjög ánægð með að semja mín lög og syngja bakraddir með Junior Senior. En vinur minn, Simon White, sem var umboðsmaður Blocparty, sagði mér að hann hefði hitt alveg æðislegan strák sem heitir Nick og ég ætti endilega að hitta hann. Strax og við byrjuðum að spila saman fundum við einhvern listrænan samhljóm og við hóuðum í vini okkar og æfðum saman eina æfingu. Þetta varð allt til mjög snögglega. Til að byrja með spiluðum við bara lögin hans Nick, en svo fórum við að semja fleiri. Við semjum lög bæði í einrúmi og saman.“

Fields hefur gefið út 7 laga EP plötu „7 from the Village“, sem reyndar var styttri á Bretlandseyjum. „Við gáfum bara út fjögur lög á Bretlandi, en sjö í Japan og á Ísland. Í Japan er það vinsælt að hafa nokkur aukalög og endurblandanir á plötunum og svo langaði mig líka bara að gefa Íslandi örlítið meira en Bretlandi,“ segir Þórunn og hlær.

Breiðskífa frá Fields er svo væntanleg í byrjun næsta árs. „Það er ekki komið nafn á hana, við erum að hugsa málið, en það er búið að taka hana upp. Við tókum hana upp á Írlandi með Michael Beinhorn, upptökustjóra sem hefur unnið með alls konar hljómsveitum, meðal annars Hole, Marilyn Manson, Herbie Hancock og Red Hot Chili Peppers. Hann er bandarískur og algjör rugludallur! En það er spennandi að vinna með honum, hann skildi að við vildum hafa þetta dálítið sérstakt. Við vorum mikið að prófa okkur áfram.“

Fields hefur hitað upp fyrir ekki ómerkari hljómsveitir en Blocparty og The Zutons. „Við spiluðum með mörgum hljómsveitum á undanförnu ári og förum í tónleikaferðalag MTV sjónvarpsstöðvarinnar strax og við komum aftur frá Íslandi.“

Þórunn hefur búið í Bretlandi í nokkur ár og komist í kynni við marga litríka úr tónlistarbransanum. „Ég hitti ekkert nema tónlistarmenn og allir vinir mínir þarna eru tónlistarmenn eða einhvers konar listamenn. Þetta er skrautlegur bransi. Ég vann einmitt fyrir hinn alræmda Pete Doherty og hljómsveitina Babyshambles. Ég var aðstoðarmaður umboðsmannsins þeirra, því að gítarleikarinn þeirra var með mér í The Honeymoons. En greyið hann Pete Doherty er alveg í ruglinu. Við komum ekki nálægt þeim heimi. Við erum bara í tölvuleikjum í tónleikarútunni! En maður er náttúrulega í skemmtistaðaumhverfi fimm daga vikunnar, því við erum alltaf að spila úti um allt. Það er mjög auðvelt að lenda í áfengi og eiturlyfjum ef maður er með veikan blett. En við erum í þessu út af tónlistinni. Þú getur verið í áfengi og eiturlyfjum þó þú vinnir við eitthvað allt annað. Við tökum tónlistina alvarlega.“

Fields hefur vakið athygli fyrir sérstaka tegund tónlistar sem er erfitt að flokka. „Hún er dökk og dimm, en samt falleg og dálítið þjóðlagaskotin.“ Áhrifavaldar hljómsveitarmeðlimanna eru meðal annars Nick Drake, Fleetwood Mac, My Bloody Valentine og Crosby, Stills, Nash and Young. „Við höfum öll breiðan smekk og hlustum mikið á tónlist. Við elskum allt með flottum hljómum og erum hrifin af elektrónískri tónlist líka.“

Hljómsveitarmeðlimirnir eru hreinlega undrandi yfir því hversu vel hefur gengið og í nóvember er von á fyrstu smáskífu sveitarinnar af nýju plötunni. „Við höfum ferðast víða á þessu ári og ég hef ekki fengið einn frídag seinustu fjóra mánuði,“ segir Þórunn Antonía. „En þetta er alveg æðislegt og þessi lífstíll hentar mér vel. Ég er algjör sígauni inn við beinið.“ ■

# ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER!




## HELGARBLAÐ DV ER KOMIÐ ÚT!

Fíton/SÍA

Helgarblað DV, Menning og DV sport!
Þreföld ánægja um helgar.

LIFANDI PAPPÍR!




## STUÐ MILLI STRÍÐA Ein ný skilaboð móttekin

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR SNÝR MÖNDLI JARÐAR



Ég viðurkenni hér með að ég er símafíkill. Þegar símareikningurinn er orðinn hærri en afborgunin af viðbótarhúsnæðisláninu þá þarf maður að hugsa sinn gang.

Í raun ætti símareikningurinn minn að heita Smáskilaboðareikningur þar sem smsin eru minn veikleiki. Þessi smáskilaboð eru ekkert „smá“ á mínum mælikvarða. Ég kalla þetta SMSMÁH skilaboð eða „smátt og smátt á hausinn“ skilaboð.

Að meðaltali sendi ég um 400 smáskilaboð á mánuði. Stundum færri en stundum miklu fleirri. Svo eru kannski fjögur eða fimm af þessum skilaboðum sem hafa einhvern tilgang. Hin 395 eru bara eitthvert bévítans bla um ekki neitt.

Ég get sent fimmtíu orða sms blindandi á örfáum mínútum og er yfirleitt búin að svara smsum áður en sá sem sendi mér er búinn að leggja frá sér símann. Þar að auki er ég sífellt að smsa. Við allar aðstæður, merkilegar og ómerkilegar. Um daginn sendi ég til dæmis fimm vinum mínum sama smsið klukkan fimm að nóttu svohljóðandi, „majónes er æðislegt.“ Eftir á að hyggja er þetta heldur dýr leið að tjá ómerkilega skoðun mína á því góða majónesi sem ég var að snæða.

Ég er farin að hugsa upphátt með smáskilaboðum. Sé hárið á mér fyndið að morgni til sendi ég einhverjum sms um það. Sé ég komin í góðan gír á barnum sendi ég sms um það. Komi upp dramatískt neyðartilfelli, bíllinn dauður eða ég læst úti, þá sendi ég sms alveg á tíu manns svo heiminum gangi betur að snúast um mig.

Ég kann ekki alveg að útskýra þessa undarlegu áráttu mína. En stundum, þegar síminn liggur hljóður og kjurr, kíki ég út um gluggann og velti fyrir mér af hverju veröldin standi í stað. „Er möndullinn hættur að snúast?“ hugsa ég. Svo sendi ég nokkur sms með hinum fleygu orðum „er e-ð að frétta?“.

Já, þar sem mörg smáskilaboð koma saman, þar er símareikningurinn hennar Jóhönnu. Góða helgi, bíbb bíbb.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NOKIA veisla

20. - 22. október

**Frír GSM sími**
NOKIA 1110 fylgir með kaupum á Samsung Digimax L50

vodafone
**Þú færð frelsiskort og startpakka frá Vodafone hjá okkur**
Griptu augnablikið
Lifðu núna

## SAMSUNG DIGIMAX L50

7.000 AFSLÁTTUR

- 5 M.pixlar
- 39–109 mm linsa
- 2,5" hágæða LCD-skjár
- ISO 50–400
- 10 sek. Voice memo á mynd
- Margar forstillingar og timer
- Vídeóupptaka
- Lithium-rafhlaða
- Pictbridge-staðall

Takmarkað magn



kr. ~~29.990~~ **Kr. 22.990,-**

\+



## NOKIA 1110

kr. ~~6.950~~ **Kr. 0,-**

## NOKIA 5500 sport

3.999 AFSLÁTTUR



- 2 mp myndavél
- MMS
- EDGE
- Innrautt
- Bluetooth
- FM útvarp
- 103 gr

kr. ~~39.995~~ **Kr. 35.996,-**

## NOKIA 7370

3.499 AFSLÁTTUR



- 1,3 mp myndavél
- MMS
- EDGE
- Bluetooth
- FM útvarp
- 104 gr

kr. ~~34.995~~ **Kr. 31.496,-**

## NOKIA 6280

3.999 AFSLÁTTUR



- 2 mp myndavél
- 10 mb innbyggt minni
- Tölvupóstur
- EDGE
- Triband
- 115 gr

kr. ~~39.995~~ **Kr. 35.996,-**

## NOKIA 2610

1.399 AFSLÁTTUR



- Mp3 hringitónar
- MMS
- GPRS
- Allt að 300 klst biðtími
- 91 gr

kr. ~~13.995~~ **Kr. 12.596,-**

## NOKIA N73

5.999 AFSLÁTTUR



- 3,2 mp myndavél
- MMS
- EDGE
- Innrautt
- Bluetooth
- FM útvarp
- 116 gr

kr. ~~59.995~~ **Kr. 53.996,-**

## NOKIA 6103

2.349 AFSLÁTTUR



- VGA myndavél
- MMS
- EDGE
- Innrautt
- Bluetooth
- FM útvarp
- 97 gr

kr. ~~23.495~~ **Kr. 21.146,-**

## NOKIA 6233

3.899 AFSLÁTTUR



- 2 mp myndavél
- FM útvarp
- EDGE
- Bluetooth
- Allt að 340 klst biðtími
- 110 gr

kr. ~~38.995~~ **Kr. 35.096,-**

## NOKIA E50

3.999 AFSLÁTTUR



- EDGE
- Bluetooth
- Fjögurra banda
- Innbyggt 70 mb minni
- Tekur micro SD minniskort
- 104 gr

kr. ~~39.995~~ **Kr. 35.996,-**

## NOKIA N93

8.999 AFSLÁTTUR



- 3,2 mp myndavél
- 3 x optískur aðdrætti
- 50 mb innbyggt minni
- Tekur allt að 2 GB Mini SD minniskort
- EDGE
- WLAN
- 180 gr

kr. ~~89.995~~ **Kr. 80.996,-**

Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar

**!**

**Minniskort í GSM síma - 10% afsláttur**

**Með öllum myndavélum hjá Hans Petersen fylgir 100 fríar 10x15 myndir í framköllun**

VISA RAÐGREIÐSLUR

MasterCard

# HANS PETERSEN

**Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind**

**Kl. 11.00**
*Sýning á málverkum Bjarna Jónssonar stendur nú yfir í versluninni Mublunni, Nýbýlavegi 18 í Kópavogi. Bjarni sýnir þjóðlífsmyndir og geómetrísk abstraktverk. Sýningin er opin á þjónustutíma verslunarinnar milli 11-18 á virkum dögum og 11-16 um helgar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Frumbyggjar og landnemar*

Málþing um kanadíska frumbyggja- og landnemamenningu verður haldið í Salnum í Kópavogi í dag í tilefni af Kanadískri menningarhátíð sem þar stendur yfir. Þar verður fjallað um menningu frumbyggja og landnema í Kanada og samskipti þeirra í fjölda áhugaverðra erinda.

Frummælendur eru Viðar Hreinsson, sem ræðir um hugmyndir Stephans G. Stephanssonar um mannúð og fjölmenningu, Garðar Baldvinsson ræðir um menningarárekstra í Kanada og á Íslandi, Gísli Sigurðsson fjallar um uppvöxt Vilhjálms Stefánssonar landkönnuðar og Ásta Sól Kristjánsdóttir um samskiptahætti gamla og nýja landsins. Sérstakur gestur málþingsins er Björk Bjarnadóttir umhverfisþjóðfræðingur sem mun fræða gesti um hvernig frumbyggjar Kanada og Vestur-Íslendingar unnu saman og samnýttu náttúruauðlindir.

Málþingið fer fram á íslensku og er öllum opið en það er haldið í samstarfi við ReykjavíkurAkademíuna. Fundarstjóri er Salvör Nordal. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.kopavogur.is



**GARÐAR BALDVINSSON** Ræðir um menningarárekstra á Íslandi og í Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## > Dustaðu rykið af ...

myndum **Charlie Chaplin**. Einn frægasti leikari og leikstjóri þöglu myndanna starfaði í sjötíu ár við list sína og gerði ódauðleg meistaraverk á borð við **Borgarljósin** og **Gullæðið**. Umrenningurinn með **harðkúluhattinn** og skeggið á enn hug og hjarta fólks enda skella menn enn upp úr og slá sér á lær yfir kostulegum **óförum** hans.



**ÁSDÍS SIF GUNNARSDÓTTIR** Slær botninn í Pakkhús postulanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Postulleg kveðja

Góður rómur hefur verið gerður að sýningunni Pakkhús postulanna í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur, en henni lýkur á morgun. Sýningin markaði upphaf nýrrar sýningarstefnu hússins sem samtímalistasafns en að henni lokinni verður hugað að uppsetningu sýningarinnar „Uncertain States of America – American Art in the 3rd Millennium" þar sem rjómi bandarískra samtímalistamanna sýnir verk sín.

Ellefu listamenn sem allir eru fæddir eftir 1968 eiga verk á sýningunni og hafa tekið virkan þátt í fjölbreyttri dagskrá hennar ásamt sýningarstjórunum Hugin Þór Arasyni og Daníel Karli Björnssyni.

Á morgun verður boðið upp á leiðsögn starfsfólks safnsins um sýninguna og kl. 15 mun Ásdís Sif Gunnarsdóttir myndlistarmaður, einn þátttakenda í sýningunni, sýna upptöku á framtíðar sápuóperu sem hún hefur skrásett í tengslum við verk sitt Tribal TV (Future Crash II).

Þess má einnig geta að gerðarleg sýningarskrá er gefin út í tengslum við sýninguna en hún geymir heimildir um aðdraganda hennar og hugmyndafræði. – khh







# Mozart mættur á svið

Ýmsum hnykkti við þegar tilkynnt var síðastliðið vor að Leikfélag Reykjavíkur hygðist setja Amadeus eftir Peter Shaffer á svið. Þekktu ekki allir kvikmynd Miosar Forman, bæði í stuttri og langri gerð? Róbert Arnfinnsson og Sigurður Sigurjónsson höfðu leikið þá fjandvinina Salieri og Mozart snemma á níunda áratugnum og var verkið svo merkilegt að það ætti erindi á svið?

Spurningum af þessu tagi verður svarað í kvöld þegar tjaldið lyftist af stóra sviði Borgarleikhússins og áhorfendur dragast inn í hugarfylgsni tónskáldsins Salieris. Hilmir Snær stendur í fyrsta sinn á stærsta sviði landsins í hlutverki sem rúmar allt verkið.

Peter Shaffer er fæddur árið 1926 og óhætt er að fullyrða að leikritið um meðalmanninn Salieri og snillinginn Mozart sé toppurinn á skáldferli hans. Hann er gyðingur frá Liverpool og tók að birta leikverk um þrítugt. Five Finger Exersize (1958) var leikið hér af Ferðaleikhúsinu, Leikfélagið hefur komið á svið tveimur þekktari verka hans, Svartri kómedíu (1965) og Equus (1973).

Shaffer hefur átt miklum vinsældum að fagna sem leikskáld. Fyrir utan verkin sem þegar hafa verið nefnd er Royal Hunt of the Sun (1964) þekkt og virt.

Shaffer var á sinni tíð við nám í breskri leikritun. Hann var fjarri tilvistarkreppu absúrdismans og laus við verkalýðshyggju eldhússkólans. Hann fór sínar eigin leiðir. Hann var gjarn á að leiða saman guðlega köllun og jarðbundna menn og hvergi tókst honum betur til en í Amadeus.

Verkið var nokkuð lengi í vinnslu. Simon Callow leikarinn góðkunni (Four Weddings and a Funeral) lýsti nýlega tilurð verksins en hann var ráðinn í að leika Mozart meðan það var enn í smíðum. Það valt milli borða valdamikilla leikstjóra í London og að endanum hreppti Peter Hall hnossið: Paul Scofield skóp Salieri og Callow Mozart – verkið var sýnt þúsund sinnum í London og New York. Sýning Hall vann öll tiltæk verðlaun beggja vegna Atlantshafsins.



**FRUMSÝNING VERÐUR Í KVÖLD Á AMADEUS EFTIR PETER SHAFFER** Í efri röð eru Þórunn S. Þorgrímsdóttir leikmyndahönnuður, Hilmir Snær Guðnason sem fer með hlutverk Salieri og Stefán Baldursson leikstjóri. Í fremri röð eru Víðir Guðmundsson og Birgitta Birgisdóttir sem leika hjónakornin Wolfgang Amadeus og Konstönsu konu hans.

Salieri rekur fyrir okkur á gamals aldri hvernig hann kynntist rödd guðs í krakkanum og klámkjaftinum Mozart. Tónlistin hljómar því í gegnum allt verkið og upplýsir okkur áhorfendur um snilli undrabarnsins og um leið erum við leiksoppar leikskáldsins sem vefur okkur um fingur sér. Stefán Baldursson segir hér á síðunni að Shaffer hafi ekki sleppt höndum af verkinu, hafi endursamið það að hluta. Því geta þeir sem sáu og muna sviðsetningu Helga Skúlasonar glatt sig við nýja loga á sviðinu. Hinir sækja þangað nýja reynslu.

Leikfélagsmenn tjalda miklu til: hér eru kallaðir til kraftar sem eru áhorfendum Borgarleikhússins nýir: Hilmir Snær, Víðir og Birgitta eiga öll frumraun á stóra sviðinu. Þá snúa Þórunn og Stefán aftur til Leikfélagsins sem eru tíðindi í sjálfu sér. Frumsýningargestir og þeir sem eftir fylgja eiga spennandi kvöldstund í vændum. - pbb

## Silfurkirkjugarður



Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir leikmyndahöfundur hefur átt langt og gott samstarf með Stefáni Baldurssyni leikstjóra. Hún hefur unnið á mörgum sviðum landsins en er að gera sína fyrstu leikmynd fyrir stærsta leiksvið á landinu. Raunar er þetta í annað sinn sem hún vinnur fyrir Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu. Aðspurð hvernig hafi verið svarar hún: „Ágætt bara."

Á stóra sviðinu vinnur hún með allt rýmið og lýsir verki sínu sem silfruðum kirkjugarði. „Vín er stundum kölluð borg minninganna og þar eru kirkjugarðar í hávegum hafðir." Örlög Mozarts urðu þau að hverfa ofan í fátækragrafreit Vínar meðan Salieri fékk virðulegan minnisvarða - um hríð. Þórunn segir samt talsvert barokk í sviðsmyndinni og offlæði, einkum í glæsilegum búningum Helgu I. Stefánsdóttur.

Verkið er silfruð minning en stýrist af tvíræðni Salieris: iðrast hann eða er yfirbót hans blekking? Skrautlegt yfirborð? - pbb

## Öfund og undirferli



Stefán Baldursson leikstjóri hefur ekki starfað í Borgarleikhúsinu síðan hann setti opnunarsýninguna á svið 1989. Hann hafði þá starfað í hartnær tvo áratugi fyrir Leikfélag Reykjavíkur og var leikhússtjóri þar árin meðan Borgarleikhúsið var í byggingu. Eftir opnun leikhússins fór hann til starfa erlendis, en tók svo við stjórn Þjóðleikhússins. Stefán segir þau Þórunni S. Þorgrímsdóttur nýta sér allt sviðið og hringinn í sviðsetningu á Amadeus. Honum finnst verkið standast vel tímans tönn: „Meðan öfund, flærð og undirferli ríkir í mannlegum samskiptum á það erindi." Hann segir Shaeffer hafa endurskoðað verkið reglulega og í þessari sviðsetningu er lokauppgjör Salieri og Mozart gerólíkt því sem var í fyrstu sviðsetningunni.

Það eru ekki bara ungu leikararnir sem eru að fóta sig á stóra sviðinu í fyrsta sinn: Hilmir Snær hefur aldrei leikið á því áður og Þórunn hannar þar leikmynd í fyrsta sinn. - pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**OKTÓBER**

18 19 20 **21** 22 23 24

### Laugardagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 15.00 Tónlistarveisla í tilefni 40 ára afmælis **Tónlistarskóla Mosfellsbæjar**, nú **Listaskóla Mosfellsbæjar**. Tónleikar í Íþróttahúsinu að Varmá þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur nokkur lög við ljóð Halldórs Kiljans Laxness undir stjórn **Kurts Kopecky**. Sjö kórar koma fram á tónleikunum auk Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar.

☐ 16.00 Hátíðardagskrá í tilefni af 100 ára höfundarafmæli **Gunnars Gunnarssonar**. Ljóðatónleikar í **Menningarmiðstöðinni Gerðubergi**.

#### LEIKLIST

☐ 20.00 Einleikurinn **Gísli Súrsson** er sýndur í **Möguleikhúsinu** við Hlemm. Leikari er **Elfar Logi Hannesson**.

#### OPNANIR

☐ 17.00 Rúmenski myndlistarmaðurinn **Sorin Dan Cojocaru** opnar sína fyrstu einkasýningu hér á landi í dag. Sýningin fer fram í versluninni **hún og hún** við **Skólavörðustíg** og stendur til 17. nóvember.

#### SÝNINGAR

☐ 10.00 **Bjarni Ragnar Haraldsson** sýnir í **Listhúsi Ófeigs** við **Skólavörðustíg**. Sýningin ber heitið **Séð fyrir horn** en hún er opin milli 10-18 á virkum dögum og 11-16 á laugardögum. Hún stendur til 15. nóvember.

☐ 11.00 Nú stendur yfir sýning á verkum **Húberts Nóa** og **Jóns Sæmundar** í **Gallery Turpentine** í Ingólfsstræti. Jón Sæmundur sýnir málverk og skúlptúra í aðalsal gallerísins en Húbert Nói sýnir vídeóverkið **50 Megawött** í kjallara. Sýningarnar standa báðar frá 14.-28. okt. Sýningin er í tengslum við **Sequences hátíðina**.

☐ 12.00 **Þóra Einarsdóttir** sýnir olíumálverk á **Kaffi Sólon, Bankastræti 7a**. Sýningin nefnist **Margt býr í þokunni** og stendur til 27. október. Viðfangsefni Þóru er aðallega íslenskt landslag sem hún hefur málað á silki, vatnslitapappír og olíu á striga.

☐ 18.00 Sýning **Sigtryggs Bjarna Baldvinssonar** stendur yfir í **Listasafni Reykjanesbæjar**. Sýningin ber heitið **Sog**. Viðfangsefni listamannsins er straumvatn og sýnir hann þarna ný málverk unnin með olíu á striga og rýmisverk. Sýningin er opin alla daga frá kl. 13-17.30 og stendur til 3. desember.

#### MÁLÞING

☐ 14.00 Hátíðardagskrá í tilefni af **100 ára höfundarafmæli Gunnars Gunnarssonar**. Málþing í **Gerðubergi** þar sem frummælendur verða **Jón Yngvi Jóhannsson**, **Gunnar Hersveinn** og **Halldór Guðmundsson**. **Pétur Gunnarsson** rithöfundur stýrir pallborði á eftir erindum. Aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.







# Gísli Súrsson

GÍSLI SÚRSSON Í MÖGULEIKHÚSINU
Lau. 21. okt kl. 20. - Sun. 22. okt kl. 20 - Fim. 26. okt kl. 20 UPPSELT
Aðeins þessar þrjár sýningar!

GÍSLI SÚRSSON Í HVERAGERÐI
Fös. 20. okt. kl. 20:30

GÍSLI SÚRSSON Á AKRANESI
Mið. 25. okt. kl. 20

Komedíuleikhúsið

Miðapantanir í síma: 5622669
& komedia@komedia.is



„UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG.“
AMADEUS

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 22/10 kl. 14 UPPS.
Lau 28/10 kl. 14
Sun 29/10 kl. 14
Sun 5/11 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Sun 22/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20
Lau 28/10 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 26/10 kl. 20 Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**MANNTAFL**
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**ÁSKRIFTARKORT**
5 sýningar á 9.900

SÍÐASTA SÖLUVIKA!
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

**MEIN KAMPF**
Í kvöld kl. 20 Fös 27/10 kl. 20
Lau 28/10 kl. 20 Lau 4/11 kl. 20

**TÓNLISTARSKÓLI AKRANESS**
Þjóðlagasveit tónlistarskólans á Akranesi
Mið 25/10 kl. 20:30
Miðaverð 1.500

**AMADEUS**
Í kvöld kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort.
Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

**VIÐ ERUM KOMIN-Íd**
Októbersýning Íd, 2 ný verk:
Við erum komin e. Ólöfu Ingólfsdóttur og Hver um sig e. Vaðal.

Sun 22/10 kl. 20
Síðasta sýning!

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Í kvöld lau. 21/10. **Allra síðasta sýning!**

**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
Frumsýning 27/10 **uppselt**, 2. sýn. lau. 28/10 **uppselt**, 3. sýn. sun. 29/10 **örfá sæti laus**, 4. sýn. lau. 4/11 **örfá sæti laus**, 5. sýn. sun. 5/11 **örfá sæti laus**, 6. sýn. lau. 11/11 **örfá sæti laus**, 7. sýn. sun. 12/11 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 18/11 **örfá sæti laus**.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Í dag lau. 21/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 29/10 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 **kl. 14:00 uppselt**, lau. 11/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 12/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 18/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt.**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 2/11 **örfá sæti laus**, fös. 3/11 **uppselt**, fim. 9/11 **örfá sæti laus**, fös. 10/11 **örfá sæti laus**, fim 16/11, fös. 17.11.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í kvöld lau. 21/10 **uppselt**, sun. 22/10 **kl. 17:00 uppselt.**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Lau. 28/10. **Allra síðasta sýning!**



**FOSSE HÁTÍÐ:**
**SUZANNAH** eftir Jon Fosse/tónlist Atli Ingólfsson
**Gestaleikur frá Cinnober leikhúsinu í Gautaborg.**
Í kvöld fim. 19/10 **örfá sæti laus**, fös. 20/10.

**NAFNIÐ OG SONURINN** – leiklestur á tveimur verkum eftir Jon Fosse
Lau. 28/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis.

**MÁLÞING UM HÖFUNDARVERK JONS FOSSE**
Sun. 29/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

**LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00 og 12:15**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Í dag lau. 21/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, sun. 22/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl.12:15 uppselt**, lau. 28/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, sun. 29/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt**, lau. 4/11 **kl. 11:00** og **kl. 12:15 örfá sæti laus**, sun. 5/11 kl. **11:00** og **kl. 12:15**.

*Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*
**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra** á Sauðárkróki mán. 23/10,
**Menntaskólinn á Ísafirði** mið. 25/10.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**


# Vendipunktar Valgerðar

**Valgerður Hauksdóttir grafíklistamaður sýnir verk sín í sölum Hafnarborgar þessa dagana. Sýningin „Vendipunktar“ ber nafn sitt með rentu en á sýningunni hefur listamaðurinn valið verk sem hafa haft áhrif á þróun hennar.**



**FER FRJÁLSLEGA MEÐ MIÐILINN** Valgerður Hauksdóttir myndlistarmaður sýnir í Hafnarborg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Valgerður sérhæfði sig í steinþrykki og ætingu en hún nam myndlist í Bandaríkjunum á sínum tíma og hefur kennt grafíklist hér á landi auk þess að vera gestakennari eða fyrirlesari við háskóla í Evrópu og Bandaríkjunum. Á dögunum kom einnig út bók um grafíklist í Bretlandi eftir listfræðinginn Richard Noyce, Printmaking on the Edge, þar sem fjallað er um verk Valgerðar.

„Yfirskrift sýningarinnar nú er bæði hugmyndafræðileg og sálræn,“ útskýrir Valgerður. „Ég sýni ákveðin atriði sem hafa breytt stefnunni hjá mér og verk sem verða því ákveðnir vendipunktar.“ Hún nefnir þar til dæmis nýja nýtingu myndflatarins. „Ég hef þróað mína eigin aðferð og fer frjálslega með miðilinn. Þannig eru verkin mín hálfgerðir hljóð- og pappírsskúlptúrar. Ég nýti myndflötinn eins og skúlptúr í stað þess að þrykkja myndinni á hefðbundinn hátt. Verkin ættu eðli málsins samkvæmt að vera í upplagi en eru í raun einstök verk, þau hanga í sýningarrýminu og fólk getur séð þau báðum megin. Ljós og skuggar skipa þannig jafn mikinn sess og myndefnið sjálft.

Á efri hæð sýnir Valgerður ný verk unnin á tímabilinu 2003 til 2006, ljósmyndir og grafíkverk unnin með blandaðri tækni. Á neðri hæð, í Sverrissal, gefur að líta kynningu á hugmyndum og aðferðum er liggja að baki myndsköpun Valgerðar. Áhersla er lögð á hinn fræðandi þátt og nokkur lykilverk er hafa haft áhrif á þróun verka Valgerðar og er elsta verkið frá 1983.

Um áhrifavalda sína og innblástur segir Valgerður að bakgrunnur sinn í náttúrufræðum og tónlist hafi töluverð áhrif á listsköpun hennar. „Það hefur til dæmis áhrif á bygginguna enda er heilmikill taktur eða púls í verkunum,“ segir hún og bendir á að á sýningunni nú séu tvö hljóðverk sem tónskáld hafa samið sérstaklega fyrir verk hennar.

Valgerður lauk tónlistarnámi á sama tíma og hún kláraði myndlistarnámið og segir þá reynslu hafa nýst vel. „Það er auðveldara að skynja abstrakt hugsun þegar maður vísar til tónlistarinnar. Það er erfiðara þegar fólk sér eitthvað sem það getur tengt við það sem það hefur séð fyrir. Stundum er gott að geta slökkt á því sem við þekkjum og notið hlutanna eins og þeir eru.“ Sýningin í Hafnarborg stendur til 30. október. -khh

# Fundin verk eftir Túbals



**ÓLAFUR TÚBALS MYNDLISTARMAÐUR - SJÁLFSMYND**

Á sunnudag verður opnuð sýning á verkum Ólafs Túbals (1897-1964) í Sögusetrinu á Hvolsvelli. Davíð Oddson seðlabankastjóri opnar sýninguna kl. 14 og síðan segir Sigríður Hjartar húsfreyja í Múlakoti frá Ólafi og leiðir fólk um sýninguna.

Ólafur Túbals er mörgum ókunnur en hann var listmálari og þjóðþekktur á sinni tíð. Hann var ættaður úr Fljótshlíðinni, stundaði nám í Iðnskólanum 1917 en hafði brennandi áhuga á myndlist og sótti sér þekkingu í Listaháskólann í Kaupmannahöfn 1928 og 1932. Verk hans eru víða til en þau sem mynda sýninguna í Sögusetrinu eiga sér aðra sögu. Sigríður Hjartar fann myndirnar þegar þau hjónin fóru að taka til í húsakynnunum í Múlakoti þegar þau fluttu þangað. Verkin voru í misjöfnu ástandi og sum nánast ónýt en þau hjónin fengu leiðbeiningar frá sérfræðingum um hvernig ætti að meðhöndla þau og laga. Sigríður hefur síðan rammað inn þau verk sem hægt var. Einnig fundust dagbækur Ólafs þarna og munu þær einnig liggja frammi á sýningunni. Ólafur notfærði sér þau tengsl sem hann myndaði á utanlandsferðum sínum, hann bauð fjölda málara aðstöðu hjá sér þegar þeir heimsóttu hann. Var talað um Múlakot sem eins konar listamannaaðsetur. Þar áttu íslenskir listamenn líka afdrep.

Sýningin verður opin á laugardögum og sunnudögum frá klukkan 10-18. - pbb

## AIRWAVES Í KVÖLD

ICELAND AIRWAVES '06

**GRAND ROKK**
20:00 We Made God
20:45 Fortuna
22:15 Atomstation
23:00 Foreign Monkeys
23:45 Dimma
00:30 Changer
01:15 Sólstafir
02:00 Nine Elevens

**GAUKURINN**
20:00 Nortón
20:45 Audio Improvement
21:30 Johnny Sexual
22:15 Sometime
23:00 Amanda Blank
00:00 Whomadewho
01:00 Hairdoctor
01:45 Spektrum
02:30 Clash DJs - dj set

**ÞJÓÐLEIKHÚSKJALLARI**
22:00 Toggi
22:45 Hjaltalín
23:30 Mr. Silla & Mongoose
00:15 Jens Lekman
01:15 Patrick Watson
02:00 Worm is Green

**NASA**
20:00 Wulfgang
20:45 Úlpa
21:30 Walter Meego
22:15 Benny Crespo's Gang
23:00 Fields
00:00 Brazilian Girls
01:00 Hermigervill
01:45 Dr. Mister & Mr. Handsome

**LISTASAFN REYKJAVÍKUR**
20:00 Daníel Ágúst
20:45 Pétur Ben
21:30 Biggi
22:15 Leaves
23:00 The Cribs
00:00 Kaiser Chiefs



**KAISER CHIEFS** Breska hljómsveitin Kaiser Chiefs spilar á Nasa í Listasafni Reykjavíkur í kvöld.

**IÐNÓ**
20:00 Siggi Ármann
20:45 Ólöf Arnalds
21:30 Kira Kira
22:15 Borko
23:00 Evil Madness
00:00 Stórsveit Nix Noltes
00:45 Joseph Marzolla
01:30 Leave Calmer

**Nánari upplýsingar á Icelandairwaves.com.**



**FJÖLLISTAHÓPURINN RED SKY** Skemmtir í Smáralind í dag.

# Góðir gestir

Fjölskylduhátíð verður haldin í Vetrargarðinum í Smáralind í tilefni af Kanadískri menningarhátíð í Kópavogi sem hófst 14. október og lýkur á morgun.

Skólahljómsveit Kópavogs undir stjórn Össurar Geirssonar slær upptaktinn að dagskránni, en síðan taka við fjölbreytt skemmtiatriði. Ronja ræningjadóttir skemmtir yngstu kynslóðinni, Skólakór Kársness og Kór Snælandsskóla syngja. Fjöllistahópurinn Red Sky sýnir listir sínar og barkasöngvararnir Tracy Brown og Kendra Tagoona koma fram. Systurnar Greta Mjöll og Hólmfríður Ósk Samúelsdætur flytja nokkur lög.

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

# Fræðsla í máli og myndum

Nú standa yfir serbneskir dagar í Borgarbókasafninu og af því tilefni eru skipulagðir fyrirlestrar og kvikmyndasýningar í safninu. Meðal viðfangsefna fyrirlestranna er serbnesk miðaldalist og arkitektúr auk þess sem forstöðukona Nikola Tesla-safnsins í Belgrad fjallar um þann heimsþekkta vísindamann.

Kvikmyndasýningar hófust í gær en það verða daglegar sýningar í safninu til mánaðamóta. Sýndar verða myndir eftir serbneska leikstjóra, s.s. Darko Bajic og Radivoje Andric, teiknimyndir eftir einn þekktasta teiknimyndaleikstjóra Serba, Rastko Ciric, auk heimilda- og fræðslumynda. Myndirnar verða sýndar kl. 14 um helgar en kl. 17 á virkum dögum.

Í safninu stendur einnig yfir ljósmyndasýning á verkum Alexandar Kelic „Serbía: Ófullkomin og ófullgerð saga“ og sýningin „Austur-Serbía: falin menning“ sem hefur að geyma muni af minjasafninu í Zajecar í Austur-Serbíu. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Borgarbókasafnsins eða á síðunni www.balkankult.org.


**FRÁ SÝNINGU LJÓSMYNDARANS ALEXANDAR KELIC** Serbneskir menningardagar standa yfir í Borgarbókasafninu.


**ÞORLEIFUR ÖRN ARNARSSON** vakti nokkra athygli í finnsku pressunni fyrir leikstjórn sína á Clockworks.

# Leikhúsmenn í útrás

Þorleifur Örn Arnarsson kom heim í gær frá Finnlandi en hann vakti nokkra athygli þar fyrir sviðsetningu sína, leikmynd og leikgerð á Clockworks fyrir virtan sjálfstæðan leikhóp þar í landi, Virus, á dögunum. Fékk sú sýning góða dóma.

Að sögn Þorleifs var leitað til hans af hálfu hópsins og vann hann leikgerðina sem „hiklaust“ byggir á Clockwork Orange eftir Burgess þótt ekki hafi fengist til þess leyfi.

Frumsýning var þann 6. október í leikhúsi hópsins í gamalli vatnsverksmiðju en í sal sem tekur 1580 gesti í sæti. Átta leikarar taka þátt í sýningunni og verður hún á fjölunum fram í desember.

Aðrir íslenskir leikhúsmenn eru enn að í finnskum leikhúsum: sviðsetning Gunnars Helgasonar á Hellisbúanum gengur enn í Sænska leikhúsinu í Helsinki og verk konu hans, Bjarkar Jakobsdóttur, er enn verið að sýna í leikstjórn hennar. Þessar sýningar hafa gengið í nokkur misseri: Hellisbúinn á þriðja ár og Sellófan er á öðru ári.

Sigurður Karlsson leikari hefur haft aðsetur í Finnlandi í nokkur ár. Hann hefur leikið nokkuð, var meðal annars í sviðsetningu Borgars Garðarssonar á Þið munið hann Jörund á liðnu sumri í sumarleikhúsi en sú hefð er gömul í Finnlandi að leika undir berum himni sumarlangt. Söngleikur Jónasar Árnasonar um Jörund var einmitt verkið sem dró Borgar til Svíþjóðar fyrir þremur áratugum svo honum er leikritið kunnugt. Hann lék líka í frumuppfærslu verksins hjá Leikfélagi Reykjavíkur á sínum tíma.

Sigurður kvaðst í samtali við Fréttablaðið sinna leik í hjáverkum. Í sumar hafi hann munað að þau voru orðin fjörutíu árin sem hann hafði leikið: „ Þá var komið nóg.“ Hann sagðist einkum einbeita sér að þýðingum þessi misserin.

- pbb

# Annar Kristall

Aðrir kammertónleikar félaga í Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem kenndir eru við Kristal, fara fram í Listasafni Íslands síðdegis í dag. Á efnisskránni eru verk sem öll eru samin í hefð Vínarklassíkurinnar en þar má finna tónsmíðar eftir Johann Matthias Sperger, Mozart, og Franz Danzi.

Á þessum tónleikum verður sérstök áhersla lögð á tónsmíðar þar sem bassahljóðfærið víólóne nýtur sín. Hljóðfærið er náskylt kontrabassanum en frábrugðið hvað varðar strengjafjölda og stillingar og naut mikillar hylli meðal tónskálda á tímum Vínarklassíkurinnar.

Flytjendur eru Brjánn Ingason, Emil Friðfinnsson, Hildigunnur Halldórsdóttir, Laufey Sigurðardóttir, Martin Frewer, Svava Bernharðsdóttir, Bryndís Björgvinsdóttir og Dean Ferrel.

Tónleikar hefjast kl 17.


**AFMÆLISÁR MOZARTS** Í ár eru liðin 250 ár frá fæðingu tónskáldsins en menningarunnendur geta hlýtt á tónsmíðar hans í dag og kynnst lífshlaupi hans á sviði Borgarleikhússins í kvöld.

## DAGSKRÁ SEQUENCES

**08.34** Myndlistarmaðurinn Trong Gia Nguyen og hljómsveitin Seabear fremja gjörning í SAFNI við Laugaveg.

**14.00** Hildur Bjarnadóttir, Katrín Pétursdóttir og Erla Haraldsdóttir opna sýningu í i8, Klapparstíg.

**15.00** Gjörningar í versluninni Kron-Kron, Laugavegi 63b.

**15.00** Snorri Ásmundsson fremur gjörning á Laugavegi.

**16.00** Ásmundur Ásmundsson fremur gjörning í Kling & bang gallerii.

**17.00** Þýsk tilraunatónlistarmyndbönd í Tjarnarbíói.

**18.00** Myndlistarmaðurinn Nores fremur gjörning BANANANANAS á Barónsstíg.

**19.00** Þýsk tilraunatónlistarmyndbönd í Tjarnarbíói.

**21.00** Halldór Ásgeirsson fremur gjörning í Gallerí Dverg, Grundarstíg.

**21.30** Stephan Stephensen treður upp á Sirkus.
























> Við mælum með

... strigaskóm. Það er ekkert mikilvægara en að vera í þægilegum skófatnaði á tónleikaveislu helgarinnar þar sem örugglega verður mannmergð mikil. Gefum háu hælunum frí þessa helgina.

# útlit

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN ÍRIS DÖGG EINARSDÓTTIR LJÓSMYNDARI, MÓÐIR OG NEMI

# Klassísk steingeit með rokkuðu ívafi



**Spáir þú mikið í tískuna?** Já ég spái alveg hæfilega mikið í tískuna. Ég reyni að fylgjast með því hvað er að gerast í fötum, innanhússhönnun, ljósmyndun og animation.
**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Ég er í steingeitarmerkinu, þannig að ég er svolítið klassísk týpa. Ég reyni samt að blanda saman glamúr, rokki og pönki.
**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Alexander McQueen, Vivianne Westwood, Chanel, Marc Jacobs og Henrik Vibskov eru nokkrir af mínum uppáhaldsfatahönnuðum.
**Flottustu litirnir?** Fjólublátt er verndarliturinn minn og því í miklu uppáhaldi. Svart, hvítt og grátt klikka heldur aldrei.
**Hverju ertu veikust fyrir?** Töskum og jökkum.
**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Ég keypti mér boli í Topshop fyrir stuttu. Ódýra og fína.
**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Mér finnst áhrif pönksins 1980 í bland við 1960. Til dæmis niðurmjóar buxur og háar í mittið.
**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir veturinn?** Góða vetrarúlpu og kuldaskó.
**Uppáhaldsverslun?** Kronkron og „second-hand“ búðir borgarinnar. Svo finnst mér H&M og Topshop ódýrar og ómissandi viðbót.
**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Ég er móðir í skóla svo að það er ekki mikill peningur sem getur farið í föt á mig .
Það virðist vera sem Salka dóttir mín sé í fyrsta sæti hvað varðar fatainnkaupin þessa stundina.
**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Nærfata. Mér finnst voðalega gaman að eiga falleg nærföt.
**Uppáhaldsflík?** Mér þykir vænt um öll fötin mín á sinn hátt.
**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Mig langar mjög mikið að fara til New York.
**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Ég reyni ekki að kaupa mér ljót föt.



## MÓÐUR VIKUNNAR
### Álfrún fer yfir málin

# Þægindi í fyrirrúmi

Jæja, þá er hin margrómaða tónleikahátíð Íslands gengin í garð. Það eru enginn maður með mönnum nema að vera með rautt armband á úlnliðnum og Airwaves-dagskrána í rassvasanum. Tónleikar eru hin besta skemmtun og þrátt fyrir að vera mikil dama og finnast gaman að vera í kjól og háum hælum er ég algjörlega tilbúin til að fórna því fyrir tónleikavapp helgarinnar. Maður getur nefnilega ekki verið klæddur eins og venjulega á djamminu á svona tónleikahátíðum. Það er best að vera vel undirbúinn undir troðning og mannmergð, mikla bið og raðir. Einnig verður maður að vera í þægilegum fötum til að geta staðið og dansað án þess að verkja í fætur eða bak undan óþægilegum skóm eða of þungri tösku.
Ég hef farið á nokkrar tónleikahátíðir úti um allan heim og lært af reynslunni að ekkert er verra en að vera illa undirbúinn og ekki nógu vel klæddur fyrir komandi átök á tónleikum. Of þröngar buxur eða jafnvel óþægilegir sokkar geta gert afbragðsgóða tónleika að hinni verstu pínu. Því ætla ég að deila með ykkur þessari reynslu minni og koma með nokkur úrvalsráð um hvað ber að varast þegar maður klæðir sig upp fyrir tónleika.
**1. Ekki vera í nýju flottu skónum með háu hælunum** þó svo að þú viljir það. Því áttu eftir að sjá eftir strax í röðinni og þá er ekki aftur snúið. Taktu fram gömlu, slitnu stígvélin sem þú ert búin að nota vandræðalega mikið eða flotta strigaskó svo að þú getir dansað fram á rauða nótt án þess að verkja í fæturna og fá pirringskast.
**2. Ekki vera með of stóra tösku.** Reyndu að koma öllu því nauðsynlegasta fyrir í lítilli hliðartösku eða vösunum á jakkanum þínum. Ekkert er verra en að vera að farast í bakinu út af þungri tösku fullri af óþarfa hlutum.
**3. Ekki vera í of þykkri yfirhöfn** t.d. pels. Þó að yfirhöfnin reynist vel í nístingsköldum röðunum er vel heitt inni á staðnum og þá situr þú uppi með að halda á yfirhöfninni allan tímann og getur því ekki klappað með á tónleikunum. Finndu léttan og góðan jakka sem lítið fer fyrir og vertu með jákvæðar hugsanir í höfðinu í röðinni ef kuldaboli lætur á sér kræla. Vettlingar og húfur eru líka fyrirferðarlítill klæðnaður og bjarga miklu.
Vonandi gagnast þetta eitthvað þegar menn byrja að gera sig klára fyrir tónleikaveisluna og óska ég öllum góðrar skemmtunar og góðs gengis um helgina. Sjáumst í röðinni.








**BLANDAÐ SAMAN** Diane Von Furstenberg blandaði saman köflóttum munstrum og koma það nokkuð vel út.



**PUNKTURINN YFIR I-IÐ** Köflótt hárspöng sem setur svip sinn á þann sem hana ber. Fæst í Skarthúsinu.



**KÖFLÓTTIR** Strigaskór í pönkuðum stíl frá Focus.



**WESTWOOD** Mörgum munstrum og litum er blandað saman í þessum jakka frá Kronkron.

# Köflóttir kaflar

Hið dæmigerða skoska munstur hefur hafið innreið sína í tískuna á ný mörgum til mikillar gleði. Það er ekki langt síðan hið köflótta munstur var í tísku síðast en nú virðist það þó bera hæst af tískubólum vetrarins. Bæði hinir hefðbundnu svörtu og rauðu kaflar en einnig eru nú að bætast við fleiri litir eins og grænt og blátt, svart og hvítt og brúnt og appelsínugult.
Köflótt munstur á sér tvær hliðar, það getur verið bæði rómantískt eða pönkað. Köflóttur fatnaðar var vinsæll hjá pönkurum á níunda áratugnum eins og til dæmis köflótt stutt skotapils og silfurlitaðar keðjur í massavís. Eða sætir skokkar og sveitakjólar eins og austurrískar bændadætur klæðast.
Það er samt hætta á að líta út eins og eldhúsdúkur eða gardína þegar maður klæðist köflóttu því öllu má ofgera. Því verður maður að passa að vera bara í einni köflóttri flík í senn og nota einlitar flíkur við.
Tískugúrúar þurfa ekki að leita langt til að finna köflóttar flíkur því flestar tískuvöruverslanir luma á kjólum, jökkum og pilsum í þessu fallega munstri sem er kærkomin viðbót í annars svartan vetur.

alfrun@frettabladid.is



**SKOKKUR** Sætur stuttur kjóll frá Skarthúsinu.



**BUXUR** Flottar bláköflóttar buxur frá Kronkron.





**ÖKKLASTÍGVÉL** Þægileg stígvél frá Kron með köflóttum kappa efst.



**FYLGIHLUTIR** Diane Von Furstenberg notaði fylgihluti með köflóttu munstri í sýningu sinni.



**FURSTENBERG** Rómantískur kvenlegur kjóll í svörtu og rauðu.

**KÁPA** Vetrarflík frá Spúttnikk.



**RÓMANTÍK** Sæt skyrta úr Spúttnikk.

# Prinsessan hans Andys Warhol



SEDGWICK Lék í mörgum af stuttmyndum Warhols á sjöunda áratugnum og skaust þannig upp á stjörnuhimininn.

Edie Sedgwick var mikill áhrifavaldur á sjöunda áratugnum þrátt fyrir sorglega stutta ævi. Hún var vinkona listamannsins fræga Andys Warhol og hafði mikil áhrif á hann. Hún lék í fjöldamörgum stuttmyndum fyrir kappann og gegndi lykilhlutverki í fylgdarliði listamannsins sem var áberandi í samkvæmislífinu í New York á þessum árum.

Edie byrjaði að vinna sem fyrirsæta ung að árum, en hið ljúfa líf og daglegar slúðurfréttir af henni leiddu til þess að ferill hennar á því sviði varð stuttur. Skemmtanalífið í New York á þessum árum einkenndist því miður af mikilli eiturlyfjanotkun og Sedgwick varð fljótlega háð eiturlyfjum. Hún lést af of stórum skammti aðeins 28 ára og er enn umdeilt hvort um sjálfsmorð hafi verið að ræða eða ekki.

Nú er verið að gera kvikmynd um ævi listamannsins Warhols og er það hin fræga tískuskvísa Sienna Miller sem mun fara með hlutverk Edie í þeirri mynd. Það verður forvitnilegt að sjá hvernig Miller tekst til að fanga hinn margbrotna karakter Edie Sedgwick. -áp-



HIP OG KÚL Þessar myndir voru teknar af Andy Warhol en eins og sniðnar eftir hennar höfði. Sedgwick var fylgikona listamannsins fræga en ekki er ljóst hvort þau hafi verið elskendur.



SIENNA MILLER Þessi fallega leikkona er eins og sniðin í hlutverk Sedgwick á hvíta tjaldinu enda tískumógúll og áhrifavaldur sinnar kynslóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY-IMAGES

# Sérfræðingar tískunnar

Tískuheimurinn stjórnast ekki bara af hönnuðum og fyrirsætum heldur af hinum svokölluðu tískumógúlum sem hafa gert garðinn frægan með sterkum skoðunum sínum og skemmtilegum fatastíl.

Þeir geta gjörsamlega eyðilagt heila fatalínu hjá hönnuðum ef þeim líkar hún ekki enda liggja þeir ekki á skoðunum sínum og gjarnan skrifa þeir á frægar tískubloggsíður eða í stærstu tímaritin. Hönnuðir skjálfa á beinunum ef þeir sjá eitthvað af eftirfarandi andlitum á fremsta bekk á tískusýningum sínum og biðja til guðs að viðkomandi líki sýningin. Þessir hafa nefnilega ítök í kreðsu fræga fólksins og eru oft persónulegir stílistar þeirra. Það er því þess virði að kynna sér hvaða manneskjur þetta eru til að geta fylgst með og haft puttana á púlsinum. Fyrst er það stílistinn Rachel Zoe sem er einn af frægari stílistum í heimi í dag og sér um ungstirnin Mischu Barton, Nicole Richie og Paris Hilton. Blaðamaðurinn Anna Piaggi vekur athygli hvert sem hún fer vegna sérstaks fatastíls. Hún hefur meðal annars lýst því yfir að hún komi aldrei fram opinberlega í sömu fötunum. Ritstjóri frönsku útgáfu Vogue tímaritsins, Carine Roitfeld, er mikill töffari innan tískuheimsins og er þekkt fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum. -áp



RACHEL ZOE



ANNA PIAGGI



CARINE ROITFELD FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# McCartney brjálaður út í Mills

Paul McCartney er brjálaður út í fyrrverandi eiginkonu sína, Heather Mills, vegna ásakana um að hann hafi beitt hana ofbeldi meðan á hjónabandi þeirra stóð. Dómskjölum var lekið í fjölmiðla en þar kom fram að Mills ætlar að bera vitni um að McCartney hafi lamið hana, neytt áfengis og ólöglegra lyfja.

Breska blaðið The Daily Mail komst fyrst yfir þrettán síðna lýsingu á hjónabandinu sem lögð verður fram við réttarhöldin en áætlað er að þau hefjist í byrjun næsta árs. Lögfræðingastóð bítilsins fyrrverandi birti í gær yfirlýsingu vegna málsins og þar kom fram að McCartney ætli sér ekki að tjá sig persónulega um málið en hann hygðist jafnframt ætla beita sér af fullum krafti gegn þessum „röngu ásökunum“.

Payne Hicks Beach, lögfræðingur McCartneys, sagði að skjólstæðingur sinn væri miður sín en bætti því við að hann vonaði að málið myndi fara í réttan farveg og yrði haldið frá kastljósi fjölmiðlanna.

„Ekki eingöngu eðli málsins vegna heldur einnig vegna barnanna en þetta er fyrst og fremst einkamál þeirra tveggja,“ sagði Beach við fjölmiðla í gær.

Heather Mills vildi ekki tjá sig um málið þegar fjölmiðlar höfðu upp á henni við upptökur á sjónvarpsþætti fyrir BBC.

Lögfræðingateymi hennar hjá Mischon de Reya vildi heldur ekki segja neitt um hvort upplýsingum hefði verið vísvitandi lekið til fjölmiðla og vonuðust þeir til að þeir myndu láta af umfjöllun sinni um þetta viðkvæma mál. Engu að síður hefur breska slúðurpressan farið hamförum í fréttaflutningi sínum af skilnaðinum sem gæti orðið sá dýrasti í sögu Bretlands. **-fgg**


**ALLT BRJÁLAÐ** Paul McCartney ætlar að beita sér af fullum krafti gegn ásökunum fyrrverandi eiginkonu sinnar, Heather Mills. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES


BUBBI 06.06.06




Fíton/SÍA F1019020

Nýtt tilboð til allra áskrifenda í Og1

Afmælistónleikar Bubba Morthens á DVD.
Upplifðu þessa mögnuðu tónleika, aftur og aftur.

Viðskiptavinir í **Og1** fá þennan frábæra tónleikadisk með rúmlega **40% afslætti** eða á aðeins **1.690 kr.** í stað 2.990 kr.

Þetta er aðeins einn af mörgum ávinningum þess að skrá sig í **Og1.**

Verið velkomin í næstu verslun.
Vodafone

**gríptu augnablikið og lifðu núna**
vodafone



**STJARNA KVÖLDSINS** Rafnhildur Rós Atladóttir var án nokkurs vafa stjarna kvöldsins og hér er hún með leikstjóranum Baltasar.


**ÁSTIN BLÓMSTRAR** Þau Rakel Garðarsdóttir og Björn Hlynur Haraldsson voru hamingjusöm að sjá en Björn Hlynur leikur einmitt Sigurð Óla í Mýrinni.


**SPENNAN Í HÁMARKI** Björn Ingi Hrafnsson og Hólmfríður Rós Eyjólfsdóttir voru flott í Smárabíói.

# Get ekki beðið um meira

**Kvikmyndin Mýrin sló öll met á fimmtudagskvöld þegar myndin var forsýnd í Smárabíói því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa aldrei svona margir mætt á forsýningu á einni kvikmynd.**

Fullt var út úr dyrum í öllum sölum Smárabíós og þurftu starfsmenn kvikmyndahússins að bæta við stólum, opna lúxussal og fólk lét sig hafa það að sitja í tröppunum. Sýningu myndarinnar seinkaði því um hálftíma á meðan starfsmenn reyndu að koma öllum gestunum fyrir.

Baltasar Kormákur, leikstjóri myndarinnar, var enda mjög ánægður með viðtökurnar og sagði þær hafa farið fram úr björtustu vonum. „Ég verð nú að viðurkenna að hjartað fór að slá aðeins hraðar þegar allt þetta fólk tók að streyma inn,“ segir leikstjórinn. „Ég er búinn að vera með magaverki alla vikuna enda mikil eftirvænting og spenna fyrir myndinni,“ bætir Baltasar við og viðurkenndi að hann hefði á einhverjum tímapunkti velt því fyrir sér út í hvað hann væri kominn.

Gagnrýnandi Fréttablaðsins fór fögrum orðum um myndina í dómi sínum á föstudag og sagði Baltasar að viðtökur gesta hefðu verið mjög sterkar. „Ég hef eiginlega aldrei upplifað svona áður með kvikmyndirnar mínar,“ sagði hann. „Maður getur eiginlega ekki beðið um meira.“ **-fgg**


**FORSÆTISRÁÐHERRAHJÓNIN** Geir H. Haarde og eiginkona hans, Inga Jóna Þórðardóttir, voru að sjálfsögðu meðal frumsýningargesta.


**UMHVERFISRÁÐHERRANN MÆTTUR** Jónína Bjartmarz var einn þeirra fjölda stjórnmálamanna sem létu sjá sig á forsýningu Mýrinnar.


**Í LÖGREGLUFYLGD** Lögreglan í Reykjavík var mætt á staðinn enda kemur hún töluvert við sögu í kvikmyndinni Mýrinni.


**TÍSKUKÓNGUR OG -DROTTNING** Þau Björn Sveinbjörnsson, Ásgeir Frank og Svava Johansen voru spennt fyrir myndinni enda hefur hennar verið beðið með mikilli eftirvæntingu.


**ÁNÆGÐUR LEIKSTJÓRI OG RITHÖFUNDUR** Arnaldur Indriðason var ánægður með Mýrina og ræðir hér málin við leikstjórann Baltasar Kormák og eiginkonu hans, Lilju Pálmadóttur.


**SAMAN Á FRUMSÝNINGU** Þær Melkorka Katrín og Ingibjörg Pálmadóttir voru meðal gesta í Smárabíói og sátu spenntar meðal hinna tæplega ellefu hundruð gesta.


**SPENNUFÍKILL** Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, var brattur að sjá í Smárabíói og brosti sínu breiðasta.


**FRAMBJÓÐANDINN OG FJÖLSKYLDAN** Guðlaugur Þór, Anna Ýr og Ágústa Johnsen voru sæl og glöð fyrir frumsýningu.


**EKKERT HLERAÐ HÉR?** Bryndís Schram og Jón Baldvin Hannibalsson voru glæsileg saman á frumsýningu

# BT LEIKIR

## FOOTBALL MANAGER 2007




BT MEÐ MÆLI

PC

3.999

Nýji Football Manager er komin. Fyrir marga er það nánast þjóðhátíðardagur, og skiljanlega svo, Þessi nýjasta útgáfa hefur heldur betur verið endurbætt. Þeir sem gera leikinn hlusta alltaf á spilendur leiksins og hafa bætt við öllu því sem mest hefur verið beðið um...
Sá besti er orðin betri.




FYLGIR

## SIMS 2 PETS




Settu klærnar á nýjustu útgáfuna af Sims 2. Núna geta Simsarnir eignast gæludýr af ótrúlega mörgum mismunandi tegundum dýra. Hundar kettir og fiðurfé, og ótrúlegt magn tegunda. Þú getur jafnvel búið til þín eigin dýr frá grunni. Þjálfaður dýrin og kenndu þeim það sem þú vilt. Dýrin lifa sínu eigin lífi og munu sífelt vera að koma þér á óvart. En mundu að gæludýrin eru hluti fjölskyldunnar..

PS2 og GC

5.999

PC

2.799

## BATTLEFIELD 2142




Árið er 2142 og upphaf nýrrar Ísaldar er hafið og hefur umturnað heiminum. Land ekki umhulið ís er aðeins hluti af jörðinni. Reiknidæmið er einfalt. Það er barist um hvern skika. Heimsveldin 2, Sameinuð Evrópa og Asíska Sambandsveldið berjast um yfirráðin. 22 öldin er ekki friðsæl.

PC

4.999

## SCARFACE




Þeir héldu þú værir dáin, en Tony Montana deyr ekki svo auðveldlega. Sosa tók allt sem þú áttir. Núna ætlar þú að taka það til baka.. og meira til. Hann skal fá að kenna á því að hafa vogað sér að reyna. Þú gerir það sem þú getur og þú gerir það eins og þú vilt það. HEIMURINN er ÞINN.. og allir munu vita það.....

PC

3.999

PS2 og XBOX

4.999

## FIFA 07




Frá því að flautan heyrist munt þú upplifa Fifa 07, heilt keppnisár ásamt öllu því sem gerist á vellinum hvort sem er heima eða að heiman. Valdið er í þínum höndum að koma þér og liði þínu alla leið, hvort sem það er í Ensku, þýsku og frönsku deildinni. Fleiri deild-ir eru einnig í leiknum. Einn sá besti

PC

4.999

PS2 og XBOX

5.999

# Nýtt í bíó

MÝRIN
KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK ARNALDAR INDRIÐASONAR
★★★★ Mýrin er ein besta mynd, ef ekki sú albesta sem gerð hefur verið á Íslandi. Ef þetta er ekki myndin sem skilar íslenskri mynd Óskar þá veit ég ekki hvað þarf til. D.Ö.J. Kvikmyndir.com
FRÉTTABLAÐIÐ
GLITNIR
20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATÍNUM GLITNIS, EF GREITT ER MEÐ GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

FRÁBÆR GAMANMYND MEÐ MERYL STREEP OG ANNE HATHAWAY
UNG OG ÓREYND STELPA KEMUR TIL NEW YORK OG FÆR FYRIR TILVILJUN VINNU SEM AÐSTOÐARKONA HJÁ RITSTJÓRA STÓRS TÍSKUBLAÐS.
THE DEVIL WEARS PRADA
★★★★ EMPIRE
DRAUMASTARFIÐ MEÐ YFIRMANNI DAUÐANS!

2 vikur á toppnum í USA!
TALLADEGA NIGHTS
"Ein fyndnasta gamanmynd ársins" HJ - MBL
Topp5.is
M.M.J kvikmyndir.com

HÚSIÐ ER Á LÍFI OG ÞAU ÞURFA AÐ BJARGA HVERFINU!
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
DRAUGAHÚSIÐ
ÆÐISLEGA SPENNANDI ÆVINTÝRAMYND SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.

ACT NORMAL
★★★★ S.V. MBL
★★★ L.I.B. Topp5.is
ÞETTA ER EKKERT MÁL
GRETTIR 2
TEXAS CHAINSAW MASSACRE
CRANK

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| MÝRIN | kl. 1.30, 3.40, 5.50, 8 og 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 1.30, 3.40, 5.50 og 10.10 |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 12, 2, 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| MONSTER HOUSE ENSKT TAL | kl. 12, 1.50 og 3.40 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 8 og 10 |
| GRETTIR 2 ÍSL TAL | kl. 12 og 1.40 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| MÝRIN | kl. 4, 6, 8.30 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 3 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 3 og 8 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 3 og 8 |
| CRANK | kl. 10.15 |
| ACT NORMAL | kl. 6 og 10.20 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| MÝRIN | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 4 og 8 |
| TEXAS CHAINSAW MASSACRE | kl. 10 B.I. 18 ÁRA |
| DRAUGAHÚSIÐ | kl. 2 B.I. 7 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075
LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK ARNALDAR INDRIÐASONAR
★★★★ D.Ö.J. kvikmyndir.com
FRÉTTABLAÐIÐ
GLITNIR
MÝRIN
KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 b.i. 12
BILUÐ SKEMMTUN
jackass number two
Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.i. 12
TEXAS CHAINSAW MASSACRE
VARÚÐ EKKI FYRIR VIÐKVÆMA
Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.i. 18
DRAUGAHÚSIÐ
Sýnd kl. 2 og 4 ÍSL TAL b.i. 7
kl. 2 og 4 ÍSL TAL
kl. 2 ÍSL TAL
450 KR. Í BÍÓ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU
MIÐASALA OPNAR KL. 1.30


# Lífvörðurinn látinn

Merrick McDonald, fyrrverandi lífvörður Beckham hjónanna lést á dögunum í bílasprengju í Írak. McDonald var yfirlífvörður hjónanna í tvö ár og í miklu uppáhaldi hjá Victoriu, en hún treysti á hann fullkomlega. Hann flutti með hjónunum frá Englandi til Madríd og var stoð og stytta Victoriu í flutningunum. Einnig mun McDonald hafa myndað sérstakt samband við eldri syni Beckham, Brooklyn og Romeo. McDonald hætti hjá hjónunum í sumar til að gerast lífvörður hjá bandarísku fyrirtæki í Írak þar sem hann lést í vikunni fyrir utan bíl sinn sem sprakk.

David og Victoria hafa ekki talað um atburðinn opinberlega en samkvæmt heimildum breska blaðsins The Sun syrgja þau hann mjög og hafa haft samband við ekkju hans og tvö börn.



**DAVID OG VICTORIA BECKHAM** Syrgja þessa dagana látinn lífvörð, Merrick McDonald, sem var þeirra stoð og stytta í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Flýr hverfið sitt

**Svíinn Jens Lekman treður upp í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld en honum var bætt við dagskrá Airwaves á síðustu stundu.**



**Í SJÁLFSSKOÐUN** Jens Lekman hefur tekið sér frí frá upptökum á nýjustu breiðskífu sinni og spilar í kvöld á Iceland Airwaves.

Jens vinnur nú hörðum höndum að nýjustu breiðskífu sinni og hafði reyndar tilkynnt að hann hygðist ekki halda neina tónleika á meðan en stökk glaður á tækifærið sem honum bauðst hér á landi.

Vinnan á nýju plötunni hefur reyndar ekki gengið eins vel og Jens ætlaði. „Hverfið sem ég bý í (í Gautaborg) er orðið afar dökkt, þunglyndislegt og ofbeldisfullt. Ég hef verið rændur nokkrum sinnum og laminn af nasistum, pönkurum og íhaldsmönnum. Ég ætla þess vegna að flytja mig yfir í stúdíó við sjóinn hjá vinkonu minni, Söruh (tónlistarkonan El Perro Del Mar).“ Jens fór einnig í gegnum mikla sjálfsskoðun við upphaf upptökuferilsins og eyddi alls um 200 lögum úr safni sínu. „Svo hef ég verið að íhuga að flytja til Ástralíu og taka upp plötu á sænsku.“ En verður nýja efnið frábrugðið því sem áður hefur heyrst frá Jens? „Nei, þetta hljómar allt alveg eins.“

Jens hefur opinberlega lýst yfir aðdáun sinni á íslensku sveitinni Benna Hemm Hemm og segir sveitina hljóma öðruvísi og betur en annað sem hann hafi heyrt frá Íslandi. „Ég var orðinn leiður á dótinu sem ég var búinn að heyra, svona eitthvað sem tengdist íslenskum töfrum og stórbrotnu landslagi. Mér líkaði samt vel við það í fyrstu en finnst þetta núna frekar klisjukennt.“ Talið er víst að nokkrir meðlimir Benna Hemm Hemm muni troða upp með Jens sem vill þó lítið gefa upp. „Þetta á að koma á óvart.“

steinthor@frettabladid.is


HÁDEGISBÍÓ
aðeins 500 kr.
TVÖFALT FYNDNARI! TVÖFALT BETRI!
GRETTIR 2
SÝND KL. 12 með ísl.tali
HÚSIÐ ER Á LÍFI OG ÞAU ÞURFA AÐ BJARGA HVERFINU!
DRAUGAHÚSIÐ MONSTER HOUSE
SÝND KL. 12 með ísl. og ensku tali
SMÁRABÍÓ
Á TOPPNUM Í 5 ÁR!

LAUGARÁSBÍÓ
TVÖ - BÍÓ
ÍSLENSKT TAL
KL. 2 SÝND KL.2
HÚSIÐ ER Á LÍFI OG ÞAU ÞURFA AÐ BJARGA HVERFINU!
DRAUGAHÚSIÐ MONSTER HOUSE
450 kr.
GRETTIR 2
450 kr.
KL. SÝND KL.2
ÍSLENSKT TAL
ÍSLENSKT TAL
450 kr.
KL. SÝND KL.2
Ástríkur og Víkingarnir
Tilboð á fyrstu sýningar dagsins aðeins 450 kr.
ÓDÝRT Í BÍÓ KR 450




**UNSOUND** Unsound verður á meðal þeirra sem koma fram á Pravda. MYND/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

# Party Zone fram á nótt

Heljarinnar Party Zone-kvöld verður haldið á skemmtistaðnum Pravda á laugardagskvöld í tilefni af Iceland Airwaves.

Spilað verður á báðum hæðum staðarins frá klukkan 20.00 til 05.00. Á meðal þeirra sem koma fram eru Jack Schidt, Krede, Cocktail Vomit, Ruxpin, Unsound og Reykjavik Swing Orchestra.

Miðasala verður á Pravda, auk þess sem armbönd Iceland Airwaves gilda.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 3 - 5-7-9-10 | B.i. 12 | AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 6 | Leyfð |
| THE GUARDIAN | kl. 6 - 9 | B.i. 12 | ZIDANE | kl.4-6-8-10 | |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 10:30 | B.i. 12 | FRÍTT á Allar sýningar í dag á ZIDANE í boði Sýnar | | |
| THE QUEEN | kl. 4 - 6 - 8 | B.i. 12 | BÖRN | kl. 8 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i. 12 | STEP UP | kl. 6 | B.i. 7 |
| THE GUARDIAN VIP | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 | | THE THIEF LORD | kl. 1:45 - 4 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 2 - 3:45 | Leyfð |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 1:45 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i. 12 | OVER THE HEDGE M/- Ísl tal | kl. 1:45 | |
| BEERFEST | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 | BÍLAR M/- Ísl tal | kl. 1:45 | Leyfð |

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum

www.sambioin.is 575 8900

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl. 5:15 - 8 - 10:50 | B.i. 12 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 2 - 4 -6-8-10:10 | Leyfð |
| BEERFEST | kl. 8 | B.i. 12 |
| HARSH TIMES | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| BÖRN | kl. 6 | B.i.12 |
| THE THIEF LORD | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 4-6-8-10 | B.i. 12 |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 - 6 - 8 | B.i. 12 |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 10 | B.i. 12 |
| MAURAHRELLIRINN m/ísl. tali | kl. 2 | Leyfð |
| ÓBYGGÐIRNAR m/ísl. tali | kl. 2 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| THE THIEF LORD | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| ÓBYGGÐIRNAR m/ísl. tali | kl. 2 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 4 - 8 | Leyfð |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 6 - 10 | B.i. 12 |

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum

www.sambioin.is


# Fjölbreytt og undarlegt

**Fimmtudagskvöldið á Airwaves var fjölbreytilegt, þar sem áhugaverðir íslenskir listamenn á borð við Mugison og Lay Low tróðu upp ásamt ýmiss konar erlendum sveitum, sem sumar hverjar voru afar óvenjulegar.**



**MUGSION** Mugison var öryggið uppmálað á Airwaves og náði góðu sambandi við áhorfendur.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Í Listasafni Reykjavíkur steig bandaríski dúettinn Mates of State á svið. Sérlega áhugaverð sveit þar sem einu hljóðfærin voru trommur og hljómborð. Fallegar melódíur og raddirnar pössuðu vel saman.

Næst var ferðinni heitið yfir á Nasa þar sem Lay Low tróð upp.



**TILLY AND THE WALL** Hin undarlega sveit Tilly and the Wall notaði steppdans í stað trommusláttar.

Hugljúfur kántrí-blúsinn féll vel í kramið hjá áhorfendum og greinilegt að þessi unga stúlka er geysilega efnileg. Í Iðnó var Egill Sæbjörnsson mættur með svörtu hárkolluna og í hvítum kúrekabúningi. Áherslan var ekki bara á tónlistina heldur einnig á sviðsmyndina og kom þetta allt saman mjög flott út.

Eftir tóna Egils var röðin komin að hinni stórskrítnu Tilly and the Wall í Listasafninu. Steppdans var notaður í stað trommuslátts og maður vissi ekki hvort maður ætti að hlæja eða gráta. Á einhvern undarlegan hátt gekk þetta samt upp en mikið ofsalega var þetta skrítið.

Stákarnir í Klaxons tóku við á eftir Tilly og náðu sér best á strik þegar teknólætin í þeim voru hvað mest. Annars voru þeir heldur auðgleymanlegir.

Síðastur á svið var síðan Mugison með þétta hljómsveit á bak við sig. Hann byrjaði á gríðaröflugri útgáfu af Murr Murr og í raun náði hann ekki að toppa þá frammistöðu það sem eftir lifði kvöldsins. Engu að síður stóð hann sig frábærlega og átti salinn í raun. Tvímælalaust frammistaða kvöldsins.

Að lokum kíkti ég á sænsku sveitina Love is All. Þar var gleðipoppið í fyrirrúmi og fór maður því heim með bros á vör. Eftirminnilegt fimmtudagskvöld var á enda.

Freyr Bjarnason

# Játast í Armani

Katie Holmes hefur nú ákveðið að það verði kjóll frá hönnuðnum Armani sem hún mun klæðast við brúðkaupið. Búið er að ákveða að Tom Cruise og Holmes munu ganga í það heilaga á Ítalíu í næsta mánuði. Ekki nóg með að Armani hafi hannað brúðarkjólinn sjálfan heldur hefur hann hannað fimm mismunandi dress sem hún getur verið í alla brúðkaupshelgina.

Ekki er komið í ljós í hverju Cruise mun vera en líklegt þykir að Armani verði einnig fyrir valinu enda í miklu uppáhaldi hjá þeim skötuhjúum.



**KATIE HOLMES OG TOM CRUISE** Leikkonan unga hefur ákveðið að það verði Armani sem fái að hanna á hana brúðarkjól.

# Saman á ný

Leikararnir og fyrrverandi kærustuparið Brad Pitt og Gwyneth Paltrow munu sameinast á ný á hvíta tjaldinu. Þau eru bæði búin að samþykkja að leika í mynd byggðri á ævi Richards Nixon Bandaríkjaforseta sem ber nafnið Dirty Tricks og fjallar meðal annars um Watergate-hneykslið.

Paltrow og Pitt voru saman í þrjú ár og voru trúlofuð. Síðast þegar þau léku saman í mynd var það í kvikmyndinni Seven, en þar léku þau hjón. Ekki er ljóst hver hlutverk þeirra verða í Dirty Tricks.



**ANGELINA JOLIE** Mun örugglega sjá til þess að ekki kvikni í gömlum glæðum á tökustað milli fyrrverandi elskendanna Paltrow og Pitts.

Þetta mun eflaust valda fegurðardísinni og kærustu Brads Pitt, Angelinu Jolie, hugarangri þar sem þau tvö kynntust á tökustað þegar Brad Pitt var enn kvæntur Jennifer Aniston. Það er því eins gott að ekki kvikni í gömlum glæðum á tökustað því nú eru börn komin í spilið. Paltrow á tvö börn með eiginmanni sínum, söngvaranum Chris Martin, og Pitt þrjú með Angelinu Jolie.



**GAMLA PARIÐ** Gwyneth Paltrow og Brad Pitt eru að fara að sameinast á ný á hvíta tjaldinu.




## > Stórleikur í Safamýrinni

Íslandsmeistarar Fram taka á móti slóvenska stórliðinu Celje Pivovarna Lasko í Meistaradeildinni í dag. Leikurinn hefst klukkan 16 og fer fram í Safamýri en ekki Laugardalshöll. Fram mætti Celje ytra á dögunum og tapaði stórt, 35-24, eftir að leikið ágætlega í fyrri hálfleik. Celje Lasko er eitt stærsta handboltafélag heims sem hefur tvisvar sigrað Meistaradeildina og á nánast alltaf sæti í undanúrslitum keppninnar hið minnsta, þannig að það verður við ramman reip að draga hjá Íslandsmeisturunum sem eru enn stigalausir í keppninni.



**sport**

sport@frettabladid.is

ARNAR OG BJARKI GUNNLAUGSSYNIR: SKRIFUÐU Í GÆR UNDIR EINS ÁRS SAMNING VIÐ ÍSLANDSMEISTARA FH

# *FH var klúbbur sem maður hló alltaf að*

„Í dag ganga til liðs við FH tveir af fræknustu knattspyrnumönnum Íslands og ég er þess handviss að þeir bræður munu gera góða hluti fyrir okkur FH-inga," sagði Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH, stuttu áður en tvíburarnir Arnar og Bjarki skrifuðu undir eins árs samning við Íslandsmeistara FH í gær.

„Öll umgjörðin í kringum FH sýnir hversu langt þessi klúbbur er kominn og við erum bara ánægðir að þeir skuli hafa trú á okkur sem leikmönnum. Ég tel okkur hafa eitthvað fram að færa í þetta lið og við erum ekki deyjandi menn eins og sumir virðast halda. Þetta er eins árs samningur og við viljum bara vinna titla með FH og svo skoðar maður bara framhaldið eftir ár," sagði Bjarki Gunnlaugsson eftir undirritun samningsins í gær.

„FH er bara besta liðið í dag og þegar þetta kom upp þá var í rauninni engin spurning um neitt annað. Við fengum tilboð um þjálfun hjá öðrum úrvalsdeildarliðum en þegar við hittum Óla þjálfara og fengum plokkfisk heima hjá honum þá var málið dautt," bætti Bjarki við.



Arnar Gunnlaugsson var ekki síður ánægður með að hafa gengið til liðs við FH. „Þetta leggst mjög vel í mig. Það hefur skapast hérna mikil hefð, við vorum að tala um það áðan að þegar ég byrjaði í fótbolta þá var FH klúbbur sem maður hló að og mætti hingað til að skora þrennur. Nú er hins vegar mikil virðing fyrir þessum klúbbi, réttilega, og við viljum bara taka þátt í því að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. Ef maður ætlar að vera í alvöru fótbolta á Íslandi þá er FH eitt af fáum liðum, ef ekki eina liðið, sem kemur til greina," sagði Arnar. Kom aldrei til greina hjá þeim að snúa sér alfarið að þjálfun?

„Nei, ekki núna. Það var mjög gaman síðasta sumar og við erum mjög stoltir af okkar árangri. Við gerðum þetta líka á okkar hátt og liðið spilaði eins og við vildum að fótbolti væri spilaður," sagði Arnar

# Öll lið í efstu deild ræddu við Atla

**Atli Jóhannsson og Óskar Örn Hauksson voru formlega kynntir sem leikmenn KR á blaðamannafundi í gær. Báðir segja þeir Teit Þórðarson þjálfara og umgjörð KR vera helstu ástæðurnar fyrir þeirra vali.**

**FÓTBOLTI** Jónas Kristinsson, formaður KR Sports, kynnti í gær tvo nýjustu leikmenn meistaraflokks KR í knattspyrnu. Það eru Atli Jóhannsson sem hefur alla sína tíð leikið með ÍBV og Óskar Örn Hauksson úr Grindavík. Bæði þessi lið féllu úr efstu deild karla í haust.

Óskar var orðinn samningslaus og var því frjálst að semja við hvaða lið sem er. Samningur Atla átt einnig að renna út á árinu en hann ákvað í síðustu viku að semja við ÍBV til eins árs. „Ég setti mér það markmið strax frá upphafi að ég vildi ekki fara frá ÍBV nema að þeir fengju eitthvað fyrir mig. Það væri eitthvað sem ég gæti gefið þeim til baka og vildi ég gera vel við uppeldisfélag mitt. Það verður vonandi fordæmi fyrir aðra," sagði Atli.



**ÓSKAR ÖRN** Tekur sig vel út í búningi KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Strax og það varð ljóst að ÍBV myndi falla sagði Atli að hann teldi ekki miklar líkur á því að hann myndi spila með liðinu í 1. deildinni. Hann segir að næstu vikur og mánuðir hefðu verið skrautlegir og að öll lið í efstu deild hafi rætt við sig. „Þetta var algjör farsi. Það voru allir að hringja í mig. En það er svo sem gott að vera eftirsóttur, það gefur mér aukið sjálfstraust og er viðurkenning fyrir mig. Ég hef ekkert nema gott um þennan áhuga að segja og er ekki hræddur við þær væntingar sem fylgja. Einhvern tímann verður maður að taka áhættur í lífinu. Ég sjálfur set mikla pressu á mig og mín markmið eru einfaldlega að standa mig vel."

Hann segist þó ekki búast við því að labba beint í byrjunarlið KR enda liðið með sterkan leikmannahóp. „Ég er þó ekki hræddur við samkeppnina. Ég veit hvað ég get. Ég vil spila í hópi þeirra bestu og keppa við þá bestu, annars væri maður ekki í þessu."

Báðir segja Atli og Óskar að einn stærsti þáttur ákvörðunartöku þeirra sé Teitur Þórðarson, þjálfari KR, og það starf sem hann sé að vinna í Frostaskjólinu. „KR er risaklúbbur en fyrst og fremst leist mér vel á þjálfarann. Ég tók þessa ákvörðun út frá knattspyrnulegum gildum, ekki peninganna vegna," sagði Atli. „Teitur er metnaðarfullur og það skiptir máli."

Óskar tók í sams konar streng og líst vel á átökin sem eru framundan. „Ég er sjálfur með mikinn metnað og langar að taka þátt í því sem KR er að gera. Ég átti gott spjall við Teit þjálfara og eftir að KR kom til sögunnar hjá mér kom ekkert annað til greina. Það var nú ekki sjálfgefið að ég færi frá Grindavík en málin þróuðust þannig eftir því sem ég velti mínum málum meira fyrir mér."



**KOMNIR Í NIKE** Atli og Óskar eru hér í nýju búningum KR sem koma frá Nike. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann segir það hafa vitanlega verið vonbrigði að hafa fallið með Grindavík. „Það var ömurlegt. Grindavík var örugglega með sitt besta lið í mörg ár í sumar. En nú er ég kominn annað og til KR er ég kominn til að vinna titla."

Aðspurður segist hann ekki vera hræddur við einokun FH á Íslandsmeistaratitlinum.„Einhvern tímann kemur að því að annað lið vinnur mótið og við ætlum okkur að vinna titilinn á næsta sumri."

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**HEIMIR GUÐJÓNSSON** Er einn þeirra þjálfara sem kemur nálægt starfsemi afreksbrautarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Afreksbraut:

## FH-ingar eru stórhuga

**FÓTBOLTI FH-ingar eru stórhuga í hugmyndum sínum um framtíðina í knattspyrnu innan félagsins. Í vetur fer félagið af stað með afreksbraut í samvinnu við gunnskólana í Hafnarfirði þar sem tuttugu strákar og tuttugu stelpur fá aukna fræðslu og tvær auka æfingar í viku.**

**Krakkarnir sem um ræðir eru í 8. og 9. bekkjum grunnskólanna og markmið afreksbrautarinnar er m.a. að efla námsgetu og jákvætt viðhorf til náms og íþrótta og að gera krakkana að betri leikmönnum.**

**Afreksbrautin verður í samvinnu við þá þjálfara sem starfa hjá FH, en krakkarnir fá tvær 90 mínútna æfingar á viku og einn bóklegan tíma í viku sem á að auka skilning krakkanna á mikilvægi hreyfingar, hvíldar, hollrar næringar og heilbrigðra lífshátta í heild sinni svo dæmi séu tekin.** - dsd

Ólafur Stefánsson:

## Niðurstöðurnar til Spánar

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði í handbolta hefur undanfarna tvo daga gengist undir ítarlegar læknisrannsóknir hér á landi vegna axlameiðsla sem hafa hrjáð hann lengi og haldið honum frá æfingum undanfarinn mánuð.

Brynjólfur Jónsson læknir segir að skoðunin sýni ákveðnar niðurstöður sem hann geti þó ekki greint frá eins og er. „Við erum bundnir trúnaði gagnvart hans félagi á Spáni og tryggingafélagi. Hann mun nú fara til Spánar með niðurstöðurnar og upplýsingar frá mér og öðrum læknum á Íslandi sem skoðuðu hann. Nú er það í höndum Ólafs og hans félags að taka ákvörðun um framhaldið."

Hann vill meina að batahorfur séu ágætar. „Það þurfa ákveðin atriði að verða framkvæmd til að hann geti spilað á nýjan leik. Þetta er frekar flókið mál." - esá

Óvæntar upplýsingar frá eiganda Chelsea:

## Vildi ekki missa Eið

**KNATTSPYRNA** „Ég sagði honum að hann hefði gert mistök með því að láta Eið fara," segir Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður stjórnar Orkuveitunnar sem á fimmtudag hitti rússneska auðkýfinginn og eiganda Chelsea, Roman Abramovich.

„Hann sagði að Eiður hefði farið sjálfur. Þeir hefðu ekki viljað láta hann fara," segir Guðlaugur Þór um viðbrögð Abramovich.

Rússinn var í heimsókn hér á landi sem ríkisstjóri rússneska ríkisins Chukotka og var í hópi manna sem voru að kynna sér jarðhitavinnslu Íslendinga.

Guðlaugur segir það hafa komið sér á óvart hversu hlédrægur Abramovich hafi virkað: „Hann er svona týpa sem er þannig að ef hann er í hópi þá er hann alls ekki áberandi. Það var alls ekki hrokanum fyrir að fara." - gar



**ROMAN ABRAMOVICH** Ræddi brotthvarf Eiðs Smára frá Chelsea við formann Orkuveitunnar.

Íslenska kvennalandsliðið endaði í 33. sæti á HM:

## Nína Björk lék best

**GOLF** Íslenska kvennalandsliðið í golfi lauk keppni á Heimsmeistaramóti áhugamanna í gær. Liðið endaði í 33. sæti af 42 þjóðum en íslenska liðið lék hringina þrjá á 33 höggum undir pari vallarins. Heimamenn í Suður-Afríku fóru með sigur af hólmi í mótinu en Gabon endaði í langneðsta sætinu á 144 höggum undir pari.

Nína Björk Geirsdóttir úr golfklúbbnum Kili lék best íslensku stúlknanna í gær, en hún lék á 77 höggum eða fimm höggum undir pari. Tinna Jóhannsdóttir úr GK lék á 78 höggum og Anna Lísa Jóhannsdóttir úr GR lék á 79 höggum.

Nína Björk endaði í 79. sæti í einstaklingskeppninni, samtals á 14 höggum yfir pari eftir hringina þrjá. Tinna endaði í 92. sæti á mótinu, á 19 höggum yfir pari, og Anna Lísa í 95. sæti, 21 höggi yfir pari, en alls voru 125 kylfingar skráðir til leiks á mótinu. Sigurvegari í einstaklingskeppninni var Rikako Morita frá Japan, sem lék hringina þrjá samtals á 9 höggum undir pari vallarins. - dsd



**ANNA LÍSA JÓHANNSDÓTTIR** Náði sér ekki almennilega á strik á mótinu og endaði í 95. sæti í einstaklingskeppninni.



**BUFFON** Ánægður í neðrideildarboltanum.

Gianluigi Buffon:

## Ekki á leið til Chelsea

**FÓTBOLTI** Umboðsmaður ítalska landsliðsmarkvarðarins Gianluigi Buffon sagði í gær að markvörðurinn myndi ekki ganga í raðir Chelsea í janúar þegar leikmannamarkaðurinn opnar á ný.

Buffon, sem leikur með B-deildarliði Juventus, hefur verið sterklega orðaður við ensku meistarana síðan Petr Cech meiddist. Buffon, sem margir telja besta markvörð heims, ákvað að halda tryggð við Juve eftir að liðið var dæmt í Serie B og ætlar að gera það áfram. - hbg



**UPTON PARK** Orðinn gamall og liggur undir skemmdum.

West Ham að flytja?

## Vilja á ÓL-leikvanginn

**FÓTBOLTI Enska félagið West Ham, sem Eggert Magnússon reynir að kaupa þessa dagana, er í alvarlegum viðræðum við skipuleggjendur Ólympíuleikanna í London árið 2012 um að flytja á leikvanginn eftir að leikunum lýkur. Þetta var staðfest í gær en búið er að orða West Ham við leikvanginn lengi.**

**Núverandi heimavöllur West Ham, Upton Park, er kominn til ára sinna og landið sem völlurinn stendur á er þess utan mjög dýrmætt og þarf því ekki að undra að Eggert og fleiri hafi áhuga á landinu.** - hbg



**FERGIE** Hefur trú á Liverpool.

Sir Alex Ferguson:

## Liverpool er ekki úr leik

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, segir að Liverpool sé ekki úr leik í baráttunni um meistaratitilinn þótt liðið hafi hikstað nokkuð í upphafi leiktíðar.

„Fólk var að afskrifa Arsenal fyrir nokkrum vikum og þetta sama fólk er að afskrifa Liverpool núna. Það er alger bilun,“ sagði Ferguson en United og Liverpool mætast í stórleik helgarinnar á Englandi á sunnudag.

„Hlutirnir geta breyst fljótt. Tveir sigrar í röð og lið stökkva upp töfluna. Í janúar er staðan svo fyrst orðin nokkuð skýr.“ - hbg



**GUNNAR SIGURÐSSON** Hættur í fótbolta.

Gunnar Sigurðsson hættur að leika fótbolta:

# Nú er kominn tími til að sinna fjölskyldunni

**FÓTBOLTI** Gunnar Sigurðsson knattspyrnumarkvörður hefur lagt skóna á hilluna 31 árs að aldri. „Ég skil ekki hvernig menn með tvö börn geta verið í fótbolta,“ sagði Gunnar léttur á því í gær eftir að hafa gengið frá starfslokum við Fram. „Nú er kominn tími til að sinna fjölskyldunni. Þetta er orðið gott.“

Gunnar hefur átt mjög farsælan feril og vann allt sem hægt er að vinna í íslenskum fótbolta með ÍBV árið 1997 og 1998. Gunnar gengur sáttur frá borði.

„Það kitlaði mig ekkert að spila eitt ár í viðbót í efstu deild. Ég er orðinn saddur og sáttur. Svo var áhuginn aðeins farinn að dvína og þá er allt eins gott að hætta þessu. Ég hef aldrei verið í fótbolta peninganna vegna heldur af því mér fannst það gaman. Nú er einfaldlega komið að nýjum verkefnum,“ sagði Gunnar að lokum.

Ekki liggur fyrir hver muni leysa Gunnar af hólmi en Framarar ku vera með eina þrjá markverði til skoðunar. - hbg



## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Iceland Express deild karla*

| | |
|---|---|
| KR-SNÆFELL | 83-79 |

**Stig KR**: Jeremiah Sola 26, Tyson Patterson 16, Fannar Ólafsson 13, Pálmi Sigurgeirsson 11, Brynjar Björnsson 9, Skarphéðinn Ingason 3, Darri Hilmarsson 3, Peter Heizer 2.

**Stig Snæfells:** Hlynur Bærings 23, Sigurður Þorvaldsson 18, Ingvaldur Hafsteinsson 14, Jón Ó. Jónsson 14, Justin Shouse 6, Guðni Valentínusson 2, Helgi Guðmundsson 2.

| | |
|---|---|
| ÞÓR ÞORLÁKSH.-HAMAR/SELFOSS | 82-79 |

Bestu ungu leikmenn heims:

## Þrír spila á Englandi

**FÓTBOLTI Félag atvinnuknattspyrnumanna tilkynnti í gær hvaða fimm leikmenn enduðu í fimm efstu sætunum í kjöri besta unga knattspyrnumanns ársins. Þrír af leikmönnunum fimm spila með félögum á Englandi.**

**Leikmennirnir sem um ræðir eru Wayne Rooney og Cristiano Ronaldo, leikmenn Manchester United, Cesc Fabregas, leikmaður Arsenal, Lukas Podolski, leikmaður Bayern München, og Lionel Messi, leikmaður Barcelona. Þessi verðlaun eru sérstök að því leyti að það eru leikmenn sem kjósa og því er ljóst að þetta er mikill heiður fyrir þessa leikmenn sem enduðu í fimm efstu sætunum.**

**Verðlaunaafhendingin fer fram 6. nóvember eða á sama tíma og kjörið á leikmanni ársins.** - dsd

Nýr forseti Inter Milan:

## Massimo Moratti tekur við

**FÓTBOLTI** Massimo Moratti mun taka aftur við stöðu forseta hjá ítalska knattspyrnufélaginu Inter frá Mílanó. Moratti var forseti Inter í níu ár en lét af því starfi fyrir tveimur árum og við af honum tók Giacinto Facchetti. Facchetti lést hins vegar í síðasta mánuði og Moratti hefur nú ákveðið að taka við starfinu að nýju.

„Við höfum misst hinn fullkomna forseta Inter og ég mun sakna hans mikið,“ sagði Moratti um fráfall Facchetti. - dsd

KR og Snæfell mættust í gær í hörkuleik í fyrstu umferð Iceland Express-deilar karla:

# Baráttusigur KR-inga í æsispennandi leik

**KÖRFUBOLTI** „Mér fannst við vera sterkari aðilinn en Snæfell er með hörkulið og áttu alveg fáránlegan kafla þar sem þeir drituðu niður þriggja stiga körfum. En þetta hafðist að lokum,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, eftir sigur liðsins á heimavelli í gær gegn Snæfellingum, 83-79.

Það var töluverður haustbragur á leik liðanna í gær, þó sérstaklega í fyrri hálfleik, sem einkenndist af mörgum misheppnuðum skottilraunum og mistökum í sóknarleik beggja liða. KR-ingar byrjuðu þó leikinn mun betur og náðu tíu stiga forskoti strax í fyrsta leikhluta, en Snæfellingar náðu þó að minnka muninn áður en fyrsta leikhluta lauk. Staðan að loknum fyrsta leikhluta var 20-14, heimamönnum í vil.

KR-ingar gáfu ekkert eftir í upphafi annars leikhluta og létu forskot sitt ekki eftir. Þvert á móti þá jókst munurinn og í hálfleik stóðu leikar 41-33 fyrir KR.

Snæfellingar spýttu í lófana í þriðja leikhluta og fóru að saxa á forskot KR-inga og það var ekki síst fyrir góðan leik hjá Jóni Ólafi Jónssyni í þeim leikhluta. Staðan var 62-56 þegar þriðja leikhluta lauk og allt stefndi í hörkuleik. Eitthvað sem ekki var útlit fyrir í fyrri hálfleik.



**HLYNUR STERKUR** Hlynur Bæringsson, leikmaður Snæfells, nær frákastinu á undan Tyson Patterson KR-ingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sú var einnig raunin því Snæfellingar náðu að jafna leikinn í 72-72 og komust svo yfir í fyrsta skipti í leiknum þegar rúmar fjóra mínútur voru til leiksloka, 75-74. Á þessum kafla setti Hlynur Bærings niður þrjár þriggja stiga körfur í röð. Þegar tæpar þrjár mínútur voru eftir fékk Hlynur hins vegar sína fimmtu villu í leiknum og kom því ekki meira við sögu. Lokamínútur leiksins voru æsispennandi og í stöðunni 82-79 fékk Justin Shouse þrjú vítaskot og aðeins sjö sekúndur eftir. Shouse hitti hins vegar ekki úr einu einasta vítaskoti og þar með voru vonir Snæfellinga úti. Lokatölur 83-79.

Jeremiah Sola átti frábæran leik í liði KR og ljóst er að þar er hörku leikmaður á ferðinni. - dsd

# Í hópi 50 bestu dómara Evrópu

**Kristinn Jakobsson dæmdi í fyrradag leik Austria Vín og Zulte Waregem í riðlakeppni UEFA-bikarkeppninnar. Hann komst vel frá sínu verkefni og vonast til að fá fleiri verkefni á næstu vikum.**

**FÓTBOLTI** Kristinn Jakobsson hefur gerst víðförull undanfarnar vikur. Í fyrradag dæmdi hann leik Austria Vín og Zulte Waregem frá Belgíu en leikurinn fór fram í Vínarborg. Kristinn komst vel frá leiknum og gaf einungis eitt gult spjald í honum.

„Þetta var skemmtilegur leikur,“ sagði Kristinn. „Heimamenn byrjuðu á því að skora fyrsta markið en Belgarnir jöfnuðu fyrir hlé og skoruðu svo þrjú í seinni hálfleik. Leikmenn austurríska liðsins gátu yfir engu kvartað, þeir voru einfaldlega yfirspilaðir af andstæðingum sínum og var púað á þá í lok leiksins. Gula spjaldið náði ég að „kreista fram“ á góðum tímapunkti og var borin virðing fyrir öllu því sem við gerðum. Og ég held að það skipti þá litlu máli hvort maður komi frá Íslandi eða er annars staðar frá. Það eina sem telur er að standa sig vel.“



**KRISTINN JAKOBSSON** Vonast eftir spennandi verkefnum í Evrópudómgæslunni á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Kristinn hefur jafnt og þétt verið að klífa metorðastigann í dómarastétt Evrópu og segir að leikurinn í Vín hafi verið aðeins eitt þrep af mörgum. „Eftir fund með eftirlitsmanni leiksins er ég sannfærður um að þetta hafi verið mjög jákvætt skref fyrir mig. Ég lít á hvern leik sem ég dæmi sem bikarúrslitaleik.“

Kristinn segir að næsta óskaverkefni hans væri að fá að dæma annan leik í riðlakeppni UEFA-bikarkeppninnar, rétt eins og leikurinn í Vín var. „Ég veit að það er búið að raða niður dómurum á næsta leikdag og eftir það eru þrír leikdagar eftir. Það kemur þá væntanlega í ljós um næstu mánaðamót hvort heppnin verði með manni.“

Kristinn dæmdi einnig landsleik Eistlands og Makedóníu í undankeppni EM 2008 í haust og vonast vitanlega eftir að fá verkefni í næstu landsleikjahrinu í vor. „Ég hef fengið jákvæðar umsagnir í skýrslum eftirlitsmanna og í raun ekkert annað að gera en að bíða og vona.“

Dómurum í Evrópu er raðað í fimm flokka en þeir sem eru í fyrsta flokki fá stærstu leikina, til að mynda í meistaradeildinni. Kristinn er sem stendur í öðrum flokki og er það í fyrsta sinn sem Ísland á fulltrúa í þeim hópi. 22 dómarar eru sem stendur í fyrsta hópnum og um þrjátíu í öðrum og má því segja að eins og staðan er í dag sé Kristinn meðal fimmtíu bestu dómara Evrópu.

„Mitt næsta takmark verður að komast í fyrsta flokkinn. Ég hef fengið vissar vísbendingar um að ég gæti fengið það tækifæri en það er líka ákveðin áhætta fólgin í því að setja lítinn Íslending í þann flokk. En lítil Evrópulönd hafa átt sína fulltrúa, þar er til að mynda dómari nú frá Lúxemborg.“

Ein sterkasta vísbending sem Kristinn fékk um að verið væri að „skoða hann“ gaumgæfilega var þegar honum var falið að dæma úrslitaleik Evrópukeppni landsliða 19 ára og yngri. Þar áttust við Spánn og Skotland og vann fyrrnefnda þjóðin, 2-1. „Það sagði manni að það er eitthvað í lagi hjá manni. Í þessari keppni var fullt af dómurum frá stóru löndunum í Evrópu sem hefðu einnig getað dæmt leikinn. En þarna tókst manni að gera rétta hluti á réttum tíma.“ eirikur.asgeirsson@frettabladid.is






**FULLTRÚAR LIÐANNA** Hér má sjá einn leikmann frá hverju liði í Iceland Express-deild kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iceland Express-deild kvenna í körfubolta fer af stað í dag með þremur leikjum:

# Haukum spáð meistaratitlinum

**KÖRFUBOLTI** Í dag fara fram opnunarleikirnir í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta. Haukum er spáð deildarmeistaratitlinum í árlegri spá þjálfara, fyrirliða og forsvarsmanna liðanna í deildinni. Haukar eru núverandi Íslandsmeistarar og hafa verið að leika vel að undanförnu. Haukar unnu Poweraid-bikarinn fyrir hálfum mánuði og einnig vann liðið meistarakeppni KKÍ um síðustu helgi.

Haukar unni bæði deildar- og Íslandsmeistaratitilinn á síðustu leiktíð en félagið háði þá harða keppni við Keflavík í úrslitarimmunni. Auk þessara titla unnu Haukastúlkur bikarkeppnina á síðustu leiktíð og það kemur því ekkert á óvart að liðinu sé spáð sigri í deildarkeppninni.

„Við erum búin að vera að spila vel á undirbúningstímabilinu og unnum báða þá titla sem í boði voru. Markmið okkar er að vinna þá titla sem í boði eru en það er langt tímabil framundan. Við tökum bara einn leik fyrir í einu og förum í hvern leik með það að markmiði að vinna hann. Poweraid-bikarinn er fyrsti bikarinn sem við í Haukum náum að vinna tvö ár í röð og við vorum að vinna meistarakeppnina í fyrsta skiptið. Það var mikilvægt fyrir okkur að vinna þetta og einnig mjög skemmtilegt,“ sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hauka. - dsd

## SPÁIN FYRIR TÍMABILIÐ

| | |
|---|---|
| 1 HAUKAR | 101 |
| 2 KEFLAVÍK | 86 |
| 3 GRINDAVÍK | 81 |
| 4 ÍS | 51 |
| 5 BREIÐABLIK | 34 |
| 6 HAMAR | 28 |

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

Í kvöld byrjum við laugardagsgleðina með tvöföldum Fóstbræðraþætti, vindum okkur svo í nútíma öskubuskuævintýri með Hillary Duff og Chad Michael Murray í aðalhlutverkum. Því næst tekur Denzel Washington við á skjánum þar sem hann fer á kostum ásamt úrvals leikurum í myndinni The Manchurian Candidate sem segir frá pólitískum samsærum úr Persaflóastríðinu.

# ÍSLENSKT GRÍN OG LAUGARDAGSBÍÓ

Góða skemmtun í kvöld á Stöð 2









GOTT FÓLK McCANN

## > Dilana Robichaux



Nýjasti Íslandsvinurinn er hin hæfileikaríka Dilana sem er búin að heilla land og þjóð með söng sínum. Fyrir nokkrum árum síðan flutti hún til Hollands þar sem hún stofnaði hljómsveit og varð gífurlega vinsæl þar. Dilana hélt nýlega tónleika með Magna og liðsmönnum hans í Á Móti Sól á Broadway þar sem þau fóru á kostum. SkjárEinn sýnir upptökur af þeim tónleikum í kvöld klukkan 21:00.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** JAKOB BJARNAR BENDIR Á BITASTÆTT ÚTVARP UTAN RÍKISFORSJÁR

## *Fúlskeggjað útvarp og fullorðins*

Eitthvað alveg ómótstæðilegt er við að heyra rússneskri tónlist dúndrað út á ljósvakann, og vita að í hljóðverinu sitja tveir fúlskeggjaðir og þéttvaxnir menn, komnir yfir miðjan aldur, raula hugsanlega með og vita meira í sinn haus en gengur og gerist.

Sigurður G. Tómasson – Bubbi – er frábær útvarpsmaður og sannarlega gleðiefni fyrir útvarpshlustendur að sættir tókust með honum og Arnþrúði Karlsdóttur útvarpsdrottningu á Sögu. Alveg er með ólíkindum hversu fjölfróður Bubbi er og nánast sama hvar borið er niður: Fuglalíf, stjórnmál, garðrækt, lífeyrissjóðir, íslenskt mál ... og það sem meira er: Bubbi er ósínkur á þekkingu sína og deilir henni af miklu örlæti með hlustendum útvarps Sögu.



Vinur hans, Guðmundur Ólafsson hagfræðingur, er fastur gestur í þættinum og er hann ekki til að draga meðalgreindina í stúdíóinu niður. Og, sem sagt, til að auka enn á dýptina leika svo félagarnir rússneska tónlist milli þess sem þeir fara yfir málin af yfirgripsmikilli þekkingu. Og er þar ekki farið á hundavaði.

Á dögunum heyrði ég svo stórmerkilegt viðtal sem Bubbi átti við sjálfan Bobby Fischer – um útistöður skáksnillingsins við svissneskan banka sem hefur úthýst meistaranum og valdið honum ómældum skaða. Og dásamlegt andartak var, þegar Bobby í miðju viðtali, spurði Bubba: „Sorry, what is your name?“ Við erum að tala um lífrænt útvarp og almennilegt.

Útvarp er frábær miðill. Þeir sem vilja að ríkið reki útvarp hafa ávallt getað bent á sem röksemd þá andlegu eyðimörk sem hinir „frjálsu miðlar“ bjóða upp á: Þar sem af veikum mætti er reynt að kaupa hlustun með því að gefa dót á borð við boli og blöðrur, pizzur og frímiða í bíó. Í nánu samstarfi við markaðsdeildirnar. Þessir svokölluðu frjálsu miðlar hafa fyrir löngu selt sálu sína auglýsingadelikventum og því réttara að tala um helsi en frelsi í því samhengi.

Þeir sem eru þeirrar skoðunar að sitthvað geti verið bogið við að ríkið sé að vasast í útvarpsrekstri og vilja geta bent á eitthvað bitastætt í útvarpi utan ríkisforsjár ættu að stilla á 99,4 þar sem Bubbi býður upp á eitthvað annað en innihaldslítið og næringarlaust snakk.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.10** The Manchurian Candidate STÖÐ 2



▶ **19.30** The Office SKJÁREINN



▶ **15.50** Fram-Celje SÝN



▶ **16.50** Formúla 1 SJÓNVARPIÐ



▶ **13.50** Chelsea- Portsmouth SKJÁRSPORT

## SJÓNVARPIÐ

**8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Alda og Bára 8.06 Bú! 8.17 Lubbi læknir 8.29 Snillingarnir 8.55 Sigga ligga lá 9.05 Teiknisögur 9.15 Trillurnar 9.40 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar 10.02 Spæjarar 10.25 Stundin okkar**.

**10.50 Kastljós**

**11.20 Charley og engillinn** Fjölskyldumynd frá 1973. e.

**12.55 Apaspil** Fjölskyldumynd frá 2001. e.

**14.10 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik HK og Vals í DHL-deild karla.

**15.40 Handboltakvöld** Endurs. þáttur

**15.55 Bikarkeppnin í frjálsum íþróttum**

**16.25 Formúlukvöld** Endurs. þáttur

▶**16.50 Formúla 1** Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Brasilíu.

**18.25 Fjölskylda mín (6:13)** e.

**18.45 Táknmálsfréttir**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.40 Jón Ólafs** Tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson fær til sín góða gesti.

**20.20 Spaugstofan** Textað á síðu 888 í Textavarpi.

▶**20.50 Stjúpan** Bandarísk bíómynd frá 1998.

**22.55 Óveður í aðsigi** Sænsk bíómynd frá 2000. Í myndinni fléttast saman líf tólf ára stráks sem níðst er á í skóla og útlendings sem skuggar fortíðar ásækja.

**0.40 Borgin við sjóinn** (City By the Sea) Bandarísk spennumynd frá 2002. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.

**2.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Without a Paddle** Bönnuð börnum.

**8.00 Dante´s Peak**

**10.00 Innocence**

**12.00 Confessions of a Teenage Drama Queen**

**14.00 Dante´s Peak**

**16.00 Innocence**

**18.00 Confessions of a Teenage Drama Queen**

**20.00 Without a Paddle** Bönnuð börnum.

**22.00 Fatal Attraction (e)** Stranglega bönnuð börnum.

**0.00 28 Days Later**

**2.00 A Man Apart** Stranglega bönnuð börnum.

**4.00 Fatal Attraction (e)** Stranglega bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**7.00 Kærleiksbirnirnir 7.10 Addi Panda 7.15 Ruff´s Patch 7.25 Gordon the Garden Gnome 7.35 Animaniacs 7.55 Grallararnir 8.15 Justice League Unlimited 8.40 Kalli kanína og félagar 8.50 Kalli kanína og félagar 8.55 Kalli kanína og félagar 9.00 Litlu Tommi og Jenni 9.25 Tracey McBean 9.35 S Club 7**

**10.00 Búbbarnir**

**10.25 Mighty Morphin Power Rangers (e)** (Ofurgengið)

**12.00 Hádegisfréttir** (Samsending með NFS)

**12.40 Bold and the Beautiful**

**13.00 Bold and the Beautiful**

**13.20 Bold and the Beautiful**

**13.40 Bold and the Beautiful**

**14.00 Idol - Stjörnuleit** (Smáralind 11) Úrslitaþátturinn í Idol-Stjörnuleit. 2005.

**15.40 Idol - Stjörnuleit** (Smáralind 11 - atkvæðagreiðsla). 2005.

**16.30 Sjálfstætt fólk** (Ragnar Kjartansson)

**17.00 60 mínútur - NÝTT** (60 Minutes) Virtasti og vinsælasti fréttaskýringaþáttur í heimi snýr aftur á Stöð 2.

**17.45 Martha** Nýir spjallþættir með fjölmiðla- og athafnakonunni vinsælu, Mörthu Stewart.

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2, NFS og Sirkuss.

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

**19.10 Hot Properties (12:13)**

**19.35 Fóstbræður (3:8) (e)** Íslenskur gamanþáttur um allt sem máli skiptir.

**20.00 Fóstbræður** Íslenskur gamanþáttur um allt sem máli skiptir.

**20.30 A Cinderella Story** Bráðskemmtileg rómantísk gamanmynd.

▶**22.10 The Manchurian Candidate** Magnaður stjörnum hlaðinn pólitískur samsæristryllir með Denzel Washington sem er endurgerð á samnefndri sígildri mynd með Frank Sinatra. 2004.

**0.20 Confidence** Hörkuspennandi glæpamynd með úrvalsleikurum. 2003. Stranglega bönnuð börnum.

**1.55 Bad Boys II** Hörkuspennandi hasargrínmynd. 2003. Stranglega bönnuð börnum.

**4.20 The Pentagon Papers** Hörkuspennandi sannsöguleg sjónvarpsmynd. 2003. Bönnuð börnum.

**5.50 Fréttir Stöðvar 2 endursýndar frá því fyrr í kvöld.**

**6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**10.55 2006 World Pool Masters (e)**

**11.45 Dr. Phil (e)**

**14.15 Celebrity Overhaul (e)** Ástralskir raunveruleikaþættir þar sem fræga fólkið er tekið í gegn.

**15.00 The Biggest Loser (e)** Bandarísk raunveruleikasería.

**15.50 Teachers (e)** Ný, bandarísk gamansería.

**16.15 Trailer Park Boys (e)** Þættir um vinina Ricky og Julian sem hafa oftar en ekki villst út af beinu brautinni í lífinu.

**16.40 Parental Control (e)** Stefnumótaþáttur með skemmtilegri fléttu.

**17.10 Casino (e)** Bandarísk raunveruleikasería.

**18.00 Dateline (e)** Margverðlaunaður fréttaskýringaþáttur.

**19.00 Game tíví (e)** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

▶**19.30 The Office (e)** Bandarísk gamansería sem nýverið hlaut Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían.

**20.00 All About the Andersons** Bandarísk gamansería um fjöruga feðga.

**20.30 Teachers - lokaþáttur** Bandarísk gamansería þar sem skrautlegir kennarar eru í aðalhlutverki.

**21.00 Tónleikar með Á móti sól og Dilönu** SkjárEinn sýnir í kvöld upptöku frá fyrstu tónleikunum sem Magni Ásgeirsson og hljómsveit hans, Á móti sól, héldu eftir heimkomuna og Dilana, vinkona Magna úr Rock Star, tók þátt í fjörinu með hljómsveitinni.

**22.30 The Dead Zone** Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið.

**23.15 Battlestar Galactica** Framtíðarþáttaröð sem á dyggan hóp aðdáenda.

**0.00 Brotherhood** (e)

**1.00 Masters of Horror (e)** Stranglega bannað börnum.

**1.50 Law & Order: Criminal Intent (e)**

**2.35 Da Vinci's Inquest (e)**

**3.20 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

**4.50 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**17.15 Wildfire (e)**

**18.00 Seinfeld (e)**

**18.30 Fréttir NFS**

**19.00 Seinfeld (e)** Í

**19.30 Blowin/ Up (e)**

**20.00 South Park (e)**

**20.30 Tekinn (e)** Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórnar þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk´d með Ashton Kutcher. Auddi hrekkir þjóðþekkta einstaklinga og tekur allt saman upp á faldar myndavélar.

**21.00 So You Think You Can Dance 2 (e)** Dansinn hefst á ný ... Frá framleiðendum American Idol kemur raunveruleikaþátturinn So You Think You Can Dance þar sem leitað er að besta dansara Bandaríkjanna.

**22.30 So You Think You Can Dance 2 (e)**

**23.30 Chappelle/s Show (e)** Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft.

**0.00** Vanished (e)

**0.45 X-Files (e)** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.

**1.30 24 (13:24) (e)** Bönnuð börnum.

**2.15 24 (14:24) (e)** Bönnuð börnum.

**3.00 Entertainment Tonight (e)** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.

**3.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**10.45 Upphitun (e)** Spáð og spekúlerað í leiki helgarinnar.

**11.15 Wigan - Man. City (b)**

**13.30 Á vellinum með Snorra Má** Spjallþátturinn .

▶**13.50 Chelsea - Portsmouth (b)**

**15.45 Á vellinum með Snorra Má** Spjallþátturinn

**16.05 Aston Villa - Fulham (b)**

**18.30 Charlton - Watford**

**20.30 Everton - Sheffield Utd.**

**22.30 Dagskrárlok**




Tónleikar með Dilönu og Á móti sól

Dúndrandi stemning þar sem Dilana og Magni fara á kostum.
Fylgstu með á SKJÁEINUM kl. 21.00 í kvöld.

SKJÁREINN næst í gegnum Skjáinn og Digital Ísland

## Í KVÖLD

**Stöð 2 kl. 20.30**

**A Cinderella Story**



Rómantísk gamanmynd fyrir alla fjölskylduna sem er lauslega byggð á ævintýrinu sígilda um Öskubusku. Í þessari nútímaútgáfu er það unglingastjarnan Hilary Duff sem leikur „öskubuskuna“ - unglingsstúlku sem hefur nýverið misst föður sinn og býr hjá vondu stjúpunni sem þykir ekkert sérlega vænt um hana. Í skólanum verður hún fyrir einelti og leitar huggunar hjá net- og sms-félaga sínum, sem er, án þess að hún hafi hugmynd um, sjálfur draumaprinsinn hennar, vinsælasti strákurinn í skólanum og kærasti vinsælustu stúlkunnar.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**STEPMOM Á RÚV KL. 20:50**

Susan Sarandon leikur konu með krabbamein sem á erfitt með að sætta sig við nýju konuna í lífi fyrrverandi mannsins síns. Í öðrum hlutverkum eru Julia Roberts (Pretty Woman) og Ed Harris ( Apollo 13). Myndin er leikstýrð af Chris Columbus sem meðal annars leikstýrði fyrstu tveimur Harry Potter myndunum. Einstaklega falleg og skemmtileg mynd og var Susan Sarandon tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna fyrir leik sinn í þessari mynd. Myndin er frá árinu 1998.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn
**7.00** Fréttir
**7.05** Laugardagur til lukku
**8.00** Fréttir
**8.05** Músík að morgni dags
**9.00** Fréttir
**9.03** Út um græna grundu
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stórt í smáu
**15.25** Borgin í hugskoti mannsins
**16.00** Fréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Leikhúsrottan
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.15** Sögur af sjó og landi
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**0.00** Fréttir

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**10:00 Veitt með vinum** (Breiðdalsá) Veitt með vinum eru vandaðir veiðiþættir í umsjón Karl Lúðvíkssonar þar sem hann fer í veiði með félögum sínum.

**10:30 Meistaradeild Evrópu** (E) Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða í knattspyrnu.

**12:10 Meistaradeildin með Guðna Bergs** Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

**12:50 US Masters 2005** Svipmyndir frá hinu ógleymanlega Masters móti í golfi árið 2005 þar sem Tiger Woods og Chris De Marco háðu eftirminnilegt kapphlaup um sigurinn.

▶**15:50 Meistaradeild Evrópu** (Fram - Celje) (B) Bein útsending úr Laugardalshöll þar sem Íslandsmeistarar Fram taka á móti hinu firnasterka liði Celje Lasko frá Slóveníu í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.

**17:25 Ameríski fótboltinn** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum sem er vinsælasta sjónvarpsíþróttin í Bandaríkjunum.

**17:55 US PGA í nærmynd** Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.

**18:20 Ensku mörkin** Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.

**18:50 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.

**19:20 Spænski boltinn** Upphitun fyrir alla leikina í spænska boltanum sem fram fara um helgina.

**19:50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Deportivo La Coruna og Atletico Madrid í spænska boltanum.

**21:50 US PGA Tour 2005** Útsending frá Funai Classic mótinu á PGA mótaröðinni í golfi. Mótið fer fram á Flórída og heitir völlurinn í höfuðið á sjálfum Walt Disney.

**00:50 Box** Útsending frá einvígi Nicolay Valuev og Monte Barret. Nicolay tapaði aldrei bardaga fyrir þetta einvígi.

## DR 1

**12.30** VM Gymnastik **15.00** OBS **15.10** Kender du typen **15.40** Før søndagen **15.50** Held og Lotto **16.00** Bullerfnis **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** FørsteVælger **18.00** Matador **19.00** Kriminalkommissær Barnaby **20.40** Roxanne - næsen er i vejen **22.25** Evolution's Child **23.55** Planet X **0.25** Boogie Listen

## NRK 1

**12.15** Creature Comforts: hvordan har vi det? **12.25** VM turn Århus 2006 **15.05** Livet med Larkins **16.00** Jubalong **16.30** Johnny og Johanna **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Melonas **18.20** Kjempesjansen **19.15** Med hjartet på rette staden **20.00** Løvebakken **20.25** Nils og Ronny delvis uten grenser **21.10** Kveldsnytt **21.30** 28 Dager **23.10** VM turn Århus 2006

## SVT 1

**12.35** Fem minuter om tv **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Hem till byn **15.00** Doobidoo **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Disneydags **17.00** En ö i havet **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Välkommen på 50-årsfest **20.00** Brottskod: Försvunnen **20.45** Eldblommor **21.45** Rapport **21.50** Diner **23.40** Sändning från SVT24





ESSO, BYKO og 1x2 bjóða þér upp á stórleik á SkjáEinum:

# Man. Utd.-Liverpool í opinni dagskrá

Í tilefni af sjö ára afmæli SkjásEins bjóða ESSO, BYKO og 1x2 áhorfendum upp á leik Man. Utd. og Liverpool í opinni dagskrá á SkjáEinum klukkan 12.00 á sunnudag.

## HRÓSIÐ …



*… fær Ingvar E. Sigurðsson, fyrir að þora að taka að sér hlutverk Erlends í Mýrinni og gera persónunni vinsælu afburða góð skil.*

# Löggan þjarmar að Jóhannesi

Jóhannes Kr. Kristjánsson, ritstjóri Kompáss, hefur verið yfirheyrður hjá fíkniefnadeild Lögreglunnar með réttarstöðu sakbornings vegna eiturlyfjaviðskipta sem hann stóð fyrir og sýndi í fréttaskýringaþættinum í síðustu viku. „Varsla fíkniefna er ólögleg og þó ég hafi ekki keypt efnin sjálfur má segja að ég sé höfuðpaurinn í málinu,“ segir Jóhannes sem fékk unga tálbeitu til þess að kaupa eiturlyf sem hann skilaði síðan til lögreglu.



**JÓHANNES KR. KRISTJÁNSSON GETUR SKAPAÐ MÚGÆSING** Jóhannes Kr. Kristjánsson, ritstjóri Kompáss, segir markmið þáttarins alls ekki hafa verið að hvetja til hegðunar eins og unglingarnir sýndu fyrir rúmri viku.

„Þetta var alvöru yfirheyrsla og það var lagt hart að mér að gefa upp nöfn tálbeitunnar og fíkniefnasalanna en ég gef ekki upp nein nöfn og vernda auðvitað mína heimildarmenn.“

Aðspurður segist Jóhannes þó ekki líta á meinta fíkniefnasala sem heimildarmenn en það sé ekki í sínum verkahring að upplýsa sakamál, það sé lögreglunnar. Jóhannes gerir ráð fyrir að lögreglan fari fram á að fá allar upptökur og fari svo ætli hann ekki að verða við þeirri kröfu.

„Ég mun aldrei láta upptökurnar af hendi,“ segir Jóhannes og vísar aftur til verndar heimildarmanna sinna. „Við gætum þess vel að andlit fólks og raddir þekkist ekki á þeim upptökum sem við sýnum í sjónvarpinu og munum halda því áfram í verkefnum sem þessu.“



Jóhannes segir tilganginn með tálbeituviðskiptunum hafa verið að kanna hversu greiðan aðgang ungt fólk hefði að fíkniefnum. „Það kom mér verulega á óvart hversu auðvelt tálbeitan átti með að koma sér í samband við fíkniefnasalann og ganga frá viðskiptunum.“

Jóhannes bíður nú þess sem verða vill og fylgir fíkniefnamálinu eftir í Kompási á sunnudaginn og sýnir þá upptökur frá frekari eiturlyfjakaupum tálbeitunnar.

**- þþ**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** lítill **6** skammstöfun **8** ái **9** því næst **11** hvort **12** aðsetur **14** vitlaust **16** utan **17** tala **18** pfn. **20** rykkorn **21** sundfæri.

**LÓÐRÉTT**
**1** sæti **3** skóli **4** græðgi **5** bein **7** á hvaða hátt **10** pota **13** þangað til **15** lota **16** tunnu **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** smár, **6** eh, **8** afi, **9** svo, **11** ef, **12** setur, **14** rangt, **16** án, **17** sjö, **18** mig, **20** ar, **21** uggi. **LÓÐRÉTT: 1** sess, **3** ma, **4** áfergja, **5** rif, **7** hvernig, **10** ota, **13** uns, **15** törn, **16** ámu, **19** gg.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Í Reykjavík er alltaf eitthvað sem er nýjasta nýtt!
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

TORFI GEIRMUNDSSON: SALA HÚSNÆÐIS ÁSATRÚARMANNA SKANDALL

# Átök í Ásatrúarfélaginu

„Í fyrra seldi Óttar Ottósson, nú lögréttumaður, vini sínum húsnæði Ásatrúarfélagsins úti á Granda á einhverjar níutíu milljónir. Eignin er nú metin á 400 milljónir króna,“ segir Torfi Geirmundsson, hárskerinn góðkunni við Hlemm.

Hann hefur ákveðið að bjóða sig fram til stjórnar í Ásatrúarfélaginu. Torfi er, líkt og ýmsir aðrir innan félagsins, afar ósáttur við hvernig núverandi stjórn hefur haldið á málum. Segir reikninga ekki í lagi og upplausn í félaginu.

„Eins og þeir segja stjórnmálamennirnir: Margir hafa komið að máli við mig. Ég fer fram til stjórnar til að ná friði innan félagsins. Þarna hafa verið væringar. Og þessi sala er náttúrlega skandall.“

Viku áður en allsherjarþing fer fram er haldið haustblót ásatrúarmanna að venju. Í kvöld nánar tiltekið.

„Það er nú haldið á Sögu en ekki í eigin húsnæði félagsins,“ segir Torfi og lýst ekki vel á það. Torfi segir jafnframt ýmis verk fyrir höndum í þessu trúfélagi sem nú telur liðlega þúsund manns. Meðal annars það að sparka í rassinn á borgarstjóranum Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni sem hefur dregið úr hófi að taka fyrstu skóflustunguna að Hofi sem til stendur að reisa um starfsemi félagsins í Öskjuhlíð. Torfi segir að þar við hliðina standi til að reisa búddatrúarhof og segir það ekki óskemmtilegt. Búddatrúarmenn hljóti að reynast afbragðs nágrannar. En Torfa lýst þeim mun verr á að Óttar lögréttumaður sitji áfram fyrir í fleti með sinn feril og ætlar því í stjórn sjálfur.



**BLÓTAÐ AF KAPPI** Frá blóti Ásatrúarmanna. Haustblótið verður í kvöld, á Sögu, og verður þar væntanlega rífandi fjör.



**TORFI GEIRHARÐSSON** Um leið og hann býður sig fram til stjórnar gagnrýnir hann harðlega forvera sína.

Ekki náðist í Óttar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir en staðgengill lögréttumanns í stjórn er Egill Baldursson:

„Þetta er náttúrlega bara vitleysa. Eignin var seld á 95 milljónir að undangengnu mati þriggja virtra fasteignasala í borginni. Enginn þeirra mat eignina hærra en þetta og þar af leiðandi töldum við þetta gott og ásættanlegt verð,“ segir Egill.

Hann talar jafnframt um að félagið hafi varla getað staðið undir rekstri á húsinu, hvað þá að fara í endurbætur.



**ÓTTAR OTTÓSSON** Staðgengill hans, Egill, segir gagnrýni Torfa ekki standast.

Á síðasta allsherjarþingi var tekist á um sölu húseignarinnar en Egill segir óverulegan fjölda hafa sett sig gegn henni þótt vel hafi heyrst í þeim sem settu sig á móti.

Egill ætlar áfram að gefa kost á sér til stjórnarsetu sem og Óttar og vefsíðustjóri félagsins Garðar Guðnason. „Ég fagna því að Torfi bjóði sig fram. Fagna hverju framboði sem kemur. Þetta eru lýðræðislegar kosningar,“ segir Egill sem var, þegar Fréttablaðið náði af honum tali, að búa sig undir blótið sem verður í kvöld – og verður örugglega fjörugt ef að líkum lætur.

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mýrin, eftir **Baltasar Kormák**, var forsýnd á fimmtudagskvöld og óhætt er að fullyrða að um eina umfangsmestu forsýningu í íslenskri bíósögu hafi verið að ræða en allt Smárabíó var lagt undir Mýrina sem var sýnd samstundis í öllum sölum hússins. Um 1200 boðsmiðar voru sendir út en allajafna verða talsverð afföll af slíku. Í tilfelli Mýrarinnar hins vegar skiluðu vel flestir boðsgestir sér en talnaglöggir fullyrða að hátt í ellefu hundruð manns hafi látið sjá sig. Þegar almennir salir fylltust var brugðið á það ráð að opna lúxussalinn og þegar öll sæti þar fylltust voru stólar bornir í salinn undir þá sem enn voru uppistandandi.



Segja má að flestir þeir sem vettlingi geta valdið í íslensku menningar- og skemmtanalífi hafi verið samankomnir í kvikmyndahúsinu auk þess sem stjórnmálamenn og ráðherrar voru áberandi og var **Björn Bjarnason**, dómsmálaráðherra, til dæmis í þeim hópi. **Willum Þór Þórsson**, þjálfari Vals, var mættur sem og **Andri Snær Magnason**, rithöfundur. **Eva Dögg Sigurgeirsdóttir**, **Sigríður Klingenberg** og **Edda Björgvinsdóttir** voru í mannhafinu og **Brynhildur Guðjónsdóttir**, leikkona, fylgdi syni sínum og **Atla Rafni Sigurðarsyni** sem fer með veigamikið hlutverk í myndinni.



Forsýningunni var síðan fagnað á veitingastaðnum Rex þar sem **Baltasar Kormákur** tók á móti gestum ásamt **Lilju Pálmadóttur**, eiginkonu sinni og meðframleiðanda. Baltasar lék á alls oddi og tók við hamingjuóskum fólks langt fram eftir kvöldi. Leikarar og aðrir aðstandendur myndarinnar voru í góðu stuði en **Ingvar E. Sigurðsson**, sjálfur **Erlendur**, var þó fjarri góðu gamni þar sem hann er fastur við sviðsleik í London. **Ásrímur Sverrisson**, kvikmyndaspekingur, lét sjá sig í gleðskapnum og **Ágúst Guðmundsson**, leikstjóri, gekk um gólf léttur á brún.



# Arnaldur Indriðason ánægður með Mýrina

„Mér fannst Baltasar Kormákur leysa þetta vel af hendi,“ segir Arnaldur Indriðason rithöfundur um kvikmyndina Mýrina, sem byggð er á samnefndri skáldsögu höfundarins. Myndin var frumsýnd í gær en Arnaldur sá myndina á forsýningu í Smárabíói á fimmtudagskvöld.

Sjálfur var Arnaldur kvikmyndagagnrýnandi Morgunblaðsins til fjölda ára og Baltasar Kormákur, leikstjóri myndarinnar, hefur lýst því yfir að hann hafi verið einna hræddastur við viðtökur hans. Sá ótti var þó ástæðulaus því Arnaldur segir ljóst að verkið hafi farið í góðar hendur. „Ég er líka ánægður með leikarana, virkilega góður leikur þarna á ferðinni og samtölin fín. Ingvar Sigurðsson er afskaplega góður leikari og glæðir Erlend rannsóknarlögreglumann lífi, sem er afrek því persónan er svo mörgum kunn. Ég er mjög ánægður með þessa mynd og óska þeim til hamingju sem að henni stóðu.“



**ARNALDUR INDRIÐASON** Sáttur við útkomuna hjá Baltasar Kormáki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Arnaldur kveðst ekki hafa hugsað út í hvort hann vilji sjá Erlend aftur á hvíta tjaldinu, „Við leyfum Mýrinni að blómstra og sjáum svo bara til.“

**- bs**



# 64 dagar til jóla!




**KERTASTJAKI**

Mikið úrval af kertastjökum fáanlegir hjá okkur.
Komdu og skoðaðu úrvalið!




**ENGILL**

Fallegur engill með „led" ljósum.




**240 LJÓSA JÓLATRÉ**

Flott jólatré til að hafa inni eða úti.
Stærð 120 sm.




**JÓLAKÚLA SPRITTKERTASTJAKI**

*Virkilega fallegur og jólalegur kertastjaki fyrir sprittkerti. Standur fylgir með. Nokkrir mismunandi litir og myndir. Frábær jólagjöf á ótrúlega góðu verði!*




**KERTASTJAKI**

Glæsilegur kertastjaki fáanlegur með mynd af tré og engli.

# AÐEINS ÓDÝRARI!




**„ROMEK" HORNSKRIFBORÐ**

Gott hornskrifborð með yfirhillu. Stærð 156 x 90 x 90 sm.
Verð áður: **6.990,-** Nú aðeins: **3.990,-**




**„PRAG" KOMMÓÐUR**

Falleg kommóða sem hentar í stofuna, svefnherbergið og forstofuna.
Litir hlynur og beyki.
6 skúffur: St. H: 70 x B: 148 x D: 40 sm.




**SPEGLAR**

Mikið úrval af ódýrum speglum í stærðum 55x85sm og 40x80sm.




**„LULU" SVEFNSÓFI**

Fallegur og þægilegur svefnsófi í svörtum lit.
Í svefnstöðu er sófinn 123x200 sm. Flottur svefnsófi á fínu tilboði!




**„OSCAR" SAMSTÆÐA**

Glæsileg samstæða úr gegnheilli eik. Efri skápar með glerhurðum. Stærð á samstæðu er 190x120x45 sm. Falleg samstæða sem sómir sér hvar sem er!

-góð kaup
**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Gamla Ísland*

Þegar ég horfði á eftir Hval 9 sigla úr höfn í sjónvarpsfréttum í vikunni leið mér eins og næsta frétt yrði ábyggilega um það að Mjólkursamsalan hefði ákveðið að hefja aftur sölu á mangó-sopa. Mér fannst eins og árið væri aftur 1986 eða svo. Hemmi Gunn kominn aftur í sjónvarpið með spjallþátt, Gorbachov á ferli í Reykjavík, gamla veiðimannasamfélagið komið aftur í rifrildi við umheiminn og Paul Watson og Sea Shepherd á leiðinni.

**ÉG** held að það sé álíka mikill markaður fyrir hvalkjöt og mangó-sopa, epla-jóga, jarðarberja-jóga og hvað þær hétu allar þessar vörur sem okkur buðust í verslunum um skeið hér einu sinni. Póló, Súkkó, Sól-kóla. Kjötlíkjörinn Limbó. Efnahagslegur ávinningur af þessu hvalræði verður í öllu falli smávægilegur. Sá skaði sem hvalveiðarnar geta gert öðrum atvinnugreinum – ferðamannaiðnaði og útflutningi – er margfaldur á við mögulegan ávinning.

**AÐ** þessu leyti er þetta afturhvarf til hvalveiða mun hættulegra en endurframleiðsla á mangó-sopa, þótt hughrifin séu þau sömu og bæði fyrirbrigðin vísi til þess tíma sem átti að vera liðinn, en virðist alltaf koma í bakið á manni aftur og aftur. Af hverju, er von maður spyrji, ætli það sé?

**ÉG** held að við búum ekki við mjög framsækið stjórnvald, Íslendingar. Hvað eftir annað er gamla Ísland, með sínum gamaldags atvinnuháttum styrkt í sessi á kostnað þess nýja. Stóriðjan flæmir hátæknifyrirtækin úr landi. Einokun í landbúnaði styrkist dag frá degi, svo þar komist örugglega fátt nýtt að, stríð stjórnvalda við harðduglega kaupsýslumenn heldur áfram og nú síðast eru hvalveiðar settar til höfuðs blómstrandi ferðamannaiðnaði. Þetta er klárlega stefnan. En fyrst þetta er stefna, en ekki tilviljun, þá opnast auðvitað möguleikinn á því að skipta um stefnu og fara í aðra átt.

**HVERNIG** væri nú til dæmis að leyfa frekar hvalaskoðun að halda áfram að vaxa og dafna í stað þess að vinna gegn þeim atvinnugeira sérstaklega? Hvernig væri að leggja áherslu á að styðja við framsæknar hugmyndir í skapandi iðngreinum, verslun og hátækni, eins og Írar, Danir og Finnar gera? Finnar breyttu stígvélafyrirtæki í farsímafyrirtæki. Nú getur maður bæði gengið í Nokia og talað í Nokia. Dæmin eru út um allt. Helsti útflutningur Austurríkismanna er Red Bull. Okkar gæti vel orðið skyr.

**ÉG** held að Íslendingar þurfi að fá sér góðan sopa af Red Bull, bretta upp ermarnar og hverfa algerlega frá þessari nauðhyggju sem felur í sér að við verðum endalaust að ganga á náttúruperlur eða standa í stríði við umheiminn til þess að lifa af. Það forna og úr sér gengna viðhorf er það sem einna helst stendur Íslendingum fyrir þrifum um þessar mundir og leiðir síendurtekið til þess að sami gamli Hvalur 9 siglir aftur og aftur úr höfn til þess eins að standa allri framþróun í íslenskum atvinnuháttum og efnahagslífi fyrir þrifum.


# Kveiktu á jólunum



**490,-**
**GLÄNSA** rafmagnslugt ýmsir litir

**GLÄNSA** ljósakrans Ø40 cm **1.990,-**

**GLÄNSA** ljósakrans hjarta **1.990,-**

**GLÄNSA** innisería 10 perur englar ýmsir litir **790,-**

**GLÄNSA** ljósaskraut 180 cm ýmsir litir **1.290,-**

**GLÄNSA** innisería 10 perur stjörnur ýmsir litir **590,-**

**GLÄNSA** innisería 10 perur álfar **790,-**

**GLÄNSA** ljósaskraut silfurlitað **890,-**

**GLÄNSA** ljósaskraut ýmsir litir **2.590,-**

**GLÄNSA** ljósaskraut stjarna birkispónn ýmsir litir **1.390,-**

**GLÄNSA** ljósaskraut stjarna ýmsir litir **890,-**

**GLÄNSA** ljósaveggskreyting engill ýmsir litir **2.590,-**

**GLÄNSA** útisería 80 perur blikkandi ýmsir litir **1.490,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

Lokað hér IKEA
REYKJAVÍK
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
Ný verslun IKEA

Sænskar kjötbollur
með kartöflum, týtuberjasultu og rjómasósu (10 stk.)
490,-
IKEA Restaurant

IKEA
Virkir dagar 10.00 - 20.00
Laugardagur 10.00 - 18.00
Sunnudagur 12.00 - 18.00
www.IKEA.is